

18



Hlutfall 1. verðlauna hrossa í sögulegu hámarki

26



Blendnar tilfinningar kornbænda eftir erfitt tíðarfar

32–33



Gautsstaðir á Svalbarðsströnd var afurðahæsta kúabúið 2015

Bændablaðið

2. tölublað 2016 • Fimmtudagur 28. janúar • Blað nr. 459 • 22. árg. • Upplag 32.000



Stefán Símonarson, framkvæmdastjóri hænabúsins Nesbús á Vatnsleysuströnd, heldur hér á lífræna vottunarskjalinu frá Túni. Með honum eru Gunnar Ágúst Gunnarsson og Rannveig Guðleifsdóttir, verkefnisstjóri lífrænnar ræktunar hjá Túni. Á innfelldu myndinni eru nokkrar hamingjusamar lífrænar hænur að viðra sig úti við nýja eggjabúið. Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

Tólf þúsund lífrænt vottaðar hænur í nýju vottuðu eggjabúi Nesbús í Miklholtshelli í Flóahreppi:

Hæurnar ganga frjálsar úti í Flóanum

Eggjabúið Nesbú á Vatnsleysuströnd fékk á mánudaginn lífræna vottun frá Vottunarstofunni Túni fyrir glænýtt varphænsnabú fyrirtækisins í Miklholtshelli í Flóahreppi.

„Þetta er mikill heiður fyrir okkur og viðurkenning sem fyrirtækið er mjög stolt af, við höfum lengi unnið að þessu og nú er vottunin komin í hús, skjalfest með undirskrift sem fer í ramma og upp á

vegg,“ segir Stefán Símonarson, framkvæmdastjóri hænabúsins Nesbús á Vatnsleysuströnd, sem á einnig hænsnabúið í Miklholtshelli í Flóahreppi skammt austan við Selfoss.

Glænýtt lífrænt bú

Í búinu, sem er splunkunýtt, eru tólf þúsund lífrænar varphænur sem gefa frá sér lífræn egg.

„Við erum fyrsta alvöru búið á Íslandi sem fáum vottun sem þessa, það eru jú áttatíu hænur á Sólheimum og Skaftholti sem eru með svona vottun en ekkert svona risabú eins og okkar,“ segir Stefán.

Stór áfangi fyrir landsmenn

„Þetta er mikil viðurkenning fyrir Nesbú og neytendur í landinu, nú geta þeir valið sér lífræn egg úti

í búð, þetta er stór áfangi í okkar starfi og vil ég nota tækifærið og óska landsmönnum til hamingju með þennan merkilega áfanga, þetta er í rauninni stórvíðburður á lífrænum mælikvarða,“ segir Gunnar Ágúst Gunnarsson, framkvæmdastjóri Túns.

Nesbú er með um 80 þúsund varphænur. Hefur vöxtur fyrirtækisins verið mjög mikill síðustu ár enda starfsmennirnir orðnir um þrjátíu.

„Já, reksturinn gengur mjög vel, það er mikil sala í eggjum, ekki síst með auknum ferðamannastraumi til landsins. Nú verður bara spennandi að sjá hvernig neytendur taka nýju lífrænu eggjunum okkar. Þetta er tilraun sem við erum að gera sem við vonum að sjálfsögðu að muni heppnast mjög vel,“ segir Stefán, framkvæmdastjóri Nesbús. Hver landsmaður neytir að meðaltali um tíu kíló af eggjum á ári. /MHH

Mat á samningi Íslands og ESB um tollfrjálsa innflutningskvóta á landbúnaðarvörum sem aukast allt að 400%:

Mun mögulega skerða tekjur bænda um 0,5 til 16%

— tekjuskurðing verður í öllum greinum og við það bætist verulegur kostnaður vegna nýrrar aðbúnaðarreglugerðar dýra

Vífill Karlsson, hagfræðingur og lektor við Háskólann á Akureyri, hefur gert mat á áhrifum nýgerðra tollasamninga Íslands við Evrópusambandið á afkomu íslenskra bænda. Samkvæmt úttektinni mun þetta að meðaltali geta valdið allt að 16% tekjulækkun hjá íslenskum bændum.

Skriðað var undir samningsdrögin 17. september 2015. Samningurinn eykur innflutningskvóta á kjöti, unnum kjötvörum og ostum verulega frá því sem verið hefur. Kvótarnir eru að aukast um 180–400% og fer það eftir kjöttegundum. Er þessi aukn-

ing reyndar meiri ef unnar kjötvörur væru reiknaðar niður á kjöttegund. Þar verður langmesta aukningin á kvóta. Var kvótinn 150 tonn en verður samkvæmt tollasamningnum 750 tonn. Er það 400% aukning.

Vífill Karlsson segir þó í úttekt sinni fyrir BÍ að það sé ekki hægt að reikna áhrifin á unnu kjötvörurnar þarna inn í vegna skorts á fyrirliggjandi upplýsingum um skiptingu á milli tegunda. Hins vegar var innflutningur nokkuð meiri en heildarkvótar árið 2014 og var svo einnig á nýliðnu ári. Tollfrjálsir kvótar vegna innflutnings á nautakjöti, svínakjöti

og alifuglakjöti aukast einnig verulega. Talið er að neikvæð áhrif þess verði einna mest í svína- og alifuglaræktinni.

Veruleg kostnaðaraukning vegna nýrrar aðbúnaðarreglugerðar

Auk neikvæðra tekjuáhrifa af niðurfellingu tolla þurfa bændur nú að takast á við verulegan kostnaðarauka vegna nýrrar aðbúnaðarreglugerðar er varðar dýravelferð. Þar er þó gefinn aðlögunartími, misjafnlega langur eftir greinum. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

(RML) hefur metið að sá kostnaður í svínaræktinni geti numið allt að 2,7 milljörðum króna. Þar til viðbótar er reiknað með framleiðslutapi vegna breytinga sem geti numið allt að 700 milljónum króna.

Í eggjaframleiðslunni áætla RML að leggja þurfi út í kostnað sem nemur allt að 1,8 milljörðum króna.

Í kjúklingaræktinni gerir reglugerðin ráð fyrir auknu rými fyrir fuglana. Það þýðir, miðað við núverandi húsakost, að fækka verður fuglum um 25%. Á árinu 2014 voru framleidd 8.000 tonn af

kjúklíngakjöti á Íslandi. Innleiðing reglugerðarinnar þýðir þá að það vantar húspláss fyrir framleiðslu á 2.000 kjúklingum til að framleiðslan haldist óbreytt. Því þarf að ráðast í nýbyggingar upp á 1,3 til 2 milljarða króna bara til að halda í horfinu, eða að setta sig við tekjutap upp á 1,2 milljarða króna á ári.

RML hefur einnig metið kostnaðarauka vegna hýsingar á hrossum og stækkunar á stíum. Þetta þýðir viðbótarkostnað fyrir hrossabændur upp á nærri 530 milljónir króna.

/HKR:

— sjá nánar á bls. 4

Fréttir

Embætti landlæknis: Zíkaveirusýking

Sýkingar vegna Zíkaveirunnar hefur greinst í Danmörku og í Svíþjóð. Einkennin lýsa sér meðal annars með hita, útbrotum og liðverkjum.

Zíkaveira telst til flaviveira en meðal þeirra eru beinbrunaveira og guluveira. Þær smitast með moskítóflugum og valda oftast litlum sem engum einkennum.

Samkvæmt upplýsingum á vef Landlæknisembættisins segir að Zíkaveiran hafi fyrst uppgötvast í Mið-Afríku á fimmta áratug síðustu aldar. Sýking af völdum veirunnar var talin sjaldgæf og bundin við Afríku og Asíu.

Vorið 2015 varð vart mikillar útbreiðslu Zíkaveiru í Brasilíu. Samtímis því varð vart við aukningu á fósturskaða hjá þunguðum konum sem leiddi til vaxtarskerðingar heilans. Þótt ekki hafi endanlega verið sýnt fram á að veiran valdi fósturskaða er það áhyggjuefni ef móðir sýkist á meðgöngu. Einnig hefur orðið vart við aukningu á heilkenni bráðrar fjöltaugabólgu þar sem Zíkaveirusýkingin geisar.

Faraldurinn sem nú gengur yfir í Suður- og Mið-Ameríku er því nýr. Til þess að faraldurinn berist í menn þarf moskítóflugur. Sýkingin getur borist frá móður til fósturs og hugsanlegt er að hún geti borist með blóðgjöf og jafnvel sæði. /VH




Anna Margrét Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda, að draga fé í dilka. Mynd / Ingimar Sigurðsson

Austur-Húnavatnssýsla: Áhugi á heima-vinnslu matvæla

Nokkrar konur í Austur-Húnavatnssýslu, sem allar koma að búskap með einum eða öðrum hætti, komu saman á dögum til að ræða möguleika til heimavinnslu matvæla í héraði, með það jafnvel fyrir augum að stofna matarsmiðju.

Ein þessara kvenna er Anna Margrét Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda, bóndi á Sölvabakka og fyrrverandi ráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. „Þetta er nú eiginlega á frumstigi og þessi fundur sem við ætlum að halda á miðvikudaginn [í gær] er fyrsta skrefið. Þá ætlar Óli Þór Hilmarsson, sérfræðingur hjá Mátis, að halda erindi um aðstöðu, leyfismál og annað sem þarf að huga að þegar matarsmiðja er stofnuð. Hann hefur mikla reynslu af því að styðja við slík verkefni og er margfróður um vinnslu matvæla og vöruþróun.“

Stóllur Önnu Margrétar og forsprakkar hópsins í þessu verkefni eru þær Sigrún Hauksdóttir í Brekku og Selma Svavarsdóttir, sem býr reyndar núna á Blönduósi en stundaði búskap í Syðri-Brekku og á enn þá nokkrar kindur. „Þær sendu sem sagt nokkrum völdum konum póst og upp úr því var haldinn fundur þar sem hugmyndirnar flæddu, allt frá stofnun matarsmiðju út í handverk og markað eða búð, með afurðir í héraði,“ segir Anna Margrét. Hún á von á því að slíkur markaður með afurðir úr sveitinni yrði staðsettur á Blönduósi, enda enginn slíkur markaður þar rekinn. Hún segir það skjóta skökku við í ljósi þess hversu margir ferðamenn eigi leið um bæinn. /smh



Prentmiðlakönnun Gallup:

Staða Bændablaðsins er sterk

— er langstærst á landsbyggðinni og hefur styrkt stöðu sína gagnvart stærstu prentmiðlum landsins

Nýjar lestrartölur úr prentmiðlakönnun Gallup voru kynntar á dögum. Um er að ræða mælingu á lestri blaða á síðasta ársfjórðungi 2015. Bændablaðið kemur vel út úr könnuninni og er nánast með sama lestur og á síðasta ári.

Bændablaðið mælist með 30% lestur yfir landið allt og á landsbyggðinni ber það höfuð og herðar yfir önnur blöð með 45% meðalallestur. Til samanburðar mælist Fréttablaðið með 31% lestur á landsbyggðinni, Morgunblaðið 26% og Fréttatíminn 20%.

Á höfuðborgarsvæðinu nýtur Bændablaðið jafnframt sterkrar stöðu þar sem lesendur nálgast blaðið í flestum matvöruverslunum, á sundstöðum og víðar. 22% meðalallestur mælist á höfuðborgarsvæðinu.

Í prentmiðlakönnun Gallup er lestur dagblaða mældur með samfelldum hætti allt árið. Um 30 svörum er safnað á hverjum degi, eða um 2.500 svörum á ársfjórðungi. Í úrtaki eru Íslendingar á aldrinum 12–80 ára af landinu öllu.

Þegar rýnt er nánar í tölurnar kemur ýmislegt skemmtilegt í ljós. Konur hafa til að mynda aukið lestur sinn á Bændablaðinu frá því í fyrra en alls lesa 26% kvenna blaðið að staðaldri. Um 34% íslenskra karlmanna segjast lesa Bændablaðið. Tæplega helmingur karlmanna á landsbyggðinni les Bændablaðið og 41% kvenna.



Sterkari staða gagnvart stærstu prentmiðlunum

Þetta er í fjórða sinn sem Bændablaðið hefur verið með á spurningavagni Gallup um prentmiðla. Hefur blaðið allan tímann haldið sinni sterku stöðu á landsbyggðinni og hefur hún styrkst í hlutfalli við flesta prentmiðla landsins. Þá hefur lestur blaðsins einnig haldist stöðugur á höfuðborgarsvæðinu og þar með á landinu í heild. Frávik á milli kannana hafa aðeins verið brot úr prósentustigi til eða frá.

Ekki er sömu sögu að segja af Fréttablaðinu sem gefið er út í þrefalt stærra upplagi en Bændablaðið. Á landsbyggðinni hefur það fallið úr tæplega 34% niður í 31% lestur.

Lestur Morgunblaðsins hefur sömuleiðis minnkað á landsbyggðinni, eða úr tæplega 28% í 26%.

Fréttatíminn, sem gefinn er út í álíka upplagi og Fréttablaðið, er með 20% lestur á landsbyggðinni



eða svipað og í könnuninni á síðasta ársfjórðungi 2014.

Lestur á DV hefur lækkað úr rúmum 11% í 7%, en Viðskiptablaðið er með töluvert aukinn lestur á landsbyggðinni og hefur hann farið úr tæpum 6% í 10%.

Hluttur stærstu blaðanna minnkar á höfuðborgarsvæðinu

Á höfuðborgarsvæðinu er Bændablaðið með 22% eða svipað og síðast. Athygli vekur hins vegar að lestur Fréttablaðsins, sem er með gríðarmikla dreifingu, minnkar hins vegar töluvert á höfuðborgarsvæðinu, eða úr 63% í

60%. Lestur Fréttatímans, annars stærsta prentmiðilsins, minnkaði líka, eða úr tæplega 49% í 46%. Lestur Morgunblaðsins hefur aukist aðeins á höfuðborgarsvæðinu, eða úr rúmlega 29% í 30%. Sömu sögu má segja af DV en þar hefur lesturinn aukist úr rúmlega 9% í 11% og lestur Viðskiptablaðsins á höfuðborgarsvæðinu hefur aukist úr tæplega 13% í 15%.

Mikill líftími

Í samanburði á lestri blaða verður að hafa það í huga hvort lesendur þurfa að hafa fyrir því að nálgast blaðið eða hvort það dettur óumbeðið inn um lúgu. Líftími blaðs á

borðum lesenda skiptir líka máli. Einnig hvort fólk opni blaðið oftar en einu sinni yfir ákveðið tímabil og hversu margir einstaklingar lesi hvert eintak. Þannig er líftími prentmiðla sem gefa út nýtt blað á hverjum degi eðlilega mjög stuttur. Líftími Bændablaðsins sem kemur á tveggja vikna fresti getur verið margfalt meiri. Það getur skipt miklu máli þegar meta á virkni auglýsinga.

Bændablaðið reiðir sig alfarið á auglýsingatekjur sem standa undir rekstri þess. Allt byggist þetta þó á endanum á velvilja og því trausti sem lesendur hafa á blaðinu. Án lesenda lifir enginn fjölmiðill.

/TB/HK/

Feit mjólk er mjög góð



Fóðurbætir sem eykur fitu í mjólk

FEITUR RÓBÓT 16 OG 20

Hægt er að fá fóðurbætirinn bæði kögglaðan fyrir gjafakerfi og kurlaðan fyrir heilfóðursgerð.

Nýja kjarnfóðrið inniheldur 16% og 20% hráprótein og hentar vel með blautverkuðum rúllum og próteinsnaudu heyi.

Inniheldur m.a. íslenska kalkþörungum sem eru náttúrulega ríkir af ýmsum steinefnum. Kemur einnig í veg fyrir súra vömb mjólkurkúna við mikla kjarnfóðursgjöf.

Einnig er ríflegt magn af sykkurófum ásamt sérgerðri fitu sem eykur fitumagnið í mjólk.

Nánari upplýsingar veitir:

Erlendur Jóhannsson fóðurfræðingur
570-9800 eða erlendur@fodur.is



**Sendum um
allt land**

Hafðu samband
www.fodur.is
570 9800

FB Verslun Selfossi
Austurvegi 64a
570 9840

FB Verslun Hvolsvelli
Hlíðarvegi 2-4
570 9850

FB Verslun Egilsstöðum
Kaupvangi 11
570 9860

Fréttir

Nýr tollasamningur Íslands og ESB varðandi landbúnaðarvörur getur haft umtalsverð áhrif á kjör bænda:

Hlutdeild innflutts kjöts mun stóraukast

Í mati Vífils Karlssonar, hagfræðings og lektors við Háskólann á Akureyri, á áhrifum aukinna innflutningskvóta á landbúnaðarvörum, kemur fram að tekjur íslenskra bænda kunna að skerðast um allt að 16%.

Heildarstærð kjötmarkaðarins á Íslandi er 28.200 tonn. Er þá allt talið til, innlend framleiðsla sem seld er hér á landi, innflutt kjöt og innfluttar unnar kjötvörur. Árið 2014 var sala á innlendu kjöti 24.230 tonn eða um 86% af heildarmarkaðnum.

Innflutt kjöt er um 14% markaðarins. Sú hlutdeild hefur vaxið hratt síðustu ár. Nú er svo komið t.d. að yfir fjórðungur nautakjöts-neyslunnar er innflutt kjöt, 13% alifuglakjötsneyslunnar og ríflega 13% neyslu á svinakjöti er innflutt kjöt.

Otalið er þá niðursoðið kjöt og kjöt í tilbúnum réttum eins og pits-um, pasta og þess háttar.

Lítill neikvæð áhrif á sauðfjárrækt

Tollasamningurinn virðist einna hagstæðastur fyrir sauðfjárbændur. Nær ekkert hefur verið flutt hingað til lands af erlendu kindakjöti þrátt fyrir innflutningsheimildir. Tekjulega yrðu sauðfjárbændur því fyrir mjög litlum neikvæðum áhrifum af innflutningi, en fá aftur á móti aukna tollfrjálsa kvóta til ESB-ríkja. Þeir hækka í áföngum úr 1.850 tonnum í 3.050 tonn. Heildarsala kindakjöts hér á landi 2014 var 6.588 tonn.

Lítill áhrif á innanlandssölu á hrossakjöti

Engin innflutningskvóti verður heldur á hrossakjöt, enda hefur ekkert verið flutt inn af slíku kjöti á liðnum árum. Aftur á móti hefur töluvert

Breytingar á innflutningskvótum landbúnaðarvara til Íslands í kjölfar nýgerðra samninga við ESB							
Afurðir	Fyrir gildistöku samnings				Eftir gildistöku samnings		
	Innflutningskvótar	Innflutningur	Heildarsala á Íslandi	Innflutningur %	Innflutningskvótar	Aukning kvóta	Hlutdeild kvóta í sölu fyrra árs
Kindakjöt	-	-	6.588	-	-	-	-
Nautakjöt	195	753	4.252	18%	791	306%	23%
Hrossakjöt	-	-	554	0%	-	-	0%
Svinakjöt	264	513	6.212	8%	764	189%	13%
Alifuglakjöt	259	845	8.761	10%	1.115	331%	14%
Unnar kjötvörur	150	386			750	400%	
Ostur	219	251	6.233	4%	610	179%	10%
Tölur í tonnum fyrir árið 2014							

Á yfirlitinu sést að kvótarnir eru að aukast um 180–400%, fer það eftir kjöttegund og er í raun heldur meira ef unnar kjötvörur væru reiknaðar niður á kjöttegund líka.

Kostnaðarverð innfluttra vara og vænt verðlækkun þeirra									
Samantekt á fyrirhuguðum verðbreytingum og metin áhrif þeirra á verðbreytingar									
	CIF	Magn-tollur	Verð-tollur	Innkaups-verð fyrir	Innkaups-verð eftir	Verðteygni eigin	Verð fyrir	Verð eftir	Verðbreyting
Nautavöðvar	1.765	498	18%	2.581	2.263	-0,42	3.911	3.430	-12%
Nautahakk	602	270	18%	981	872	-0,42	1.486	1.322	-11%
Svinakjöt	554	434	18%	1.088	988	-0,43	1.629	1.479	-9%
Beikon	447	205	18%	732	652	-0,43	1.097	976	-11%
Alifuglakjöt	470	374	18%	928	843	-0,62	1.206	1.096	-9%
Svinakjöt - saltað og reykt	2.306	462	20%	3.238	2.767	-0,43	4.848	4.144	-15%
Alifuglakjöt - sprautusaltað	575	363	30%	1.110	938	-0,62	1.443	1.218	-16%
Ostar	1.094	430	30%	1.852	1.524	-0,7	2.327	1.915	-18%
Lambakjöt									-0,5% til -1%
Hrossakjöt									-0,4% til -0,7%

Samkvæmt þessum útreikningum ætti verð á innfluttu kjöti og ostum innan innflutningskvóta að lækka á bilinu 9–18%. Gert er ráð fyrir að breyting á útsöluverðinu hefði tilsvarendi áhrif á skilaverð til bænda. Verðlækkun á lambakjöti er svo lítill sem og á hrossakjöti vegna þess að jafna verður henni út yfir árið, á meðan innflutt kjöt innan kvótans er eingöngu stuttan hluta úr árinu.

verið flutt út af hrossakjöti auk þess sem útflutningur á lifandi reiðhestum er alltaf töluverður.

400% aukning á tollfrjálsu kvóta í unnum kjötvörum

Langmesta aukningin á kvóta er vegna innflutnings á unnum kjötvörum. Þar var kvótinn 150 tonn en verður samkvæmt tollasamningnum 750 tonn. Er það 400% aukning. Talsvert hefur þó verið flutt inn af unnum kjötvörum umfram kvóta og nam sá innflutningur 386 tonnum árið 2014.

331% kvótaaukning í alifuglakjöti

Önnur mesta hlutfallslega kvótaaukningin, en þó mest í magni, verður í innflutningi á alifuglakjöti eða 331%. Heildarsalan á alifuglakjöti árið 2014 var 8.761 tonn, en flutt voru inn 845 tonn. Það er verulega umfram kvóta sem nam þá 259 tonnum. Sá kvóti fer nú í 1.115 tonn.

306% kvótaaukning í nautakjöti

Heildarsala á nautakjöti á

Íslandi var 4.525 tonn árið 2014. Innflutningskvóti nam 195 tonnum en fer í 791 tonn samkvæmt samningnum við ESB. Er það aukning upp á 306%. Aftur á móti hefur verið flutt inn talsvert af nautakjöti umfram tollkvóta á liðnum árum. Þannig voru flutt inn 753 tonn árið 2014, en tollfrjáls innflutningskvótinn mun nú verða 791 tonn, eða 23% af heildarsölu nautakjöts 2014.

Svinakjötskvótinn eykst um 189%

Svinakjöt er næst í röðinni en þar

Búvörusamningarnir:

Breytingarnar bændum og neytendum til hagsbóta

— segir Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra

Viðræður um nýja búvörusamninga hafa staðið um nokkurn tíma og að sögn Sigurðar Inga Jóhannssonar landbúnaðarráðherra gengur vinnan við þá ágætlega. Sigurður segir misskilning ef bændur halda að það að vinna ofan af kvótakerfinu, muni minnka tekjustreymi þeirra.

Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra sagði í samtali við Bændablaðið að staðan í samningunum sé sú að vinnunni við þá vindi ágætlega fram. „Samninganefnd bænda og yfirvalda hafa setið ótal fundi og vonandi fer að sjá fyrir endann á þessu. Það er mismunandi hversu langt samningar eru á veg komnir. Til dæmis verða litlar sem engar breytingar á starfsumhverfi garðyrkjubænda. En í kjötinu og mjólkinni eru fyrirhugaðar breytingar sem tekur lengri tíma að ná samstöðu um. Það er skiljanlegt að menn þurfi tíma til að átta sig á þeim breytingum sem stefnt er að, og rétt að flýta sér hægt í þeim efnum.“

Allir vilja ganga frá samningnum

Þegar Sigurður er spurður hvort einhver tregða sé í samnings-



Sigurður Ingi Jóhannesson.

gerðinni og hvort illa gangi að ljúka þeim segist hann ekki telja að svo sé. „Nei, ég held að það sé ekki tregða, allir vilja ganga frá nýjum samningi. Það er eðlilegt að menn taki sér tíma þegar breytingar eru ræddar. Ég held þó að fullyrða megí að bændur verða ekki verr settir, þótt breytingar verði gerðar á fyr-

irkomulagi styrkja. Þvert á móti. Auk þess munu nýir peningar koma inn í samninginn, ef breytingarnar ná fram að ganga.

Þær upphæðir hafa ekki verið klappaðar í stein, en breytingum á fyrirkomulagi styrkja munu fylgja nýir peningar, eins og ég sagði áðan. Mest í svokallaðan rammasamning (búnaðarlagasamning), en einnig í búgreinasamninga. Samanlagt gæti þetta verið um níu hundruð milljónir á ári, fyrstu ár samningsins.“

Órói vegna afnáms mjólkurkvótans

Sumir kúbændur eru ósáttir við að kvótinn verði lagður niður. Hræddir við offramleiðslu og verðlækkun í kjölfar hennar ef opinberri verð- og framleiðslustýringu verður hætt. Sigurður segir að samkvæmt fyrirliggjandi drögum verði reynt að bregðast við aðstæðum hverju sinni. „Til dæmis verður að finna ákvæði um endurskoðun 2019 og 2023. Því verður hægt að grípa inn í þróun mála, ef í öefni stefnir. Þá eru einnig uppi hugmyndir um að heimilt verði að færa á milli verkefna og með því móti er hægt að vega upp á móti offramleiðslu. En ég bendi á að

það er ekki langt síðan að forsvarsmenn MS sáu mikla möguleika í útflutningi. En þá kláraðist smjöríð og flytja varð það inn.

Það er þó rétt að í dag er staðan þrengri vegna aðstæðna á alþjóðlegum mörkuðum, meðal annars vegna innflutningsbanns Rússa. Stefnt er að því að gera samninga til tíu ára og þá er ekki hægt að taka punktstöðu eins og hún er í dag og gleyma að líta til framtíðar. Það kemur dagur eftir þennan dag og upplegg nýrra samninga er til sóknar, en ekki stöðnunar.“

Fá stuðning á annan hátt

Sigurður segir að það sé mikill misskilningur ef bændur halda að það að vinna ofan af kvótakerfinu verði til þess að tekjustreymi þeirra dragist saman. „Nýtt fyrirkomulag mun gera að verkum að menn fá stuðninginn áfram, en fyrir aðra hluti. Kúabóndi fær til dæmis hærri gripagreiðslur.

Ég bendi á, að milljarðar króna hafa farið út úr kerfinu, en ekki til bænda, þegar bændur hafa verið að kaupa sig inn í hið opinbera stuðningskerfi eins og það er uppbyggt núna. Þá ber að líta til þess að stigin

munu kvótar aukast úr 264 tonnum í 764 tonn, eða um 189%. Þar hefur líka verið flutt inn verulegt magn umfram kvóta eða 513 tonn.

Í ostum er líka verulega aukið við tollfrjálsa kvóta. Fara þeir úr 219 tonnum í 610 tonn sem er aukning upp á 179%. Þar hefur innflutningur verið tiltölulega lítill umfram kvóta, eða í heild 251 tonn árið 2014.

Gæti haft keðjuverkandi samdráttaráhrif

Vífill Karlsson gefur sér nokkrar forsendur í sínum útreikningum, m.a. að skilaverð til bænda kunni að lækka, væntanlega vegna samkeppnisáhrifa ef innflutta varan lækkar í takt við aukinn innflutning á tollfrjálsu kjöti. Vífill slær þó ýmsa varnagla í útreikningum sínum vegna þarfar á ítarlegra mati. Hann bendir þó jafnframt á að ef innflutningskvótar aukast t.d. á svína- eða nautakjöti, er líklegt að þeir verði notaðir til að flytja inn verðmætustu bitana – hrygg og lærvöðva.

„Það þýðir væntanlega verðlækkun og minni framleiðslu innanlands sem aftur eykur þörf fyrir innflutning á verðminni skrokkhlutum þ.e. svínasiðum og hakkefni fyrir nautahakk. Sama á við um osta.“

Þetta gæti með öðrum orðum leitt til keðjuverkunar þar sem bændur neyddust til að draga verulega úr kjötframleiðslu á Íslandi og þá einnig ostagerð. Þá á eftir að taka inn í myndina samfélagslegu áhrifin, en landbúnaður er oft eina uppistaðan sem eftir er í veikari byggðum sem margar hafa líka misst frá sér dýrmætar fiskveiðiheimildir á liðnum áratugum. /HKr

Ástæður þess að íslenskir kúabændur velja kjarnfóðrið frá Bústólpa

Kúafóður Bústólpa er hannað og framleitt fyrir íslenskar aðstæður þar sem þess er gætt í hvívetna að fóðrið uppfylli sem best þarfir íslensks búfjár á hverjum tíma. Við framleiðsluna hjá Bústólpa er notuð besta fáanlega tækni sem tryggir best varðveislu næringarefnanna, hámarksöruggis, kögglagæða og um leið örveru- og sjúkdómaöryggi þar sem allt fóður er hitameðhöndlað á síðustu stigum framleiðslunnar áður en það er afhent til bænda.

Hátt innihald af hágæða fiskimjöli, fjölbreytt hráefnavegi, sérblönduð steinefni og vítamín fyrir íslenskar aðstæður

ásamt háu innihaldi af lífrænu Seleni, framúrskarandi kögglagæði sem henta í sjálfvirk gjafakerfi og hagstætt verð eru þeir þættir sem best lýsa kjarnfóðrinu frá Bústólpa.

Við endurnýjun tækjabúnaðar í verksmiðju Bústólpa var þess gætt að velja bestu tækni með tilliti til aukinna kögglagæða, örveruöryggis og varðveislu næringarefna í fóðrinu en um leið hámarksöruggis á arðsemi við vinnsluna.

Nýr vinnslubúnaður og framleiðslutæknin tryggja þannig jöfnun gæða og lægri tilkostnað.



- ♦ Sérblönduð steinefni og vítamín sem henta íslenskum aðstæðum
- ♦ Allt fóður er hitameðhöndlað á síðustu stigum framleiðslunnar, sem eykur örveruöryggi
- ♦ Hátt hlutfall af hágæða fiskimjöli sem tryggir hámarksafurðir mjólkurkúa
- ♦ Einungis er notað lífrænt Selen í kjarnfóður Bústólpa
- ♦ Einungis eru notuð gæða hráefni við framleiðsluna
- ♦ Framúrskarandi kögglagæði sem henta sjálfvirkum gjafakerfum
- ♦ Besta fáanlega tækni við vinnsluna sem tryggir gæði, nýtingu og varðveislu næringarefnanna í fóðrinu
- ♦ Skapar fjölda starfa og skilar arði til Íslensks samfélags
- ♦ Tryggur aðgangur að hágæða kjarnfóðri og góðri þjónustu á öllum tímum
- ♦ Bústólpi er leiðandi í móttöku og vinnslu á íslenskt ræktuðu korni og nýtingu þess við kjarnfóðurframleiðslu
- ♦ Framleiðsla Bústólpa er vöktuð með virku gæðakerfi á öllum stigum allt frá vali hráefna til afhendingar fóðurs til bænda
- ♦ Bústólpi leggur tryggum viðskiptavinum sínum til fóðursíló og búnað þeim tengdum án endurgjalds
- ♦ Bústólpa er annt um íslenskan landbúnað og íslenskt samfélag



Oddeyartanga, 600 Akureyri — sími 460 3350 — www.bustolpi.is — bustolpi@bustolpi.is



Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.

Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 9.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgarar kostar 4.950 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.

Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Ásgerður María Hólmbergsdóttir amh@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Frágangur fyrir prentun:** Prentsníð. **Netfang blaðsins:** (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is – **Netfang auglýsinga:** augl@bondi.is – **Vefsíða blaðsins:** www.bbl.is – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsiðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

LEIÐARINN

Matvælaverð og búvörusamningar

Bændasamtökin kynntu í gær úttekt á þeim þáttum sem hafa áhrif á matvæla-verð. Umræða um þessi mál er ekki ný af nálinni, en í skýrslunni er farið yfir helstu áhrifaþætti verðlagningar á matvælum og stöðu þeirra í dag.

Margt í úttekt BÍ er upprifjun á því sem áður hefur komið fram í umræðunni en e.t.v. ekki alltaf náð fram í fjölmiðlum. Til dæmis er vitnað í nýlega skýrslu Samkeppniseftirlitsins um dagvörumarkaðinn þar sem kom fram að þrátt fyrir að gengi krónunnar hafi styrkst frá ársbyrjun 2011 til 2014 hafi það ekki birst í smásöluverði. Vísbendingar eru um að álagning innlendra birgja og dagvöruslana á innfluttum vörum hafi hækkað og hagstæð gengisþróun ekki skilað sér til neytenda.

Lækkun á ýmsum sköttum og gjöldum virðist skila sér tregla til neytenda og um það er fjallað í skýrslunni.

Lægra hlutfall til matvörukaupa

Bændasamtökin hafa margofter bent á þá staðreynd að verð er almennt hærra þar sem laun eru hærri. Í þeim löndum þar sem verðlag á matvöru er hvað hæst fer lægra hlutfall af útgjöldum neytenda til matvörukaupa en í þeim löndum þar sem verðlag er lægst. Á Íslandi er hlutfallið 13% en um 30% í Rúmeníu, þar sem verðlag er með því lægsta í Evrópu. Að auki eru skýr merki þess að þar sem samkeppnin er mest verji neytendur lægra hlutfalli útgjalda sinna til matvörukaupa.

Aukin áhersla neytenda á góðan aðbúnað og velferð húsdýra skapar söknaferi fyrir íslenskan landbúnað. Íslenskir bændur geta skapað sér samkeppnisforskipt með því að tryggja að þær kröfur sem settar eru fram í nýrri löggjöf á þessu sviði séu uppfylltar. Nú þegar er Ísland fremst í flokki í Evrópu, ásamt Noregi, þegar kemur að lítilli notkun sýklalyfja í landbúnaði. Á móti hefur þetta áhrif á kostnað bænda sem þýðir að þeir þurfa herra verð fyrir sína vöru. Því er mikilvægt að allar búvörur séu merktar svo neytendur viti hvaða vörur séu til fyrirmyndar í þessum efnunum.



Þegar horft er til allra þeirra þátta sem geta haft áhrif á verðlag matvöru til neytenda á Íslandi er ljóst að hægt er að ná betri árangri við að ná niður verðlagi. Á matvörumarkaðnum þurfa allir að fá sinn réttláta hluta af kökunni, neytendur, bændur og verslunin. Eins og staðan er núna tekur verslunin of stóran hluta til sín á kostnað neytenda og bænda og úr því þarf að bæta til dæmis með því að tryggja þarf aukna samkeppni á dagvörumarkaði. Samkeppniseftirlitið gegnir þar veigamiklu hlutverki.

Staða búvörusamninga

Opinber fjárframlög til landbúnaðarmála hafa lækkað verulega síðustu áratugi sem hlutfall af landsframleiðslu. Árið 1990 var opinber stuðningur við landbúnað, þ.e. beinir styrkir og tollvernd, 5% af VLF en árið 2013 var þetta hlutfall 1,1%, en meðaltalið í Evrópusambandinu var þá 0,8%. Á undanförmum áratug hefur náðst umtalsverður árangur í hagræðingu í íslenskum landbúnaði. Þá tóku íslenskir bændur á sig aukinn kostnað vegna gengisfalls krónunnar í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 með því að halda aftur af afurðaverðshækkunum. Hlutfall beinna styrkja til landbúnaðar er um 1,8% af útgjöldum ríkisins. Með því eru skattgreiðendur að jafna starfsskilyrði íslensks landbúnaðar við

önnur lönd því að eins og oft hefur komið fram eru fá lönd sem ekki hlutast neitt til um hvernig landbúnaðarframleiðsla þeirra þróast og starfar.

Nú er verið að vinna að gerð búvörusamninga til næstu ára. Fyrir liggur að samningarnir fela í sér miklar breytingar – sennilega þær mestu í „landbúnaðarkerfinu“ sl. 30 ár. Af þeim sökum er ætlunin að semja til 10 ára eða lengra en áður. Forsenda þess er að breytingarnar eru miklar. Jafnframt er gert ráð fyrir að innleiða breytingar fremur hægt á fyrri hluta samningstímans til að koma í veg fyrir kollsteypur. Ljóst er að sumir sem eiga hagsmuna að gæta, bæði bændur og aðrir, eru nokkuð угганди yfir breytingunum, einkum að hið aukna frelsi leiði til offram-

leiðslu og verðfalls. Það er dagljóst að ekki er hægt að sjá allar breytingar fyrir sem samningarnir geta valdið, enda er tilgangurinn ekki síst að leiða fram nýja sökn í landbúnaðinum. En ýmsir varnaglar eru í samningunum ef mál þróast til verri vegar. Þar er einkum um þrennt að ræða. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir endurskoðunum bæði 2019 og 2023. Þá er hægt að grípa inn í óæskilega þróun gerist þess þörf. Í öðru lagi er gert ráð fyrir heimild til að færa á milli verkefna í samningunum á hverju ári. Þannig má beina hvötum sem þar eru í annan farveg ef tilefni er til. Í þriðja lagi er ætlunin að skrifa inn rauð strík inn í samninginn varðandi þróun verðs og framleiðslu, þannig að ef þróunin verður neikvæð fram að fyrri endurskoðun þýðir það að innleiðing breytinganna verður endurmetin í heild. Í nautgripaáæktarsamningi er auk þess gert ráð fyrir sérstöku úrræði til að jafnvægi framleiðslunnar raskist ekki úr hömlu. Inn í samningana er auk þess ætlunin að komi ný verkefni m.a. í ljósi tollasamnings sem stjórnmöld gerðu við ESB sl. haust. Ljóst er að ekki eru allir sáttir við þær breytingar sem lagðar eru til. Ályktanir hafa að hluta til verið dregnar út frá hugmyndum sem kynntar voru í lok nóvember sem sumar hafa tekið breytingu. Mestu skiptir nú að ljúka samningunum sem fyrst svo hægt sé að fara að kynna þá, og afstaða til þeirra mótist á grunni heildarmyndarinnar. Að því er unnið hörðum höndum nú. /SSS

LOKAORÐIN

Miklar áskoranir

Íslenskir bændur standa nú frammi fyrir þeirri áskorun að gera umtalsverðar breytingar á landbúnaðarkerfinu. Skoðanir eru skiptar um hugmyndir landbúnaðarráðherra og öruggt má telja að engin ein skoðun gefi hið fullkomna svar.

Landbúnaðarkerfið í heild sinni hefur sætt mikilli gagnrýni, sumri málefnalegri, en allt of mikið er þó um margvíslegar fullyrðingar sem byggja á vanþekkingu. Vissulega er kerfið mannanna verk og langt frá því að vera fullkomin eða heilög smíð. Ef það er hægt að breyta því til einföldunar og hagsbóta fyrir alla, þá á að sjálfsögðu að gera það. Spurningin snýst þá bara um að ná samkomulagi um hvernig það verður gert. Þar sem íslenskir bændur eru upp til hópa skynsamir og hagsýnt fólk, þá þurfa menn ekki að efast um að góð lending náist í þeim málum.

Sameinuðu þjóðirnar (SP) eru nú með mikla áskorun á bændur heimsins. Kallað er eftir nýrri hugsun og uppstokkun í landbúnaði og viðskiptum með landbúnaðarvörur. Er það í takt við skýrslu sem var samin fyrir ráðstefnu SP 2013 um viðskipti og þróun landbúnaðar „UNCTAD“. Á forsiðu þeirrar skýrslu stendur „Vaknið áður en það verður of seint“ og í undirfyrirsögn: „Gerð landbúnað strax raunverulega sjálfbæran í þágu fæðuöryggis vegna loftslagsbreytinga“.

Með áskorun sinni núna vilja Sameinuðu þjóðirnar hvetja þjóðir heims til að leggja áherslu á sjálfbærni í landbúnaði og að styrkja smábændur við að tryggja staðbunda landbúnaðarframleiðslu í þágu fæðuöryggis. Einnig er hvatt til þess að bændur dragi úr dreifingu tilbúins áburðar og eiturefna til að koma í veg fyrir eyðileggingu á dýrmætum jarðvegi.

Þessi áskorun SP er ekki búin til sem eitthvert skemmtiefni. Staðan er hrikaleg víða um heim og hluti af þeirri bylgju flóttamanna sem nú flæðir yfir Evrópu er einmitt vegna bresta í matvælaframleiðslu í heimalöndum flóttafólksins. Í þróaðri löndum hefur stórframleiðsla með allri sinni efnanotkun líka skaðað jarðveg og grunnvatn svo til vandræða horfir.

Málið er grafalvarlegt og því ættu Íslendingar miklu fremur að leggja stóran málalega hugmyndavinnu og koma með tillögum um hvernig best megi standa að sjálfbærum landbúnaði, fremur en að sparka í bændur hvenær sem tækifæri gefst.

Að sjálfsögu eiga Íslendingar að verða við áskorun Sameinuðu þjóðanna, jafnvel þótt staðan hér sé með allt öðrum hætti en víða um heim.

Íslendingar njóta í þessum efnun mikillar sérstöðu vegna framsýnnar ákvörðunar bænda fyrir mörgum árum um að fara eins vel með jarðvegin og mögulegt er. Hér er ekki verið að úða eiturefnum í stórum stíl eins og víða þekktist. Hér er lyfjanotkun við framleiðslu á landbúnaðarvörum líka með því allra minnsta sem þekktist í heiminum. Íslenskir bændur eru því ekki orsakavaldar þegar kemur að ört vaxandi sýklalyfjaónæmi. Fyrirbæri sem nú er að verða að stærsta heilsufarsvandamáli heimsins. Fyrir þetta mega Íslendingar sannarlega verið bændum sínum þakklátir. /HKr.

Lýðheilsa og svínaflensa:

50 látnir í Rússlandi vegna svínaflensu

Samkvæmt frétt ATP hafa að minnsta kosti 50 manns látist í Rússlandi í þessum mánuði vegna svínaflensu sem breiðist hratt út í landinu. Sýkingin stafar af vírus sem kallast H1N1.

Heilbrigðisyfirvöld í Rostov segja að átta manns hafi látist af völdum svínaflensunnar þar á síðustu dögum og 11 hafa látist í nágrenni við Volgograd. Flensan hefur einnig tekið sinn toll í norðurluta Kákasus þar sem vitað er um dauða fjögurra fullorðinna og eins barns að hennar völdum og tveir liggja illa haldnir á spítala af hennar völdum austur við Úralfjöll. Auk þess sem fregnir berast af sýkingum á Krímskaga og við Svartahaf og víðar í landinu.

Svínaflensufaraldurinn er ekki bundinn við Rússland því átján dauðsföll af hans völdum eru skráð í fyrrum Sovétríkinu Armeníu það sem af er þessu ári. Tilkynnt hefur verið um þrjú dauðsföll í Georgíu, 112 í Íran og þar í landi hafa yfir þúsund manns leitað á sjúkrahús vegna hugsanlegrar sýkingar frá því í nóvember á síðasta ári.

Talið er að H1N1 vírusinn hafi valdið dauða tæplega tuttugu þúsund manna í 214 löndum



á síðustu fimm árum en fyrstu alvarlegu tilfelli hans komu upp í Mexíkó og Bandaríkjunum sumaríð 2009 samkvæmt yfirlýsingu frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO). /VH

Úttekt

Skýrsla Bændasamtakanna um matvöruverð á Íslandi:

Verslunin þarf að leggja meira af mörkum og lækka vöruverð

- margir þættir hafa áhrif á verðþróun á matvörum

Lækkun gjalda, hagstæð þróun á gengi íslensku krónunnar og lægra innkaupaverð hefur ekki skilað sér með eðlilegum hætti með lægra verði til neytenda, heldur hefur ágóðinn að mestu runnið til fyrirtækja í verslunarrekstri. Þetta er meðal þess sem kemur fram í úttekt sem Bændasamtök Íslands hafa gert á þáttum sem hafa áhrif á matvöruverð á Íslandi og í Evrópu.

Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna, kynnti skýrsluna á fréttamannafundi á veitingastaðnum Matur og drykkur í Reykjavík í vikunni. Þar sagði hann að umræða um verð á matvælum væri viðvarandi í íslensku samfélagi. Í þeirri umræðu hafi ýmsum sjónarmiðum verið haldið á lofti og aðilar í verslunarrekstri og hagsmunasamtök meðal annars verið áberandi með sín sjónarmið.

„Bændasamtökin hafa fylgst vel með þessari umræðu, en þó án þess að blanda sér í hana með jafn ákveðnum hætti og ýmsir aðrir. Því þótti okkur tímabært að leggja okkar til umræðunnar og gera úttekt á þeim þáttum sem hafa áhrif á matvöruverð á Íslandi og setja fram okkar afstöðu til þess sem þarf til svo lækka megi matvöruverð,“ sagði Sindri. Hann segir skýrsluna byggða á opinberum upplýsingum og efni sem hafi komið út á undanförmum árum og varði matvöruverð bæði hér á landi og í Evrópu.

Sindri segir að bændur hafi lagt sitt af mörkum við að halda aftur af verðlagshækkunum, meðal annars í kjölfar efnahagshrunsins þegar þeir tóku að miklu leyti á sig aukinn kostnað vegna gengisfalls krónunnar í stað þess að velta honum öllum út í verðlagið. Að hans mati hefur aukin hagræðing í landbúnaði einnig skilað árangri en það sé mikilvægt að bæði bændur og neytendur njóti góðs af þeim ágóða sem hún skilar til jafns við fyrirtæki í verslunarrekstri.

„Það er kominn tími til að fyrirtæki í verslunarrekstri leggi sitt af mörkum við lækkun vöruverðs á Íslandi. Á undanförmum árum hafa átt sér stað breytingar, lækkun gjalda og styrking krónunnar, sem hefðu átt að skila í lægra verði til neytenda en hafa ekki gert það. Á sama tíma sjáum við fréttir af gríðarlegum hagnaði fyrirtækja á dagvörumarkaði. Þegar horft er til allra þeirra þátta sem geta haft áhrif á verðlag matvöru til neytenda á Íslandi er ljóst að hægt er að ná betri árangri við að ná niður verðlagi. Þar skiptir mestu að fyrirtæki á dagvörumarkaði leggi líka sitt af mörkum.“


Styrking á gengi og breytingar á sköttum skilar ekki alltaf lægra verði

Í úttekt Bændasamtakanna eru niðurstöður skýrslu Samkeppnis- eftirlitsins um dagvörumarkaðinn, sem kom út í mars 2015, rifjaðar upp. Þar kemur fram að þrátt fyrir að gengi krónunnar hafi styrkst frá ársbyrjun 2011 til 2014 hafi það ekki birst í smásöluverði. Einnig kemur fram að vísibendingar séu um að álagning innlendra birgja og dagvöruverslana á innfluttum vörum hafi hækkað. Hagstæð gengisþróun hafi því ekki skilað sér til neytenda.

Sama á við þegar fjallað er um lækkun opinberra gjalda sem virðast ekki skila sér að fullu til neytenda. Verðlagseftirlit ASÍ hefur komist að þeirri niðurstöðu að við breytingu á vörugjöldum og virðisaukaskatti



Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ, Sigurður Eypórsson, framkvæmdastjóri BÍ og Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur BÍ, kynntu nýja skýrslu um matvöruverð á Íslandi. Mynd / TB



Meðalárðsemi dagvöruverslana hér á landi er mjög mikil miðað við Bandaríkin og Evrópu. Heimild: Samkeppniseftirlitið.

um áramótin 2014-2015 hafi verið á raftækjum og byggingarvörum ekki lækkað í samræmi við lækkun gjaldanna og hið sama á við um afnám svokallaðs sykurskatts. Árið 2014 margfaldaðist innflutningur á nautakjöti til Íslands, magntollar lækkuðu um tvo þriðju og heimsmarkaðsverð lækkaði. Engu að síður hækkaði verð á nautahakki um 15% til neytenda á Íslandi.

Matvælaverð á Íslandi og Evrópu

Í skýrslunni er fjallað almennt um matvælaverð á Íslandi og í Evrópu og samhengi launa og verðlags. Undanfarin ár hefur Ísland verið í 5.-7. sæti yfir þau lönd þar sem matvöruverð er hæst í Evrópu, 20-27% herra en meðalverð í Evrópu.

Matvöruverð er hæst í Noregi, 69% yfir meðalverði, en lægst í Makedóníu, 58% af meðalverði.

Aukin samkeppni á matvörumarkaði skilar lægra verði

Eftir því sem samkeppni á matvörumarkaði er meiri, bæði í vinnslu, dreifingu og smásölu, því lægra verði má búast við til neytenda. Innan Evrópu er mest samkeppni í smásölu á matvöru í Þýskalandi og þar er framlegð í matvöru-

verslun sú lægsta í Evrópu. Á sama tíma eru skýr merki um fákeppni á matvörumarkaði á Íslandi þar sem er arðsemi eigin fjár stærstu fyrirtækjanna er 35–40% samanborið við 11-13% í Bandaríkjunum og Evrópu.

Opinber stuðningur við landbúnað fer minnkandi

Í skýrslunni er rifjað upp að opinber fjárframlög til landbúnaðarmála hafi lækkað verulega síðustu áratugi sem hlutfall af landsframleiðslu. Árið 1990 var opinber stuðningur við landbúnað, þ.e. beinir styrkir og tollvernd, 5% af VLF en árið 2013 var þetta hlutfall 1,1%, en meðaltalið í Evrópusambandinu var þá 0,8%. Á undanförmum áratug hefur náðst umtalsverður árangur í að hagræðingu í íslenskum landbúnaði. Þá tóku íslenskir bændur á sig aukinn kostnað vegna gengisfalls krónunnar í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 með því að halda aftur af afurðaverðshækkunum.

Það er mögulegt að lækka matvöruverð

Í skýrslunni kemur fram að það sé hægt að ná fram árangri við að lækka verð á matvörum á Íslandi.

Til þess að það sé hægt þurfi að tryggja aukna samkeppni á dagvörumarkaði. Þar þurfi Samkeppniseftirlitið að beita sér í auknum mæli með þeim úrræðum sem stofnunin hefur. Þá þarf að tryggja að ágóði af breytingum á ýmsum gjöldum og álögum skili sér til neytenda. Sama á við um það þegar árangur næst í hagræðingu í landbúnaði – þá eigi neytendur og bændur að njóta hans en ekki einvörðungu fyrirtæki í verslunarrekstri.

MÆLT AF MUNNI FRAM

146

Fyrir í þessum þáttum hef ég lítillaga minnst á mannræktarfélagið Hrylling, sem stofnað var fyrir þéttings löngu kringum stóðhestinn Hrylling.

Í hluthafahópnum eru tómir andans menn, og er á öngvan hallað þó sérstaklega verði hér getið Ara Jóhannessonar lækni- is, sem nú starfar að mennt sinni á Akranesi.

Þótt Ari sé fæddur á flatlandinu, þá liggur fæðurétt hans frá Ytra-Lóni á Langanesi en móðurættin frá Kárástöðum í Þingvallasveit.

Nokkrar vegtyllur hefur Ari hlotið maklegar fyrir hugverk sín. Braghendur Ara sem hér birtast eru allar tengdar hestaferðum Hryllinga, ýmist um sveitir Suðurlands ellegar um Húnavatnssýslur. Allar eiga braghendurnar það sammerkt, að fanga stemningu stundarinnar, og lýsa hughrifum skáldsins.

Fyrstu braghenduna mælir Ari fyrir munn konu einnar í hluthafahópnum:

Ekkert líf er yndislegra, oft ég segi en að ríða óskavegi og opna bauk á mánudegi.

Ög lækknirinn hefur gott vald á líkingum alveg óháð sérþekkingu sinni:

Allir vilja unaðsblettinn aftur finna, þessu kalli þarf að sinna þó við ríðum orðið minna.

Eins og jafnan í hestaferðum, þá greinir menn á um reiðvegi. Ekki reyndist rétt ríðið á vaðið yfir Húnavatn, og eins þótti mönnum grunsamlega oft ríðið yfir bæði Viðidals- og Miðfjarðará:

Eitt er það sem undrast hef ég oft á tíðum ef við leiðsögn eftir ríðum einatt blaut úr vötnum skríðum.

Þær eru ekki í þykjustunni þessar stundir, flengjumst við um foldargrundir, fósturjörðin stynur undir.

Bændur okkur beina framhá bæjartröðum, öslum við á ótað vöðum, en eigum gríð á Högnastöðum.

Skáldið varð viðskila við hópinn í einu foraðinu í Vesturhópi. Ari þurfti einhverra erinda af baki, og við það tapaði klárinn sálarró svo ferlega, að hálf tíma tók að komast á bak. Er Ari loks náði samferðafólki sínu, saknaði enginn vinar í stað:

Fyrst ég gleymdist, fer ég héðan frjáls í anda yfir fjöll og eyðisanda einn á ferð með hest og landa.

Okkur finnst það ekki verra, Adamssonum, eftir blót að eiga í vonum aðra nótt með þessum konum.

Lífið var mér löngum gott og laust við reiði, sitja þoka og sól í heiði sáttafund á mínu leiði.

Í næturstað hefur oftlega, og ekki að ástæðulausu, gefist vel að hlusta á hollráð heilsulækna:

Holt er þér að hlusta vel á hjarta sláttinn ögn að róa andardráttinn, en aldrei fara snemma í háttinn.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com

Fréttir

Fjallamennskunámskeið á Óbyggðasetri Íslands

Fjallamennskunámskeið verður haldið á Óbyggðasetri Íslands á Egilsstöðum í Fljótsdal helgina 12.–14. febrúar. Leiðbeinandi er fjallaleiðsögumaðurinn Jón Gauti Jónsson og námskeiðið hentar vel fyrir fjallgöngu-, útivistar- og björgunarsveitarfólk.

Fjallgöngur að vetrarlagi opna nýjan og spennandi heim sem mikilvægt er að nálgast af virðingu. Á námskeiðinu eru kennd grunnatriði í fjallgöngum og ferðamennsku að vetrarlagi. Markmiðið er að þátttakendur öðlist skilning á helstu hættum fjallgangna, læri um mikilvægi öruggs leiðavals með tilliti til snjóflóðahættu, fái þjálfun í notkun sérhæfðs útbúnaðar og upplifi sig öruggari á fjöllum að vetrarlagi.

Leiðbeinandinn Jón Gauti er reyndur fjallaleiðsögumaður og hefur haldið fjölda námskeiða í ferðamennsku, svæðafraeðslu og náttúrutúlkun. Hann er jafnframt leiðbeinandi Björgunarskóla Slysavarnafélagsins Landsbjargar í



Jón Gauti Jónsson

vetrarfjallamennsku, fjallabjörgun, ís- og klettaklifri.

Innifalið í námskeiðinu, auk kennslunnar, er fullt fæði, gisting á Óbyggðasetri í tvær nætur, kvöldvaka og kvikmyndasýning.

Tekið er við skráningum til og með 5. febrúar og ástæða er til að taka fram að flest stéttarfélög greiða námskeiðið niður. Nánari upplýsingar og skráning í síma 440 8822 og á info@wilderness.is.



Markmiðið er að bæta öryggismenningu til sveita

Fraeðsluefni um öryggismál og vinnuvernd verður dreift á öll lögbylí á næstu dögum. Markmiðið er meðal annars að efla öryggi og heilsu þeirra sem starfa í landbúnaði og fækka slysum.

Bæklingurinn „Öryggi og vinnuvernd í landbúnaði“ er þýddur og staðfærður úr norsku leiðbeiningaefni. Í honum eru meðal annars kaflar um brunavarnir, dráttarvélar, slysavarnir, heilsufar, búffarsjúkdóma og varnir gegn þeim. Þá er stuttur kafli í ritinu sem fjallar um mikilvægi ásýndar búans og góðrar umgengni.

Búum vel

Á síðustu þremur árum hafa Bændasamtökin í samvinnu við búnaðarsambönd rekið vinnuverndarverkefnið „Búum vel“. Guðmundur Hallgrímsson á Hvanneyri hefur

heimsótt á annað hundrað bændur og farið yfir öryggis- og vinnuverndarmálin með þeim. Tillögur til úrbóta voru ræddar við bóndann og sett markmið um viðbrögð. Eftir heimsóknirnar er unnið úr upplýsingunum hjá BÍ og útbúin skýrsla sem send er til bóndans.

Áfram verður boðið upp á úttekta á búum á þessu ári en fyrir þær greiða bændurnir kr. 7.500. Vátryggingafélag Íslands hefur stutt dyggilega við bakið á vinnuverndarverkefninu og Framleiðnisjóður komið að þróun þess. Þeir sem hafa áhuga á að fá heimsókn og fara yfir þennan mikilvæga málaflokk er bent á að hafa samband við sitt búnaðarsamband.

Nýi vinnuverndarbæklingurinn verður sem fyrr segir sendur til bændna á næstu dögum en hann er jafnframt aðgengilegur á vef Bændasamtakanna, bondi.is /TB

Austurlandsdeild Smalahundafélags Íslands – Yfirlit yfir mót ársins 2015: Border Collie-hundar þykja afburðagóðir til smalamennsku

Smalahundafélag Íslands hefur verið ört vaxandi enda skilningur á notagildi góðra smalahunda stöðugt að aukast. Hefur félagið m.a. staðið fyrir mótshaldi og hæfnisprófunum á hundum.

Mikill fjöldi hunda er á skrá Snata sem er vefsíða félagsins en haldið er utan um skráningu smalahunda hjá tölvudeild Bændasamtaka Íslands.

Austurlandsdeildin

Austurlandsdeildin er ein af sjö landshlutadeildum Smalahundafélags Íslands (SFÍ). Starfsemi hennar er Norðausturland og Austurland. Alls eru 235 meðlimir í Smalahundafélaginu og þar af eru í kringum 35 í Austurlandsdeildinni. Ásamt hinum deildunum sex nær starfsemin yfir stærstan hluta landsins. Ekki eru allir félagar SFÍ meðlimir í deildum félagsins og deildirnar eru misvirkar, að sögn Aðalsteins Jóhannesar Halldórssonar, félaga og erindreka í Austurlandsdeild SFÍ.

Ræktun og þjálfun

Félagar í Austurdeildinni eru nokkuð virkir í ræktun og þjálfun Border Collie-hunda á Íslandi og eiga flestir nokkra hunda. Í gegnum árin hafa hundar frá þeim eignast heimili á fjölmörgum heimilum á starfssvæði Austurdeildarinnar og víðar. Það eru margir hundar skráðir hjá Smalahundafélaginu á svæðinu og sífellt fleiri bændur sem sjá hag í því að eiga góðan smalahund. Það er aftur á móti von deildarinnar og SFÍ að fleiri gerist virkir þátttakendur í smalahundasamfélaginu, bæði hvað varðar tæmningu hunda og keppni. Með auknum metnaði í greininni aukast gæði hundanna og starfsskilvæði bændna batna.

Skráðir í gagnagrunninn Snata hjá BÍ

Ræktun og notkun Border Collie-fjárhunda við fé er tiltölulega nýleg grein á Íslandi. SFÍ var stofnað 15. desember 1992 og fyrsta mót á vegum félagsins fór fram tveimur árum seinna. Síðan þá hafa verið haldin eitt til þrjú mót á ári. Félagið hefur auk þess stuðlað að framgangi greinarinnar með fræðslu og skráningu hundanna í ættbók félagsins. Nýr gagnagrunnur félagsins, Snati, var tekinn í notkun fyrir um þremur árum og auðveldaði hann utanumhald ræktunarinnar verulega. Snati er rekinn í samstarfi við Bændasamtök Íslands og hafa meðlimir Smalahundafélagsins aðgang að honum.

Þátttaka meðlima félagsins í mótum og öðru starfi hefur verið nokkuð stöðugt síðustu árin, en heldur er að fjölga þeim sem taka þátt reglulega. Aftur á móti má greina aukna notkun smalahunda á landinu síðustu ár, þó sú notkun skili sér ekki endilega í þátttöku á mótum. Slíkt má sjá til dæmis á samskiptamiðlum. Þar má sjá að æ fleiri eru að þjálfa hunda sína og leita eftir ábendingum um það sem betur má fara. Jafnframt virðist vera vaxandi markaður fyrir þjálfaða hunda á landinu. Framboð af þeim mætti vera meira. Algengast er í þeim efnum að keyptir séu frumtamdir hundar sem nýir eigendur halda síðan áfram spreya sig með. Það eru ekki margir hundar seldir fulltamdíra á hverju ári og eru fyrir því ýmsar ástæður. Ræktendur og tæmningafólk eru til dæmis yfirleitt að þjálfa í fristundum sínum með annarri vinnu og hafa því ekki tíma til að fulltemja hunda í miklum mæli. Þróunin er engu að síður jákvæð og ýmis merki þess að greinin sé á rétttri leið.



Sigurvegarar í A-flokki á Fjárhundakeppni á Eyrarlandi í nóvember 2015. Agnar Ólafsson og Elisabet Gunnarsdóttir.



Sigurvegarar í unghundaflokki á Fjárhundakeppni á Eyrarlandi í nóvember 2015. Sverrir Möller, Marzibil Erlendsdóttir og Aðalsteinn Aðalsteins-son.



Þórarinn Ingi Pétursson, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, fékk Aðalstein Jóhannesar Halldórsson í heimsókn og skráði sig í SFÍ.

Fjárhundakeppni á Eyrarlandi

Þann 21. nóvember síðastliðinn hélt Austurlandsdeild Smalahundafélags Íslands mót á Eyrarlandi í Fljótsdal. Þetta var annað mót ársins, en Landsmót Smalahundafélags Íslands var haldið á Tjörn á Mýrum helgina 29.–30. ágúst. Austurlandsdeildin hafði jafnframt umsjón með þeirri keppni.

Alls tóku 15 hundar þátt í keppinni á Eyrarlandi en smalamenn voru níu, þar sem sumir þeirra skráðu til leiks fleiri en einn hund. Þar af voru 11 hundar skráðir í A-flokk, 1 í B-flokk og 3 í unghundaflokk. Hver hundur fékk eitt rennsli. Dómari mótsins var Lárus Sigurðsson og úrslit voru eftirfarandi:

A-flokkur

Panda frá Daðastöðum og Elisabet Gunnarsdóttir, 81/100 stig. Skotta frá Daðastöðum og Elisabet Gunnarsdóttir, 81/100 stig. Mjú frá Ási og Agnar Ólafsson, 80/100 stig.

B-flokkur

Gláma frá Sauðanesi, Edze Jen De Haan.

Unghundaflokkur

Doppa frá Húsatóftum og Aðalsteinn Aðalsteinsson, 66/90 stig. Skutla frá Skálholti og Marzibil Erlendsdóttir, 58/90 stig. Snati frá Mósakógum og Sverrir Möller, 32/90 stig.

Landsmót að Tjörn í ágúst 2015

Alls voru 17 hundar skráðir. Þar af 8 í A-flokk, 3 í B-flokk og 6 í unghundaflokk. Allir hundar fengu tvö

rennsli og keppt var að 100 stigum hvorn dag. Dómari var Ross Games og úrslit voru eftirfarandi:

B flokkur - Úrslit

1. Kátur frá Eyrarlandi og Agnar Ólafsson, Stig 77 + 74 = 151
2. Astra Polar og Kristinn Hákonarson. Stig 63 + 33 = 96
3. Gutti frá Hafnarfirði og Sverrir Möller, hætti keppni.

A fl. Opinn flokkur - Úrslit

1. Kría frá Daðastöðum og Aðalsteinn Aðalsteinsson, stig 72 + 85 = 157
2. Korka frá Miðhrauni og Svanur Guðmundsson, Stig 75 + 61 = 136.
3. Smali frá Miðhrauni og Svanur Guðmundsson. Stig 70 + 63.

Unghundar - úrslit

1. Frigg frá Kyrholti og Aðalsteinn Aðalsteinsson, Stig 73 + 67 = 140
2. Skutla frá Skálholti og Marzibil Erlendsdóttir. Stig 60 + 47 = 107.
3. Doppa frá Húsatóftum og Aðalsteinn Aðalsteinsson. Stig 74 + 30 = 104

Stigagjöf er þannig að í upphafi hefur hvert smalateymi 90 til 100 stig eftir því hvernig er dæmt. Refsistigin sem hundurinn fær í brautinni dragast svo frá og þannig fæst lokastigatalan. Í þeim tilfellum þar sem tveir eða fleiri hundar eru með sama stigaskor endar sá hundur ofar sem gerir betur í fyrstu þremur þáttum smalaþrautarinnar. Í unghundaflokki keppa hundar yngri en 3 ára. Í B-flokki er brautin styttri og heldur auðveldari viðfangs og fyrst og fremst hugsuð fyrir þá reynsluminni. /AJA/HK.



TORIN kollur m/hjólum
hækkanlegur

6.995 kr.

67079092

MIKIÐ ÚRVAL
AF HÁGÆÐA
BÍLAVÖRUM

GERUM VIÐ!



TORIN hjólabretti plast
40" rautt

5.995 kr.

67079072



TORIN hjólatjakkur, 2 búkkar
og stoppari

9.995 kr.

67079062



TORIN búkkar 3 tonn

2.995 kr.

67079066



TORIN torin hjólalyfta 400 kg

24.995 kr.

67587013



TORIN legupressa 12 tonn

41.995 kr.

67079097



TORIN mótórhjólalyfta 360 kg

64.995 kr.

67079098



TORIN mótórhjólalyfta 135 kg

28.995 kr.

67587056



TORIN sandblásturskassi á borð

26.995 kr.

67079133



TORIN þvottakar 11 lítra

11.995 kr.

67079129



TORIN þvottakar 75 lítra

22.995 kr.

67079130



TORIN vélagálgi
2 tonn 360° low-profile

69.995 kr.

67079105



TORIN vélastandur 450 kg

11.995 kr.

67079103

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengi.



byko.is

BETRI KJÖR FYRIR BÆNDUR
AÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

BYKO
GERUM PETTA SAMAN

Fréttir

Kjarnafæði fær gæðastaðalinn FSSC ISO 22000:

Mikil vinna en erum ánægð og stolt

— segir Eðvald Valgarðsson gæðastjóri

Kjarnafæði hefur fengið staðalinn FSSC ISO 22000 fyrir framleiðsluvörur sínar. Þessi staðall hefur verið til í um það bil áratug og náð miklu flugi, er sá staðall sem mest er horft til í matvælaframleiðslu að sögn Eðvalds Valgarðssonar, gæðastjóra hjá Kjarnafæði.

Í liðinni viku lauk þriggja daga úttekt í fyrirtækinu sem hefur höfuðstöðvar sínar á Svalbarðseyri og gekk hún mjög vel. „Við erum mjög ánægð með niðurstöður úttektarinnar. Fengum fulla vottun án athugasemda og erum því afar stolt. Þetta er vinna þar sem allir verða að leggja sitt af mörkum og starfsfólk Kjarnafæðis hefur verið mjög opið og jákvætt fyrir þeim breytingum sem átt hafa sér stað síðustu misseri,“ segir Eðvald.



Eðvald Valgarðsson.

Langt ferðalag

Hann segir að mikil vinna hafi verið lögð í að uppfæra hættumat fyrirtækisins og meðal annars var sérstaklega tekið fyrir meðhöndlun ópols og ofnæmisvalda og meðferð þeirra efna, en hveiti er til að mynda einn af ofnæmisvöldunum. „En við sjáum vel, að það hjálpaði mikið að hafa þegar uppfyllt ISO 9001 staðalinn sem við gerðum á síðasta ári. Sá staðall tekur á öllum rekstri fyrirtækisins og er sterkur grunnur. Við kunnum vinnubrögðin og vitum hvers er krafist. Þetta hefur verið langt ferðalag, hófst árið 2010 þegar við tókum gæðamálinn sérstaklega fyrir og settum okkur markmið,“ segir Eðvald. Undirbúningur vegna nýja gæðastaðalsins hófst í október í fyrra.

Erum að auka kröfur á okkur sjálf

Hann segir að það sem fyrst og fremst fái út úr því að hafa hlotið þennan nýja gæðastaðal sé sá að kröfur á fyrirtækið og starfsmenn aukist. „Við erum að auka kröfur á okkur sjálf, en það er vilji eigenda Kjarnafæðis að vera í forystu í gæðamálum matvælafyrirtækja hér á landi, að framleiða alltaf heilnæm og bragðgóð matvæli. Það gerum við sem best sést á þessum vottunum.“

Þá nefndi Eðvald að það væri mikilvægt að hafa þessar vottanir þegar horft er til útflutnings, það sé nánast krafa að hafa þær. „En hér innanlands viljum við vera best meðal marga góðra fyrirtækja og teljum okkur sýna það í verki.“

Kjarnafæði er nú þegar með A vottun Matvælastofnunar, A vottun Samtaka iðnaðarins, ISO 9001 vott-

un frá BSI á Íslandi og nú bætist nýjasta vottunin FSSC ISO 22000, einnig frá BSI á Íslandi við.

Allt undir

Eðvald segir að sá staðall feli í sér djúpa hættugreiningu á allri framleiðslu fyrirtækisins með matvælaöryggi í huga. Hvert stig ferilsins sé skoðað og metið hvað farið getur úrskæiðis á hverjum stað og hvernig megi fyrirbyggja það. Byrjað er á að skoða alla birgja Kjarnafæðis, hvaða kröfur séu gerðar samkvæmt Evrópsku matvælaölgjöfinni og hverjar séu sérstaklega gerðar af fyrirtækinu sjálfu. Framleiðsluferlið allt er skoðað, frá móttöku hráefnis, framleiðslu á vörunni, geymsluskilyrði, frágangur og sala. „Í raun er allt undir. Húsnæði og aðbúnaður er skoðaður og umgengni starfsmanna er einnig undir smásjá, enda mikilvægt að hreinlæti sé fyrsta flokks.“

Eðvald segir að stjórnendur Kjarnafæðis leggi sérstaka áherslu á gæðamál, með virðingu við menn og umhverfi og hefði öll uppbygging vinnslunnar á Svalbarðseyri sem og uppfærsla tækjabúnaðar tekið mið af því. Þá hefði lengi verið unnið að vöruþróun á hreinum vörum án ópolsvalda, viðbættis sykurs og aukaefna. Þá eru umhverfismálin ofarlega á baugi innan fyrirtækisins og allur úrgangur er flokkaður og nýttur áfram sem kostur er. Þá hefði ótulllega verið unnið að jafnréttismálum, vinnuvernd starfsmanna og öryggismálum og iðulega gengið lengra en krafist er. „Rekjanleiki vöru frá Kjarnafæði er algjör með fullkomnu kerfi frá Marel, hægt er að rekja hvað varan inniheldur, hvort sem er erlend eða íslensk krydd, grænmeti eða kjóthráefni,“ segir Eðvald. /MPÞ



Við undirritun samninga um Landsmót hestamanna 2018 sem fram fór í Höfða á bóndadaginn. Talið frá vinstri: Jóna Dís Bragadóttir, LH, Lárus Hannesson, LH, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Hjörtur Bergstað, Fákí, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Fákí og Elías Blöndal Guðjónsson frá Bændasamtökunum. Fánaberar: Hrefna María Ómarsdóttir, Sigurbjörn Bárðarson og Teitur Árnason. Mynd / Fákur

Landsmót hestamanna:

Samið við Fák um að halda mótið í Reykjavík 2018

Samningur um að Landsmót hestamanna árið 2018 verði haldið í Reykjavík var undirritaður í Höfða af Hestamannafélaginu Fákí, Reykjavíkurborg og Landsmóti ehf.

Landsmót hestamanna eru stórvíðburður því þar koma saman rúmlega þúsund keppendur af öllu landinu og eru þeir dyggilega hvattir af þeim rúmlega tíu þúsund áhorfendum sem munu sækja Landsmótið sem stendur í heila viku.

Áætlað er að um fjögur þúsund erlendir unnendur íslenska hestsins munu koma sérstaklega til landsins á Landsmótið sem mun fara fram á félagssvæði Fákis í Elliðaárdal fyrstu vikuna í júlí 2018.

Tímamót í rekstri mótsins

Samningurinn markar ákveðin tímamót í rekstri Landsmóta hestamanna því Hestamannafélagið Fákur og Reykjavíkurborg munu alfarið taka að sér að reka og halda utan um mótið. Undirbúningur er nú þegar hafinn og stefna mótskaldarar að því að halda glæsilegt mót fyrir keppendur og gesti. Síðast var Landsmót haldið í Reykjavík 2012 og tókst það frábærlega enda aðstaðan til stórmótahalds mjög góð á félagssvæði Fákis í Reykjavík.

Binda miklar vonir við mótskaldið

Hjörtur Bergstað, formaður Fákis, segir miklar vonir bundnar við þetta mótskald.

„Það sem er sérstakt við þennan samning er að þetta verður í fyrsta sinn sem Landsmót hestamanna heldur ekki utan um mótskaldið sem sérstakt fyrirtæki, heldur er hestamannafélaginu Fákí falið að sjá alfarið um allt er viðkomur mótskaldinu. Það eina sem LH fer fram á er að við förum í einu og öllu eftir reglum Landssambands hestamanna og Bændasamtaka Íslands varðandi keppni. Síðan borgum við Landsmóti hestamanna fyrir að fá mótið og hirðum þá af því hagnað eða tap ef því er að skipta.“

Ég tel að með þessu fyrirkomulagi verði mun auðveldara að fá fólk til að starfa við þetta þar sem ávinningurinn fyrir félagið getur verið mikill ef vel tekst til. Þar verða tekið tillit til þess að hægð og nýta ávinninginn af mótskaldinu fyrir félagsmenn.

Besta hestaþróttasvæði landsins

Við eigum besta hestaþróttasvæði landsins og ég held ég sé ekkert að taka stórt upp í mig þar. Þá höfum



Frá Landsmóti hestamanna í Reykjavík 2012.

Mynd / HKr.



Hjörtur Bergstað, formaður Fákis.

við gríðarlega reynslu í margvíslegu mótskaldi og höldum stórmót á hverju einasta ári. Við höldum Landsmót hestamanna árið 2000 og síðan aftur árið 2012. Það mót lukkaðist afar vel. Því þúum við yfir mikilli þekkingu og reynslu af mótskaldi. Þá fáum við mikinn stuðning frá Reykjavíkurborg við því sem við erum að gera.“

Góðir gistimöguleikar og nálægð við alla þjónustuaðila

Hjörtur bendir á að kosturinn við að halda mótið í Reykjavík sé sá að þar sé meiri möguleiki á gistingu en víðast hvar annars staðar. Þá sé nálægðin við Keflavíkflugvöll mikill kostur og því auðveldara að fá útlendinga til að sækja mótið vegna minni kostnaðar. Þá séu öll aðföng auðveldari og matur og þjónusta ætti því að vera hagstæðari en mögulegt er víða úti á landi. Þá séu mótskaldarar í Reykjavík í beinni samkeppni um alla þjónustu við veitingastaði og sjoppur í næsta nágrenni, þannig að ekki sé stætt á að okra á þjónustunni.

Margt í pakknum

„Við erum í samstarfi við Höfuðborgarstofu við að leita eftir samstarfi við ferðaþjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu. Þá erum við að gera samning við Reykjavíkurborg um aðkomu þeirra að því að veita mótsgestum afslátt að söfnum, sundaðstöðu og annarri þjónustu borgarinnar. Það verður því margt í pakknum fyrir þá sem kaupa sig inn á mótið.“

Hjörtur sagði að mótsvæðið væri í sjálfu sér fullmótað þó alltaf megi gera betur. Þjóst hann því við að jafnvel yrði eitthvað slegið í varðandi húsakost fyrir Landsmótið 2018. Það yrði því örugglega farið í einhverjar framkvæmdir.

Hann segir að á Landsmóti hestamanna, sem haldið verður á Hólum nú í sumar, verði mótskaldið stytt frá því sem var á mótinu á Hellu og mótskaldi því lokið á laugardagskvöldinu. Hann segir að slíkt verði ekki á mótinu 2018, því þar verði mótinu slitið á sunnudegi.

Fyrri hluti mótsins fyrir forfallna hestamenn

„Við hugsum mótið í tveim hlutum. Fyrri hlutinn á þessu sjö daga móti verður fyrir hina forfallnu hestamenn, en fyrir fólk sem kemur á föstudag, laugardag og sunnudag verður passað upp á að hafa þar einungis hápunktana í mótskaldinu. Þar verður mögulega stutt yfirlitsýning eða kynning á þeim gæðingum og kynbótahrossum sem þátt taka í mótinu.“

Við hlökkum alveg gríðarlega til,“ segir Hjörtur. „Við erum líka á hnánugum og biðjum fyrir góðu veðri mótsdagana sumarið 2018.“ /HKr.

www.vig.is

SMÍÐJA Í SVEIT



VIG
Vélsmíðja Ingvars Guðna

Vatnsenda
Flóahreppi
S:486-1810



Einkorna áburður:

Hin fullkomna pakkalausn



YaraVita fljótandi áburður



Notaðu minni áburð með Yara



Sláturfélag Suðurlands svf. • Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 6000 • yara@yara.is • www.yara.is

Fréttir



Guðni Ágústsson

rithöfundur og fyrrverandi landbúnaðarráðherra:

Ekki hugsað um þjóðarhag

Alþingi sem eyðir dögum og vikum í umræðu um brennivínsfrumvarp bindindismannsins unga Vilhjálm Árnasonar er ekki að hugsa um þjóðarhag.

Verstur er þó málflutningur þeirra þingmanna sem skrökva eða fara með rangt mál í umræðunni að ríkið tapi á ÁTVR. Mogginn skýrir frá því í vikunni að hagnaður ÁTVR hafi á síðustu 6 árum numið 7,7 milljörðum og að 7,1 milljarður hafi runnið í ríkissjóð og bara á síðasta ári hafi 1,5 milljarður af hagnaði Áfengis- og tóbaksverslunarinnar runnið til ríkisins. Það er skiljanlegt að gróðalindin Hagar vilji selja bjór og brennivín.

Þótt Hagar sverji af sér samningu frumvarpsins, þá vaka þeir við gufugatið og hafa örugglega skilað nefndinni jákvæðri umsögn að best sé að selja bjórinn og rauðvínið við hliðina á mjólkinni. Með því myndi hagnaður Haga margfaldast en í dag greiða þeir eigendum sínum arð sem nemur helmingnum af beingreiðslum búvörusamninganna, svo vilja þeir tollana af og frjálst flæði landbúnaðarvara hingað.

Það er full ástæða að hlusta á rök Kára Stefánssonar og SÁÁ-manna að fyrirkomulagið með áfengi í sérbúðum utan matvöruverslana er lofað og viðurkennt sem það besta í heimi af Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni ekki síst til að hlífa þeim föllnu og sjúku. Alþingi á að vísa brennivínsfrumvarpinu frá og taka að ræða brýnni mál.

Er Icesave grýlan ekki dauð?

„Ertu orðinn kommúnisti, Þorsteinn minn?“ Þannig spurði Ólafur Jóhannesson, forsætisráðherra og prófessor, eitt sinn Þorstein Pálsson, nemandi sinn, þegar hann mætti honum með alskegg sem þá var aðalsmerki vinstrimanna. Það er óskiljanlegt að Þorsteinn Pálsson skuli stinga sér í drullupollinn á eftir

Steingrími J. Sigfússyni og reyna að telja okkur trú um að betra hefði verið að borga Icesave eins og sakamenn með vöxtum og vaxtavöxtum og kostnaði allt til ársins 2047 þegar hann fagnar hundrað ára afmæli sínu. Hitt er skiljanlegt að Steingrímur J. reyni að verja gerðir sínar og Jóhönnu sem reyndu í þriggja að kröfu Breta og Hollendinga að koma því yfir á íslenska erfiðisvinnu-menn að greiða skuldir gjaldþrota banka og óreiðumanna. Þetta mál lék Jóhönnu og Steingrím J grátt, þau fórnðu heilu kjörtímabili í þessa vitlausu.

Þess verður minnst meðan sól rennur að forseti Íslands vísaði málinu tvisvar í þjóðaratkvæðagreiðslu, og íslenska þjóðin hafnaði málinu tvisvar. Svo vann Ísland sinn stærsta sigur fyrir EFTA-dómstólnum að lokum þar sem það var staðfest lögfræðilega og siðferðilega að Bretar og Hollendingar áttu enga kröfu á íslenska launamenn. Hins vegar áttu þeir rétt í gjaldþrota dánarbú Landsbankans.

Svo var annað jafn vont mál eða verra sem þau og ríkisstjórn Geirs og Ingibjargar Sólrúnar létu ganga yfir íslenska þjóð, það var hryðjuverkalögin eða árásin sem Bretar settu á Ísland og hékk uppi í öllum peningastofnunum í níu mánuði án alvöru viðbragða, nema forsetinn tók fast á fantinum Gordon Brown. Auðvitað mátti hvergi snerta ESB, þangað var fírinni heitið og því miður mundu Vinstri grænir ekki kosningaloforðið sitt þá.

Þetta er versta aðför að þjóð í Evrópu eftir stríð. Það stóð til af hálfu Breta með samþykki ESB og Bandaríkjanna að gera Ísland gjaldþrota. Þá var nú full ástæða fyrir jafn vaskan mann og Steingrímur J. Sigfússon er að syngja æsku sinnar söngva, ég hefði sungið með hástöfum þótt laglaus sé: „Ísland úr NATO og herinn burt.“ Breska sendiherrann hefði átt að reka úr landi.



Vel fór á með stjórn Landssamtaka sauðfjárbænda og fulltrúum Landgræðslunnar á sameiginlegum fundi í Gunnarsholti 19. janúar síðastliðinn.

Mynd / Áskell Þórisson

Sauðfjárbændur funduðu með Landgræðslufólki í Gunnarsholti:

Stríðsöxum sópað undir græna torfu

— ákveðið að stofna samráðshóp um samstarfsverkefni bænda og Landgræðslu

Fyrir nokkru bauð Landgræðslan stjórn Landssamtaka sauðfjárbænda að koma í kynnisferð til höfuðstöðva stofnunarinnar í Gunnarsholti og halda þar stjórnarfund. Stjórn LS þáði boðið og kom í Gunnarsholt þriðjudaginn 19. janúar.

Er þetta reyndar ekki í fyrsta sinn sem sauðfjárbændur halda stjórnarfund í Gunnarsholti. Fundurinn nú þykir samt marka nokkur tímamót í ljósi harðra skoðanaskipta sem átt hafa sér stað í fjölmiðlum á milli Landgræðslumanna og sauðfjárbænda á liðnum misserum, m.a. á síðum Bændablaðsins.

Hefur þar oft verið hátt reitt til höggs. Þar hefur Landgræðslan

m.a. gagnrýnt harðlega afréttabæit á viðkvæmum svæðum, eins og í Almenninum. Að sama skapi hefur bændum þótt Landgræðslumenn oft á tíðum gera lítið úr þeirra hlut við uppgræðslu lands og rétti til landnýtingar í samræmi við beitarþol. Hafa þessi átök og óvægin umræða leitt til mikillar kergju á báða bóga sem menn virðast nú sammála um að hafi ekki verið neinum til gagns.

Stríðsaxir undir græna torfu

Vel fór á með sauðfjárbændum og Landgræðslumönnum á fundinum í Gunnarsholti og virðist sem öllum stríðsöxum hafi þar verið sópað saman undir græna torfu.

Var ákveðið að stofna samráðshóp til að vinna að framgangi samstarfsverkefna sauðfjárbænda og Landgræðslunnar.

Farið yfir málin

Í upphafi heimsóknarinnar kynnti landgræðslustjóri starfsemi stofnunarinnar og sögu staðarins. Að lokinni kynningu var haldinn samráðsfundur þar sem farið var yfir ýmis málafni, s.s. síðustu breytingar á reglugerð um gæðastýringu í sauðfjárframleiðslu, beitarannsóknir og vöktun á gróðurframvindu á beitarsvæðum. Þá var einnig rætt um viðmið sjálfbærrar landnýtingar og fleiri mál. /HKr.

Blönduósbær:


Lögreglan vill auka umferðaröryggi

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra hvetur Blönduósbæ til að setja bann við lausagöngu búfjár í sveitarfélaginu og að leita samninga við Vegagerðina um friðun þjóðveg nr. 1 með girðingum og viðhaldi þeirra til að auka umferðaröryggi. Byggðaráð Blönduósbæjar tekur vel í erindið.

Lögreglan á Norðurlandi vestra sendi byggðaráði bréf á dögum þar sem þetta kemur fram. Bréfið var lagt fram og rætt á fundi byggðaráðs. Sveitarstjóra var falið að hafa samband við Vegagerðina



vegna málsins og senda bréf lögreglustjórans til kynningar í landbúnaðarnefnd Blönduósbæjar.



Mótssvæðið á Hólum.

Landsmót hestamanna á Hólum:

Sala á tjaldstæðum með rafmagnstengingum hafin

Sala á tjaldstæðum með rafmagnstengingum á Landsmóti hestamanna á Hólum 2016 er hafin.

Um er að ræða afmarkaða reiti, 7x10 metra að stærð, og hverjum reit fylgir ein rafmagnsinnstunga. Allir gestir mótsins hafa aðgang að

almennum tjaldstæðum mótsins, en þar verður ekki hægt að bjóða upp á rafmagnstengi.

Tjaldstæðin með rafmagnstengingum eru seld í gegnum sama söluferfi og aðgöngumiðar á mótið, hjá tix.is og á heimasíðu Landsmóts, landsmot.is. Þar geta áhugasamir

gestir keypt sér aðgang að reit sem biður þeirra þegar á mótið verður komið. Verð fyrir þessa þjónustu verður óbreytt frá síðasta Landsmóti, kr. 17.000 fyrir afnot af tjaldstæðareit með rafmagnstengingu á mótinu. Þetta kemur fram á heimasíðu landsmótsins. /MÞÞ



FRUM - www.frum.is

Vertu víðsýnn veldu CLAAS

CLAAS framleiðir 40 gerðir dráttarvéla á bilinu 72-530 hestöfl.

CLAAS er þýskt fjölskyldufyrirtæki stofnað árið 1913 og er einn stærsti framleiðandi landbúnaðartækja í heiminum.



- CLAAS ATOS 220-350
- 76-109 hestöfl
- Fæst 3ja og 4ra strokka
- Breitt úrval gírskiptinga
- Smart stop og Dynamic steering



- CLAAS ARION 410-460
- 90-140 hestöfl
- Panoramic hús
- 16/16 gíra skipting
- Ein stjórnstöng fyrir ámoksturstæki, beisli og gírskiptingu



- CLAAS ARION 530-650
- 140-184 hestöfl
- Hexactiv gírskipting eða CMATIC stiglaus skipting
- 110 l LS vökvafleði
- Byggð á hálfgrind



- CLAAS AXION 810-850
- 215-264 hestöfl
- Hexactiv gírskipting eða CMATIC stiglaus skipting
- Fagblaðamenn frá 20 Evrópulöndum völdu CLAAS Axion 800 vél ársins 2014



VÉLFANG

VERKIN TALA

CLAAS

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Frostagata 2a • 600 Akureyri • www.claas.is

Fréttir

MAST – Búnaðarmálaskrifstofa:

Tilkynningar til bænda

Veittir eru styrkir til uppsetningar á lýsingarbúnaði samkvæmt aðlögunarsamningi um starfsskipti framleiðenda garðyrkju-afurða og reglugerð nr. 1222/2015, VIÐAUKA I, Verklagsreglur um úthlutun styrkja vegna uppsetningar á lýsingarbúnaði.

Rafrænar umsóknir skal fylla út á Bændatorginu (www.bondi.is) eigi síðar en 1. mars 2016. Rafrænt umsóknarform og reglugerð er að finna á Bændatorginu. Nánari upplýsingar veitir Ásdís Kristinsdóttir í síma 530 4800 og á asdis.kristinsdottir@mast.is.

Aðeins er tekið á móti rafrænum umsóknum í gegnum Bændatorgið.

Vatnsveitur á lögbýlum

Veittir eru styrkir úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að leggja vatnsveitu að einstökum bæjum í dreifbýli samkvæmt reglugerð nr. 973/2000 með síðari breytingum.

Rafrænar umsóknir skal fylla út á Bændatorginu (www.bondi.is) eigi síðar en 1. mars 2016. Með umsókn skal fylgja staðfest kostnaðar- og framkvæmdaáætlun.

Rafrænt umsóknarform og reglugerð er að finna á Bændatorginu. Nánari upplýsingar veitir Guðrún S. Sigurjónsdóttir í síma 530 4800 og á gudrun.sigurjonsdottir@mast.is.

Aðeins er tekið á móti rafrænum umsóknum í gegnum Bændatorgið.

Styrkir til frumbýlinga í sauðfjárrækt

Hér með er auglýst eftir umsóknum um styrki til frumbýlinga í

sauðfjárrækt samkvæmt ákvæðum núgildandi sauðfjársamnings og reglugerð nr. 1221/2015, VIÐAUKA IV, Verklagsreglur um úthlutun bústofnskaupastyrkja til frumbýlinga.

Rafrænar umsóknir skal fylla út á Bændatorginu (www.bondi.is) eigi síðar en 1. mars 2016. Rafrænt umsóknarform og reglugerð er að finna á Bændatorginu. Nánari upplýsingar veitir Guðrún S. Sigurjónsdóttir í síma 530 4800 og á gudrun.sigurjonsdottir@mast.is.

Aðeins er tekið á móti umsóknum í gegnum Bændatorgið.

Orðsending til garðyrkjubænda vegna beingreiðslna

Ný reglugerð nr. 1222/2015 um beingreiðslur í garðyrkju fyrir árið 2016 hefur tekið gildi. Þeir sem hafa hug á að þiggja beingreiðslur á árinu 2016 þurfa að skila inn umsókn og/eða áætlun til Matvælastofnunar, skrifstofu búnaðarmála, fyrir 15. febrúar 2016 þar sem fram kemur flatarmál gróðurhúsa, sem ætlað er til framleiðslu fyrir hverja tegund svo og áætlun framleiðsla af hverri tegund á árinu 2016.

Framleiðendur sem hlotið hafa beingreiðslur á árinu 2015 skulu senda heildaruppgjör fyrir árið staðfest af löggiltum endurskoðanda til Matvælastofnunar, skrifstofu búnaðarmála fyrir 10. febrúar 2016.

Nánari upplýsingar veitir Ásdís Kristinsdóttir í síma 530 4912 og á asdis.kristinsdottir@mast.is.

Markaðssetning áburðar:

Hrein efni eða sýrlingar (oxíð)

Nú eru áburðarsalar á fullu við að selja vörur sínar. Þá vakna spurningar um söluáðferðir og hvernig kynna má áburðinn. Sérstök vafamál þar er hvernig efnainnihald er kynnt fyrir kaupendum.

Par er einkum villandi á hvaða formi efnainnihald áburðarins er gefið upp, hvort það er gefið upp sem hrein efni eða sýrlingar (oxíð). Það skiptir öllu máli þegar bóndi áætlað áburðarþörf til sinnar ræktunar.

Í 6. gr. reglugerðar 630/2007 sem innleiddi áburðarreglugerð ESB kemur fram að heimilt er að nota bæði hlutföll hreinna efna og sýrlinga í kynningum og merkingum á áburði. Eina efnið sem er alltaf gefið upp sem hreint efni er köfnunarefni (N). Seljanda er skylt að greina frá hvort kynningar á efnainnihaldi áburðar miðast við hrein efni eða sýrlinga. Hér verða gefnar

þær reikniformúlur þegar hrein efni eru reiknuð frá sýrlingum:

1. Fosfór (P) = Fosfórpentoxíð (P₂O₅) × 0,436
2. Kalí (K) = Kalíoxíð (K₂O) × 0,83
3. Kalsíum (Ca) = Kalsíumoxíð (CaO) × 0,175
4. Magnesíum (Mg) = Magnesíumoxíð (MgO) × 0,603
5. Natríum (Na) = Natríumoxíð (Na₂O) × 0,742
6. Brennisteinn (S) = Brennisteinsþríoxíð (SO₃) × 0,400

Þannig að sé gefið upp innihald fyrir fosfórpentoxíð (P₂O₅) 10% er hlutfall hreins fosfórs P 4,36% í áburðinum og sé kalíoxíð (K₂O) gefið upp 10% í áburðinum er hlutfall hreins kalís 8,3% í áburðinum.

Valgeir Bjarnason,
fagsviðsstjóri hjá Matvælastofnun

Hveragerði:

Dýrin í Hálsaskógi

Leikfélag Hveragerðis æfir nú af kappi leikritið *Dýrin í Hálsaskógi* í leikstjórn Maríu Pálsdóttur. Áætlað er að frumsýna 20. febrúar.


Leikarar eru rúmlega 20 sem eru á ýmsum aldri, reyndir í bland við aðra sem eru að stíga sín fyrstu skref á sviðinu. Mikka ref og Lilla klifurmús leika nú í þriðja sinn þeir Hjörtur Benediktsson og Steindór Gestsson sem sjást þarna í fullum skróða á myndinni. Tuttugu og sex ár eru síðan þeir léku þessi hlutverk fyrst. Guðmundur Eiríksson annast píanóleik. „Aðrir sem að þessari vinnu koma, eins og sviðsmynd, búningasam, andlitsmálun og fleira eru hátt í 20 manns.

Þegar nær dregur verður hægt að fylgjast með gangi mála, bæði



Hjörtur og Steindór eru hér í þriðja sinn í hlutverk Mikka refs og Lilla klifurmús í uppfærslu leikfélagsins á þessu bráðskemmtilega barnaleikriti.

með myndum og í texta á fésbókar-síðu Leikfélags Hveragerðis,“ segir Hjörtur. /MHH



Hugmynd af virkjun Skúfnavatna við suðaustanvert Ísafjarðardjúp hefur verið lengi í skoðun.

Hægt er að reisa litlar vatnsaflsvirkjanir víða hér á landi:

Skúfnavatnavirkjun við Djúp hefur verið í skoðun í 68 ár

— möguleiki á 8,5 megawatta virkjun sem skilaði 60 gígawattstunda orku

Hugmynd að Skúfnavatnavirkjun og virkjun Þverár á Langadalströnd, nokkru utan við Rauðamýri í Ísafjarðardjúpi, er búin að vera í deiglu í nær 70 ár.

Er þetta ein af mörgum smá-virkjanakostum á Vestfjörðum sem verið er að skoða í dag. Í síðasta Bændablaði var greint frá áhuga tveggja bræðra frá Bakkafirði á að gera svokallaða Austurgilsvirkjun í Skjaldfannardal við Djúp. Þar er verið að tala um allt að 35 megawatta virkjun. Þá er 55 megawatta Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði á Ströndum í rannsóknarferli. Eins var þar greint frá framangreindri virkjun Skúfnavatna, en að visu var þar ranghermt að hún hét „Skúfnadalsvirkjun“.

Indriði Aðalsteinsson, bóndi í Skjaldfannardal, segir að virkjun Þverár og Skúfnavatnanna þar fyrir ofan sé búin að vera mjög lengi á hugmyndastigi. Þetta hafi þó farið frekar hljótt, en hann segir að Skúfnavötn séu í nokkuð mikilli hæð. Þá hafi hann líka heyrt hugmyndir um að ekki þyrfti að grafa nema 18 metra djúpan skurð til að veita vatninu norður í Hvalárvirkjun á Ströndum. Reyndar munu, samkvæmt athugun Bændablaðsins, vera um 68 ár frá því farið var að skoða þennan virkjunarkost í alvöru.

Rætt um 8,5 MW virkjun

Í núverandi hugmyndum í forathugun Orkustofnunar er miðað við að vatni verði veitt úr Hvannadalsá og Austurmannagili yfir í Þverá. Virkjað er fall úr 412 metrum yfir sjó niður í 75 metra yfir sjó. Gerð er áætlun um 8,5 (MW) virkjun sem framleiddi um 60 GWh af orku á ári.

Þverá yrði stífluð neðan Skúfnavatna og myndast 24,5 gígalítra miðlun sem einnig yrði inn-takslón virkjunar. Þaðan er virkjað í einu þrepi niður í Hvannadal með um 900 metra löngum aðrennslisskurði og 1400 metra niðurgrafinni pípu, að stöðvarhúsi sem staðsett yrði í Rauðamýrarfjalli. Frá því myndu svo liggja 600 metra löng frárennslis-göng með útrás í Hvannadalsá.

Stofnkostnaður á orkueiningu

er í skýrslunni sagður vera um 42 kr/kWh/a (verðlag janúar 2001). Fyrirkomulagi virkjunar er lýst ásamt kostnaðaryfirliti helstu verkþátta og fjallað er lauslega um staðhætti, jarðfræði og umhverfismál. Stofnkostnaður án virkisaukaskatts á verðlagi 2007 var áætlaður rúmir 3,4 milljarðar króna.

Forathugun gerð 2006

Í rammaáætlun um nýtingu vatnsorku og jarðvarma er að finna forathugun Orkustofnunar á Skúfnavatnavirkjun. Var þessi athugun framkvæmd af Almennu verkfræðistofunni hf. samkvæmt samningi sem gerður var á vordögum 2006.

Fyrstu hugmyndir um Skúfnavatnavirkjun frá 1948

Í skýrslu um málið kemur fram að hugmyndir um virkjun Þverár úr Skúfnavötnum séu ekki nýjar af nálinni. Þegar á 5. áratug síðustu aldar var hafist handa við að kortleggja umhverfi Skúfnavatna, langsnið mögulegrar pípulínu landmælt og vatnsmælingar settar í gang árið 1948. Loftur Þorsteinsson, þá verkfræðingur hjá Raforkumálástjóra, gerði drög að áætlun um Skúfnavatnavirkjun árið 1952. Síriti var svo settur upp árið 1966.

Árið 1974 kom hugmynd um 10 megawatta virkjun

Tveimur áratugum síðar var blásið nýju lífi í Skúfnavatnavirkjun þegar Rafmagnsveitur ríkisins fölu Almennu verkfræðistofunni að kanna aftur virkjunaraðstæður og var farin nokkurra daga ferð á virkjunarsvæðið og mælingar framkvæmdar á lónstæði, stíflustæðum og pípulínu. Skrifuð var stutt skýrsla haustið 1974 um niðurstöðu athugana. Þar kom fram að virkja mætti Þverá með 18 gígalítra (GL) miðlun í Skúfnavötnum, Austurmannagilsveitu og Hvannadalsárveitu í 10 megawatta (MW) orkuveri með 64 gígawattstunda

(GWh) orkuvinnslugetu á ári. Allar þessar tölur voru þó gerðar með fyrirvara um frekari gagnaöflun. Stofnkostnaður var metinn 810 milljónir króna á verðlagi 1974 en tekið fram að matið væri óábyggi-legt vegna ófullnægjandi upplýsinga um efnisnáður o.fl.

Í framhaldinu fölu Rafmagnsveitur ríkisins Almennu verkfræðistofunni að gera kostnaðar- og hagkvæmnisathugun og voru niðurstöður birtar í skýrslu í júlí 1976.

RARIK talar um 20 megawatta virkjun 1976

Í tilhöguninni er gert ráð fyrir 840 m löngum aðrennslisgöngum og 2275 m langri stálþrýstipípu niður hlíðina í Hvannadal þar sem stöðvarhús er fyrirhugað. Gert var ráð fyrir að veita Austurmannagili og Hvannadalsá yfir til Þverár og stærð miðlunar í Skúfnavötnum 50 GL. Virkjað rennsli var ráðgert 7,8 m³/s og uppsett afl 20 MW. Orkugeta Skúfnavatnavirkjunar var áætluð frá 75 GWh/ári til 95 GWh/ári eftir því hvort virkjunin væri tengd við landskerfið eður ei. Stofnkostnaður var áætlaður 4.360 milljónir króna miðað við verðlag í apríl 1976.

Orkustofnun endurreiknar dæmið í 16 megawött árið 1988

Árið 1988 endurskoðaði og endurreiknaði Orkustofnun virkjanahugmyndir á Vestfjörðum og byggði niðurstöður sínar á orkulíkani Orkustofnunar og verðlagi í desember 1987. Áætlunin tók fyrir Skúfnavatnavirkjun og gerði ráð fyrir 16 MW virkjun sem framleiddi um 85 GWh af orku á ári. Stofnkostnaður á orkueiningu var 16,6 kr/kWh/a. Fyrirkomulag virkjunar gerði ráð fyrir að Þverá væri stífluð rétt neðan við Skúfnavötn og veitu Hvannadalsár.

Greinilegt er af þessum athugunum að virkjun Skúfnavatna þykir vel mögulegur kostur til raforkuframleiðslu. Sumar af fyrri hugmyndum um allt að 20 megawatta virkjun þykja þó vart raunhæfar. /HKR.

Heilsugrís tekinn til starfa í Noregi

Nýtt ráðgjafa- og gagnavefsvæði fyrir svínabændur í Noregi, Helsegris, hóf starfsemi 1. janúar síðastliðinn.

Þessu nýja verkfæri er ekki einungis ætlað að standa vörð um skjöl og upplýsingar fyrir sláturhús og neytendur, heldur einnig fyrir svínabændur. Bera menn væntingar til þess að Helsegris bæti samstarf milli framleiðenda og dýralækna til skilvirkari og öruggari svínaframleiðslu í Noregi.

Frá og með 1. janúar verður eina leiðin til að fá samþykki búanna á sölu á smágrísum að fara í gegnum vefsvæði Helsegris.

Hjá ræktunarbúum mun Helsegris koma í stað Helseweb en fyrir önnur bú mun hið nýja forrit tekið í notkun á árinu 2016. Sameiginleg krafa frá öllum sláturhúsum fyrir veltu á smágrísum er hin svokallaða „heilsugrís-viðbót“. Dýralæknir verður árlega að staðfesta samþykki fyrir hvert bú um sölu á smágrísum að smitvarnir séu í lagi og að það sé laust við ákveðna sjúkdóma.

Ræktunarbúin þurfa að hafa þrjár fastar heimsóknir á ári af sínum dýralækni. Áhersla síðustu ár, bæði frá greininni sjálfri og frá neytendum um meiri gagnasöfnun og krafa um góða heilsu, hreinlæti og velferð í svínaframleiðslunni hefur þvingað fram þörf fyrir sameiginlegt verkfæri. Eftir því sem tíminn líður mun einnig vera hægt að nota Helsegris í samvinnu við tryggingarfélög, Matvælaeftirlitið og hjá opinberum stofnunum.

Útgáfa vefsvæðisins sem nú verður tekið í gagnid er hönnuð þannig að þegar fram líða stundir geta framleiðendur sótt meiri utan-aðkomandi upplýsingar eins og svör úr rannsóknum dýralækna á til dæmis blóðprufum eða upplýsingar frá fôðurframleiðendum um samsetningu fôðurs sem er í boði o.fl. Meiri upplýsingar um Helsegris má finna á www.animalia.no

/Bondevennen/ehg

Austfirðir á topplista The Guardian

Austurland er á lista breska stórblaðsins The Guardian yfir áhugaverðustu áfangastaðina árið 2016. Í umsögn blaðsins er mælt sérstaklega með gönguferðum um svæðið. Þetta kemur fram á vefmiðlinum austurfrett.

Fram kemur að blaðið bendi á að kjörið sé að fara í bílferðir niður á firði, til dæmis til Seyðisfjarðar sem sé góð miðstöð fyrir gönguferðir að sumri til. Aðrir skemmtilegir göngukostir upp til fjalla séu á Snæfell eða um Hafráhvammagljúfur.

Fyrir þá sem hafa áhuga á menningu er mælt með heimsókn í Gunnarshús á Skriðuklaustri og þar skammt frá sé stutt í hestaleigu og umhverfi sem skarti gæsum, hreindýrum og heimskautaref.

Beint flug kemur Austurlandi inn á listann

Það er flug ferðaskrifstofunnar Discover the World í Egilsstaði sem kemur Austurlandi á listann. Í umsögn blaðsins segir meðal annars að Ísland verðskuldi vinsældir sínar en ferðirnar séu nær allar í gegnum Reykjavík. Nýja flugið gefi gestum kost á að fljúga beint í fjarlægari og ósnortnari hluta landsins.

Áður hefur Austurland verið á topplistum Daily Telegraph og London Evening Standard auk þess sem ítarleg grein er um svæðið í nýjasta hefti ferðaritsins Wanderlust.

/MBB

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is



Eignatorg

Skipholt 50b, 105 Reykjavík

B&B Guesthouse

Á leiðinni til útlanda?

Innifalið í verði er gisting, morgunverður, keyrsla í flug, geymsla á bíl og skil á bíl við flugstöð við heimkomu

2 manna herbergi

9.900 kr

Hringbraut 92, í miðbæ Keflavíkur 867-4434 & 421-8989
www.bbguesthouse.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 11. febrúar



Stór eða lítil
- allt eftir þínum óskum

Umhverfisvæn hús
úr krosslímdu tré

Bjóðum einnig
glugga, hurðir og
untanhússklæðningar
sem hæfa þínu húsi

Af hverju krosslímt tré?

- Umhverfisvæn og sjálfbær framleiðsla
- Léttari en steypa
- Frábær einangrun
- Engar kuldabryr sem bjóða heim raka og myglu
- Mjög fljótlegt að reisa
- Einstakir burðareiginleikar
- Jarðskjálftaþol eins og best getur orðið
- Þynnri veggir - allt að 10% meira innra rými
- Notalegt og heilsusamlegt innra umhverfi

Byggðu til framtíðar með lausnum frá IDEX

www.idex.is

IDEX

Smíðjuvegi 3 - 200 Kópavogur - Sími 412 1700 - idx@idex.is

STEEKUR

Jóra í Jórukleif

Um allt land er að finna þjóð-sögur um huldufólk, drauga, forynjur og tröll. Í sögunum er stundum fjallað um tilurð þessara kynjavera.

Grímsnes- og Grafnings-hreppur í Árnessýslu er þar engin undantekning. Hreppurinn liggur meðfram vestanverðu Þingvallavatni og Sogi ofan að Ingólfsfjalli. Að vestan liggur Mosfellsheiði að Grafningi.

Nesjaey og Sandey í Þingvallavatni tilheyra hreppnum og er landslag í honum fjölbreytt; gróskumiklir skógar, grónar sveitir og fjölmörg vötn og lækir. Falleg sveit.

Í hreppnum er mikið um sumarbústaði, landið er gróð og skiptast á mýrar, mór, vellir og kjarr enda skýlt fyrir norðanátt.

Einu sinni var stúlka sem hét Jórunn og var dóttir bónda sem bjó einhvers staðar í Flóanum. Þegar Jóra var ung þótti hún gríðarlega skapmikil en efni-leg. Eitt sinn var haldið hestaat skammt frá bæ föður hennar og átti faðir Jórunnar annan hestinn sem hún hafði mikið við. Þegar hesturinn fór hálloka í viðureigninni var Jórunn svo æf og galin að hún óð að hinum hestinum sem vann atið og gerði sér lítið fyrir og reif undan honum annað lærið. Hljóp hún síðan sem leið lá upp að Ölfusá hjá Laxfossi og reif þar upp stórt bjarg og henti því út í miðja ána. Síðan hljóp hún yfir á stillum þessum og mælti um leið: „Mátulegt er meistarstíg; mál mun vera að gifta sig.“

Heitir þar síðan Tröllkonuhlaup, aðrir segja Jórulhaup. Þaðan hélt hún upp allan Ölfus austan við Ingólfsfjall þar til hún kom að gili sem gengur vestur úr Grafningi og áfram þar til hún nam staðar uppi í Hengli þar sem nú heitir Jórukleif og settist að í Jóruhelli.

Þegar Jóra hafði komið sér fyrir í hellinum hafði hún það fyrir sið að ganga á tind einn í Henglafjöllum og sitja þar og horfa yfir og gæta að ferðamönnum. Sæti hennar nefnist Jórúsöðull.

Sagan segir að hún hafi rænt ferðamönnum sem fóru Grafning vestan við Þingvallavatn og norðan við Dyraveg norðan undir Henglinum. Jóra var ekkert að hika við heldur drap ferðamennina og át efir að hún var búin með lærið af hestinum. Kvað svo rammt að þessu um tíma að hún eyddi allri byggð í kringum sig og vegir lögðust af.

Nú voru góð ráð dýr og enginn treysti sér til að ráða niðurlögum Jóru. Um svipað leyti var ungur maður í Noregi sem var á leið til Íslands og þurfti hann að fara um yfirráðasvæði Jóru eftir að hann kom til Íslands. Ungi maðurinn gekk því á fund konungs og bað hann ráða. Konungurinn sagði honum að koma að Jóru um sólarupprás á hvítasunnumorgni. „Muntu koma að henni sofandi og mun hún liggja á grúfu,“ konungur rétti unga manninum öxi að gjöf, „og skaltu höggva á milli herðablaðanna.“ Konungurinn sagði að Jóra mundi vakna við sársaukann, snúa sér að honum og segja: „Hendurnar fastar við skaftið.“ Ungi maðurinn átti þá að svara: „Fari þá öxin fram af.“ Átti þá Jóra að velta sér niður í vatn sem var þar skammt frá með axarblaðið á milli herðanna. Að sögn konungs áttu Íslendingar að velja sér þingstað þar sem axarblaðið ræki upp.

Rættist spá konungs og axarblaðið rak upp í Öxará þar sem alþingi var sett. /VH

UMHVERFISMÁL & LANDBÚNAÐUR

Ari Trausti Guðmundsson

Jarðfræðingur og rithöfundur



Ástand og eðli lands – val á búgreinum – 9. grein

Í Er hagkvæmni einfalt hugtak? Hvað felst í því? Sem flestar krónur í annan vasann fyrir sem fæstar úr hinum? Það kann að vera næst sanni fyrir einstakling sem hefur fjárráð og stýrir heimili. Þegar kemur að fyrirtækjum, sveitarfélögum, stofnunum og ríkissjóði víkkar sjónarhornið. Eða hefur ákvörðun um hagkvæmni í reikningshaldinu ekki samfélagsáhrif eða áhrif á umhverfið? Hagur heildarinnar hefur áhrif á hag einstaklinganna sem mynda hana og öfugt. Hafi ákvörðun um hagkvæman rekstur hagræn áhrif á umhverfið (t.d. veg/vegi eða þökkalega laxveiðiá eða loftið sem við öndum að okkur) lendir sá kostnaður (eða hagnaður) að lokum á fleiri en umræddan rekstraraðila. Af þessum sökum hafa sumir hagfræðingar tekið til við að víkka út hugtakið hagkvæmni, eða öllu heldur skilgreina tvenns eða þrenns konar hagkvæmni.

II Af hverju ætli ekki sé hagkvæmast fyrir Íslendinga að reka 100 fjárbú, 50 kúabú og tvö sláturhús og eina afurðastöð fyrir mjólkurvörur og aðra fyrir kjötvörur? Vissulega fáránleg spurning en hún setur samt umræðuefnið í sterkt ljós: Fjölmargir aðilar móta hverju sinni hve langt skal ganga í samþjöppun býla og fyrirtækja í landbúnaði. Hve vel ákvarðanir eru ígrundaðar, hve vítt er leitað álits hverju sinni og hvaða hugmyndir liggja að baki er frumskógur sem erfitt er að átta sig í. Að minnsta kosti fyrir flesta neytendur, jafnvel margan bóndann. Dreifing, sem andstaða við stöðuga samþjöppun, hefur margt í för með sér: Sennilega hærri tilkostnað innan greinarinnar en ella en um leið aukna fjölbreytni, styttri flutningsleiðir og minni samgöngur, meiri nánd neytenda við framleiðendurna (betri skilning þeirra á búskap?) og góða fagmennsku heilt yfir af því að menn hafa persónutengsl við sitt bú en framleiðslueiningin er ekki eins og hver önnur verksmiðja. Svo má meta til fjár, og kanna hagkvæmni þess, að hafa sem flest héruð í byggð, dreifa álaga á ýmsar auðlindir og nýta þær sem eru réttilega yrktar í sínu sjálfbæra umhverfi og jákvæða menningarlandslagi.

III Tómatar eru sannanlega holl, mikilvæg, og vinsæl vara. Allt sem hér þarf af ólíkum



Mjaltir. Snorri Páll Harðarson að mjólka kúr í Hvammi í Eyjafirði.

Mynd / HKr.

tegundum þeirra er hægt að flytja inn en það er ekki gert. Þess í stað hefur þróast hér öflug framleiðsla vegna séraðstæðna og má telja hana ýmist lífræna ræktun með öllu eða nálægt því. Framleiðslan er töluvert dreifð og gróðurstöðvarnar víðast hvar forvitnileg blanda af tækni og vinnu mannshandar. Sumar þeirra verða meira en gróðurstöðvar. Ýmiss konar lífvænleg starfsemi fer þar fram, t.d. í ferðaþjónustu. Rétt eins og með margan annan útlenskan jarðargróður er lafhægt að anna allri innanlandsþörfinni með fleiri jarðvarmafyrirtækjum.

Risastórt tómataræktarver hentar til útflutnings að ýmsum skilyrðum uppfylltum en væri í raun afturför, ef því væri ætlað að leysa sem flestar þeirra minni af hólmi. Ég tel þessa hugmyndafræði alla eiga við flestar búgreinar en veit um leið að sum bú eða fyrirtæki megj stækka. Að öllu samanlögðu er dreifing í landbúnaði oftar hagkvæmari en samþjöppun.

IV Svokölluð búsalðarmarkmið Sameinuðu þjóðanna hafa verið leyst af hólmi með nýjum markmiðum. Þau nefnast Heimsmarkmið um sjálfbæra þróun

og gilda til 2030, alls 17 markmið. Þeirra á meðal eru þessi:

- Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla
- Byggja upp sterka innviði, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu fyrir alla og hlúa að nýsköpun
- Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðslumynstur

Þarna kemur fyrir hugtakið sjálfbær hagvöxtur og augljóst að Sameinuðu þjóðirnar horfa til breiðs skilnings á því. Það á að gilda í öllum greinum matvælaframleiðslu á Íslandi. Annað er óskynsamlegt.

V Sem neytandi hef ég lengi undrast hvernig samþjöppun í mjólkuriðnaði hefur smám saman fjarlægst skynsamleg viðmið. Lengst af notaði ég ekki nein sérstök hugtök yfir þau en má ekki einmitt nota sjálfbæran hagvöxt eða arðbær atvinnutækifæri eða sjálfbæra iðnvæðingu? Eflaust mætti líka ræða hagkvæmnina í ljósi sjálfbærni og loftslagsmarkmiða.

Hvað sem öllu liður er ný breyta komin til sögu: Áhugi neytenda á fjölbreyttum mjólkurvörum, áhugi þeirra á minni umbúðanotkun, áhugi á uppruna vara og áhugi á vörum með sem minnstum íblöndunarefnum og sem lífrænustum uppruna. Hann vex en minnkar ekki og þar inn í spilar áhugi á heilbrigðum lífsstíl og andóf gegn vaxandi „velferðar-sjúkdómum“, t.d. offitu, sykursýki 2 og ofnæmi. Vissulega er ekkert af þessu orðið að megintilhneigingu en ég spái því að svo fari. Ekki má svo gleyma auknum áhuga á velferð dýra í landbúnaði. Greitt verð fyrir vöru við kaup verður æ oftar ekki einrátt við vali á henni, heldur miklu heildrænna viðmið. Ný fyrirtæki hafa haslað sér völl í samkeppni við risana tvo á mjólkumarkaðinum, meira að segja í ferli kærumála. Ekki þekki ég innviði stóru fyrirtækjanna, hagsmunatengsl við framleiðendur og aðra, eða grunnstefið í stefnunni. Ég hvet bændur og búalið, forsvarsmenn stóru fyrirtækjanna og þeirra minni engu að síður að endurskoða framvinduna. Það sama á við um flesta ef ekki alla aðra framleiðslugeira landbúnaðarvara.

Íslenski lambapelsinn NORA kominn í sölu

NORA, pels sem er alfarið hannaður og framleiddur hér á landi úr íslenskum gærum, er kominn í sölu á Epal og á heimasíðu NORA, www.nora.is.

NORA-pelsinn er framleiddur úr íslenskum gærum, sem eru sýtaðar í Loðskinni á Sauðárkróki. Ingibjörg



NORA.



Ingibjörg Finnbogadóttir, fatahönnuður og viðskiptafræðingur og Dögg Hjaltalín viðskiptafræðingur við rekka af lambapelsinum NORA.

Finnbogadóttir hannar pelsana og þeir eru saumaðir á verkstæði NORU í Byggðörðum á Seltjarnarnesi. Fyrsti hluti framleiðslunnar, sem er eingöngu hvítir pelsar, var framleiddur úr gærum frá Norðlenska sem styrkti framleiðsluna. Næsta

skref er svo að bæta við fleiri litum og sniðum.

Hugmyndin á bakvið NORA er að endurverkja velgengni íslenska lambapelsins, sem var vinsæl flik hér á landi fyrir nokkrum áratugum. Einnig er horft til þess að auka verð-

mæti íslenskra gæra með því að gera eftirsóknarverða flik úr þessu góða og hlýja hráefni.

Stofnendur NORA eru Ingibjörg Finnbogadóttir, fatahönnuður og viðskiptafræðingur og Dögg Hjaltalín viðskiptafræðingur.

PORRI ER GENGINN Í GARÐ

Gæðavörur á góðu verði fyrir þorrablót og aðrar vetrarveislur

Kertastjakar	Sprittkerti	Dúkar og servíettur	REKSTRARLAND
---------------------	--------------------	----------------------------	----------------------------

Rekstrarland er byggt á fyrrum rekstrarvöruheild Olís og er dótturfyrirtæki Ólíuverzlunar Íslands hf.

Mörkinni 4 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100

www.rekstrarland.is

IÐNAÐARHURÐIR

BÍLSKÚRSHURÐIR

- Íslensk framleiðsla, smíði og samsetning.
- Allar hurðir smíðaðar samkvæmt máli.
- Áratuga reynsla starfsmanna í hurðum.
- Hágæða hráefni.
- Þolir íslenskt veðurfar.
- Sér meðhöndlaðar brautir gegn ryði og álagi.
- Stuttur afgreiðslutími.

IS HURÐIR

IS Hurðir | Sími 564 0013 | www.ishurdir.is | ishurdir@ishurdir.is

Bændablaðið
Næsta blað kemur út **11. febrúar**

Smáauglýsingar
56-30-300

Fáðu LÍF í tún og akra

Nýr valkostur í tilbúnum fjólkorna áburði fyrir íslenskt ræktarland

Tegund	Þyngd (kg)	N	P	K	Ca	Mg	S	B	Se	Fyrirframgr. 15. mars	Greitt fyrir 15. maí	Greiðslu-dreifing
LÍF 27	500	27,0			4,3	2,4				57.645	59.525	62.658
LÍF 20-10-10	500	20,0	4,3	8,3	2,0	1,1	2,0			67.809	70.020	73.705
LÍF 20-10-10+Se	500	20,0	4,3	8,3	2,0	1,1	2,0		0,0015	70.182	72.471	76.285
LÍF 27-6-6	500	27,0	2,5	5,0			2,3			67.353	69.550	73.210
LÍF 21-6-9,5+Se	500	21,0	2,6	7,9	2,4	1,3	2,0		0,0015	66.222	68.381	71.980
LÍF 20,6-11-9+Se	500	20,6	4,8	7,5	1,7	1,0	3,0		0,0015	70.214	72.504	76.320
LÍF 24-5+Se	500	24,0	2,2		2,7	1,5	2,8		0,0015	66.139	68.296	71.890
LÍF 17-15-12	500	17,0	6,5	10,0	1,5	0,8	2,2	0,22		70.279	72.571	76.390
LÍF 11,7-6-30	500	11,7	2,6	25,0	0,6	0,4	2,9			70.112	72.399	76.209

Birt verð eru pr. tonn og án virðisaukaskatts og miðuð við gengi evru 13. janúar 2016. Lífland áskilur sér rétt til verðbreytinga ef að til kemur vegna gengisbrúnar.

Ofangreint verð gildir til og með 15. febrúar 2016.

Svona hljóða tilboðin:

A) Fyrirframgreiðsla með greiðslu fyrir 15. mars. 8% afsláttur.

B) Greiðsla fyrir 15. maí. 5% afsláttur. C) Greiðsludreifing.

1) Ein vaxtalaus greiðsla með gjalddaga 1. október

2) Sjö mánaðarlegar, vaxtalausar greiðslur 1. hvers mánaðar frá maí til og með nóv.

Flutningstilboð á áburði:

Söluráðgjafar okkar bjóða sérkjör á flutningi víða um land ef tekin eru 6 tonn (12 stórsekkir) eða meira af áburði.

Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í s. 540-1138 eða í netfangið aburdur@lifland.is.

Sala og ráðgjöf

Sími 540 1100

Lynghálsi, Reykjavík

Óseyri, Akureyri

Efstubraut, Blönduósi

Borgarbraut, Borgarnesi

www.lifland.is

lifland@lifland.is



Alls voru 1.360 hross flutt frá Íslandi á árinu 2015. Reynast þau nokkuð fleiri en þau hross er fóru utan árlega á síðustu fimm árum. Hlutfall hrossa með fyrstu verðlaun í kynbótadómi hefur einnig hækkað.

Hrossin 1.360 fóru víða um heim og voru send til 18 landa, samkvæmt WorldFeng, upprunaættbók Íslenska hestsins. Líkt og fyrri ár fóru langflest hrossin til Þýskalands, 529 talsins, 219 hross fóru til Svíþjóðar og 165 til Danmerkur.

Þá fóru 94 hross til Sviss, sem virðist vera stækkandi markaður, og 75 til Austurríkis sem er minni fjöldi en undanfarin ár. Noregsmarkaður hefur dregist jafnt og þétt saman en 59 hross fóru þangað árið 2015 sem er töluvert lægra en á árunum 2005–2010 þegar yfir 100 hross fóru þangað á ári. Hins vegar virð-

10 stærstu kaupendur íslenskra hrossa erlendis

	2015	2005–2015
Þýskaland	529	4562
Svíþjóð	219	2956
Danmörk	165	2675
Sviss	94	935
Austurríki	75	735
Noregur	59	982
Finnland	50	832
Holland	44	355
USA	39	493
Frakkland	22	143

	Fjöldi útfluttra hrossa	Hlutfall hrossa með 1. verðlaun
2005	1501	4,2%
2006	1360	4,0%
2007	1496	3,7%
2008	1776	3,8%
2009	1587	4,4%
2010	1158	4,4%
2011	1136	5,5%
2012	1333	6,3%
2013	1236	6,4%
2014	1269	6,5%
2015	1360	8,2%

Sex hlutu styrk úr Stofnverndarsjóði

Fagrð í hrossarækt afgreiddi fyrir jól umsóknir í Stofnverndarsjóð árið 2015. Átta umsóknir bárust í sjóðinn en til úthlutunar voru 13.300.000 krónur. Sex verkefni hlutu styrk. Hæstan styrk hlaut þýðing á prentun á Knapamerkjabókum, 6.800.000 krónur. Þróun á kynbótamati íslenska hestsins hlaut 2.000.000 kr., Snjalltæknivæðing WorldFengs.com fékk einnig 2.000.000 kr. Erfðarannsóknir á drómasýki í íslenska hestinun fékk 1.500.000 kr. og rannsóknir á áhrifum holdarstigs íslenskra hesta á efnaskipti, þrek, jafnvægi í hreyfingum og endurheimt hlaut 1.500.000 kr. Þá var könnun á mati á eiginleikanum vilji og geðslag í kynbótadómi í íslenskri hrossarækt styrkt um 150.000 kr.

Tilgangur Stofnverndarsjóðs íslenska hestsins er að veita styrki til þróunar- og rannsóknavefna í hrossarækt. Verkefni skulu stuðla að viðhaldi verðmætra eiginleika í íslenska hrossastofninum, verndun erfðafjölbreytileika stofnsins og/eða auka þekkingu á stofninum og útbreiðslu hans, samkvæmt reglugerð.



Blær frá Miðsitju hlaut sinn hæsta dóm í sumar, 8,64, en fór síðan til Danmerkur þar sem stefnt er með hann á keppni.

Mynd / Jón Björnsson

Hlutfall útfluttra 1. verðlauna hrossa í sögulegu hámarki:

Fleiri hross fara út



Glóðafeykir frá Halakoti er hæst dæmda hross ársins. Hann fór sem fulltrúi Íslands á Heimsmeistaramótið í Danmörku en ný heimkynni hans eru í Frakklandi. Hér fagna Glóðafeykir og Einar Öder Magnússon Landsmótssigri í B-flokki gæðinga árið 2012.

ast markaðir fyrir íslensk hross vera að glæðast í Finnlandi eftir nokkra lægð, 50 hross fóru þangað árið 2015 sem er mesti fjöldi sem sést hefur síðan 2009.

Af minni mörkuðum sem glæddust á árinu má nefna að tíu hross fóru til Grænlands, tíu til Bretlands, 22 til Frakklands og 16 til Belgíu. Alls yfirgáfu 233 stóðhestar landið, 661 hryssa og 466 geldingar.

Gæðahross í nýjum heimkynnum

Af þeim hrossum sem yfirgáfu Ísland höfðu 111 hross hlotið fyrstu verðlauna kynbótadóm. Þetta reynist vera 8,2% af útfluttum hrossum ársins og er hækkinin töluverð miðað við fyrri ár. Frá árunum 2005 til 2010 var hlutfallið undir 5%. Á árunum eftir það fór hlutfallið að hækka jafnt og þétt frá 5,5% árið 2011 í 6,5% árið 2014.

20 hæst dæmdu útflutningshross ársins 2015

Nafn	Uppruni	Aðaleinkunn	Útflutningsland
Glóðafeykir	Halakoti	8.75	FR
Blær	Miðsitju	8.64	DK
Andvari	Auðsholtshjáleigu	8.61	DE
Þróstur	Hvammi	8.59	US
Garún	Árbæ	8.58	NO
Vilmundur	Feti	8.56	DE
Kappi	Kommu	8.51	DK
Bylur	Breiðholt, Gbr.	8.50	NO
Klettur	Hvammi	8.49	DE
Glitnir	Eikarbrekku	8.48	SE
Tinni	Kjarri	8.45	DE
Ás	Ármóti	8.45	NL
Þráður	Þúfu í Landeyjum	8.44	NO
Borgar	Strandarhjáleigu	8.44	DE
Lektor	Ytra-Dalsgerði	8.42	AT
Ríkey	Flekkudal	8.40	DK
Kapall	Kommu	8.40	DK
Stjörustæll	Dalvík	8.40	NO
Geisli	Svanavatni	8.40	DK
Roði	Garði	8.39	SE



Sleipnisbikarhafinn frá Landsmóti 2014, Vilmundur frá Feti, fór til Þýskalands í desember. Afkvæmi Vilmundar eru nú 339 talsins og hafa 40 þeirra hlotið fyrstu verðlaun í kynbótadómi.

Hæst dæmda útflutta hross ársins er Glóðafeykir frá Halakoti sem hlaut 8,75 í aðaleinkunn. Hann fór til Frakklands. Af öðrum hátt dæmdum stóðhestum má nefna Blæ frá Miðsitju (ae. 8,64) sem fór til Danmerkur, Andvara frá Auðsholtshjáleigu (ae. 8,61) sem fór til Þýskalands, Þróstur frá Hvammi (ae. 8,59) sem fór til Bandaríkjanna og Sleipnisbikarhafinn frá Landsmóti 2014, Vilmundur frá Feti (ae. 8,56), en hann fór til Þýskalands.

Hæst dæmda útflutta hryssa ársins er Garún frá Árbæ en hún hlaut 8,62 í aðaleinkunn þegar hún sigraði flokk 6 vetra hryssa á Heimsleikum íslenska hestsins í Danmörku. Ný heimkynni hennar eru í Noregi.

BÁRUJÁRN
ALUSINK OG LITAÐ ALUSINK
PLÖTUR KLÆÐA 107 CM

KOPAR OG SINK
KLÆÐNINGAR

NÝJUNG
VATNSRÁS

VEGGKLÆÐNINGAR
OG FLASNINGAR

STJÖRNUBLIKK
VANTKASSAR • ALMENN BLAKKUR • KAÐASTEL • BARKJARN
LOFTREISTINGUR • SÖL • ELEMNT • VEIÐISTÖR • KLÆÐNINGAR

Snögg og góð þjónusta!

Smíðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201 • stjornublikk@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is

SCANVER
DUGGLUVOGI 10 - 104 REYKJAVÍK
SÍMI 588 8040
GIRAR • FÆRIBÖND • RAFMÓTORAR • LEGUR

EVROPSKIR
GÆÐAMÓTORAR
Á GÓÐU VERÐI
www.scanver.is

TRYGG
Nøstet Kjetting as

SNJÓKEÐJUR

Vertu viðbúinn vetrinum
Mest seldu snjókeðjur á Íslandi
LÉTTAR – STERKAR – TRAUSTAR

Ísnet Húsavík s. 5 200 555
Ísnet Akureyri s. 5 200 550
Kristbjörg Ólafsfjörður s. 5 200 565
Ísnet Sauðárkrúkur s. 5 200 560

Hafðu samband og
kynntu þér vöruúrvalið
og þjónustuna

ÍSFELL
www.isfell.is

Ísfell ehf • Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5 200 500 • isfell@isfell.is

Bændablaðið
á bbl.is og líka á [Facebook](https://www.facebook.com/bbl.is)
Smáauglýsingar 56-30-300

ÚTSALA
REYKJAVÍK - AKUREYRI
20-70% AFSLÁTTUR

YANKEE CANDLE

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Hofsbót 4 - Akureyri | Sími 462 3504

MANNBRODDAR

Frí heimsending



Alp mannbroddar
Framúrskarandi grip
broddar úr hertu stáli
Teygjanlegt gúmmi
passa á alla skó
Verð frá
kr. 7.950



Vesturrost
Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - Sími: 551 6770 - www.vesturrost.is

BÍLSKÚRA- OG
IÐNAÐARHURÐIR
Smíðum sérlega vandaðar
bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum

Þær eru léttar og auðveldar í notkun.
Elnangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum,
með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf
Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is

Fréttaskýring

Ótti við verri efnahagskreppu en skall á 2008:

Viðvörðunarljósin blikka um allan heim

— spáð er gríðarlegu falli á mörkuðum og hinn konunglegi Skotlandsbanki hefur hvatt fjárfesta til að losa sig við verðbréf

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Viðvörðunarljós blikka nú um allan heim vegna stöðunnar á fjármálamörkuðum og fólki er ráðlagt að losa sig við öll sín verðbréf sé þess einhver kostur. Olíuverð hefur ekki verið lægra í áraraðir og hægagangur víða í hagkerfum heimsins.

Þá fer hagvöxtur og framleiðni ört dvinandi í Kína, öðru stærsta hagkerfi heims, og víðar er hagvöxtur undir væntingum. Enn á ný eru að koma fram staðfestingar á því að fjármálakerfi heimsins gengur hreinlega ekki upp. Það er greinilega ekki að virka, nema fyrir þá sem eru á toppi píramíðans.

Kallað er eftir því að ríkisstjórnir heimsins bregðist við. Christine Lagarde, framkvæmdastjóri Alþjóða gjaldeyrissjóðsins, segir að fjármálakerfi heimsins verði áfram brothætt.

Styttra á milli kollsteypa

Stöðugt verður styttra á milli efnahagsáfalla sem skapast af óstjórnlegum tilfærslum auðs í formi vaxta án rauninnistæðu til tiltölulega fámenns hóps ofurríkra. Þessir vextir, sem eru í raun ekkert nema loft, eru skuldfærðir á almenning og krafa gerð um að sá sami almenningur greiði hinum ofurríku brúsum með raunverðmætum í formi vinnuframlags eða með framleiðdum vörum. Til viðbótar vaxtakröfu hafa menn búið til alls konar fjármálavafninga sem ekkert er á bak við nema blekkingar.

Íslenskir bankar með frí spil




Sem dæmi um furðulegheitin þá er íslenskum bönkum enn leyft að búa til rafræna peninga til útlána að eigin geðþótta án þess að þeir peningar séu til í raunveruleikanum. Í stað þess að Seðlabankinn hafi umsjón með öllum peningum sem settir eru í umferð og útteili þeim, þá er bönkum nánast gefið frítt spil við útgáfu rafrænnar ímyndaðrar myntar. Þeir þurfa því ekki að kaupa eða fá peninga að láni hjá Seðlabankanum og skila af því eðlilegu afgjaldi. Heldur hirða þeir allan afraksturinn af ávöxtun þessara platpeninga sem í upphafi eru ekki ávísun á nokkur einustu raunverðmæti eins og alvöru peningum er ætlað að vera. Til að kóróna þetta er bönkum svo heimilt að taka ofurvexti af öllum slíkum lánunum og verðtryggja svo allt saman 100% á kostnað lántakenda.

Allt eins mætti segja að með útgáfu rafrænna peninga séu bankarnir að taka framtíðareign viðskiptavina sinna að láni hjá viðskiptavinum sjálfum og innheimta síðan af þeim væntanlegu eignum vexti.

Svo undrast pólitíkusar fáránlegar hagnaðartölur íslensku bankanna og að slík rafpeningaútgáfa geti valdið skekkju, óvissu og óstjórn í hagkerfinu. Samt hefur löggjafarvaldið á Alþingi í hendi sér að breyta þessu.

Hinir ríku verða enn ríkari

Með því fjármálakerfi sem nú er við lýði er búið að flytja eignir 99% jarðarbúa (6.930.000.000) til hins ofurríkra eins prósent, sem telur þá væntanlega um 70 milljónir manna. Samkvæmt skýrslu Oxfam eiga 62 einstaklingar nú meiri eignir en helmingur jarðarbúa. Það sem meira er, að á árunum 2010 til 2015 jukust eignir hinna 62 ríkustu einstakling-



anna um 500 milljarða dollara, en eignir hinna 50% fátækustu jarðarbúanna rýrnuðu á sama tíma um 41%.

Samkvæmt gögnum Credit Suisse hefur þessi eignaupptaka eins prósentans verið að aukast hröðum skrefum frá því fyrsta skýrslan kom út um það á árinu 2000. Kallar Oxfam eftir aðgerðum ríkisstjórna til að snúa þessari þróun við.

Sumir í hópi hinna ofurríku eru farnir að gera sér grein fyrir afleiðingunum. Bill Gates hefur t.d. verið að auka úr sínum sjóðum til velferðarmála, enda óttast hann að illa geti farið. Spurningin er bara hvenær kemur að þeim þörmörkum að almenningur verði búinn að fá nóg. Óbeinir samfélagsþættir geta hæglega flýtt þeim tímamörkum, eins og t.d. flóttamannastraumurinn

í Evrópu. Þegar þessum þörmörkum verður náð er hætt við almennri uppreisn gegn kerfinu og þeim ofurríku.

Stutt í ruglið

Á meðan allt er í uppnámi í fjármálaheiminum, ekki síst í Asíu, berast fréttir af því að íslensk stjórnvöld séu að leggja drög að áhættufjármögnun í hlut upp á 2,3 milljarða íslenskra króna í nýjum Innviðafjárfestingabanka Asíu (IMFB). Sennilega væri margfalt gæfulegra fyrir þjóðina að klára nauðsynlegt afnám verðtryggingar á húsnæðislánum, endurskoða regluverkið um stjórnþætti Seðlabankans, þ.m.t. stýrivexti, og setja um leið pak á vaxtatöku bankanna.

Fjármálastjórn íslenska ríkisins virðist samt vera á mjög góðu

róli og betur hefur tekist að stýra Íslandi út úr afleiðingum síðustu fjármálakreppu en flestum öðrum ríkjum. Lánast hefur að stýra mörgum stórmálum farsællega í höfn. Þar má nefna Icesave-málið. Það hefði valdið okkur efnahagsferfiðleikum með gríðarlegri vaxtabyrði fram á næsta áratug, ef þjóðin hefði ekki gripið í taumana með aðstoð forseta Íslands. Nú er verið að ganga frá uppgjörum við kröfuhafa föllnu bankanna og næst á dagskrá er að losa um gjaldeyrishöft sem flestir telja af hinu góða. Menn hljóta samt að spyrja sig hvort ekki sé rétt að fara varlega í ljósi reynslunnar.

Losun gjaldeyrishafta mun m.a. opna fyrir möguleika íslensku lífeyrissjóðanna til að fjárfesta erlendis. Sömu lífeyrissjóðir brenndu sig illa í glæfralegum fjárfestingum í

aðdraganda efnahagshrunsins 2008 og hurfu hundruð milljarða út um gluggann. Slíkt getur hæglega gerst aftur ef ekki er rétt haldið á spöðunum. Áhætta almennra launamanna af slíku „gamblu“ er gríðarleg. Samt hefur þessi sami almenningur, sem á í raun sjóðina, ekkert um fjárfestingastefnuna að segja, eða hverjir stýra þessum sjóðum.

Bjartsýni yfir undir drifkraft en varúð er alltaf nauðsynleg

Þó alltaf sé gott að vera bjartsýnn, þá hefur það hingað til verið talið til hygginda að hafa vaðið fyrir neðan sig. Mikil uppbygging hefur verið að eiga sér stað í sveitum landsins á liðnum misserum eftir lægð liðinna ára. Það á ekki síst við í byggingum á nýjum fjósum og uppbyggingu vegna ferðaþjónustu. Í byggingu er nú fjöldi hótela, margvíslegra gisti- og veitingastaða um allt land. Þótt full þörf virðist vera á þessu samhliða ótrúlegri fjölgun ferðamanna, þá er sennilega enn frekar þörf á að hafa allan vara á í ljósi reynslunnar.

Góðærið felur í sér mikla hættu

Íslendingar hafa aldrei áður upplifað viðlíka fjölgun erlendra ferðamanna. Þjónusta við á aðra milljón ferðamanna á ári er ný upplifun sem menn reyna nú að læra að takast á við. Margar brotalamir hafa komið í ljós og kallað er eftir auknu fjármagni inn í þessa grein úr öllum áttum. Unnið er að úrlausnum og allt virðist stefna í rétta átt. Þegar flest virðist í lukkunar velstandi hefur þörfin á að fara varlega trúlega aldrei verið meiri.

Bændur, stjórnvöld og fjármálastofnanir verða að hlusta eftir því hvað er að gerast í efnahagskerfi heimsins. Ef bakslag kemur í efnahagskerfið eru ferðalög það fyrsta sem fólk dregur úr. Þótt eitthvað sé um eigið fé í öllum þessum framkvæmdum, þá er staðan ekki svo hjá öllum sem byggja þá fyrir lánsfé. Ferðamannaþjóðin Spánverjar urðu illa fyrir barðinu á slíku þegar kreppan skall á 2008 og hafa enn ekki náð sér eftir sjö ára baráttu.

Betra að leita skjóls en að vera étinn

Ísland er nú komið í mikinn uppbyggingargír. Mikill samhljómur virðist vera samt með stöðunni á mörgum sviðum og var í aðdraganda hrunsins 2008 bæði hér heima og erlendis. Viðvörðunarljósin eru nefnilega farin að blikka víða um heim og bankar jafnvel farnir að gefa út viðvaranir til viðskiptavina.

„Gjöreyðingarár“ í uppsiglingu – seljið allt!

„Seljið allt nema mjög áreiðanleg verðbréf,“ sagði Andrew Roberts hjá Royal Bank of Scotland (RBS) í skilaboðum til viðskiptavina sinna fyrir skömmu. Sagði hann að 2016 muni verða „gjöreyðingarár“. Þess má geta að RBS hafði einnig uppi viðvörðunarorð skömmu fyrir hrúnið 2008. Fyrstu varnaðarorð bankans nú bárust í nóvember, en þróunin hefur síðan orðið mun verri en óttast var.

Sagði Roberts að komin væru upp rauð flögg hjá bankanum vegna verðfalls á olíu, óstöðugleika í Kína, minnkandi heimsviðskipta, veikra fyrirtækjalána og hjóðnunar verðbólgu. Þetta hafi allt komið fram í viðskiptum á fyrstu viku ársins.

„Við teljum að fjárfestar megi vera hræddir.“

Í fyrri viku varaði matsfyrirtækið Morgan Stanley við því að olíuverð kunni að fara niður í 20 dollara á

tunnu eða neðar. Þegar verið yrði komið niður fyrir 30 dollara væri 16 dollara markið ekki langt undan. Olían fór svo niður fyrir 30 dollara markið mánudaginn 18. janúar.

Áóxtunarkrafan út úr myndinni

Roberts sagði að þessi kokteill sem nú væri í gangi væri skelfilegur. Fjárfestar ættu ekki lengur að hugsa um að ná ávöxtun á fé sitt, heldur sé spurningin miklu frekar hvort þeir fái fé sitt yfir höfuð til baka. Hinn konunglegi Skotlandsbanki ber saman stöðuna fyrir hrúnið 2008 og að staðan nú sé svipuð og þegar Lehman Brothers-bankinn féll og síðasta efnahagskreppa hófst. Bankinn segir að verðbréf á Vesturlöndum muni falla á þessu ári um 20%, olíuverð falla niður í 16 dollara á tunnu og að björgunaraðgerðir í Kína muni ekki bera árangur.

Á vefsíðu MarketWatch á mánudag í síðustu viku var greint frá því að olíuverð héldi áfram að lækka og var bandarísk olía komin niður í 29 dollara á tunnu og norðursjávarolían á Brent markaði fór í 28 dollara um tíma. Allar verðbæfavisítölur heimsins sýndu þá lækkanir á vefnum, en sýnu mest í Bandaríkjunum og Asíu. Þá lækkaði evran í verðgildi á meðan aðrir gjaldmiðlar stöðu nánast í stað eða sýndu örlitla hækkun.

Hættumerki í Kína og verslunum lokað í Bandaríkjunum

Vefrit wsws.org (World Socialist Web Site), segir að verðlækkanir á olíumörkuðum og hökt í efnahagsvél Kína veki nú mikinn ótta um að nýtt efnahagsrun sé í uppsiglingu. Hagvöxtur í Kína sé nú líklega sá minnsti í 25 ár. Þá hafi bandaríska verslunarkæðjan Walmart tilkynnt föstudaginn 15. janúar að lokað yrði 154 af 296 verslunum fyrirtækisins og 16 þúsund manns yrði sagt upp. Kemur sú tilkynning í kjölfar yfirlýsinga Macy's og Sears-Kmart um lokanir fjölda verslana. Þá hefur BP olíufyrirtækið verið að draga saman seglin eins og fleiri olíufyrirtæki, enda hefur olíuverðið fallið um 20% það sem af er ári til viðbótar gríðarlegum lækkunum á síðasta ári. Þar olíutunnan komin niður í 30 dollara sem er versta staða á alþjóðlegum olíumarkaði síðan 2008.

Fram kemur að Standard & Poors 500 vísitalan (S&P 500) hafið þá þegar fallið um ríflega 8% það sem af er ári og Nasdaq um meira en 10%. Á fyrstu tveim vikum ársins hefur kínverska verðbréfavísitalan fallið um 20% og verðbréfamarkaður heimsins hefur tapað 5,7 billjónum dollara (5.700.000.000.000).

Svipaðar fregnir voru í breska blaðinu The Guardian. Á vefsíðu Invetopedia kom fram að sex atriði bentu nú til efnahagslæggðar á heimsvísu á þessu ári. Tölur úr efnahagskerfinu sýndu nú svipuð einkenni og fyrir hrúnið 2008.

Spáir 75% verðfalli hlutabréfa í Bandaríkjunum

Flestir fjölmiðlar heims hafa að undanförunu fjallað um yfirvofandi efnahagskreppu. Í vefútgáfu Fortune þann 13. janúar síðastliðinn er grein eftir Chris Matthews um stöðuna. Hann segir að það þurfi ekki að leggja hart við hlustir til að átta sig á óróleikanum á fjármálamörkuðum

um í Wall Street, London eða París þessa dagana. Verðfall á olíu gefi þar líka sterkar vísbendingar.

Visar hann m.a. í Albert Edwards, stefnumörkunarstjóra hjá franska bankanum Société Générale. Hann segir að veröldin stefni hraðbyri inn í efnahagsrun og verðbréfamarkaðurinn fylgi þar með. Spáir Edwards því að verðbréfamarkaðurinn í Bandaríkjunum muni falla um allt að 75%. Það er verri niðurstaða en í efnahagsruninu 2008 þegar mesta hrúnið var 62%.

„Blekkingin um velmegun mun splundrast um leið og efnahagsbólán springur,“ segir Edwards.

Getur markað upphafið að endalokum að myntbandalagi evrunnar

Viðar er vísað til orða Edwards, m.a. þeirra sem hann sagði á fjárfestingaráðstefnu í London fyrir skömmu. Þar sagði hann m.a.:

Efnahagslíf heimsins er að stefna inn í kreppu og hrun eins og 2008–2009 sem getur orðið mjög ljótt og markað upphafið að endalokum evrusvæðisins.

Þróunin í efnahagslífi heimsins mun leiða Bandaríkin inn í niðurskríð. Efnahagskreppan mun lifna við á ný. Hún mun verða á allan hátt eins slæm og 2008 til 2009 og verður sannarlega mjög ljót.

Ef efnahagslíf heimsins fer inn í niðurkeyrslu, þá munu tjöldin falla á evrusvæðinu.

Sami Edwards hefur reyndar áður komið með svartsýnar efnahagsspar sem ekki hafa enn ræst. Árið 2010 spáði hann hrúni S&P 500 vísitölunnar, sem síðan hefur hækkað um



meira en 80%, þó að vísu hafi komið nokkurt bakslag að undanförunu. Óvarlegt er þó að afskrifa varnaðarorð Edwards, sérstaklega ef haft er í huga að örfáir menn höfðu uppi svipaðar viðvaranir tveim til þrem árum fyrir kollsteypuna 2008, án þess að á þá væri hlustað. Þess í stað brást markaðurinn og bankarnir við með blekkingaleik og ótrúlegri framleiðslu á fjármálavafningum sem seldir voru á morðfjár. Þeir voru einnig metnir sem hágæðavara af matsfyrirtækjum alveg fram í andlátíð, þótt þeir væru í raun verðlausir.

Það hrikir í kínverska efnahagsundrinu

Myndin sem Albert Edwards dregur upp er vissulega máluð í mjög dökkum litum, en er hún svo fráleit?

Margir hafa bent á að sá ofurvöxtur sem verið hefur í efnahagslífinu í Kína með gríðarlegum hagvexti fengi ekki staðist til lengdar. Verðmæti kínverska gjaldmiðilsins Yuan er að mati Edwards verulega ofmetið, þrátt fyrir miklar gengisfellingar að undanförunu. Gengisfellingarnar hafa gert það að verkum að ríkir Kínverjar hafa verið að leggja á flóttu með sitt fjármagn úr landinu, sem gerir ekkert en að auka á vanda kínverska efnahagskerfisins. Það sem meira er, hökt í efnahagsmaskínu heimsins hefur gert það að verkum að eftirspurn eftir vörum sem framleiddar eru í Kína hefur verið langt undir væntingum. Þessu hafa kínverskir framleiðendur svarað með því að lækka verð sem Edwards segir að leiði til verðhjöðunar á heimsvísu. Vestrænir keppinautar geti ekki staðist slíkt og gefist hreinlega upp.

Þótt innflutningur á vörum til Bandaríkjanna sé hlutfallslega aðeins brot af bandaríska efnahagskerfinu, þá muni erfiðleikar þarrendra framleiðenda hafa keðjuverandi áhrif út í þjónustuiðnaðinn. Það muni síðan óhjákvæmilega leiða til frekari samdráttar með tilheyrandi róttækum aðgerðum seðlabanka til að berjast gegn verðlækkunum og neikvæðum hagvexti. Þar sé hins vegar við þann vanda að glíma að vextir séu þegar svo lágir að ekki verður lægra farið og vegna gríðarlegrar skuldabréfaútgáfu til að leiðrétta síðustu kreppu, sé hreinlega ekki innistæða í ríkissjóði fyrir frekari aðgerðum. Niðurstaðan verður að mati Edwards sú að S&P 500

verðbréfavísitalan muni hrapa um 75%, eða úr 2.100 stigum, sem hún náði í fyrrasumar, niður í 550 stig.

Fyrir hvern tala greiningardeildirnar?

Greinarhöfundurinn í Fortune, Chris Matthews, veltir því fyrir sér að hugsanlega geti Edwards haft rétt fyrir sér. Ef svo er þá hljóti greiningardeildir sem fjárfestar treysti á að vera að bregðast hastarlega. Þá séu þeir fyrst og fremst að ganga erinda bankanna. Visar Matthews í stjórnuhagfræðinginn Carl Weinberg sem sagði í pósti til viðskiptavina sinna nýverið að 40% verðlækkun á olíu á einu ári þyrfti alls ekki að hafa í för með sér svo slæm tíðindi.

Christopher Balding hjá fjármálavef Bloomberg heldur líka enn í vonina og segir að Kína sé ekki á leið inn í fjármálakreppu. Vandinn sé ofmetinn. Hann viðurkennir þó að of mikil skuldsetning einkageirans gefi almennt vísbendingar um að viðkomandi fjármálakerfi kunni að vera stefnt í voða. Skuldastaðan í Japan sé hins vegar mun verri, en samt óttist menn ekki hrun þar í landi.

„Það þarf engan stærðfræðisérfræðing til að finna út hvað er að gerast“

Salvatore Babonese, sérfræðingur í efnahagskerfum heimsins, skrifar grein á fréttavef Al Jazeera og er algjörlega á öndverðri skoðun við sérfræðinginn hjá Bloomberg. Hann segir að þegar sé búið að skrúfa væntingar um 7,5% efnahagsvöxt í Kína niður í 6,5%. Efnahagskerfi Kína sé komið upp að hlið þeirra stærstu á Vesturlöndum. Þegar slíkt hafi gerst með Japan, Taívan og Suður-Kóreu hafi hægst á drifkraftinum í þeim löndum. Þetta sé nú að gerast í Kína auk þess sem kínverska þjóðin sé að eldast sem dragi úr hagvaxtaraukningunni.

„Það þarf engan sérfræðing í stærðfræði til að finna út að ef skuldbindingar þjóðarinnar vaxa í tveggja stafa tölu á sama tíma og efnahagsvöxturinn er í eins stafs tölu, þá hlýtur eitthvað að láta undan,“ segir Salvatore Babonese.

Zero Hedge segir skuldasöfnun í Kína ávísun á erfiðleika

Auknar lántökur og hröð skuldsetning í einkageiranum er oft notuð sem vísbending um að hörð lending sé fram undan. Fjallað var um slíkt á vefsíðu Zero Hedge í byrjun árs.

Þar er vísað til gagna bankans International Settlements (BIS). Út frá þeim er áætlað að þegar vöxtur einkageirans í skuldsetningum í einhverju ríki fer yfir 40% af vergri landsframleiðslu (gross domestic production –GDP) á fjögurra ára tímabili, þá séu yfir 90% líkur á að það leiði til efnahagserfiðleika.

Bent er á að vöxtur skuldsetninga einkageirans í Kína sem hlutfalli af GDP hafi verið 75% á milli árána 2009 til 2014. Aðeins Hong Kong, sem nú er hluti af Kína, var með hærri hlutfall, en líklegt er að hluti þeirrar skuldaaukninga hafi einnig verið vegna fyrirtækja innan Kína. Þá hafi aukningin á fjögurra ára tímabili frá 2009 til 2012 numið um 49%, eða yfir hættumörkuðum.

Vísað er til þess að Kína hafi verið að upplífa alla þætti óstöðugleika í efnahagslífinu frá því markaðurinn þar opnaðist á áttunda áratug síðustu aldar. Þar líkt og á Íslandi fór bankakerfið gjörsamlega fram úr sér og jókst umfang þess mjög hratt. Þurfti kínverska ríkið að afskrifa sem svaraði um 20% af vergum þjóðartekjum vegna verðlausra skuldabréfa sem gefin voru út í bankakerfinu á milli árána 1995 til 2005. Þennan vanda var ekki hægt að takast á við nema með gengisfellingu (sem er ekkert annað en tilfærsla verðmæta frá almenningi) og auknum útflutningi. Þar hafa Kínverjar heldur betur náð árangri, en takmörk eru samt fyrir öllu. Meta sérfræðingar Zero Hedge það svo að áhættan á hrúni lánamarkaðarins í Kína sé nú veruleg. Þeir telja að sú góða mynd sem sýnd hafi verið af stöðunni í Kína á liðnum árum og þá staðreynd að kerfið hafi enn ekki fallið þrátt fyrir mikla skuldsetningu, sé byggð á ákveðnum blekkingum. Fjárfestar hafi til þessa treyst á að kínversk stjórnvöld styðji við kerfið af festu, tryggi hagvöxt og muni passa upp á að t.d. fasteignamarkaðurinn haldi. Nú séu loks að vakna efasemdir um að stjórnvöld í Kína ráði við dæmið. Vextinum hafi einfaldlega verið haldið uppi með aukinni skuldasöfnun. Vandamálin muni að öllum líkindum fara að hafa áhrif á yfirborðið á árinu 2016.

„Við spáum að HSCEI vísitalan muni falla um 7% til ársloka 2016,“ segja greinarhöfundar Zero Hedge.

Vert er að vekja athygli á því að það er ekki síst inn á þennan yfirspennna markað sem nýr Innviðafjárfestingabanki Asíu (IMFB) mun stefna og þá hugsanlega með áhættuhlutafé íslenska ríkisins innanborðs. Vonandi fer þetta þó betur en margir sérfræðingar eru að spá.

radarcan®

Hátíðnifælur í hæsta gæðaflokki.
Gegn flugum, músum, rottum, köttum og hundum.

Sölustaðir:

Bústólpi

FÓÐURBLANDAN

BÚREKSTRARDEILD

KVH

Verslunin Eyri

STREYMI

heildverslun

Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4 | Akureyri
streymi.is | 588 2544

Framtíð kjötiðnar á Íslandi rædd á opnum félagsfundi Meistarafélags kjötiðnaðarmanna:

Uggur innan raða kjötiðnaðarmanna

Tveimur kennurum í kjötiðni við Hótel- og matvæðaskólann í Kópavogi var sagt upp fyrir yfirstandandi önn, en þeir hafa kennt við skólann á undanförunum árum. Kennari sem hefur kennt fagið við Verkmennaskólann á Akureyri mun flytja á höfuðborgarsvæðið svo óvissa er með kennsluna á Akureyri.

Kennsla í kjötiðni hefur einungis farið fram í þessum tveimur skólum á undanförunum árum. Uggur er innan raða kjötiðnaðarmanna vegna þessa ástands, en ástæðan fyrir uppsögnunum er að enginn nemandi hafði sótt um í náminu.

Fjallað verður um vandamálið á félagsfundi

Að sögn Halldórs J. Ragnarssonar, formanns Meistarafélags kjötiðnaðarmanna, hefur verið fjallað um málið á vettvangi félagsins og í kjölfarið var boðað til félagsfundar 28. janúar 2016.

„Þessi fundur verður haldinn að Stórhöfða 31 þar sem MATVÍS er til húsa. Margrét Friðriksdóttir, skóla-meistari Menntaskólans í Kópavogi, Niels Sigurður Olgeirsson, formaður MATVÍS, og Ólafur Jónsson, sviðsstjóri matvæla- og veitingasviðs hjá lðunni, verða meðal fundargesta.

„Þetta er opinn fundur, sum sé ekki bara fyrir félagsmenn Meistarafélags kjötiðnaðarmanna, heldur líka fyrir kjötiðnaðarmenn almennt,“ segir hann.

Ýmsar ástæður fyrir ástandinu

Um ástæður þess að engin aðsókn er í kjötiðnaðarnám segir Halldór að erfitt sé nákvæmlega að festa á það fingur.

„Það er ekki gott að segja, en hluti af ástæðunni er væntanlega það vinnuumhverfi sem kjötiðnaðarmenn starfa í. Það er líklega ekki mjög spennandi fyrir ungan nema, kannski 16–17 ára, að fara að vinna í umhverfi þar sem hitastigið í vinnslusal er þetta 8–12 gráður. Svo er þetta kannski spurning hvort það þurfi ekki að fara að endurskoða námskrá kjöt-

iðnaðar, því kjötiðnaður á Íslandi er kannski ekki unglingafræðsla heldur fullorðinsfræðsla. Meðalaldur útskriftarnema í kjötiðnaði eru 30,2 ár frá því að kennsla hófst í MK.

Þetta er nú bara þannig að eftir námið í grunnskóla þá hefur reynslan sýnt að nemendur sem ljúka námi í kjötiðni taka sér smá fri frá skóla til að ákveða næsta skref. Sumir fara að vinna í kjötvinnslum og fá áhuga kannski á því að fara að læra eftir nokkra ára vinnu við fagið.“

Það má vel vera að ódýru vinnuafli sé líka um að kenna en við skulum ekki gleyma því að þeir einstaklingar sem flokkast undir ódýrt vinnuafli hafa margir hverjir farið í kjötiðnaðarnám á Íslandi og hafa útskrifast með glæsilegar einkunnir.

Kjötiðni er fjögurra ára samningsbundið iðnnám

Að sögn Halldórs hefst nám í matvæla- og veitingageiranum með einnar annar sameiginlegu grunnnámi en að því loknu velja nemendur sérnám í bakaraiðni, framreiðslu, kjötiðni eða matreiðslu. Allar þessar greinar eru löggildar iðngreinar. Námið er samningsbundið sem lýkur með sveinsprófi. Sveinsprófið veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs.

„Kjötiðni er fjögurra ára samningsbundið iðnnám. Þar af eru þrjár annir í skóla, alls 60 einingar, og 20 einingar eru í verklegri kennslu í kjötiðni,“ segir Halldór. „Þær skiptast á tvær annir og lýkur með verklegu lokaprófi sem er meginhluti námsmatsins, en einnig kemur til símat fagkennara.

Halldór segir að það sé líka hægt að fara í nám í kjötskurði. „Meginmarkmið náms í kjötskurði er að nemendur öðlist þekkingu, skilning og færni til að annast alla meginþætti í störfum kjötskurðarmanna í kjötvinnslum, sláturhúsum og kjötsöludeildum verslana. Meðalnámstími er tvö og hálf ár, samtals tvær annir í skóla og 80 vikna starfsþjálfun. Námið er alls 120 einingar og lýkur með fagprófi er veitir rétt til starfa í iðninni og halda áfram



Kjötiðnaðarmeistarar úr Meistarafélagi kjötiðnaðarmanna taka til hendi í sjálfböðavinnu fyrir mæðrastyrsnefnd fyrir jólin 2014. Talið frá vinstri: Bergsveinn Símonarson, Erlendur Sigurþórsson og Arnar Sverrisson. Myndir / HKR.



Halldór J. Ragnarsson, formaður Meistarafélags kjötiðnaðarmanna.

sérnámi til sveinsprófs í kjötiðni.“

Breiður starfsvettvangur kjötiðnaðarmanna

„Íslenskir kjötiðnaðarmenn og -konur koma víða við,“ segir Halldór.

„Þeir starfa í kjötvinnslum, kjötteildum verslana, og heildverslunum. Þeir starfa einnig sem sölumenn

umbúða, krydds og hjálparefna, sem og sölumenn véla og tækja fyrir kjötiðnað. Þeir starfa við sölu og markaðssetningu á kjöti og matvælum. Þá starfa kjötiðnaðarmenn í álverum, við opinbera þjónustu, í sláturhúsum og á fleiri vinnustöðum.“

Halldór telur að það séu klárlega tækifæri fyrir kjötiðnaðarmenn varðandi starfsmöguleika, til dæmis vegna uppgangs í alls kyns smáframleiðslu matvæla og miklum vexti í ferðaþjónustunni.

„Vandamálið er hins vegar að þessi svokallaða beint frá býli-sala, svo ég taki hana sem dæmi, er yfirleitt þannig að viðkomandi bændur eru að gera þetta sjálfir og selja sínar afurðir á sínum svæðum. Það er svo sem í góðu lagi ef svæðið sem þeir selja á telur ekki meira enn 100 íbúa, eins og áttunda grein iðnlaga gerir ráð fyrir. Vandamálið er að Heilbrigðiseftirlit og eða Matvælastofnun hvers umdæmis veitir einhverjum aðila til að vera með vinnslu, leyfið er veitt þar sem allar kröfur um hreinlæti og aðbúnað eru uppfylltar. En hver á svo að fylgja því eftir ef viðkomandi er

farinn að selja afurð sína á svæði sem telur meira en 100 íbúa? Svo ég vitni aftur í iðnlögin þá ættu sýslumenn að staðfesta réttmæti gagna um starf og starfsþjálfun.

Fagmennskan til fyrirmyndar

Halldór hefur ekki áhyggjur af því að staða skólamála komi niður á faglegri stöðu greinarinnar í landinu.

„Það eru til að mynda faglærðir kjötiðnaðarmenn í öllum kjötvinnslum landsins og það sýnir sig að það er ekki verið að gefa afslátt á þeim stöðum. Einnig kemur það berlega fram í fagkeppni sem Meistarafélagið heldur á tveggja ára fresti að fagmennskan er til fyrirmyndar á þeim vörum sem sendar eru í keppnina.

Þó svo að ekki séu fyrsta árs nemar í skólanum á vorönn þá tel ég framtíðina vera bjarta, vinnslurnar eru að taka nema og ég held að það séu um 40 nemar á samningi. Þá má þó auðvitað ekki slá slöku við, það verður að eiga sér regluleg endurnýjun í þessi fagi eins og öðrum iðnfögum.“ /smh

Mikill áhugi fyrir kjötiðnaðarnámi norðan heiða

„Við erum afskaplega ánægð með þær góðu viðtökur sem námið hefur fengið hér norðan heiða. Reynslan er góð og það hentar fólki augljóslega að stunda nám með þessum hætti, í lotum,“ segir Eðvald Sveinn Valgarðsson, sem stýrt hefur námi í kjötiðni við Verkmennaskólann á Akureyri frá því það var tekið upp að nýju árið 2008.

Námið lagðist af um nokkurra ára skeið, í kringum síðustu aldamót þegar Menntaskólinn í Kópavogi var gerður að móðurskóla í öllu matvælanámi hér á landi. Þeir sem hugðust læra kjötiðni þurftu því að sækja námið þangað.

Eðvald segir að beiðni hafi borist frá stóru kjötvinnslufyrirtækjunum fyrir norðan um að taka námið upp að nýju. Farið var að bera á skorti á kjötiðnaðarmönnum, fáa fýsti að taka sig upp úr sínum heimahögum og flytjast búferlum með tilheyrandi kostnaði til að stunda námið. Vel var tekið í þessa ósk og hefur VMA boðið upp á nám í kjötiðni frá árinu 2008.

Góð aðstaða

Eðvald, sem er kjötiðnaðarmeistari, hefur liðin ár starfað sem gæðastjóri hjá Kjarnafæði og fór hann árið 2008 í kennsluréttindanám í Háskólanum á Akureyri. Hann kennir öll bóklegu fagfögin upp úr námsefni sem hann hefur



Sveinspróf í kjötiðni var haldið á Akureyri fyrr í þessum mánuði, en nám í kjötiðni var tekið upp að nýju norðan heiða árið 2008. Frá árinu 2000 og fram að þeim tíma var öllum nemum í kjötiðni beint í Menntaskólann í Kópavogi. Farið var að bera á skorti á menntuðum kjötiðnaðarmönnum, stóru kjötvinnslurnar á Norðurlandi óskuðu þá eftir að nám í kjötiðni yrði í nýi og í heimabyggð. Á myndinni eru kjötiðnaðarmenn sem þreyttu sveinsprófið á Akureyri, frá vinstri Jónas Þórólffson, Guðmundur Kristjánsson, Sigþór Sigurðsson og Rebekka Rún Helgadóttir. Mynd / MBP

sjálfur sett saman undanfarin ár. Náms efnið hefur hann m.a. sótt til Danmerkur og þýtt og staðfært. Allt námsefni er unnið í samræmi við námskrá. Grunnur verklega námsins fer fram í VMA en þar er fyrir hendi góður grunntækjabúnaður. Farið er í gegnum bóklega hræfnisfræði í fyrsta bekk, bók- og verklega úrbeiningu í öðrum bekk og bók- og verklega farsgerð í þeim þriðja. Auk þess að njóta góðrar aðstöðu í húsa-

kynnum Verkmennaskólans hafa nemar einnig fengið tækifæri til að æfa sig og þjálfa í kjötvinnslunum Norðlenska og Kjarnafæði auk fleiri staða.

Áfangasigur að halda sveinspróf fyrir norðan

Frá árinu 2008 hafa fjórir námshópar verið í gangi í lotunáminu, yfir þrjátíu nemendur og þegar hafa 17 útskrifast með sveinspróf í kjötiðni.

Fyrir í þessum mánuði þreyttu fjórir nemar sveinspróf fyrir norðan og segir Eðvald það mikinn áfangasigur. „Nemar hafa þurft suður í Kópavog í sveinsprófið en við fengum um daginn leyfi til að hafa það fyrir norðan. Það er auðvitað mjög hagkvæmt fyrir okkar nema að þurfa ekki að ferðast um langan veg til að taka prófið auk þess sem þeir eru á heimavelli, vinna við tæki og í því umhverfi sem þeir þegar þekkja,“ segir hann.

Biðlisti í næsta hóp

Loturnar standa yfir á föstudögum og laugardögum en með því fyrirkomulagi er nemendum gert kleift að vinna fulla vinnu til hliðar við námið og hefur það mælst vel fyrir. Eðvald segir meðalaldur nema vera um eða yfir 25 ár og koma þeir af Norðurlandi öllu, frá Blönduósi í vestri að Vopnafirði í austri. Að lágmarki er farið af stað með nýjan námshóp með átta nemendum og segir hann að áhuginn sé mikill. „Við höfum varla undan, einn hópur tekur við af öðrum og nú er staðan þannig að biðlisti hefur myndast fyrir næsta hóp sem fer af stað.“

30–40% koma úr sveitum

Eðvald segist hafa tekið eftir því að margir sem stundað hafa námið undanfarin ár koma úr sveitum, á milli 30 og 40% nemanna. Gjarnan fólk sem ýmist eru ábúendur á bæjum eða er að taka við rekstri býla. Eins er sterk tenging við aukna heimavinnslu heima á býlunum, margir sem eru að sækja sér þekkingu og menntun eru þegar með heimavinnslu eða hyggja á hana. „Það er virðingarvert að fólk leggur sig fram um að gera hlutina vel og sækir sér góða og víðeigandi menntun til að standa betur að vígi í heimavinnslu sinni,“ segir hann. /MBP



**DEKKJASALA
AKUREYRAR**

Úrval hjólbarða á betra verði

**Fólksbíla-, traktora-, vinnuvéla-, vagna-,
jeppa-, og vörubíladekk í úrvali.**

Handverkfæri

20%
afsláttur af öllum dekkjum
til 15. febrúar 2016




Beinn innflutningur til Akureyrar

Ármann sími 896 8462 og Tryggvi 896 4126

MOTUL
Smurþjónusta



**DEKKJASALA
AKUREYRAR (Jason ehf.)**

Hjólbarðapjónusta - Smurþjónusta -
Þrif á bílum - vönduð handverkfæri og fl.
Njarðarnesi 1 sími 460 4350



Allt í gleri ÚTI OG INNI

Smíðjuvegi 7
200 Kópavogi
Sími: 54 54 300
ispan@ispan.is
ispan.is

Íspan
GLER OG SPEGLAR

AKURShús

– við allra hæfi –

Einbýlishús Frístundahús

Íslensk hönnun og framleiðsla

Einingahús sem gefa marga möguleika,
m.a. getur þú fengið þau ósamsett
í einingum og sett upp sjálfur.
Kannaðu málið á www.akur.is og fáðu
bækling sendan þér að kostnaðarlausu.



1959
2014 **55 ára**

Trésmiðjan AKUR ehf.
Smíðjuvöllum 9 • 300 Akranes • Sími: 430 6600
Netfang: akur@akur.is • Vefang: www.akur.is



AK 174-1



AK 165-1



Garðar 67



Bresi 37

Vantar nýja lykila?



Smíðum og forritum langflestar gerðir bíllykla

- Húslyklar
- Lúsklár
- Silindrar
- Lúsklár og fylgihlutir
- Peningaskápar
- Hurðapumpur

Neyðarþjónustan

Skútuvegi 11 • www.neyd.is • s: 510 8888
Opíð alla virka daga 8-18 laugardaga 10-14



Betra Púst

SÍMI: 555 7070

PÚSTVIÐGERÐIR

RYÐVARNARÞJÓNUSTA

SÉRSMÍÐI FYRIR ALLA BÍLA

Skógarhlíð 10 - 105 Reykjavík
betrapust@gmail.com - www.betrapust.is

**VIÐ NOTUM
FLUID FILM**

Helstu sölustaðir á Fluid Film:

Frábær á leður - Unninn úr ull (lanolin)
Frýs ekki og er frábært í læsingar og lása
Smyr og þornar ekki upp og leiðir ekki rafmagn
Stoppar tæringu (ryð) og kemur í veg fyrir ryðmyndun

AB varahlutir - Funahöfða 9, Reykjavík,
Barki - Nýbýlavegi 22, Kópavogi
Betra Púst - Skógarhlíð 10, Reykjavík
Brynja - Laugavegi 29, Reykjavík
Bymos - Háholt 14, Mosfellsbær
Ellingsen - Fiskilöð 1, Reykjavík
ET - Klettagarðar 11, Reykjavík
Fálkinn hf - Dalvegi 10-14, Kópavogi
Gluggar og Garðhús - Smíðsbraut 10, Garðabæ
JHM Sport - Stórhöfða 35, Reykjavík
J.S Ljósasmíðjan - Skemmuvegi 34, Kópavogi
Lásapjónustan - Grensásvegur 16, Reykjavík
Láshúsið - Bildshöfða 16, Reykjavík
Poulsen - Skeifunni 2, Reykjavík
Ryðlausnir - Heiðargerði 13, Vogar
Smurstöðin - Fosshálsi 1, Reykjavík
Stálstjörnur - Fjarðargata 1, Seyðisfirði
Verkærasalan - Síðumúla 11, Reykjavík
Vesturröst - Laugavegi 178, Reykjavík
Vökvatengi - Fitjabraut 2, Reykjanesbæ



HÁGÆÐA SMUREFNI



www.facebook.com/Fluid-Film-á-Íslandi
fluidfilm@fluidfilm.is • www.fluidfilm.is



Iðnaðarryksuger

Fyrir bæði blautt og þurrt

NT 45/1 Tact Te
Ryksugar blautt og þurrt
Fylgihlutir
Barki 35mm 2,5m, málmrör, 30mm gólfhaus og mjór sogstútur, rafmagnstengill.

NT 35/1 Tact
Ryksugar blautt og þurrt
Fylgihlutir
Barki 35mm 2,5m, málmrör, 30mm gólfhaus og mjór sogstútur.

NT 25/1 Ap
Ryksugar blautt og þurrt
Fylgihlutir
Barki 35mm 2,5m, málmrör, 30mm gólfhaus og mjór sogstútur. Takki fyrir hreinsun á síu.








RAFVER KÄRCHER SÖLUMENN
Skeifan 3E-F • Sími 581-2333 • rafver@rafver.is • www.rafver.is

Kornræktarráðunautar spá í stöðu og horfur í kornræktinni:

Mikilvægt að halda áfram góðu starfi

— þrátt fyrir að útlit sé fyrir einhvern samdrátt í umfangi ræktunar

Það er óhætt að segja að á síðustu misserum hafi kreppt að kornræktinni á Íslandi og blíkur eru á lofti á þessu ári. Þrjár ástæður eru helstar fyrir erfiðleikum í greininni og því að útlit er fyrir talsverðan samdrátt nú í vor; veðurfarslegar, ágangur álfra og gæsa í ræktarlöndum og svo hefur orðið verðfall á korni á erlendum mörkuðum.

Nokkrir kunnir kornræktarráðunautar á helstu kornræktarsvæðum landsins voru fengnir til að leggja mat á stöðu mála og horfa til framtíðar fyrir greinina.

Spáir samdrætti í vor

Sveinn Sigurmundsson hjá Búnaðarsambandi Suðurlands spáir því að kornrækt muni dragast saman í vor. „Verðfall á erlendum mörkuðum – og gengisbreytingar líka – sjá okkur fyrir ódýrara kjarnfóðri. Ég hef vonir um að gripið verði til einhverra aðgerða gagnvart álftrinni en hún er skaðvaldurinn í korninu.“

Hafa verið erfiðleikar með að ná korninu nægilega þurru

Eiríkur Loftsson í Skagafirði segir að það sé rétt að það hafi verið samdráttur á síðustu árum. „Helstu ástæður eru einmitt óhagstætt tíðarfar, ágangur fugla og samkeppnisstaða við innflutt korn. Það er erfiðara en svo að spá fyrir um hvernig þessir þættir muni þróast á komandi árum að ég treysti mér til að spá um umfang kornræktar hér á landi næstu misserin.

Bændur eru langmest að rækta korn til fôðurs einkum fyrir nautgrip og í einhverjum mæli fyrir svín. Oft hefur gengið erfiðlega að ná korninu nægjanlega þurru þannig að hóflegur kostnaður sé við þurrkun þess, en bæði er þurrt korn verslunarvara og jafnframt hægt að fôðra á því í sjálfvirkum kerfum fyrir kjarnfóður. Það er hins vegar illmögulegt eða ekki hægt með blautara korn sem hins vegar hentar vel saman við gróffóður fyrir kýr þar sem það er blandað saman í til þess gerðum tækjum.

Hálmur er nú orðið notaður talsvert sem undirburður nú orðið og fellur hann til við kornrækt. Á sumum bæjum ræðst umfang kornræktarinnar af þörf fyrir hálm. Hækkandi verð á hálmi kann að gera kornræktina meira spennandi fyrir þá sem á annað borð stunda hana. Þörf er fyrir hálm í gerð rotmassa fyrir svepparækt.

Kornrækt til manneldis er stunduð í minna mæli og þar eru kröfurnar kannski minni um uppskerumagn en þroski kornsins þarf að vera góður. Þá eru kornakrar leigðir til fugla-veiða.“

Mikilvægt að halda áfram góðu starfi

„Það er kornræktinni mikilvægt að áfram sé haldið því góða starfi sem unnið hefur verið við yrkjaþrófanir þannig að við vitum hvaða kornyri eru líklegust til að standa sig við okkar aðstæður,“ segir Eiríkur.

„Kornrækt er líklegust til að vera hagkvæm ef hún er hluti af enduræktun. Ræktunin sé á landi sem gefur miðlungs eða góða uppskeru og góðan þroska við lítinn ræktunarkostnað og hóflega áburðargjöf. Kostnaður á einingu er minni ef meira er undir, að því gefnu að akrarnir séu samfelldir.“

Sveiflur á Eyjafjarðarsvæðinu

Guðmundur H. Gunnarsson hjá Búgarði á Akureyri segir að á Eyjafjarðarsvæðinu hafi nokkr-



Jónatan Hermannsson, tilraunastjóri í jarðrækt á Korpu:

Sér ekki rök fyrir samdrætti í kornrækt

„Við höfum alla tíð vitað að kornrækt hlýtur að bregðast ár og ár. Það hefur hún gert um aldri í grónum kornræktarlöndum og gerir enn. Önnur ræktun og fôðuröflun getur líka brugðist og gerir það,“ segir Jónatan Hermannsson, sem hefur starfað á starfsstöð Landbúnaðarháskóla Íslands við tilraunastöðina á Korpu síðustu áratugi og unnið að kynbótum á byggi. Þar gengur starfið út á að laga korn að hinum sérstöku aðstæðum sem einkenna náttúruferli á Íslandi.

„Við þekkjum þetta. Árangur gengur í bylglum, væntingavísitala fer upp og niður. Samt er engin ástæða til að halda að allt sé að fara í hundana. Varðandi veðurfarshliðina þá hef ég reynt að meta öryggi kornræktar eftir því hve oft hún hún gæti brugðist á tilteknu árabili. Eðlilega er það mismunandi eftir stöðum. Ég hef metið það svo að á bestu stöðum væri öryggið um 95 prósent, það er að kornrækt gæti brugðist eitt ár af hverjum 20.

Kornið brást í fyrsta sinn í 24 ára sögu þess hér á Korpu sumarið 2013 vegna kulda, votviðris og almennrar óáranar. Hvassviðri tók kornið að einhverju marki undir Eyjafjöllum það sama haust en það

hafði ekki gerst í áratugi. Kornið í Eyjafirði eyðilagðist í haust er leið í frosti og það er í fyrsta sinn sem það gerist í 26 ára sögu kornræktar þar í héraði. Tungusveit í Skagafirði hefur enn ekki orðið fyrir áfalli af þessu tagi og hefur korn þó verið ræktað þar í aldarfjórðung.

Ágangur fugla áhyggjuefni

„Ágangur fugla að hausti er vissulega áhyggjuefni og þarfnast aðgerða. En þessi ágangur er tengdur veðurfarinu þannig að eftir því sem kornskurður dregst þá hefur fuglinn betri tíma til að valda spjöllum,“ segir Jónatan.

„Til viðbótar því að fæla fuglinn eða valda honum aldurtíla má vinna gegn spjöllum með því að skera korn snemma. Til að gera það mögulegt þarf að vera með eins fljóttþroska korn og í boði er og nýta hvern dag þegar haustar. Betra er að hirða eitthvað af korninu linþroska en láta það verða úti.

Sunnanlands og vestan voru í haust til dæmis sjö dagar nánast þurrir og samfelldir um miðjan september – 12.–18. að báðum meðtöldum – og kornskurðarveður alla dagana. Ekki veit ég hvernig þeir hafa verið nýttir en ljóst var þá að

ekki var eftir neinu að biða.

Kannski vantar hina heilbrigðu streitu í kornræktina, þá sömu streitu og fylgir sauðburðinum.

Verð á erlendum mörkuðum er breytilegt eins og við höfum lengi vitað. Niðursveifla verðsins um þessar mundir er að einhverju leyti tengd lækkandi oliuverði. En sú verðþróun kemur sér líka vel fyrir íslenska kornbændur með lækkuðu áburðarverði og minni kostnaði við vélavinnu.“

Borgar sig þó alltaf að rækta hálm

Jónatan sér ekki rök fyrir því að menn dragi saman í kornræktinni núna. „Við höfum þegar byggt upp góða verkþekkingu og kornræktin er auk þess orðin snar þáttur í ræktunar-menningu landsins. Þau áhrif verða ekki ofmetin. Í landinu er að auki fyrir hendi vélbúnaður sem gerir allt framhald kornræktar tiltölulega einfalt. Sumum hefur ævinlega tekist að ná góðu korni á réttum tíma.

Ög þótt frjóni og rigni þá má lengi ná hálminum. Eg man góðan kornbónda segja á fundi að þótt það borgaði sig kannski ekki að rækta korn, þá borgaði sig þó alltaf að rækta hálm.“ /smh



Guðmundur H. Gunnarsson.

ar sveiflur orðið í kornræktinni á undanförmum árum. „Árið 2014 var sáð í um 365 hektara, en 2015 var aðeins sáð í um 275 hektara og það er árferðið sem oft hefur áhrif á það hversu miklu er sáð – en það voraði seint árið 2015. Mest var ræktað árið 2009 um 550 og hefur umfangið minnkað síðan.

Þótt bændur hér á Eyjafjarðarsvæðinu – og Suður Þingeyjarsýslu – hafi orðið fyrir áfalli í kornræktinni 2015, þegar nánast allt korn eyðilagðist í frosti í lok ágúst, þá ætla, held ég, margir að halda áfram í kornræktinni. Einkum eru það þeir sem hafa verið með þetta fimm til tíu hektara og verið að rækta fyrir sitt eigið bú og sýrt kornið, sem hefur gefið góða raun sem viðbótar fôður. Þeir hafa svo nýtt hálminn til undirburðar og einnig selt til annarra bænda á svæðinu sem þurfa á hálmi að halda. Öðru máli gegnir ef til vill um þá sem hafa verið með meira undir, þetta 20–30 hektara, látið þurra allt kornið og selt það til fôðursölufyrirtækis eins og Bústólpa á Akureyri – sem hefur tekið á móti korni frá bændum. Það eru reknar tvær þurkstöðvar í Eyjafirði og getur verið erfitt að reka þær ef ræktunin dregst mikið saman.

Það sem bændur fá greitt fyrir kornið tekur mið af verði á heimsmarkaði og ef það fer niður fyrir ákveðin mörk þá getur verið erfitt að ná endum saman í ræktuninni. Ef bændur ætla að stunda ræktun á þennan hátt þurfa þeir að ná góðum tókum á ræktuninni, það er að uppskera af þurru korni má ekki vera undir 4–5 tonn á hektara í meðalári – og svo verður að vera hægt að afsetja hálminn einnig.

Til að ná góðum árangri í ræktuninni þurfa bændur að velja gott ræktunarland, hæfilega frjósamt með góða framræslu og þar sem minni hætta er á næturfrostum á vaxtartímanum ef því er viðkomandi. Ekki er ráðlegt að rækta í sama landi lengur en þrjú ár, til að minnka þannig hætta á illgresi og sveppasmiti. Sá síðan í akurinn uppskerumiklum grastegundum eins og vallarrýgresi eða vallarfoxgrasi og nýta sem tún í 3–4 ár til að hvíla landið, en nýta það þá aftur til kornræktar.

Til að ná betri árangri í kornræktinni en verið hefur, þarf að auka ráðgjöf til bænda, til dæmis með heimsóknnum bæði þegar jarðvinnslan er í gangi og á vaxtartímanum til að sjá hvernig til hefur tekist með ræktunina. En eins og ráðgjafarþjónustunni er háttað í dag þarf bóndinn að biðja um að komið sé í heimsókn og greiða fyrir það gjald, en ráðgjafinn getur ekki að eigin frumkvæði farið og heimsótt bændur. Slíkar heimsóknir geta verið mjög gagnlegar fyrir báða aðila. Ef þetta er of kostnaðarsamt fyrir ráðgjafarþjónustuna þá mætti ef til vill nýta eitthvað af þeim fjármunum sem er veitt í jarðræktarstyrki fyrir kornræktina til að mæta þessum kostnaði.“ /smh

Ólafur Reykdal, matvælafræðingur hjá Matís, hefur trú á framtíðarmöguleikum kornræktar:

Gott og heilsusamlegt bygg til manneldis

Ólafur Reykdal, matvælafræðingur hjá Matís, ritaði grein á vef Matís í byrjun janúar þar sem hann gerði grein fyrir verkefnum sem hann hefur unnið að á undanförunum árum, sem miða að því að innlent korn verði í auknum mæli nýtt til matvælaframleiðslu Íslandi.

Ólafur segir í viðtali við Bændablaðið að frá 2005 hafi verið unnið að verkefnum hjá Matís sem hafi það að markmiði að innlent bygg sé notað meira til matvælaframleiðslu á Íslandi. Fyrst sem innlent verkefni í samstarfi Matís og Landbúnaðarháskóla Íslands – með þátttöku matvælaíðnaðarins – og síðar í samnorrænu verkefni. „Í íslenska verkefninu vorum við að prófa framleiðslu á ýmsum matvælum úr íslenska bygginu. Niðurstaðan var sú að íslenska byggjið stóð fyllilega undir væntingum og við framleiddum ágætar matvörur. Byggi er alltaf blandað saman við hveiti þegar framleidd eru brauð sem þurfa að ná lyftingu. Byggið eitt og sér hentar í ýmsar vörur eins og kex, flatökur og morgunkorn. Einnig má geta þess að það tókst að framleiða malt úr bygginu og brugga úr því bjór.“

Þrýstingur á norðlæg landsvæði að framleiða matvæli

„Í framhaldinu fengum við kornverkefni gegnum norræna Atlantshafssamstarfið og tókum þá upp samstarf við Norðmenn, Færeyinga og fólk frá Orkneyjum og Nýfundnalandi. Tilraunir voru gerðar með ræktun á nokkrum byggjarkjum í öllum löndum,“ segir Ólafur. „Byggjarki frá Landbúnaðarháskólanum var þar á meðal og gæti það átt framtíð fyrir sér erlendis. Samstarfið var svo vikkað út og sótt um verkefni hjá Norðurslóðaáætluninni en það fjallar um alla virðiskeðju korns frá ræktun til matvæla. Verkefnið fékk stuðning og var það ekki sist vegna þess að talið var að kornrækt mundi flytjast norður á bóginn vegna umhverfis-



Efri myndin sýnir pakkningu af perlubyggji frá Vallanesi á Fljótsdalshéraði. Neðri myndin er af steinmöluðu byggmjöli frá Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum. Bændur á báðum stöðum hafa náð ágætum árangri í ræktun á byggji til manneldis.



Byggi er alltaf blandað saman við hveiti þegar framleidd eru brauð sem þurfa að ná lyftingu.



Ólafur Reykdal, matvælafræðingur hjá Matís.

breytinga. Uppskeyra getur brugðist sunnar á hnettinum vegna þurrka og því verður meiri þrýstingur á norðlægari svæði að framleiða matvæli. Matís og Landbúnaðarháskólinn hafa átt ágætt samstarf um rannsóknir á afurðum allt frá ræktun til neytenda. Verkaskiptingin er sú að Landbúnaðarháskólinn sér um allt sem snýr að ræktun og föðri en Matís sér um það sem snýr að matvælaíðnaðinum, gæðum og mælingum.

Að sögn Ólafs hefur lega Íslands verið á norðurmörkum svokallaðs kornræktarbelteis. Hann segir að þrátt fyrir erfitt síðasta ár í kornræktinni á Íslandi hafi korn af ágætum gæðum verið skorið. „Gerðar hafa verið mælingar á korninu frá Þorvaldseyrarbúinu 2015 og reyndust gæðin vera fyrsta flokks eins og árin á undan. Það verður því fánlegt korn fyrir matvælaíðnað og mun fyrirtækið Kornax dreifa því til iðnaðarins. Þess verður að geta að kornuppskera brást á vissum svæðum landsins 2015, þó svo að mjög góð uppskera hafi fengist 2014.

Við höfum nýlega gert mælingar á sterkju í bygginu og var hún sist minni en erlendis gerist. Þetta eru góðar upplýsingar fyrir bókunaríðnaðinn. Þegar korn er skorið í bleytutíð er sérstök ástæða til að fylgjast með myglu því í henni geta myndast eitrefni sem geta skaðað bæði skepnur og fólk. Við létum því mæla þessi eitrefni í byggji síðast liðið haust. Þessi efni mældust ekki og eru það mjög góðar fréttir, ekki sist með tilliti til veðurfarsins. Í Evrópu og ýmsum hlýjum löndum er eitrunyndun í myglu alvarlegt vandamál og brugðist er við því með notkun varnarefna. Á Íslandi hjálpar kuldin okkur þar sem skaðvaldar eru fáir.

Íslenskt bygg er nú notað með góðum árangri við framleiðslu brauða og á sú notkun örugglega eftir að aukast.“

Hollustuupplýsingar um byggjið á umbúðum matvæla

Ólafur segir meginhluta byggjuppskerunnar alltaf verða nýttur í föður en telur að eftirspurn frá matvælaíðnaði og almenningi mun fara vaxandi. „Skýringin er sú að á síðustu árum hefur verið sýnt fram á hollustugildi byggisins og það hefur ýmsa kosti framyfir hveitið. Rannsóknir í Noregi hafa sýnt fram á að byggjið inniheldur hollustuefnin beta-glúk-ana og andoxunarefni en hveiti inniheldur nær ekkert af beta-glúkönun. Þetta hefur verið viðurkennt með því að nú leyfir reglugerð um heilsufullyrðingar að upplýsingar um hollustu byggis séu prentaðar á umbúðir matvæla. Það er því ekki spurning að matvælaíðnaðurinn mun sækjast eftir byggji til að geta prentað fullyrðingar um hollustu á umbúðir matvæla.“

Eymundur í Vallanesi er líklega sá kornbóndi á Íslandi sem hefur náð hvað mestum árangri í ræktun á byggji til manneldis og hann ræktar lífrænt vottað bygg án eitur- eða varnarefna. Hann hefur haldið á lofti góðum heilsufarslegum áhrifum sem neysla á byggji hefur. Ólafur segir það rétt að í lífrænu ræktuninni eru ekki notuð varnarefni eða tilbúinn áburður. „Í byggjæktinni á Íslandi eru víðast hvar engin varnarefni notuð gegn myglu og illgresi þótt einhverjir hafi prófað slík efni. Ef hér hlýnar sem einhverju nemur gæti þurft að nota varnarefni.

Góð heilsufarsleg áhrif hafa nú verið staðfest og Eymundur hefur því haft rétt fyrir sér í mörg ár. Það eru einkum Norðmenn sem hafa rannsakað heilsufarsáhrif byggisins. Við höfum svo getað staðfest að hollustuefni eru til staðar í íslenska bygginu.“

Korn flutt inn fyrir níu milljarða árið 2014

„Ég sé fyrir mér að eftirspurn verði eftir byggji til matvælaframleiðslu og fyrir neytendamarkað en stærsti hluti framleiðslunnar fer til föðurgerðar,“ segir Ólafur spurður um framtíðarhorfur. „Við getum litið til Norðmanna en þeir framleiða nú yfir 400 þúsund tonn af byggji árlega og nýta af því um þrjú þúsund tonn til matvælaframleiðslu og hafa uppi áform um að auka manneldisnotkunina til að bæta heilsu þjóðarinnar.

Notkun á korni á Íslandi er umtalsverð. Árið 2014 var flutt inn korn og kornvörur fyrir rúma níu milljarða króna. Innflutt föðurkorn var um 57 þúsund tonn og innflutt korn til matvælaframleiðslu var um 18 þúsund tonn. Byggjuppskeran á Íslandi þetta ár var tæplega 14 þúsund tonn og er ljóst að hún hefur sparað gjaldeyri. Til gamans má geta þess að flutt voru inn tæp tvö þúsund tonn af morgunkorni. Tækifærin til nýsköpunar eru mörg.“

/smh



Infinity®
LR650

RAG
import - export

Frábær verð á radial dekkjum !

Höfum hafið innflutning á Dráttarvéla dekkjum frá Infinity

Símar 565-2727, 892-7502 - rafn@rag.is



EYJALIND

Slit-diskar í atvinnutæki
Vinnuvélar - Lyftarar - Dráttavélar - Vörubílar

- Bremsur
- Kúplingar
- Gírkassar
- Drif



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Scangrip er skínandi vinnufélagi

SCANGRIP®

Sensor ennisljós með snertilausum rofa

Öflugt ennisljós með snertilausum rofa og „zoomi“. Lýsir allt að 40 metra. Gengur fyrir 3xAAA/1,5V rafhlöðum. IP54 vottað.

3.500 kr.
Almennt verð: 5.879 kr.

Vörunúmer: 893 03.5025

Uniform hlaðanlegt COB LED vinnuljós

Kröftugt og sterkt LED vinnuljós sem kemur með hleðsludokku, öflugum segli og krók. 100/200 lumen. Hleðsla í allt að 6 klst. á 100 lumen og 3 klst. á 200 lumen. IP65 vottað.

8.990 kr.
Almennt verð: 14.771 kr.

Vörunúmer: 893 03.5070

Miniform hlaðanlegt COB LED vinnuljós

Þunnt og öflugt vinnuljós. Öflugur segull og krókur. 55/110 lumen. Hleðsla í allt að 5 klst. á 55 lumen og 2,5 klst. á 110 lumen. IP20 vottað.

5.990 kr.
Almennt verð: 9.831 kr.

Vörunúmer: 893 03.5060

Flash 100 vasaljós

Mjög sterkt og öflugt vasaljós með „zoomi“ 10°–70°. Kemur með nælon mittishulstri og er 130 lumen. IP54 vottað.

3.500 kr.
Almennt verð: 5.879 kr.

Vörunúmer: 893 03.5105

Verslanir N1 um land allt
Akureyri s. 440 1420 • Grindavík s. 426 8290 • Höfn s. 478 1940
Ísafjörður s. 456 3574 • Klettagarðar s. 440 1330 • Ólafsvík s. 436 1581
Patreksfjörður s. 456 1245 • Reyðarfjörður s. 474 1293
Reykjanesbær s. 421 4980 • Vestmannaeyjar s. 481 1127



Blendnar tilfinningar kornbænda eftir erfið undanfarin misseri:

Atkvæðamestu ræktendurnir virðast flestir ætla að halda sínu striki

– flestir sammála um að leysa þurfi vandamál sem tengjast ágangi álfta og gæsa

Almennt má segja að hljóðið sé frekar þungt í kornbændum eftir áföll síðustu ára. Sumir hafa verið að draga saman og ætla að halda áfram á þeirri braut í vor, en aðrir ætla að halda sínu striki þrátt fyrir allt.

Hafa ber í huga að skilyrði svínabænda eru hagstæðari en annarra jarðræktenda að því leyti að þeir eiga kost á rýmri framlögum í formi ræktunarstyrkja eins og reglugerðir kveða á um í dag. Þeir eiga til að mynda kost á fullum styrk fyrir allt að 75 hektara lands, en aðrir ræktendur eru styrktir að fullu fyrir 30 hektara að hámarki. Aðeins minna er greitt á hvern hektara sem er umfram þessi stærðarmörk, en eftir sem áður njóta svínabændur styrkja fyrir 2,5 sinnum stærri akra en aðrir.

Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, segir að enn sé langt í land, í yfirstandandi samningaviðræðum um nýjan búvörusamning, varðandi útfærslur á nýju fyrirkomulagi jarðræktarstyrkja. „Það er vilji til þess að jarðræktarstuðningur verði eflur í samningunum og ekki hefur verið rætt um annað en að öll jarðrækt verði studd með sambærilegum hætti, sama hvaða grein menn stunda.“

Bændablaðið ræddi við nokkra kornræktendur sem hafa talsvert látið að sér kveða á síðustu árum og kannaði hug þeirra.

Eymundur í Vallanesi fékk enga uppskeru

Eymundur Magnússon í Vallanesi á Fljótssdalshéraði hefur á síðustu árum verið atkvæðamikill í ræktun á byggi til mannelis, lífrænt vottað undir vörumerkinu Móðir jörð. Hann segir sumarið 2015 hafa verið með eindæmum kalt og grátt á Héraði. „Í fyrra fengum við enga uppskeru af korni. Haustið 2014 þresktum við 100 tonn svo munurinn er dramatískur – og þar að auki fóru um 20 tonn í gæsirnar haustið 2014. Engir íslenskir framleiðendur geta selt okkur í hallæri til að standa straum af vörlínu okkar þannig að við urðum að kaupa frá Danmörku.“

Við erum með góðan og vaxandi markað fyrir lífrænt ræktað bygg til mannelis og það kemur ekki til greina að gefast upp. Í þessari grein, eins og reyndar í öllum búskap á Íslandi, þurfa menn að þola áföll af völdum ótiðar.

Það er því engin ástæða til uppgjafar vegna veðurfars, en vissulega sýnir reynsalan að það verða áföll af og til. Það verður því að reikna með því, en það verða jú áföll í öðrum löndum líka vegna haglélla, þurrka og annarrar ótiðar. Mikilvægt er að bótakerfið taki tillit til þess, en það er til mikils að vinna að hafa kornrækt á Íslandi til að auka fjölbreytni í matvælaframleiðslu og til að auka sjálfbærni í hefðbundnum búskap

þar sem menn eru annars að styðjast við innflutt kjarnfóður. Auðvitað eru hlutir eins og ágangur gæsa og álfta eitthvað sem er mikilvægt að leysa með auknum veiðum, bæði vor og haust. Það má ekki binda hendur bænda þannig að þeir geti ekki varið sína ræktun fyrir sívaxandi ágangi sem virðist valda því að margir eiga erfitt með að halda úti ræktun. Það er líka eftirsjá að þessari gómsætu villibrað sem flýgur úr landi, full af villtum jurtum, berjum og korni. Við þurfum að snúa þessu vandamáli í tekjulind með skipulögðum veiðum.

Björgvin Harðarson hefur ræktað korn í nokkuð stórum stíl í Gunnarsholti fyrir svínabúið í Laxárdal í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, þar sem rekið er fjölskyldubú. „Allt bygg náðist í hús á síðasta ári, sem fuglinn tók ekki. Veðrið skemmdi kornið ekki mikið, aðallega var tjónið af völdum álfta og gæsa. Sád var í um 160 hektara bygg og 36 hektara nepju. Um 10 hektarar náðust ekki af nepju og verður séð til með að ná því núna seinni part vetrar ef viðrar. Tjón af fugli var um 30 hektarar. Akrar voru úðaðir gegn augnflekk og illgresi og kom það vel út. Krían stóð öll veður af sér sem ég hef ekki séð áður.“

Framtíðin er óljós, en verðlækkun á áburði og olíu hjálpar til. Sala á afurðum sem aldar eru á íslensku byggi er að aukast, til að mynda svínakjöti, og því er nú líklegt að haldið verði áfram með þetta en ég hugsa að ekki verði um aukningu að ræða. Aðalmálið er að auka uppskeru á hektara og ná stjórna á fuglavandanum.

Möguleikarnir eru til staðar en óvíst að þessi ræktun gangi í smáum stíl. Það þarf að auka þekkingu og almenna fagmennsku sem snýr að ræktuninni. En eins og verð er núna er ekki mögulegt að selja kornið á markaði. Til að það verði hægt þarf að auka styrkina verulega. Það er jafnframt ljóst að það þarf að auka þá eitthvað til að kornrækt verði stunduð áfram. Að mínu mati koma þá einhvers konar fjárfestingastyrkir vel til álita.“

Samdráttur hjá Sigurði í Birtingaholti

Sigurður Ágústsson, kúabóndi í Birtingaholti í Hrunamannahreppi, hefur minnkað mjög eigin kornrækt á undanförmum árum, en vinnur þó áfram af fullum krafti við verkstöku fyrir aðra ræktendur. „Útkoman haustið 2015 var slök, reyndar gæðalega betra korn en á síðasta ári. Eg var með korn á um 30 hektara, þreskti um það bil 20 sem voru eftir þegar fuglinn var búinn með sitt. Náði í hús um 47 tonnum af þurrkuðu byggi.“ segir Sigurður og reiknar með að minnka enn frekar við sig næsta vor.

„Þessi grein á ekki bjarta framtíð hér þar sem álfinni fjölgar. Svo er



Ólafur Eggertsson, sker korn þann 24. september 2015. Þrátt fyrir bleytu náðist allt í hús á endanum í október.

Mynd / úr einkasafni



Eymundur í Vallanesi skoðar þroska byggsins haustið 2011, sem var, eins og síðasta ár, óhagstætt kornbóndanum á Fljótssdalshéraði.

Mynd / smh

heimsmarkaðsverð á korni það lágt um þessar mundir að það er nánast ódýrara að kaupa korn en að rækta það hér.“

Geir Gunnar segir ekki valkvætt að draga í land

Geir Gunnar Geirsson rekur svínabú á Melum í Melasveit og var þar með kornrækt á um 150 hekturum síðasta sumar. Þetta er í þriðja skiptið sem korn er ræktað á Melum og hafa náttúruöflin ekki verið hliðholl Geir Gunnari á þessum tíma. „Það var uppskerubrestur á síðasta ári. Aðeins um helmingur þess sem sáð var náðist að skera sökum veðurs. Uppskeran var léleg sömuleiðis vegna þess hversu seint kornið var þreskt; mikið brotið og gríðarlega mikið af gæs og álft. Við sáðum í 150 hektara, skárum 70–80 og uppskeran var um 1,5 tonn á hektara.“

Við komum til að halda áfram, því hálmurinn er það sem við viljum nota sem undirburð í framleiðslunni okkar. Við munum hins vegar minnka kornræktina um helming næsta vor.

Þessi grein á það sameiginlegt með svínaræktinni að eiga undir högg að sækja síðustu misseri af ýmsum ástæðum. Þar sem menn hafa fjárfest og lagt mikla vinnu í þessar búgreinar síðustu árin, eins og kornræktina, og jafnvel áratugi eins og svínaræktina, þá er nú ekki valkvætt að draga í land þó að á móti blási. Vissulega eru framtíðarhorfur ekki góðar sem gerir það væntanlega að verkom að þetta kemur til með að dragast saman en ekki leggjast með öllu af.“

Ýmsir örðugleikar hjá Haraldi í Belgsholti

Haraldur Magnússon rekur kúabú í Belgsholti í Melasveit og hefur um árabíl verið einn helsti kornræktandinn á Vesturlandi. „Það leit ágætlega út á tímabili en byggði var frekar seint til þroska. Minni skemmdir voru á korninu nú vegna ágangs illgresis, miðað við í fyrra, enda þurfti ég að úða meira af illgresiseyði.“

Væta seinkaði slætti og svolítið sló í rúllur vegna þess að ég sá ekki fram á að komast yfir þetta svona seint. Ég fékk þó meiri uppskeru en síðustu tvö ár þrátt fyrir að hafa ekki getað klárað vegna vætu. Gæs og álft tóku restina. Ég stefni á að sá í 40 hektara í vor sem er örllitill samdráttur – en það má segja að þetta hafi smám saman verið að dragast saman á síðustu þremur árum. Aðalástæðan fyrir því er reyndar sú að ég er að koma mér upp eigin sáðkorni aftur og það tekur svolitinn tíma.“

Engin áform um samdrátt hjá Ólafi á Þorvaldseyri

Ólafur Eggertsson er kúabóndi á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum og farsæll kornræktandi til margra ára. „Það sem hægt er að segja um kornræktina á síðasta ári er að uppskera hér var í ágætu meðallagi. Vorið var þó heldur kaldara en oft áður.“

Seinni hluta sumars var veður þó hagstætt hvað varðar úrkomu og hita. Kornþresking hófst 17. september en þá gerði nokkra góða daga til þreskingar, enda kornyrið Kría nánast fullþroskað. Haustið var blautt og

var tafsaamt að ná uppskerunni í hús. Það hafðist þrátt fyrir allt og náðist að klára að þreskja restina síðast í október, þrátt fyrir að hluti kornakranna hafi verið erfiður yfirferðar. Þrátt fyrir mikla úrkomu stóð kornið, lagðist ekki enda gerði aldrei verulega hauststorma. Álfir og gæsir hafa aldrei verið vandamál í kornökrunum hér að hausti.

Allt kornið var fullþroskað við skurð, alls 120 tonn þurrkaðs korns af 40 hekturum. Yrkið Kría var í 2/3 hluta og Filippa í rest. Kornrækt hefur verið stunduð hér frá 1960 og er síðastliðið ár heldur hlýrra en meðaltal árunna 1961 til 1991.

Hér eru ekki áform um að draga saman kornræktina, það koma mismunandi góð ár. Það ber að hafa í huga að það hafa líka komið mjög góð kornár og þau munu koma aftur. Eins og er eru ytri aðstæður hagstæðar hvað kornrækt varðar. Óliuverð hefur lækkað verulega sem gerir jarðvinnslu og þurrkun ódýrari. Þá hefur verð á áburði einnig lækkað, ræktunarstyrkir eru með sama sniði og áður. Það er skiljanlegt að einhverjir bændur velji það að draga saman og jafnvel hætta í kornrækt þegar áföll verða í ræktuninni og mönnum finnst þeir hafi ekkert nema kostnað af. Það verður samt að hafa það í huga að á síðustu árum hefur verið fjárfest nokkuð í tækjum fyrir kornræktina sem verða illa nýtt ef menn draga mikið saman. Það hefur skapast aukin ræktunarþekking með tilkomu kornræktarinnar. Nú plægja menn af fagmennsku og ekki er sett fræ í jörð nema með sáðvélum. Skiptiræktun með korni hefur bætt jarðveg til grasræktunar. Þá hefur valsað korn til fódurs aukði gröffóðurát hjá mjólkurkúm og hefur gefist vel að blanda því í heilfóður. Hálmur er einng verðmætur og margir þurfa á góðum hálmi að halda til undirburðar fyrir búpening.

Við verðum að vona að það haldi áfram að hlýna hér á landi og það verði hagstætt hvað ræktun varðar.

Með áratuga vinnu Jónatans Hermannssonar hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, ásamt fleirum sem unnið hafa að korntilraunum, hefur kornáhuginn breiðst út og haft mikla þýðingu fyrir þróun á nýjum yrkjum fyrir íslenskar aðstæður. Á næstu árum munu koma ný yrki og þau eldri sanna sig enn betur við okkar skilyrði. Þess vegna er nauðsynlegt að hvergi verði slakað á við að viðhalda þeirri þekkingu hvað kynbætur á korni varðar í framtíðinni.“

/smh



Björgvin Harðarson í Laxárdal með stóra kornsilóið í baksýn sem var reist árið 2008. Hann segir að allt bygg sem sáð var fyrir í fyrravor hafi náðst í hús, fyrir utan það sem fór í fuglinn. Byggi var sáð í 160 hektara. Mynd / smh




ÞÖKKUM TRAUSTIÐ



*Fjórða árið í röð eru Massey Ferguson
og Valtra söluhæstu dráttarvélar á Íslandi*

Samkvæmt tölum frá Samgöngustofu



Við erum stolt af þessum árangri og þökkum viðskiptavinum það mikla traust sem þeir sýna okkur og samstarfsaðilum okkar.

Starfsfólk Jötunn Véla ehf.



Sóknaráætlanir sauðfjárbænda

Á undanförunum mánuðum hefur verið unnin ítarleg stefnumótunarvinna á vegum Markaðsráðs kindakjöts og Landssamtaka sauðfjárbænda. Afrakstur þeirra vinnu er til að mynda nýtt upprunamerki fyrir íslenskar sauðfjárafurðir og nýjar sóknaráætlanir fyrir markaði heima og ytra.

Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri LS og formaður Markaðsráðs kindakjöts, segir að mikil tækifæri séu til sóknar hér á landi, fyrir aukna sölu á íslensku lambakjöti til erlendra ferðamanna. „Vinna við sérstaka herferð til að ná til þessa hóps er í fullum gangi. Leitað var samstarfs við eina fremstu auglýsingastofu landsins um hönnun á einu upprunamerki fyrir allar íslenskar sauðfjárafurðir og leitað álits fremstu fagmanna, bæði íslenska og útlenda, um alla þætti í því ferli. Áhersla er lögð á sérstöðu íslensku sauðkindarinnar sem fylgt hefur þjóðinni allt frá upphafi Íslandsbyggingar. Á sumrin reikar fêð frjálst á skilgreindum afreittum og til þess er vísað í slagorðinu Roaming Free. Þetta orðalag varð ofan á þegar það hafði verið borið undir sérfræðinga sem hafa ensku að móðurmáli og þykir lýsandi fyrir þær náttúrulegu búskaparaðferðir sem hér eru. Í því felst hins vegar engin afstaða til lausagöngu eða annarra álítaefna,“ segir Svavar, en nokkur styr hefur staðið um nýja merkið og óánægjuraddir heyrst – einkum frá fólki sem lætur sig landgræðslumál varða.

„Hvað sem öllum slíkum álítaefnum líður þá er íslenska sauðfjárkynið einstakt og við getum verið stolt af því. Það var til dæmis mikið ánægju-efni þegar sauðfjárkynið okkar var valið í Bragðörk hinna virtu Slow Food samtaka – sem meðal annars var gert til styðja við erfðafræðilegan fjölbreytileika. Hið sama á við um þær náttúrulegu búskaparaðferðir sem hér tíðkast – þær eru einstakar. Þetta viljum við draga fram á raunsannan hátt þegar við kynnum íslenskar sauðfjárafurðir fyrir ferðamönnum,“ bætir Svavar við.

Grænn áherslupakki í samningum

Að sögn Svavars leiddi stefnumótunarvinnan líka af sér sérstakan grænan áherslupakka sem var lagður fram við upphaf samningaviðræðna við ríkið um nýjan sauðfjárræktarsamning. Í meira en áratug hefur verið í notkun svokallað gæðastýringarkerfi í sauðfjárrækt sem miðar meðal annars að því að tryggja siðlega búskaparhætti og sjálfbæra landnotkun. Nú eru um 93 prósent allrar dillakjötsframleiðslu undir þessum hatti og stefnt að því að hið sama gildi um alla framleiðslu sem nýtur stuðnings samkvæmt nýjum samningi. Með öðrum orðum má segja að gæðastýringin með sínum sjálfbærnivíðmiðum og siðlegu búskaparáttum verði hið algilda viðmið.“

Markaðsskrifstofa sauðfjárafurða verði stofnuð

Nýlega fékk Markaðsráð kindakjöts ráðgjafarfyrirtækið KOM til að leggja mat á þessa stefnumótun og koma með hugmyndir að því hvernig hægt væri að halda áfram í sókn á erlenda markaði. „Þetta skilaði sér í skýrslu um sóknarfæri í útflutningi á íslensku sauðfjárafurðum,“ segir Svavar um niðurstöður þeirrar vinnu. „Þar kemur fram að mikil tækifæri séu fólgin í útflutningi á hágæða fersku afurðum inn á kröfuharða erlenda markaði. Samkvæmt skýrslunni er aukið samstarf um kynningu og vörumerkjavæðingu lykillinn að aukinni verðmætasköpun. Það er ekki lagt til í skýrslunni að framleiðsla verði aukin – og það er heldur ekki stefna LS – heldur að auka þau verðmæti sem fást út úr því sem nú er framleitt. Aukin verðmætasköpun eigi að byggja á áherslu á uppruna, hreinleika, gæði



„Nú er meginhluti dillakjötsframleiðslunnar undir hatti gæðastýringar en sauðfjárbændur leggja meðal annars til að sjálfbærni í greininni verði treyst í sessi með því að styrkja gæðastýringuna og gera að algildu viðmiði,“ segir Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda. Mynd / smh



Ráðherra ferðamála, Ragnheiður Elín Árnadóttir, festir upprunamerki fyrir íslenskar sauðfjárafurðir á vegg veitingastaðarins VOX í desember sl.

og sérstöðu íslenskra sauðfjárafurða. Kom leggur til að komið verði á fót sérstakri markaðsskrifstofu þar sem bændur, sláturleyfishafa og aðrir hagsmunaaðilar eigi aðkomu. Hægt er að benda á fordæmi sölusamtaka í sjávarútvegi sem á sínum tíma skiptu sköpum fyrir markaðssetningu og þróun greinarinnar, sem einhvers konar fyrirmynd.“

Byggt á fyrra starfi

„Þetta er auðvitað ekki fyrsta skýrslan sem gefin er út um markaðsmöguleika lambakjötsins og fyrirhugað markaðsátak í útlöndum ekki það fyrsta sem menn hafa farið út í. En það verður hins vegar að hafa í huga að það hefur orðið árangur og áralöng þrautseigja Baldvins Jónssonar hefur skilað því að fjöldi íslenskra vara er nú til sölu í Whole Foods-verslunum í Bandaríkjunum og 2015 var metár í sölu á fersku lambakjöti þangað. Þeim hugmyndum sem uppi eru núna má kannski lýsa á einfaldan hátt sem útvíkkun og framhaldi á því starfi. Við erum fyrst og fremst núna að horfa til kröfuharðra markaða í Evrópu eins og til dæmis í Þýskalandi, Frakklandi og víðar. Öll teikn benda til þess að nú sé góður tími til að sækja inn á tilteknar markaðshillur þar sem áhugi á öllu sem er hreint, lífrænt eða upprunavottað eykst ár frá ári bæði vestan

hafs og austan. Það sem kannski líka er nýtt núna er að sláturleyfishafar eru meira með í öllu þessu starfi en verið hefur og áhuginn mikill þar. Til viðbótar erum við svo líka að horfa á samtengingu á milli þess sem gert er gagnvart erlendum ferðamönnum hér og þess sem gera á heima hjá þeim í framhaldinu. Það er líka alger nýjung. En þetta er hins vegar langhlaup og því má ekki gleyma. En ef verðmætaukning á lambakjöti á næstu 20 árum verður eitthvað svipuð og hún hefur verið í sjávarútveginum síðustu áratugi erum við að horfa á að minnsta kosti tvöföldun tekna. Þannig að það er til mikils að vinna,“ segir Svavar.

Skilyrði til útflutnings betri í dag

Svavar segir að í dag séu skilyrði til útflutnings á lambakjöti frábrugðnar því sem áður var. „Eitt af því sem við erum að glíma við er sú staðreynd að útflutningur á lambakjöti var lengi framan af til að tappa af birgðum hér heima. Slík nálgun býður auðvitað ekki upp á að byggð séu upp viðskiptasambönd til langframa. Nú eru liðnir rúmír tveir áratugir frá því hætt var að greiða sérstakar útflutningsbætur og málin hafa smám saman verið að færast í nútímalegra horf, eins og dæmi um markaði í Bandaríkjunum, á Spáni og víðar sýna. Við höfum í einstaka tilvikum

fengið mjög gott verð í viðskiptum á erlendum mörkuðum, en það þarf að fjölga þessum dæmum til muna. Vörur sem seldar eru sérstaklega sem íslenskar skila okkur meiru og eins skilar ferskt kjöt almennt meiru en frosið. Þarna eigum við sóknarfæri eins og skýrsla KOM sýnir okkur fram á. Það þarf þó að vanda sig og byggja útflutning upp af skynsemi í samhljómi með náttúru og samfélagi á grundvelli siðrænna búskaparhátta og sjálfbærni. Þar liggja okkar sóknarfæri og það mun skila sér í buddu bænda.“

Upprunamerking heim á bæi

„Merkið sem við erum að vinna með gagnvart ferðamönnum snýst eingöngu um að varan sé sannarlega íslensk sauðfjárafurð. Upprunamerking gagnvart innlendum neytendum og rekjanleiki er hins vegar aðeins annað mál,“ segir Svavar spurður um það hvort von sé á því að neytendur geti bráðlega séð á umbúðunum í verslunum á Íslandi frá hvaða bæ eða svæði viðkomandi kjöt er ættað. „Sauðfjárbændur eru hlynntir slíku, það fer ekkert á milli mála. Kerfið sem við búum við í dag virkar þannig að hvert einasta lamb fær í raun sína kennitölu sem fylgir henni alla leið í sláturhúsið, sem ekki er gert annars staðar. Þetta er í raun alveg stórmerkilegt, því hér virkar hvert einasta sauðfjárbú eins og ræktunarbú. En það vantar vissulega upp á að þessi rekjanleiki fylgi kjötinu alla leið til neytenda, svona almennt séð, þótt vissulega sé hægt að snúa sér til einstakra framleiðanda sem selja beint frá býli eða einstakra verslana sem merkja kjötið bæjarnafni eða bónda. Við höfum átt viðræður við sláturleyfishafa um að bæta þetta. Sauðfjárbændur eru stoltir af sínum vörum og myndu fagna því ef allt kjöt yrði rekjanlegt alla leið frá haga í maga.“

Greinin verði sjálfbær til framtíðar

Íslensk sauðfjárrækt er, að sögn Svavars, með því allra náttúrulegasta sem við þekkjum í húsdýrahaldi á Vesturlöndum. „Þannig viljum við hafa það og erum að vinna í því að

greinin verði grein og sjálfbær til framtíðar.

Hluti af því eru þær grænu áherslur sem sauðfjárbændur lögðu á borðið við upphaf yfirstandandi samningaviðræðna um nýjan sauðfjárræktarsamning. Þessi græni pakki byggir á þeirri staðreynd að bændur eru vörslumenn landsins og vita að sjálfbær landnýting felur í sér að hver kynslóð skili landi af sér í jafn góðu eða betra ástandi en hún tók við því. Þetta er eitt af leiðarstefjum gæðastýringar í sauðfjárrækt. Nú er meginhluti dillakjötsframleiðslunnar undir hatti gæðastýringar en sauðfjárbændur leggja meðal annars til að sjálfbærni í greininni verði treyst í sessi með því að styrkja gæðastýringuna og gera að algildu viðmiði. Það þýðir í raun að enginn fær fé frá hinu opinbera nema hann sé með hlutina í lagi. Þá hafa bændur lagt til við samningaborðið að gerð verði ítarleg heildarúttekt á beitarpóli Íslands í samvinnu við helstu fagaðila. Nauðsynlegt er að kortleggja og meta beitarpól auðlindarinnar, rétt eins og fiskistofna í hafinu eða orkuna í iðrum jarðar. Um leið verði komið á sívirknu rannsóknar-, mats- og vöktunarkerfi á landi og áhrifum beitar. Þannig megi meta á vísindalegan hátt hvort land er í framför eða ekki og stýra beit af skynsemi.

Þá er kortlagning á kolefnisfótspori íslenskrar sauðfjárræktar líka innan seilingar og nýræktun á beitarskógum í undirbúningi. Þar er horft til jákvæðar reynslu af landgræðsluátakinu Bændur græða landið sem hefur gengið afskaplega vel í aldarfjórðung. Allt þetta og fleira til hafa sauðfjárbændur lagt á samningaborðið undir grænum formerkjum og fengið jákvæð viðbrögð. Hvergi er gert ráð fyrir því í þeim samningsdrögum sem nú eru rædd að fé verði fjölgað en hins vegar stefnt að því að auka verðmæti sauðfjárafurða. Gengið er út frá því að sóknarfæri sauðfjárræktar til framtíðar felist í því að leggja af heilindum áherslu á gæði, sjálfbærni og siðlega búskaparhætti. Fyrirnefnd skýrsla KOM rennir enn styrkari stoðum undir þá nálgun,“ segir Svavar. /smh



Katrín Káradóttir og Guðný Jóhannesdóttir eru nýir framkvæmdastjórar Handverkshátíðarinnar á Hrafnagili. Samhliða handverkssýningunni verður efnt til glæsilegrar landbúnaðarsýningar þar sem fjölbreytt starf nútímabóndans verður kynnt.

Handverk og landbúnaður verður á glæsilegri sýningu við Hrafnagil

— lofa stórrí sýningu og mikilli skemmtun í byrjun ágúst

Handverkshátíðin við Hrafnagils-skóla verður haldinn í 24. sinn dagana 4.–7. ágúst næstkomandi. Á sama tíma fer fram landbúnaðarsýning þar sem söluaðilar og bændur munu taka höndum saman um að kynna helstu nýjungar í íslenskum landbúnaði. Framkvæmdastjórar sýningarinnar eru Katrín Káradóttir og Guðný Jóhannesdóttir og lofa þær stóllur að innan svæðisins muni öll fjölskyldan finna eitthvað við sitt hæfi.

Fólk úti um allt land að vinna við spennandi verkefni

Þær segja að verkefnið leggist griðarlega vel í sig enda hafi handverkssýningin þegar haslað sér völl sem einn af stærri viðburðum sumarsins. „Það er gaman að takast á við ný og ógrandi verkefni,“ segir Katrín sem sjálf rekur hönnunarverslunina Kistu í Hofi á Akureyri.

„Ég sá þetta sem frábært tækifæri til að rækta áfram þann áhuga sem ég hef á öllu íslensku handverki. Hún segir íslenska hönnuði á undanförunum árum sótt mjög í sig veðrið, gert frábæra hluti.

„Það verður gaman að fá að taka þátt í að skapa sýningarglugga þar sem hönnuðir og handverksfólk af landinu öllu koma saman. Það er nefnilega þannig að fólk úti um allt land er að fast við spennandi hluti og við hin vitum ekki einu sinni af því.“

Góður stökkpallur

Markmiðið með sýningu eins og Handverki segir Katrín einmitt vera að leiða þetta fólk saman á einn stað og líti hún á sýninguna sem frábæran stökkpall fyrir fólk sem er að byrja með eitthvað sniðugt eða vill halda áfram að markaðssetja þá vöru sem það hefur unnið að. „Það koma að meðaltali 15–20 þúsund

gestir á sýninguna á hverju ári og hvað er betri mælikvarði á eftirspurn vörunnar en sá breiði hópur gesta sem heimsækir okkur á Hrafnagil ár hvert?“ segir Katrín.

Kynna starf nútímabóndans á stórrí landbúnaðarsýningu

Að þessu sinni mun einnig verða stór landbúnaðarsýning á Hrafnagili en síðast var slík sýning samhliða Handverkinu árið 2012. „Við erum reynslunni ríkari eftir þá sýningu og stefnum að enn stærri og flottari sýningu í ár þar sem áherslan verður á nútímabóndann sem rekur sitt fyrirtæki með öllu því nýjasta og besta sem til er í vél- og hugbúnaði,“ segir Guðný.

„Bændastéttin er í örri þróun, hér í sveit er mikil endurnýjun og bændur eru duglegir að nýta sér þau tækifæri sem góð landfræðileg lega býður upp á,“ bætir hún við og vísar þar í Eyjafjarðarsveit. /MÞÞ

VERULEG

BÚBÓT

ÞÚ GRÆÐIR UM LEIÐ OG ÞÚ GRÆÐIR TÚNIN

Kynntu þér möguleika NOVA Optimizer á www.isco.is eða í síma 562 1100



Auðbrekka 25 - 27 / +354 562 1100 / isco@isco.is / www.isco.is

fánar

fyrirtækjafánar • hátíðarfánar
þjóðfánar • borðfánar • bannerar

MERKIS

UMHVERFISMERKINGAR

MENN

SKILTAGERÐ

www.merkismenn

544 2030

Starfsmaður óskast í vinnslusal

Starfslýsing og helstu verkefni.
Hlutverk starfsmanns í sal er að aðstoða við að hengja upp á króka, hreinsa og pússa málmhluti til lökkunar. Einnig þarf i að taka niður hlutina, pakka inn og ganga frá til afgreiðslu ásamt annarra tilfallandi starfa.

Menntunar- og hæfniskröfur.
Starfsmaður þarf að geta talað/skilið íslensku, vera röskur, heilsuhraustur og stundvís. Mikill kostur ef viðkomandi hefur lyftararéttindi og/eða iðnmenntun. Eldri en 25 ára er skilyrði.

Um er að ræða 100% starf. Vinnutími er 8:00-16:00.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á netfangið helga@polyhudun.is fyrir 10.febrúar 2016.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með sem trúnaðarmál.

Pólýhúðun er nútíma lökkunarfyrirtæki búið nýjustu tækni til duftlökkunar á málmhlutum. Starfsemin hefur verið í Kópavogi síðan 1998. Í hverjum mánuði eru húðaðir þúsundir fermetra af hinum ýmsu verkefnum allt frá smá skrúfum upp í bíla og traktorsgrindur. Fjölbreytni er eitt af kjörorðum okkar enda er ekkert verkefni svo smátt eða stórt að við tökum ekki á því. Starfsmenn fyrirtækisins eru 9.

Pólýhúðun

Powder coating

Smíðjuvegi 3 - 200 Kópavogur - Sími 544 5700 - www.polyhudun.is

KORNAX

- Trefjaríkt, fyrir heilsuna -



Þorbergur Hjalti Jónsson, skógræðingur á Mógilsá, greindi frá því að vöxtur sitkagrenis á Íslandi hefði orðið mun meiri en menn hefðu gert ráð fyrir í upphafi. Hann telur að Íslendingar standi nú á þröskuldi nýs upphafs í skógrækt. Myndir / Pétur Halldórsson

Ráðstefnan „Tímavélin hans Jóns“ vel sótt:

Íslendingar standa á þröskuldi nýs upphafs í skógrækt

Stór hluti fagfólks í skógrækt á Íslandi kom saman á Egilsstöðum dagana 19.–20. janúar til að fagna sjötugsafmæli Jóns Loftssonar sem lét af störfum um áramótin og halda ráðstefna honum til heiðurs.

Jafnframt hittist starfsfólk Skógræktar ríkisins og Landshlutaverkefna í skógrækt á sameiginlegum starfsmannafundi vegna væntanlegrar sameiningar í nýja stofnun, Skógræktina.

Á starfsmannafundinum ræddi nýr skógræktarstjóri, Þröstur Eysteinnsson, um þau verkefni sem fram undan væru í skógrækt á næstu árum. Breytinga væri að vænta með nýrri stofnun auk þess sem vinna yrði að því að auka skógrækt í landinu á ný. Björn Barkarson, sérfræðingur í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, sagði mikilvægt að vandað yrði til verka við sameiningarmálin og unnið markvisst enda stefnt að því að sameiningin taki gildi 1. júlí. Arnar Jónsson, ráðgjafi hjá Capacent, ræddi um sameiningarstarfið næstu vikur og mánuði og viðtækt samráð sem þar yrði viðhaft.

Síðdegis sama dag var haldinn fundur fyrir fullu húsi á Hótel Héraði þar sem var kynnt möguleg stofnun afurðamiðstöðvar viðar-afurða á Austurlandi eins og fjallað er um annars staðar hér í blaðinu.

Ráðstefnan „Tímavélin hans Jóns“

Daginn eftir fór fram ráðstefna til heiðurs Jóni Loftssyni sem lét af störfum um áramótin eftir 26 ár í embætti skógræktarstjóra en alls ríflega 40 ára starf hjá Skógrækt ríkisins. Heiti ráðstefnunnar, „Tímavélin hans Jóns“, vísar til þess þegar Jón fór með bændur um Hallormsstaðaskóg, sýndi þeim



Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, sat alla ráðstefnuna. Hér er hún ásamt Jóni Loftssyni, fyrrverandi skógræktarstjóra.

plöntur í uppeldi í gróðrarstöð, ungar og efnilegar trjáplöntur úti í skógi og loks 40–50 ára gamlan lerkiskóg í Guttormslundi til að sýna þeim fram á möguleika skógræktar á bújörðum. Ríflega 160 manns sátu ráðstefnuna í Valaskjálfi. Þetta er ein stærsta skógræktarráðstefna sem haldin hefur verið og var umtalað meðal ráðstefnugesta að fyrirlestrar hefðu verið hver öðrum betri.

Skógrækt frá stríðslokum til okkar daga

Fyrri hluti ráðstefnunnar var helgaður skógræktarstarfi í landinu síðustu 70 ár með sitkagreni í brennidepli. Helgi Sigurðsson, dýralæknir og sagnfræðingur, rakti í fyrsta fyrirlestrinum upphafsár skógræktar og sandgræðslu á Íslandi upp úr aldamótunum 1900. Þar kom greinilega fram hvílikt mótlæti fyrsti skógræktarstjórinn, hinn danski Agner Kofoed-Hansen, mátti þola á ferli

sínum, m.a. frá hendi bændaforystunnar og alþingismanna þótt hann ætti sér líka trausta fylgismenn.

Aðalsteinn Sigurgeirsson, forstöðumaður Rannsóknastöðvar skógræktar, Mógilsá, fjallaði um Hákon Bjarnason sem tók við skógræktarstjórnastöðunni 1935 og lagði grunninn að því sem síðar varð, ekki sist með því að fara vestur um haf og finna nýjar trjátegundir til skógræktar. Ein þeirra tegunda var einmitt sitkagrenið sem nú er ein fjögurra helstu nytjategunda í skógrækt hérlandis. Engin tegund myndar meiri við og bindur meira kolefni en sitkagreni.

Betri vöxtur en búist var við

Fyrstu hugmyndir Íslendinga um timburskóga voru umfjöllunarefni Þorbergs Hjálta Jónssonar, skógræðings á Mógilsá, sem minntist á þær hugmyndir Páls Jónssonar Vídalíns og Arngríms Þorkelssonar



Sitkagreniskógur í Svartagili í Haukadal.

Vídalíns frá því um aldamótin 1700 að hefja nýræktun skóga með erlendum timburtrjám. Lítið fór þó að gerast fyrr en um 200 árum síðar og framan af 20. öld var skógrækt á Íslandi einkum stunduð til að afla eldiviðar. Við lok seinni heimsstyrjaldarinnar fóru menn fyrst að huga fyrir alvöru að timburskóg-

rækt. Um 1950 var gert ráð fyrir að viðarvöxtur sitkagrenis yrði 2–3 rúmmetrar á hektara á ári en grenið óx framar vonum og mældur viðarvöxtur reyndist 5,6 rúmmetrar á ári á hverjum hektara og sums staðar mun meiri. Þorbergur Hjalti telur að Íslendingar standi nú á þröskuldi nýs upphafs í skógrækt.

Edda Sigurdís Oddsdóttir, plöntu-
vistfræðingur á Mógilsá, ræddi um
sjúkdóma og meindýr á trjám. Hún
lagði áherslu á þá hættu sem fælist í
óvarlegum innflutningi lifandi trjáa
til landsins, ekki síst innflutningi
jólratrjáa. Hætta á innflutningi skað-
legra sjúkdóma eða meindýra yrði
alltaf fyrir hendi meðan haldið yrði
áfram að flytja inn jólratré til lands-
ins. Markmiðið ætti að vera að öll
jólratré á markaðnum yrðu ræktuð
innanlands.

Hverfur hafgolan í framtíðinni?

Á síðari hluta ráðstefnunnar var
horft til framtíðar. Björn Traustason,
landfræðingur á Mógilsá, minntist
m.a. á markmiðin sem sett voru með
lögum um landshlutabundin skóg-
ræktarverkefni fyrir aldarfjórðungi
um að 5% láglendis landsins yrðu
klædd skógi. Að óbreyttu næðust
þau ekki fyrr en 2130. Yrði gróður-
setning fjórfölduð næðist markmiðið
aftur á móti árið 2055. Villt birki
breiðist hins vegar út af sjálfsdæðum
og vaxtarmörk þess hækka. Nú eru
efri vaxtarmörk birkis farin að teygja
sig inn á Sprengisand. Ef sumarhiti
hækkar um eina gráðu frá því sem
nú er getur birki vaxið á öllum
Sprengisandi.

Haraldur Ólafsson veðurfræðing-
ur ræddi um gróður og veðurfar í
fortíð, nútíð og framtíð og benti
m.a. á að ef hálendið yrði grætt upp
yrði hafgolan illræmda að mestu úr
sögunni á landinu. Skógar hefðu
líka áhrif á vindafar eins og dæmin
sanna, til dæmis úr Reykjavík.
Haraldur sýndi niðurstöður spálík-
ana sem bentu til þess að minna
myndi hlýna á Íslandi en annars
staðar í heiminum með þeim loftslags-
breytingum sem nú eru að verða
og lítilla breytinga væri að vænta á
úrkomu.

Landsáætlunar þörf

Þröstur Eysteinnsson skógræktar-
stjóri talaði um mikilvægi þess að
gerð yrði landsáætlun í skógrækt í
anda þess sem önnur Evrópulönd
hafa gert. Binda þyrfti í lög að slík
áætlun skyldi gerð og reglulega
endurskoðuð. Þá þyrfti að sjá til þess
einnig að yfir verkefnið yrði ráðinn
umsjónarmaður sem bæri ábyrgð á
að því væri sinnt.

Hrefna Jóhannesdóttir, skóg-
fræðingur og skógarbóndi á
Silfrastöðum í Skagafirði, ræddi um
vöxt lífhagkerfisins í heiminum og



Skógræktarfolk fjölmennti á ráðstefnunna á Egilsstöðum. Hér sjást meðal annarra Valgerður Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Norðurlandsskóga, Rúnar Ísleifsson, skógarvörður á Vöglum, og Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélagss Íslands.



Edda S. Oddsdóttir, plöntuvistfræðingur á Mógilsá, varaði í erindi sinu við innflutningi lifandi plantna, meðal annars jólratrjáa, sem gætu flutt með sér meindýr og plöntusjúkdóma. Stefna skyldi að því að öll jólratré yrðu framleidd innanlands og innflutningi hætt.

stækkun markaðar fyrir trjávið og
viðarafurðir. Grunnurinn að verð-
mætasköpun úr skógum í framtíðinni
væri umhirða og skipulagning skóg-
anna. Til dæmis nefndi hún að hag-
kvæmni stærðarinnar skipti miklu
máli, að skógarreitir væru nægilega
stórir eða nægilega margir á sama
svæði til að hagkvæmt væri að nytja
skógana þegar þar að kæmi.

Jón Geir Pétursson, skrifstofu-

stjóri í umhverfis- og auðlindaráðu-
neytinu, talaði einnig um skógrækt
á tímum breytinga og benti á að nú
væri meiri meðbyr með skógrækt en
verið hefði langt fram eftir síðustu
öld. Allt fram á sjöunda áratuginn
hefðu úrtöluraddir verið háværar,
sem meðal annars sæist vel á fundar-
gerðum Alþingis þegar skógrækt var
þar til umræðu. Síðan hefði þetta
tekið að breytast og menn farið að
sjá möguleikana og tækifærin sem
byggju í skógrækt.

Ísland eftirsótt til kolefnisbindingar

Þá spurði Brynhildur Bjarnadóttir,
skógvistfræðingur og lektor við
Háskólann á Akureyri, í fyrirlestri
sínun hvort Ísland yrði eftirsótt til
kolefnisbindingar með skógrækt.
Brynhildur taldi raunar að svo væri
nú þegar og benti á ýmis tækifæri
sem við blöstu. Sem dæmi hefðu
Skógrækt ríkisins og Landgræðsla
ríkisins í samstarfi við Vistorku og
Orkusetur sent ríkisstjórninni hug-
mynd að því hvernig binda mætti
drjúgan skerf af losun fiskiskipaflot-
ans með skógrækt og landgræðslu.

Loks talaði Edward Huijbens,
sérfræðingur á Rannsóknarmiðstöð
ferðamála, um samleið skógræktar
og ferðaþjónustu og lagði áherslu á
gildi skóga fyrir heilsu og upplifun
fólks. Skógræktendur ættu að líta á
sig sem gestgjafa og rækta skógana
með velliðan og upplifun gesta í
huga. Sívaxandi ferðamannastraum-
ur gerði kleift að byggja upp meiri
aðstöðu en ella væri mögulegt og af
því nytu Íslendingar sjálfir líka góðs.



Aðalfundur SUB

Boðað er til aðalfundar Samtaka ungra bænda (SUB) laugardaginn 27. febrúar næstkomandi í bændahöllinni í Reykjavík. Hefbundin aðalfundarstörf á dagskrá. Frestur til að senda inn mál á aðalfund er tveimur vikum fyrir fund.

Kosið verður um tvo meðlimi stjórnar og formann samtakanna. Það er rétt að taka fram hér að á fundinum verður rædd tillaga stjórnar þess efnis að samtökin gerist aðildarfélag Bændasamtaka Íslands.

Það er Félag ungra bænda á Vesturlandi og Vestfjörðum sem heldur árshátið samtakanna að þessu sinni, nánar auglýst síðar.

Hvetjum þá sem hafa áhuga á að mæta sem fulltrúar á fundinn að hafa samband við formann síns aðildarfélags. Allir áhugasamir meðlimir samtakanna eru velkomnir með málfrelsi og tillögurétt.

Sjáumst hress í Bændahöllinni og sláum tóninn fyrir búnaðarþing
Stjórn SUB

Bændablaðið

Næsta blað kemur út

11. febrúar



CV 38/2

Ryksuga með bursta
1150 wött
5,5 ltr. tankur

T 7/1

1200 wött
7 ltr. tankur
Gólfhaus

T 12/1

1300 wött
12 ltr. tankur
Sérlega hljóðlát
Margir fylgihlutir
Gólfhaus

T 10/1

1250 wött
10 ltr. tankur
Margir fylgihlutir
Gólfhaus

CV 48/2

Ryksuga með bursta
1200 wött
5,5 ltr. tankur

KÄRCHER®

Ryksugur

Fyrir heimilið og vinnustaðinn

Margir aukahlutir fánlegir

RAFVER KÄRCHER SÖLUMENN

Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

VERTU Á ÖRUGGUM STAÐ

LIÐLÉTTINGAR GETA SKAÐ HÆTTU

Liðléttingar hafa náð mikilli útbreiðslu meðal bænda undanfarin ár.

Tækin eru þægileg til notkunar en geta skapað hættu. Liðléttingar eru oft á tíðum notaðir í miklum þrengslum, við gjafir, þrif og ýmis smáverkefni. Sérstakrar aðgæslu er þörf þar sem börn eru í úti-húsum, þrengsli og fátt um undankomuleiðir.

Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á **bondi.is**

ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?

Niðurstöður skýrsluhaldsársins hjá mjólkurframleiðendum 2015

– 25.609,9 árskýr á 580 búum, skiluðu 5.851 kg nyt að meðaltali – afurðahæsta kýrin var Milla í Hvammi á Barðaströnd

Niðurstöður skýrsluhaldsársins í mjólkurframleiðslunni 2015 hafa verið reiknaðar og birtar á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins www.rml.is.

Hér á eftir verður farið yfir helstu tölur úr uppgjörinu. Þeir framleiðendur sem skiluðu upplýsingum um afurðir kúa sinna á nýliðnu ári voru 580 en á árinu 2014 voru þeir 579. Niðurstöðurnar eru þær helstar að 25.609,9 árskýr skiluðu 5.851 kg nyt að meðaltali. Það er hækkun um 130 kg frá árinu 2014 en þá skiluðu 23.861 árskýr meðalnyt upp á 5.721 kg. Mestar meðalafurðir 2015 voru í Austur-Skaftafellssýslu 6.138 kg eftir árskú. Árið 2014 voru meðalafurðirnar einnig mestar þar, 6.302 kg eftir árskú. Meðalbústærð reiknaðist 44,0 árskýr á árinu 2015 en sambærileg tala var 41,2 árið á undan. Meðalbústærð reiknuð í skýrslufærðum kúm var nú 56,8 kýr en 2014 reiknuðust þær 54,2.

Mestar meðalafurðir voru í Austur-Skaftafellssýslu

Þegar litið er á niðurstöður eftir svæðum kemur í ljós að í Austur-

Skaftafellssýslu eru meðalafurðir mestar, 6.138 kg eftir árskú. Næst á eftir eru Árnesingar en meðalárskýrin þar í sýslunni skilaði 6.098 kg, en í þriðja sæti, fast þar á eftir fylgja Skagfirðingar en hjá þeim eru afurðirnar 6.093 kg á árskú. Stærst voru búin í Eyjafirði, 54,5 árskýr en minnst í Suður-Þingeyjarsýslu 28,0 árskýr.

Mestar afurðir á einstökum búum árið 2015 voru á Gautsstöðum

Mest meðalnyt eftir árskú á nýliðnu ári, 2015, var á búi Péturs Friðrikssonar á Gautsstöðum á Svalbarðsströnd, 8.308 kg á árskú. Þetta bú var fjórða afurðahæsta búið á árinu 2014. Annað búið í röðinni árið 2015 var bú Pálma Ragnarssonar í Garðakoti í Hjaltadal en þar var nytin 7.994 kg eftir árskú. Þriðja í röðinni við uppgjörið nú var bú Stóru-Tjarna ehf. á Stóru-Tjörnum í Ljósavatnsskarði, S-Þing. en þar var nytin 7.860 kg eftir árskú. Fjórða í röðinni að þessu sinni var Félagsbúið í Engihlíð í Vopnafirði þar sem árskýrin skilaði



Pétur Friðriksson á Gautsstöðum á Svalbarðsströnd í Eyjafirði var með afurðahæsta kúabúið á árinu 2015. Mynd /MÍÞÞ

Bú með mestu afurðir 2015

Bú - árslok 2015	Skýrsluhaldarar	Fjöldi árskúa	Afurðir kg/árskú
660104 Gautsstaðir	Pétur Friðriksson	81,3	8.308
570925 Garðakot	Pálmi Ragnarsson	67,2	7.994
660519 Stóru-Tjarnir	Stóru-Tjarnir ehf	51,6	7.860
750212 Engihlíð	Félagsbúið Engihlíð	55,7	7.834
560112 Brúastaðir	Brúsi ehf	51,2	7.816
380127 Lyngbrekka	Sigurður og Bára Lyngbrekku	46,1	7.757
870840 Reykjahlíð	Sveinn Ingvarsson	75,4	7.680
870805 Efri-Brúnavellir 2	Félagsbúið	18,5	7.677
870934 Gunnbjarnarholt	Arnar Bjarni og Berglind	128,7	7.611
350513 Hvanneyri	Hvanneyrabúið ehf.	68,0	7.593

Afurðahæstu kýrnar 2015

Kýr	Faðir	Ársafurðir kg	Prótein	Fita	Bú
0317 Milla	97033 Hersir	12.511	3,22	3,54	460128 Hvammur
1229 Urður	00010 Laski	12.489	2,87	3,11	350513 Hvanneyri
0738 Emma	09021 Bolti	12.477	3,61	4,25	570720 Keldudalur
1237	02048 Ás	12.457	3,48	3,54	861138 Bjóla 2
825	607	12.114	3,24	4,15	860295 Stóra-Mörk 3
0816 Gefjun	10011 Strákur	12.089	3,16	3,65	870934 Gunnbjarnarholt
0306 Ausa	97032 Þverteinn	12.022	3,38	3,73	570925 Garðakot
0624 Aþena	02039 Aðall	11.955	3,47	4,41	360592 Laxárholt 2
0501 Ljóna	07022 Framherji	11.912	3,47	4,15	870402 Smjörðalir
1345101-1044 Hulda	02012 Skurður	11.838	3,37	3,94	570713 Hamar
0489 Gullbrá	05037 Sússi	11.824	3,25	4,04	650231 Hóll
0932 Hyrna	07058 Blámi	11.812	3,15	3,98	660102 Efri-Dálksstaðir
0548 Kokka	03007 Gyllir	11.780	3,27	4,03	870803 Reykir
0653 Vök	09004 Silfri	11.748	3,52	4,06	570656 Kúskerpi
1074 Fiðla		11.736	3,37	4,25	570210 Gil
0674 Hrukka	02003 Lykill	11.730	3,33	3,65	870620 Litla-Ármót
0646 Ljómálin	0557 Boli	11.649	3,17	3,80	650926 Moldhaugar
0638 Búbót	03014 Hegri	11.628	3,09	4,43	871058 Hrepphólar
783	02016 Ófeigur	11.575	3,48	4,13	651005 Espihóll
1528291-0420 Nögl	07011 Bólstri	11.561	3,29	3,63	650618 Litli-Dunhagi 1
0614 Rauðsíða	02016 Ófeigur	11.526	3,24	3,86	570925 Garðakot
0693 Elding	04021 Rauður	11.498	3,30	3,84	871058 Hrepphólar
0464 Orka	06040 Reykur	11.477	3,35	4,25	570627 Flugumýri
0424 Ekra	08003 Laufás	11.437	3,46	4,00	660519 Stóru-Tjarnir
0520 Sædís		11.395	3,37	3,62	570925 Garðakot
582	03014 Hegri	11.388	3,13	3,46	380127 Lyngbrekka
0400 Blökk	01028 Spotti	11.360	3,20	3,94	660519 Stóru-Tjarnir
1089 Lukkuleg	0939 Halason	11.328	3,43	3,72	660104 Gautsstaðir
0735 Hilla	0652 Hliðarsson	11.284	3,29	4,03	651020 Merkigil
1570	07050 Humall	11.269	3,35	4,25	750595 Ketilsstaðir
0461 Taska		11.258	3,15	3,84	871275 Bøðmósstaðir 2
0394 Lukka	0501 Frosti	11.231	3,28	3,86	650719 Langahlíð
656		11.215	3,14	4,47	860107 Skarðshlíð 1
1348671-0131 Króna	1349391-0198	11.163	2,91	3,56	350802 Ásgarður
0387 Treyja	97032 Þverteinn	11.163	2,89	3,39	871058 Hrepphólar
554	08029 Flekkur	11.122	3,18	3,62	380127 Lyngbrekka
698	00010 Laski	11.064	3,77	4,39	651005 Espihóll
1355 Önd	07047 Lögur	11.060	3,18	3,94	350513 Hvanneyri
718	08003 Laufás	11.059	3,43	3,77	761040 Innri-Kleif
0988 Linda	767	11.050	3,37	3,95	570210 Gil
0896 Prúð	98052 Þrasi	11.040	3,25	3,63	660104 Gautsstaðir
0580 Fjóla	02029 Flói	11.031	3,21	4,01	861014 Berustaðir 2
0338 Ýma	07014 Sandur	11.028	3,31	3,52	650618 Litli-Dunhagi 1
0224 Viktoría Rós	98027 Fontur	11.024	3,40	3,49	650618 Litli-Dunhagi 1
0435 Álma	02048 Ás	11.006	3,30	4,07	660519 Stóru-Tjarnir

7.834 kg að jafnaði. Fimmta búið var bú Brúsa ehf. á Brúsastöðum í Vatnsdal þar sem meðalafurðirnar voru 7.816 eftir hverja árskú. Næsta bú, nr. 6 á listanum var bú Sigurðar og Báru í Lyngbrekku á Fellsströnd, en þar var meðalnytin 7.757 kg. Sjöunda var bú Sveins Ingvarssonar í Reykjahlíð á Skeiðum en þar skilaði meðalárskýrin 7.680 kg á síðasta ári. Áttunda í röðinni var Félagsbúið á Efri-Brúnavöllum 2 á Skeiðum þar sem árskýrin mjólkaði að

meðaltali 7.677 kg. Hið níunda á listanum var bú Arnars Bjarna og Berglindar í Gunnbjarnarholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi en þar voru meðalafurðirnar 7.611 kg eftir árskú. Tíunda búið í röðinni að þessu sinni var bú Hvanneyrabúsins ehf. á Hvanneyri í Borgarfirði þar sem hver árskýr skilaði 7.593 kg á nýliðnu ári.

Meirihluti þeirra búa, sem hér hafa verið talin, fannst á hliðstæðum lista fyrir ári síðan og þau þeirra sem ekki voru í 10 efstu sætunum

þá mátti finna á fyrstu síðu listans yfir afurðahæstu búin árið 2014, þannig að hér eru þeim sem til þekkja öll nöfn kunnugleg. Á 51 búi reiknaðist meðalnyt árskúa yfir 7.000 kg árið 2015, en á 31 búi árið 2014.

Milla 317 í Hvammi á Barðaströnd mjólkaði mest

Nythæsta kýrin á skýrsluhaldsbúunum árið 2015 var Milla 317 í Hvammi á Barðaströnd, undan

Ársuppgjör afurðaskýrslna nautgriparæktarinnar 2015

Uppgjörssvæði	Árskýr	Afurðir á árskú	Fita %	Prótein %	Heilsárskýr	Kýr á skýrslu	Í skýrsluhaldi í des. 2015	Skiluðu skýrslum í des. 2015	Skiluðu skýrslum 2015	Skrá kjarnfóður	Kjarnf. á árskú kg	Meðalbústærð (árskýr)	Meðalbústærð (skýrslu-f. kýr)
Kjalarnesþing	301,3	5.091	4,08	3,24	217	378	7	7	7	2	1.401	43,0	54,0
Borgarfjörður	2.089,8	5.585	4,14	3,31	1.487	2.655	49	48	50	29	731	41,8	53,1
Snæfellsnes	708,1	6.038	4,31	3,29	508	924	21	21	21	10	907	33,7	44,0
Dalasysla	363,8	5.235	4,15	3,32	255	495	10	9	10	5	979	36,4	49,5
Vestfirðir	671,6	5.467	4,06	3,31	460	818	17	17	18	11	988	37,3	45,4
Húnavatnssýslur og Strandir	1.459,0	5.762	4,12	3,33	1046	1917	45	45	46	29	904	31,7	41,7
Skagafjörður	2.485,6	6.093	4,22	3,40	1.809	3.209	50	49	50	32	977	49,7	64,2
Eyjafjörður	4.957,1	5.923	4,26	3,41	3.556	6.344	90	89	91	46	696	54,5	69,7
Suður-Þingeyjarsýsla	1.511,8	5.655	4,23	3,43	1075	1.913	52	52	54	26	672	28,0	35,4
Austurland	1.020,4	5.848	4,26	3,40	727	1.304	23	23	23	15	911	44,4	56,7
Austur-Skaftafellssýsla	455,2	6.138	4,17	3,40	269	644	10	10	10	5	905	45,5	64,4
Vestur-Skaftafellssýsla	799,9	5.151	4,20	3,35	539	1065	26	26	28	11	545	28,6	38,0
Rangárvallasýsla	3.591,0	5.779	4,23	3,37	2.640	4.699	72	72	74	22	717	48,5	63,5
Árnessýsla	5.195,5	6.098	4,14	3,36	3.718	6.683	100	100	100	47	923	52,0	66,8
Samtals	25.609,9	5.851	4,20	3,37	18.306	33.048	572	568	582	290	818	44,0	56,8

Mestar afurðir innan hvers svæðis 2015				
Uppgjörssvæði	Bú - árslok 2015	Skýrsluhaldarar	Fjöldi árskúa	Afurðir kg/árskú
Kjalarnesþing	260111 Miðdalur	Guðmundur og Svanborg, Miðdal	25,4	6.835
Borgarfjörður	350513 Hvanneyri	Hvanneyrarbúið ehf.	68,0	7.593
Snæfellsnes	370179 Hraunháls	Guðlaug og Eyberg	27,4	7.180
Dalasýsla	380127 Lyngbrekka	Sigurður og Bára Lyngbrekku	46,1	7.757
Vestfirðir	460128 Hvammur	Ólöf María Samúelsdóttir	49,4	7.334
Húnavatnssýslur og Strandir	560112 Brúsastaðir	Brúsi ehf	51,2	7.816
Skagafjörður	570925 Garðakot	Pálmi Ragnarsson	67,2	7.994
Eyjafjörður	660104 Gautsstaðir	Pétur Friðriksson	81,3	8.308
Suður-Þingeyjarsýsla	660519 Stóru-Tjarnir	Stóru-Tjarnir ehf	51,6	7.860
Austurland	750212 Engihlíð	Félagsbúið Engihlíð	55,7	7.834
Austur-Skaftafellssýsla	770116 Seljavellir	Eiríkur Egilsson	64,5	7.120
Vestur-Skaftafellssýsla	850388 Fagurhlíð	Félagsbúið Fagurhlíð	34,8	7.042
Rangárvallasýsla	860530 Kirkjulækur 2	Eggert, Jóna, Páll og Kristín	56,9	7.460
Árnessýsla	870840 Reykjahlíð	Sveinn Ingvarsson	75,4	7.680

Hersi 97033, en hún mjólkaði 12.511 kg með 3,54% fitu og 3,22% prótein. Burðartími Millu féll að þessu sinni ágælega að almannasárinu en hún bar sínum sjötta kálfi 11. nóvember 2014. Millu er mikil mjólkurkýr, fór hæst í 47,3 kg dagsnyt á liðnu ári og skráðar æviafurðir hennar voru 54.976 kg um síðustu áramót en sinn fyrsta kálf átti hún 27. janúar 2008, þá 29 mán. að aldri. Önnur í röðinni árið 2015 var Urður 1229 á Hvanneyri í Andakíl, undan Laska 00010, en hún mjólkaði 12.489 kg með 3,11% fitu og 2,87% prótein. Þriðja nythæsta kýrin var Emma 738 í Keldudal í Hegranesi, undan Bolta 09021, en nyt hennar á árinu var 12.477 kg með 4,25% fitu og 3,61% prótein. Fjórtða nythæsta kýrin var kýr nr. 1237 í Bjólu í Rangárþingi ytra, dóttir Áss 02048, en hún mjólkaði 12.457 kg með 3,54% fitu og 3,48% prótein. Fimmta í röðinni var kýr nr. 825 í Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum, dóttir 607 (undan Laska 00010), en hún skilaði 12.114 kg á árinu með 4,15% fitu og 3,24% prótein. Alls skiluðu 45 kýr afurðum yfir 11.000 kg og þar af sjö yfir 12.000



Gróa Margrét Lárusdóttir og Sigurður Ólafsson, bændur á Brúsastöðum í Vatnsdal, eru áfram með eitt af afurðahæstu kúabúum á landinu og það hæsta á svæðinu Húnavatnssýslur og Strandir. Þau voru með afurðamesta búið á öllu landinu 2014.

Mynd / HKR.

kg. Árið 2014 náðu 22 kýr nyt yfir 11.000 kg. Miðað við heygæði veturinn 2014-2015 er þetta ágætur árangur. Fleiri niðurstöður úr skýrsluhaldinu verða birtar á vef RML og

í Bændablaðinu á næstunni. Mjólkurframleiðendum óskum við til hamingju með þennan ágæta árangur og þökkum samstarfið á liðnu ári.

Styrkir 2016

Fiskræktarsjóður starfar á grundvelli laga nr. 72/2008. Meginhlutverk sjóðsins er að veita lán og styrki til verkefna sem þjóna þeim markmiðum að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu, styðja við rannsóknir í ám og vötnum og auka verðmæti veiði úr þeim. Umsóknarfrestur um lán og styrki úr Fiskræktarsjóði, sem koma til greiðslu árið 2016, er til og með 29. febrúar 2016.

Þeir sem fengið hafa styrk úr sjóðnum og sækja aftur um vegna sama verkefnis, skulu skila inn framvindu-skýrslu með nýrri umsókn.

Umsóknareyðublöð vegna styrkveitinga úr Fiskræktarsjóði má nálgast á <http://www.fiskistofa.is> undir lax- og silungsveiði. Þar má einnig nálgast verklagsreglur sjóðsins. Einnig er hægt að hafa samband við Karítas Jónsdóttur, starfsmann Fiskistofu, í síma 569 7900. Umsóknum um styrki eða lán úr sjóðnum skal skila til formanns Fiskræktarsjóðs á eftirfarandi heimilisfang:

Fiskræktarsjóður
Ólafur Halldórsson formaður
Dalshrauni 1b
220 Hafnarfjörður.

Jörð óskast

Jörð sem hentar fyrir ferðapjónustu á Vesturlandi eða á Vestfjörðum óskast. Uppl. sendist í pósthólf 9003, Íslandspóstur hf. Þönglabakka 4.

Búvís lækkar áburðarverð um 15 til 19% á milli ára

Skiptir kostnaður upp á tugi þúsunda þig máli?

VERÐSKRÁ ÁBURÐARTEGUNDA 2016

	Áburðartegund	Greitt í febrúar-mars-apríl kr.tonn án vsk.	Greitt í maí, kr/tonn án vsk.	Greitt í október kr/tonn án vsk.
1	Kraftur 27+Ca+Mg+S	56.810 kr.	58.240 kr.	61.360 kr.
2	Kraftur 34+Se	57.660 kr.	59.110 kr.	62.280 kr.
3	Völlur 23-5+Ca+Mg+S+Se	61.550 kr.	63.090 kr.	66.480 kr.
4	Völlur 26-8+Ca+S+Se	61.630 kr.	63.180 kr.	66.570 kr.
5	Völlur 27-12 +S	63.950 kr.	65.550 kr.	69.070 kr.
6	Völlur 30-5+S+Se	59.850 kr.	61.350 kr.	64.640 kr.
7	MAP 12-52 (25 kg)	2.390 kr.	2.450 kr.	2.580 kr.
8	Gardenia 8-9-30+S (25 kg)	2.640 kr.	2.710 kr.	2.850 kr.
9	Völlur 17-15-15+S	69.830 kr.	71.580 kr.	75.420 kr.
10	Völlur 20-9-9+Ca+S+Se	65.880 kr.	67.530 kr.	71.160 kr.
11	Völlur 20-10-10+S	65.760 kr.	67.410 kr.	71.030 kr.
12	Völlur 22-8-8+Mg+S+Se	65.960 kr.	67.610 kr.	71.240 kr.
13	Völlur 23-4-4+Ca+Mg+S+Se	61.360 kr.	62.900 kr.	66.270 kr.
14	Völlur 23-7-12+S+Se	67.980 kr.	69.680 kr.	73.420 kr.
15	Völlur 27-6-6+S	59.940 kr.	61.440 kr.	64.740 kr.
16	Kornað kalk (1100 kg)	29.900 kr.	30.650 kr.	32.300 kr.

Verðin gilda meðan birgðir endast. Verð getur breyst án fyrirvara.

Sölumenn Búvís, Grímseyjargötu 1, 600 Akureyri:

Valgeir Anton Þórisson
Sími 465-1332 eða 862-4003 - Netfang: vanton@buvís.is
Einar Guðmundsson
Sími 465-1332 eða 660-1648 - Netfang: ainar@buvís.is
Gunnar Guðmundarson
Sími 899-9193 - Netfang: gunnar@buvís.is
Ragnar Ólafsson
Sími 465-1332 eða 863-1401 - Netfang: ragnar@buvís.is

Sölumenn á áburði á einstaka sölusvæðum eru:

Austurland: Baldur Grétarsson Sími 861 1961
Landeyjar: Guðni Ragnarsson Sími 898 6124
Suðurland: Guðbjörg Jónsdóttir Sími 693 6864
Flúðir: Jón Viðar Finnsson Sími 898 1468
A.-Húnavatnssýsla: Rúnar Örn Guðmundsson Sími 695 3363



Akureyri · Sími 465 1332
www.buvís.is



Gamli traktorinn



Latil – með drif á öllum

Framleiðsla Latil dráttarvéla hófst í Frakklandi árið 1914 og þrátt fyrir að þeir hafi aldrei slegið nein sölumet voru þeir framleiddir fram á fimmta tug síðustu aldar.

Upphaf framleiðslu Latil má rekja aftur til ársins 1897 þegar Fransmaðurinn Auguste Joseph Frederic Georges Latil fékk einkaleyfi á samsettum stýrisbúnaði sem gerði framhjóladrifin ökutæki möguleg. Ári seinna smíðaði A. J. F. G. L. fær-anlegan mótór sem tengja mátti við drifskaf og knýja margar ólíkar gerðir véla og leysti hesta af hólmi. Því næst sneri Latil sér að framleiðslu fjórhjóladrifinna flutningabíla sem hægt var að stýra á öllum hjólum.



Nýja hönnunin naut talsverðrar velgengni og þótti henta vel til vegavinnu og í landbúnaði.

Einn af kostum traktorsbilsins var að dekkinn á honum voru fyllt með lofti og því ekki eins hastur og farartæki á heilum gúmmí-dekkjum. Tourand-Latin fyrirtækið var reyndar leiðandi á sínum tíma í hönnun og framleiðslu á loftfylltum dekkjum fyrir dráttarvélar.

Auk þess að vera framleiddar í Frakklandi voru Latil dráttarvélar framleiddar á Bretlandseyjum af fyrirtæki sem hét Shelvoke og Drewry og Latin Industrial Vehicles í London. Auk þess sem Latil traktorinn var einnig framleiddur í Belgíu á þriðja áratug síðustu aldar.



Bretti og lyftubúnaður

Árið 1914 hannaði Latil og smíðaði fyrsta traktorinn undir sínu nafni. Dráttarvélin var 20 hestöfl og þótti öðruvísi meðal annars fyrir þær sakir að yfir afturdekkjunum var bretti og að á vélinni var lyftubúnaður sem auðveldaði tengingu búnaðar eins og plógs við traktorinn.

Vinsældir Latil dráttarvéla voru mestar á árunum fyrir og eftir heimsstyrjöldina fyrri. Árið 1914 sameinaðist Latil fyrirtæki sem hér Tourand og nafninu var breytt í Tourand-Latin. Sameinaða



Renault kaupir framleiðsluréttinn

Þýski vélaframleiðandinn MAN yfirtók rekstur Tourand-Latin eftir lok heimsstyrjaldarinnar seinni og hóf framleiðslu á Latil H14 TI árið 1950 sem var með díselmótór.

Fimm árum seinna keypti Renault framleiðsluréttinn á Latil en seldi hann fljótlega aftur til fyrirtækis Saviem sem sérhæfði sig í framleiðslu á vélum fyrir skógar-

fyrirtækið hóf fljótlega framleiðslu á farartæki sem sameinaði afl dráttarvéla og gat um leið verið vörubíll og líktist reyndar meira vörubíll en hefðbundnum traktor.

Franski herinn notaðist einnig talsvert við þessi farartæki í fyrri heimsstyrjöldinni.

Loftfyllt dekk

JTL týpan var flaggskip vél-flota Latil á þriðja áratug 20. aldarinnar, öflugur og fjórhjóladrifinn vinnubjarkur sem gekk fyrir bensíni og sex gírur sem gengu jafnhvort á báðar áttir.



iðnaðinn. Savien missti fljótlega áhugann á framleiðslu Latil dráttarvéla og var henni hætt skömmu fyrir 1960. Savien var svo tekið yfir af Brimont árið 1974. /VH

Utan úr heimi

Nýjustu tölur Eurostat um stöðuna á vinnumarkaði:

Efnahagskerfi ESB-ríkjanna gengur illa að komast niður fyrir 9% atvinnuleysi

– svipuð staða nú og fyrir 15 árum og öll árin hefur atvinnuleysi verið mikið

Samkvæmt hagstofutölum Evrópusambandsins sem haldið er utan um af stofnuninni Eurostat, ganga ríflega 22 milljónir manna um án vinnu í Evrópusambandsríkjunum 28.

Þar af eru rúmlega 16,9 milljónir atvinnulausar í þeim 19 ríkjum sem hafa innleitt evruna sem gjaldmiðil. Staðan hefur verið slæm í 15 ár og er nú í svipuðu horfi og árið 2000.

Útilokað er að kenna efnahagskreppunni og hruni bankakerfisins 2008 eingöngu um stöðuna í ESB-ríkjunum. Þegar málið er skoðað nánar virðist atvinnuleysið eiga sér mun dýpri og kerfislegar ástæður.

Það sem af er öldinni hefur atvinnuleysi innan ESB-ríkjanna verið mjög hátt og var t.d. 9,2% árið 2000 og er enn nánast það sama. Samlegðaráhrif af samruna ríkja inn í ESB hafa því alls ekki dugað til að laga stöðuna á vinnumarkaðnum í Evrópu. Þar á bæ hafa menn nú miklar áhyggjur af félagslegum og efnahagslegum áhrifum langtíma atvinnuleysis.


Atvinnuleysið náði hámarki 2013

Ástandið hefur verið nokkuð rokkandi samkvæmt tölum Eurostat og náði sinni verstu stöðu árið 2013 þegar atvinnuleysið í ESB-ríkjunum var að meðaltali um 11%. Í nóvember 2015 var atvinnuleysið í ESB-ríkjunum 28 áætlað 9,1% miðað við 10,5% í sama mánuði 2014. Þá var atvinnuleysið 10,5% í evruríkjunum 19 á móti 11,5% á sama tíma árið áður.

Afleit staða í samanburði við Bandaríkin og Japan

Til samanburðar mældist atvinnuleysið í Bandaríkjunum árið 2000 um 4% og um 5% í nóvember 2015. Það hafði þá lækkað um 0,8 prósentustig á milli ára. Virðist þetta endurspeglar nokkuð stöðu misjöfnu gjaldmiðlanna evru og dollars. Verulegur munur er á þessum efnahagsblokkum hvað atvinnuleysi hefur minnkað jafnt og þétt í Bandaríkjunum undanfarin fjögur ár. Efnahagskreppan hafði greinilega mun meiri hlutfallsleg áhrif á vinnumarkaðinn í Bandaríkjunum en í Evrópu. Atvinnuleysið var þó orðið svipað á báðum stöðum í ársbyrjun 2009, en frá 2010 hefur það lækkað ört í Bandaríkjunum og mun hraðar en í ESB.

Japan hefur verið í alvarlegri efnahagslægd í nær tvo áratugi. Þar sprakk verðbréfabólan árið 1991. Mistök í efnahagsstjórnun í kjölfarið ollu því að Japanir lokuðust inni í skuldaklafa. Samt hefur atvinnuleysið þar verið mun minna en í ESB-ríkjunum 28. Var atvinnuleysið um 5,4% í Japan á þriðja ársfjórðungi 2009 og var komið í 3,5% á fjórða ársfjórðungi 2014. Eitthvað



Ríflega 22 milljónir voru atvinnulausar í Evrópusambandinu í nóvember 2015, eða 9,1%.



virðist japanska þjóðin vera að gera rétt þrátt fyrir baráttu við gríðarlegan skuldavanda frá fyrri árum.

Staðan verst í Grikklandi og á Spáni

Af ESB-löndunum 28 er ástandið langverst í Grikklandi þar sem atvinnuleysið mældist 24% og 21% á Spáni. Staðan á Spáni hefur þó aðeins skánað, því þar mældist atvinnuleysið í nóvember 2014 um 23,7%.

Hrikaleg staða ungmenna undir 25 ára aldri

Staða ungmenna undir 25 ára aldri er enn mjög alvarleg víða í ESB-ríkjunum. Þótt heldur hafi dregið úr atvinnuleysi þessa hóps er það samt 20% að meðaltali í ESB-löndunum 28 og 22,5% í evrulöndunum.

Í nóvember 2015 voru nærri 4,6 milljónir ungmenna í ESB-löndunum án atvinnu. Af þeim voru nær 3,2 milljónir atvinnulausar í evrulöndunum.

Nær 50% ungmenna í Grikklandi atvinnulaus

Minnst atvinnuleysi ungmenna mældist í nóvember síðastliðnum í Þýskalandi, eða 7%, og 9,9% í Danmörku. Mest atvinnuleysi ungmenna mældist þá 49,5% í Grikklandi, 47,5% á Spáni, 45,1% í Króatíu og 38,1% á Ítalíu.

Allt frá árinu 2000 hefur staðan á vinnumarkaði í Evrópusambandsríkjunum ekki verið glæsileg. Það ár voru 20 milljónir þegna í ESB atvinnulausar, eða 9,2% af vinnufæru fólki. Var atvinnuleysið nokkuð rokkandi

næstu árin en í lok árs 2004 var það þó enn 9,2%. Hjól atvinnulífsins tóku nokkurn snúnig í byrjun árs 2005 og minnkaði atvinnuleysið þá talsvert og fór minnst í 6,8% í byrjun árs 2008. Síðan tók það að aukast mjög hratt að nýju. Var það komið í 9,7% um mitt ár 2010 og var þá það mesta sem mælt hafði frá aldamótum.

Atvinnuleysið hélt síðan áfram að aukast jafnt og þétt fram á fyrsta ársfjórðung 2013 þegar það mældist 10,9%. Þá voru 26,4 milljónir manna ráfandi um í Evrópusambandinu án atvinnu. Aðeins fór síðan að draga úr atvinnuleysinu sem komið var í 9,9% í árslok 2014 og í 9,1% í nóvember 2015.

Atvinnuleysi ungmenna fór lægst í 15,2% árið 2007

Samkvæmt úttekt Eurostat hefur atvinnuleysi ungmenna alltaf verið mun meira, jafnvel yfir tvöfalt meira en hjá þeim sem voru 25 ára eða eldri. Minnst var það á árunum 2005 til 2007 þegar það fór niður í 15,2%. Ekki er hægt að skella skuldinni á stöðunni frá 2000 á efnahagshrunið þótt atvinnustaða ungmenna hafi tekið mikla dýfu 2008. Það jókst hratt eftir hrun og komst mest í 23,8% að meðaltali í ESB-löndunum 28 í byrjun árs 2013. Í lok árs 2014 var það svo komið niður í 21,4% sem er samt hrikaleg staða.


Tekið er fram í úttekt Eurostat að langtímaatvinnuleysi valdi þeim sem móta stefnuna innan ESB miklum áhyggjum. Fyrir utan efnahagslegu áhrif hafi þetta neikvæð langtímaáhrif félagslega, sem komi til með að hindra efnahagsvöxt í framtíðinni.

Munur á atvinnuleysi kynjanna að jafnast út

Allt frá aldamótum hefur atvinnuleysi kvenna oftast mælt talsvert meira en karla eða sem nemur um 1,5 prósentustigum. Dregið hefur saman í hlutfallslegu atvinnuleysi kvenna og karla á allra síðustu árum og var munurinn kominn niður í 0,3% í árslok 2014.

Mikill órói er nú í löndum ESB vegna stríðs straums flóttamanna frá Mið-Austurlöndum og Afríku. Hvaða áhrif það hefur á hlutfallslegt atvinnuleysi skal ósagt látið, enda tekur Eurostat ekki afstöðu til þess í sínum tölum.

Til fróðleiks má geta þess að frá 2011 hefur atvinnuleysi á evrulausu Íslandi fallið úr 7,8% í 3,5%, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands og ASÍ. Íslensk stjórnvöld, með sína „vonlausu“ krónu að marga mati, hafa því af einhverjum ástæðum verið að ná mun betri árangri en kerfiskörlunum sem sitja við stjórnina í Brussel. /HKR.



Atvinnuleysi á Íslandi hefur minnkað hröðum skrefum samkvæmt tölum Hagstofu Íslands.

24

Sinnir
draumastarfi
í sveltinni og
hugsar um börn
og kindur



28

Framtíð
skógræktar



32

Bygg, bjór
og viski



Bændablaðið

1. tölublað 2016 • Fimmtudagur 14. janúar • Blað nr. 458 • 22. árg. • Upplag 32.000

BÆNDABLAÐIÐ ER MEST LESNA BLAÐIÐ Á LANDSBYGGÐINNI




BÆNDABLAÐIÐ MÆLIST
MEÐ **45%** LESTUR Á
LANDSBYGGÐINNI OG
22% LESTUR Á HÖFUÐ-
BORGARSVÆÐINU.
30% LANDSMANNA
LESA BÆNDABLAÐIÐ.

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFID ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

HVAR AUGLÝSIR ÞÚ?

LESTUR PRENTMIÐLA Á LANDSBYGGÐINNI



HEIMILD: PRENTMIÐLAKÖNNUN GALLUP. KÖNNUNARTÍMI OKT.-DES. 2015

Bændablaðið

Bændahöllinni við Hagatorg

Sími 563 0300 / Netfang bbl@bondi.is / bbl.is

Helstu nytjaplöntur heimsins



Sólblómaakur í fullum blóma.

Sólblóm – fullkomið gullinsnið

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Indíánar Norður-Ameríku voru fyrstir til að rækta sólblóm til matar, Spánverjar fluttu þau til Evrópu og ræktuðu sem skrautjurtir. Pétur mikli Rússlandskeisari féll kylliflatur fyrir plöntunni og setti í framkvæmd umfangsmestu ræktunaráætlun síns tíma til að rækta sólblóm. Eitt af dýrustu málverkum sögunnar er af sólblómi.

Sólblóm eru í fimmta sæti, á eftir soja, repju, bómull og jarðnnetum, þeirra plantna sem ræktaðar eru til framleiðslu á matarolíu.

Áætluð heimsframleiðsla á sólblómafræjum ræktunarárið 2014 til 2015 var um 44,5 milljón tonn og ætlað flatarmál ræktunarinnar var rúmir 25 milljón hektarar. Spár gera ráð fyrir því að ræktunin eigi eftir að stórkast á næstu áratugum til að mæta aukinni eftirspurn eftir sólblómaolíu.

Úkraína framleiðir 11 milljón tonn af sólblómafræjum á ári, Rússland, 10,5, Argentína 3,1, Kína 2,4, Rúmenía 2,2, Búlgaría 1,9, Tyrkland 1,5 og Ungverjaland, Tansanía og Frakkland rúm 1,5 milljón tonn.

Landnotkunin undir sólblómafræjaræktun er mest í Rússlandi, tæpir 6,8 milljón hektarar, og Úkraínu, rúmir 5 milljón hektarar. Ísrael, sem framleiðir ekki nema rétt rúm 12 þúsund kíló á ári, er aftur á móti með bestu meðaluppskeruna á hektara.

Ur fræjunum er aðallega unnin sólblómaolíu og var heimsframleiðsla á henni rúm 15 milljón tonn árið 2014 og er því spáð að eftirspurnin verði komin í 60 milljón tonn um miðja þessa öld. Hismið er mest notað sem dýrafóður.

Úkraína framleiddi allra þjóða mest af sólblómaolíu árið 2014, um 4,3 milljón tonn, Rússland, 3,6, lönd Evrópusambandsins 3,1, Argentína rúm ein milljón, Tyrkland 811 þúsund tonn, Kína 455 þúsund



Van Gogh var þjakaður af þunglyndi og vistaður á geðveikrahæli um tíma og segir sagan að þar hafi hann málað mynd af sólblómi í vasa.

tonn, Suður-Afrika 356 þúsund tonn, Pakistan tæpi 300 þúsund og Bandaríkin 174 þúsund tonn.

Úkraína er sú þjóð í heiminum sem flytur út mest af sólblómaolíu og koma tæpi 60% af allri sólblómaolíu á markað þáðan. Árið 2008 bannaði Evrópusambandið innflutning á sólblómaolíu frá Úkraínu vegna heilbrigðissjónarmiða þar sem kom í ljós að olían var blönduð jarðefna- og vélaolíu. Bannið var ekki afnumið að fullu fyrr en árið 2014.


Indland er það land sem flytur inn mest af sólblómaolíu, 1,5 milljón tonn, lönd Evrópusambandsins samanlagt flytja inn 850 þúsund

tonn, Egyptaland 800 þúsund tonn, Tyrkland 750 þúsund og Kína um 400 þúsund tonn.

Grasafræði og ræktun

Innan ættkvíslarinnar Heliantus eru um 70 tegundir sem allar, utan þrjár, eru upprunnar í Norður-Ameríku, undantekningarnar koma frá Suður-Ameríku. Margar tegundir Heliantus eru ræktaðar sem skrautjurtir og ein auk sólblóma til matar, *H. tuberosum* sem þekktust er sem rótarávöxturinn ætíðistill.

Sólblóm, eða sólfíflar eins og blómið er stundum kallað á íslensku, *Helianthus annuus*, eru einærar og



Sé horft á blómin ofan frá sést að þau raðast í spirallagað form með $137,5^\circ$ halla út frá miðju krónunnar sem kallast gullinsnið Fibonacci.

hraðvaxta plöntur, einn til fjórir metrar hæð. Til er lýsing á rúmlega sjö metra háu sólblómi á Spáni frá 16. öld en hæsta skráða sólblómið samkvæmt heimsmetabók Guinness var 9,17 metrar að hæð og ræktað í Þýskalandi árið 2014.

Stilkur sólblóma er sver, ósléttur og loðinn. Plantan er með öfluga stólparót. Blöðin fölgren, stakstæð, grófhærð og gróf viðkomu, breiðegg- eða hjartalaga, grófsaxtennt. Allt að 30 sentimetrar löng og 20 sentimetrar breið.

Viltt sólblóm eru oftast margstöngla og bera mörg blóm en tegundir í ræktun yfirleitt með einn stöngul og eitt stórt blóm. Blómkróna er stórt

og gul, stöku sinnum rauð eða appelsínugul, og af henni dregur plantan nafn sitt. Það sem í daglegu tali er kallað blóm sólblóma samanstendur af hundruðum eða yfir þúsund einstakra smáblóma sem saman mynda krónuna. Þvermál stærstu sólblóma er allt að 60 sentimetrar. Sé horft á blómin sést að þau raðast í spirallagað form með $137,5^\circ$ halla út frá miðju krónunnar sem kallast gullinsnið Fibonacci.

Blómin snúast auðveldlega á stönglinum þannig þau horfa alltaf til sólar. Frjóvgast með hjálp býflugna.

Fræin dropalaga, hismið ljós, döggið eða ljós með dökkum röndum. 10 til 15 millimetra löng og 4

millimetra breið. Kjarninn er allt að 50% olía og úr honum er unnin sólblómaolía. Uppskera af fræjum á hektara er 900 til 1.600 kíló eftir aðstæðum en mesta skráða uppskera á hektara er 3.375 kíló.

Í heimkynnum sínum í Norður-Ameríku vaxa villt sólblóm á gresjum og þurrum opnum svæðum eins og vegköntum. Plantan er þolin á hitasveiflur en dafnar best á sólríkum stað í næringarríkum, rökum en vel framræstum og kalkríkum jarðvegi.

Helsta ræktunarbelti sólblóma er frá miðbaug að 55° norðlægrar breiddar eða á svipuðum slóðum og korn. Á suðurhveli dafna þau best í nokkur hundruð metra hæð yfir sjávarmáli.

Í stórræktun er fræjunum sáð 2,5 sentímetra niður í jörðina og með 45 sentímetra millibili. Sólblóm þurfa mikið vatn og mikinn áburð á meðan þau eru í mestum vexti.

Nytjar

Fræ, krónublöð og blómvísar jurtarinnar eru ætir. Bragðið af krónublöðunum og blómvísunum er svipað og af fræjunum en mildara. Gott er að rista fræin á pönnu en krónublöðin og blómvísarnir eru best hrá.

Indíánar Norður-Ameríku voru fyrstir til að nytja sólblóm og aðallega til matar. Í fyrstu var fræjunum safnað í náttúrunni en fornleifar



Hæsta skráða sólblómið samkvæmt heimsmetabók Guinness var 9,17 metrar að hæð og ræktað í Þýskalandi árið 2014.



Helsta ræktunarbelti sólblóma er frá miðbaug að 55° norðlægrar breiddar eða á svipuðum slóðum og korn.

benda til að indíánar hafi hafið ræktun sólblóma fyrir um fjögur þúsund árum. Í máli nokkurra þjóðflokka indíána í vestur hluta N-Ameríku er talað um sólblóm sem fjórðu systurina í ræktun en hinar systurnar eru maís, baunir og grasker.

Fræin voru þurrkuð og mulin í mjöl sem var notað í grauta og brauð.

Hopí-indíánar unnu bláa, svarta, fjólubláa og rauða liti úr sólblómafræjum og notuðu þá til litunar á listmunum og álnavöru og sem líkamslit. Fræ sólblómanna sem indíánarnir ræktuðu voru í ýmsum litum eins og svört, hvít, rauð og hvít með svörtum rákum og því líklegt að hver litur hafi verið unninn úr fræjum með ákveðinn lit.

Úr blöðum og stönglum voru ofnar mottur og körfur.

Seiðkarlar og -konur unnu græðandi smyrsl úr plöntunni. Sólblóm voru hluti af helgihaldi Asteka og Inka í Suður-Ameríku sem tákn sólarrinnar. Þau eru tákn Kansasríkis í Bandaríkjunum og Kitakyushu-borgar í Japan og þjóðarblóm Úkraínu.

Þeir fáu sem komust af með hjálp bjarghringja þegar RMS Titanic sökk í jómfrúarferð sinni árið 1912 gátu þakkað sólblóminu lífbjörgina þar sem þurrkuð blöð og stönglar voru notaðir í björgunarhringi á þeim tíma.

Sólblóm eru víða ræktað sem skrautplöntur í gördum.

Uppskera og vinnsla

Að öllu jöfnu tekur um fjóra mánuði að rækta sólblóm frá fræi þar til að hægt er að vinna olíu úr þeim. Þar sem blómhaus sólblóma er samsettur úr allt að fjögur þúsund smáblómum geta fræin sem myndast á hausnum verið jafnmörg náí öll blómin að frjógvast og mynda fræ.

Til eru rússnesk yrki sem geta náð fullum þroska á 70 dögum við bestu



Stilkurinn er sver, ósléttur og loðinn og plantan er með öfluga stólpárót.



Van Gogh. Fjögur visnuð sólblóm.

skilyrði. Við uppskeru er blómhausunum safnað og þeir þurrkaðir áður en fræin eru hrist úr þeim.

Stór hluti sólblóma í dag eru ræktað vegna fræjanna sem notuð eru til framleiðslu á sólblómaolíu. Við vinnslu er olían annaðhvort kald-eða heitpressuð. Kaldpressuð sólblómaolía er yfirleitt fölgul á litinn og með mildu bragði og lykt og hent-

ar vel til matargerðar og út á salat. Heitpressuð sólblómaolía er aftur á móti rauðgul að lit, bragðsterkari og mest notuð í iðnaði.

Sólblómaolían er notuð sem íblöndunarefni í fjölda matvæla eins og hnetusmjör og smjörlíki auk þess sem hún er notuð sem salatolía og lífdísill. Úr sólblómaolíu er einnig framleidd sápa, sleipiefni og náttúrulegt gúmmí fyrir fólk sem hefur ofnæmi fyrir venjulegu gúmmíi.

Hluti fræjanna eru seld heil og þá oftar en ekki ristuð og sem snakk eða sem gæludýrafóður. Blöð, stönglar, blómhausinn og hismið eftir að kjarninn hefur verið fjarlægður eru notuð sem fôður fyrir búfé.

Sólblóm notuð til að hreinsa jarðveg

Þar sem sólblóm eru þurftarfrek á næringarefni verður fljótlega vart við jarðvegsþreytu séu þau ræktað ár eftir ár á sama stað. Vegna þessa hafa þau í seinni tíð verið notuð til að draga eitrefni úr jarðvegi og reynst vel við hreinsun á geislavirkum efnum úr jarðvegi eftir kjarnorkuslysin við Chernobyl í Úkraínu og Fukushima í Japan.

Sólblómin hans van Gogh

Á niunda áratug þarsíðustu aldar málaði Vincent van Gogh nokkrar myndir af sólblómum. Myndirnar

sýna blómin annaðhvort liggjandi á jörðinni eða í vasa. Van Gogh var þjakaður af þunglyndi á þeim árum og vistaður á geðveikrahæli um tíma og segir sagan að þar hafi hann málað mynd af sólblómi í vasa. Myndin er 92,1 x 73 sentimetrar á kant og eitt af dýrustu málverkum í heimi í dag. Síðast þegar málverkið skipti um eiganda var verðið rúmir 82 milljón bandaríkjadalir eða 10.655 milljónir íslenskar krónur.

Spánverjar fluttu sólblóm til Evrópu

Spánverjar fluttu fræ sólblóma með sér frá nýja heiminum til gamla heimsins árið 1510. Plantan varð fljótlega vinsæl skrautjurt í vestanverðri Mið- og Suður-Evrópu auk þess sem hún var notuð til lækninga. Árið 1716 var gefið út einkaleyfi í Englandi til að vinna olíu úr fræjunum og á þriðja áratug 19. aldar er framleiðsla á sólblómaolíu orðin að iðnaði.

Árið 1697 lagði Pétur mikli Rússlandskeisari, sem ungur maður, af stað í ferðalag um Evrópu ásamt 260 manna fylgdarliði. Í tvö ár heim sótti Pétur hirðir margra konungsríkja til að kynna sér evrópska menningu og siði. Í Hollandi kynntist Pétur sólblómarækt og segir sagan að hann hafi keypt heilt vagnhlass af fræjum og látið flytja þau til Rússlands.

Í framhaldinu var hrint í framkvæmd fyrstu stóru einræktunaráttuninni í heiminum og sólblóm ræktað í gríðarlega stórum stíl á hundruðum hektara. Rússneska rétttrúnaðarkirkjan tók þátt í því að auka neyslu á sólblómaolíu í keisaradæmi Péturs með því að undanskilja hana við banni á neyslu matarolíu á föstutímum.

Sólblómin döfnuðu vel í sínum nýju heimkynnum og snemma á 19. öld voru þau ræktað á tæplega milljón hekturum í Rússlandi þess tíma. Rússar lögðu strax í upphafi mikla áherslu á kynbætur í sólblómarækt og náðu fljótlega að auka uppskeruna umtalsvert. Hversu vel gekk er aðallega að þakka landbúnaðarfræðingnum V. S. Pustovoit sem var ötull sólblómaáhuga- og sólblóma-kynbótamaður.

Í dag eru Pustovoid-verðlaunin mesti heiður sem nokkur vísindamaður getur fengið fyrir framlag sitt til framfara í sólblómarækt.

Þrátt fyrir að náttúruleg heimkynni sólblóma séu í Norður-Ameríku fluttu rússneskir innflytjendur til Bandaríkjanna og Kanada með sér sólblómafræ til nýju heimkynnanna skömmu fyrir miðja 19. öld. Þau fræ eru undirstaða sólblómaræktunar í Norður-Ameríku í dag. Í bandarískum frælistum frá 1880 eru boðin til sölu sólblómafræ af yrki sem kallast Mammút Rússi. Yrki var reyndar enn í talsverðri ræktun fram á áttunda áratug síðustu aldar.


Stórræktun á sólblómum til framleiðslu á matarolíu hófst í Kanada árið 1930 og var megnið af fræjunum sem sáð var fengið úr gördum rússneskra innflytjenda þar í landi. Árið 1964 skráði kanadíska stjórnin sér einkaleyfi á rússneska yrkinu Peredovik sem á þeim tíma taldist hafa óvenju mikið magn af olíu í fræjunum.

Í dag hefur olíumagnið í fræjunum verið aukið enn frekar með kynbótum og hjálp erfðatekninnar.

Eftirspurn eftir sólblómaolíu í Evrópu jókst mikið á áttunda áratug síðustu aldar vegna aukinna vinsælda jurtaolíu við matargerð.

Sólblóm í garðinn

Best er að sá sólblómum innandyrá seint í mars og fram í maí. Fræin spíra á nokkrum dögum á sæmilega hlýjum og vel björtum stað. Sólblóm eru stórar og þurftarmiklar plöntur og þurfa því fljótlega stóran pott og mikið vatn. Um hásumar er ekkert því til fyrirstöðu að hafa sólblóm úti í garði í potti eða beði á sólríkum og skjólsælum stað og helst þarf að veita þeim stuðning.



Að fara í geithús og leita sér fiðu

— geitafiða, keming og vinnsla

Kasmír er alþjóðaheitið á þeli geita en á íslensku heitir það fiða eða geitafiða. Það fer eftir geitastofnum hvort geitin er með mikla geitafiðu, litla eða sama sem enga.

Ytri hárin, vindhár eða tog, nefnast strý á geit. Fiðan er lungamjúk en strýið er gróft og strýtt. Til að fá hreina fiðu til að vinna úr þarf að fjarlægja strýið. Það er hægt að tína það úr lagðanum (hæra) í höndum, með vélum eða með ræktun. Fiðan losnar af geitunum að vori og fyrri hluta sumars, eða eftir burð. Þá þarf að kemma geitinni.

Íslenski geitastofninn hefur ekki verið ræktaður til neins. Hann hefur lifað af niðurskurð, fordóma og bábiljur. Á íslensku geitunum vex hin finasta fiða en líka mikið af grófu strýi. Þvermál hárana þarf að vera innan 18,5µm (míkrómetrar) til að teljast fiða. Lengd hárana þarf að vera a.m.k. 38 mm. Í úrvali eru þvermál hára 12–16 µm og lengd hára 40–50 mm. Þvermál strýs er yfirleitt 30 µm og grófara og stundum eins og fax af hesti.

Ég sendi fiðusýni frá Háafelli í Borgarfirði í rannsókn til Skotlands árið 2012. Þau voru tekin í desember 2011. Sýnið er klippt af geitinni handarbreydd fyrir aftan miðja siðu. Meðaltal þvermáls 24 sýna voru 15,4 µm, þar sem mesta var 16,3 µm, og minnsta 13,9 µm. Mæld var lengd hára úr 16 sýnum. Meðallengd var 39,25 mm, lengsta mældist 55 mm og stysta 32 mm. Mælingar á geitafiðu frá Háafelli sýna að finleikinn er til staðar en það er lengd hárana sem þarf að athuga þegar kemur að því að rækta íslenska geitastofninn fyrir 1. flokks fiðu. Ræktun stofns fyrir einstaka eiginleika er ekki æskileg fyrir en stofnin er orðinn minnst 2500 dýr og utan útrýmingarhættu. Annars er hætt á að tapa öðrum erfðareiginleikum úr stofninum. Það er hægt að nýta fiðuna í band og besta bandið fæst ef fiðan er minnst 38 mm að lengd. Hægt er að vinna efnið í höndunum, sem er mjög tímafrekt, eða láta spinna í verksmiðju. Þegar fiðan er unnin í band í verksmiðjum þá er hún þvegin og síðan hærð þ.e. strýið er fjarlæggt í þar til gerðri vél. Fer það eftir magni og gerð strýsins hversu oft fiðan þarf að fara í gegnum vélina en venjulega eru það um 3–5 skipti. Síðan er hún kembd og lyppuð. Þegar fiðan er dregin úr kembu og hárin liggja samhliða, langsum heitir það lyppa eða lopi og úr honum spunnið band. Flestir hérlandis þekkja plötulopa, en hann er einmitt frumstig bands. Band er alltaf spunnið.

Að kemma geit

Fyrsta skrefið í vinnslu fiðu er að kemma geit til að ná sér í hráefni. Geitur ganga úr hárum í fyrsta lagi í apríl og tekur það um tvær vikur. Huðnur með kiðum ganga úr hárum eftir burð. Mikilvægt er að kemma geitinni á þessu 2 vikna tímabili áður en fiðan fer að þófna á skepnunni og verða að lélegu hráefni. Fiðan á geitinni byrjar að losna á hálsinum og einni til tveimur vikum seinna fer geitin öll úr hárum og þá er hægt að kemma hana alla og halda fiðunni til haga.

Til starfsins þarf kamba, skæri, poka sem anda t.d. maíspoka, bréf-poka eða netpoka, merkimiða og penna til að merkja pokana.

Undanfarin ár hafa verið notaðir hér á landi geitakambar frá Cox á Englandi sem að VB Landbúnaður er með til sölu. Kambarnir líkjast hrífuhásum og hafa reynst vel. Til eru fleiri gerðir af geitakömbum en undirrituð hefur ekki reynt þá.

Keming er valin í stað rúningar /klippingar til að hlutfall strýs sé minna í reyfinu. Best er að kemma geitinni á þar til gerðum palli sem geitin getur stokkið eða gengið



Greinarhöfundur kembir huðnu á Háafelli, Borgarfirði.

Mynd / Kristín Bogad.



Geitahjörð í Keldudal, Skagafirði.

Mynd / Anna María Geirsdóttir.



Huðna í Keldudal í Skagafirði.



Geitafiðulagði.

Mynd / Anna María Geirsdóttir.

ræktina. Mikilvægt er að pallurinn og gólfíð umhverfis hann sé hreint svo að sem minnst af heyi, moði og öðru óæskilegu komi í reyfin. Ef ekki er til pallur þá er hægt að sitja við að kemma geitina og þá er t.d. hægt að setja á hana hálsól og tjóðra hana.

Að láta vinna fiðu í band

Til að vinna úr fiðu þarf að fjarlægja strýið. Íslensku geiturnar hafa ekki verið ræktaðar til fiðuframleiðislu og eru því með mikið strý frá náttúrunnar hendi. Það tekur óratíma að handtína, þ.e. að hæra strý úr íslenskri geitafiðu og vinna band úr fiðunni. Mér taldist fara um 10 - 12 tímar í að vinna 6 g af fiðubandi og um 9 - 11 tímar fóru í að hæra.

Geitafiðuiðnaður er stóriðnaður og þess vegna eru til tæki til að vinna fiðuna í band. Einnig eru geiturnar sem sjá mönnunum fyrir hráefninu ræktaðar þannig að þær eru fiðu-miklar og með lítið strý eða að þær ganga úr strýinu á öðrum árstíma en fiðunni.

Scottish Cashmere Goat geitastofninn var ræktaður á 9. áratug 20. aldar í Skotlandi af blöndu úr íslenskum, síberískum, nýsjálenskum og tasmanískum geitum sem voru síðan blandaðar skosku villigeitinni (Scottish feral Goat). Íslenski geitastofninn var hafður með vegna finleika fiðunnar. Ekki fór sem skyldi í þessari ræktun því það láðist að styðja geitabændur í fiðuræktinni á Bretlandseyjum og sú fiða sem er núna unnin í iðnaði í Skotlandi er að mestu innflutt m.a. frá Kína.

Ég hef látið vinna íslenska geitafiðu í spunaverksmiðjunni Telespinn í Noregi. Ástæðan fyrir valinu var að þau eru með Mini-mill vélar frá Kanada sem að geta tekið við litlu magni til vinnslu og lágmarkið hjá þeim eru 3 kg af geitafiðu. Stóru verksmiðjurnar taka flestar við minnst 100 kg. Árið 2012 sendi ég út 5 kg af geitafiðu til Telespinn. Þar var fiðan þvegin, hærð, kembd og spunnin. Áður en ég sendi fiðuna út hreinsaði ég hana gaumgæfilega

upp á. Höfðinu stingur hún í þar til gerða grind þar sem hægt er að lokka geitina með einhverju lostæti. Pallurinn skal vera það hár að þegar maður stendur við hlið geitarinnar stendur hún í þægilegri vinnuhæð fyrir kemingarmanninn. Annað hvort er hægt að vera einn við þessa

vinnu eða tveir hvor sínu megin við geitina. Skærin eru notuð til að klippa af klepra og annað slíkt á geitinni sem ekki er hægt að kemma.

Það hefur sýnt sig að fiða geitar á siðu, huppum og framan á lærum er best til að spinna band úr. Þess vegna er gott að halda fiðunni af

þessum pörtum aðskildum og setja fiðuna af hálsi, og aftan af lærum í sérstakan poka. Þar sem ekki liggur fyrir mikil vitneskja um afurðir íslenskra geita er fyrirtak ef menn nenna að vigta fiðuna sem kemur af hverri geit og færa til bókar. Þetta eru verðmætar upplýsingar fyrir geita-

Ár 2014 Fjöldi geita 74	Fiða samtals	Fiða af siðu, huppum samtals	Rusl úr fiðu af siðu, huppum	Fiða af hálsi samtals	Sent til spuna	Band samtals
Grömm	5165	4044	1984	1218	1100	750
	Meðaltal fiða per geit	Meðaltal fiðu af siðu, huppum per geit		Meðaltal fiðu af hálsi af geit	Fiða ekki send vegna mistaka við flokkun	
Grömm	70	55		16	960	



Huðna í Keldudal í Skagafirði.

Mynd / Anna María Geirsdóttir.

og tíndi úr rusl, moð, hey og langa strýlubba. Fiðan þurfti að fara 11 sinnum í gegnum hæringarvél. 52 % af fiðunni nýttist í band, strý og rusl var 48%. Í skýrslu sem fylgdi frá Telespinn sagði að það hefði reynst mjög erfitt að láta lyppurnar tolla saman því hluti fiðunnar var of stuttur. Þrátt fyrir allt var afraksturinn band sem ég var býsna ánægð með, aðallega vegna þess að þetta var fyrsta vélspunna band af íslenskum geitum og ég sá að þetta var hægt. Ég sendi band til Lesley Prior sem er stærsti geitafiðuræktandi á Bretlandseyjum og heldur Scottish Cashmere Goat. Lesley hafði samband við mig og sagði að bandið væri annars flokks og alls ekki nógu gott og að enn biði mikið starf við að rækta stofninn vegna góðra fiðueiginleika og þróunar bandsins.

Breytt aðferð við kembangu

Ég fann grein á netinu eftir Carol Spence frá Foxmoor-Farm, Bandaríkjunum þar sem hún segir að það eigi að hirða fiðuna frá herðum að lærum.

Afgangurinn sem er af eyrum, hálsi, kviði og aftan af lærum, eru styttri og grófari hár og ber að hirða í sér poka og nýta til flóka-gerðar eða einhvers annars ellegar fleygja. Carol mælir einnig með því að kempa síðuna aftur að lærum fyrst og setja í sérstakan poka. Mín reynsla er sú að ef geitin er ekki von kembangu þá er best að byrja á hálsinum og þannig spekja hana.

Við kembangu vorid og sumarid 2014 var ráðum Carol Spencer fylgt nema að við byrjuðum á hálsi. Kembdur var háls aftur að herðum og sett í sérstaka poka og síðuhárin hirt. Þar sem ég hef reynt að halda utanum magnið sem við kembum af hverri geit þá þarf að vigta fiðuna af hverri geit áður en henni er blandað saman við fiðu annara geita. Einnig hvatti ég kembangamenn til að hreinsa fiðuna jafnóðum og henda úr henni strýbúnt, hálmi, heyi, moði og skít og öðru sem á ekki að vera í fiðunni.

Síðar um veturinn 2014 hreinsaði ég fiðuna vandlega og af gengu 1984 g sem voru óhæf til að senda út og síðan ruglaðist hálsfiða saman við síðu-, hupp og lærafiðu (960 g) sem ég vildi ekki senda út og eftir urðu 1100 g sem voru send til Telespinn til spuna í janúar 2015. Ég sendi fiðuna í pakka með fiðu frá Sif Matthíasdóttur, formanni Geitfjárræktarfélagsins, og Bettínu Wunsch varamanni. Í maí sama ár kom pakki frá Telespinn með afraksturinn. Í tölvupósti frá Telespinn sögðu þær að vinnslan hefði gengið betur núna með flokk-uðu reyfin heldur en árið 2012. Fiðan nýttist betur, það gekk betur að hæra og fiðan tollði betur saman í lyppum. Að þessu sinni fór fiðan 6 sinnum í gegnum hæringarvél og nýtingin varð 68% í band en 32% strý og rusl.

Þyngd fiðu af geit

Ég hef reynt að halda utan um magnið af því sem er kembt af geitunum



Vélspunnið geitafiðuband.

Mynd / Anna María Geirsdóttir.



Geitafiðukambur frá Cox.

Mynd / Anna María Geirsdóttir.



Huðnur og hafur frá Keldudal, Skagafirði.

Mynd / Anna María Geirsdóttir.

á Háafelli frá árinu 2011. Ég hef sjaldan náð að ná allri fiðunni af geitunum þar sem ég kom aðeins við

nokkrum sinnum að sumri á Háafelli til að kempa og var fiðan ekki alltaf í hámarks leysingum þegar ég var þar.

Lesendabás

Fer hljóð og mynd saman?

Í allri umræðu um nýja búvöru-samninga vantar aðeins á sýn, á hvaða stefnu við ætlum að marka til framtíðar. Ekkert er eins mikilvægt og að halda skýrri sýn á hvað sameinar, í umræðu um landbúnað. Hvort sem við nefnum hagsmuni bænda eða hagsmuni neytenda. Ef ekki er samhljómur þarna á milli „fer ekki saman hljóð og mynd“.

Mér sýnist bændur vera á kafi í umræðu um kerfi og kvóta og ekki kvóta – stéttin er klofin í þeirri umræðu. Háværu sérfræðingarnir, sem eru hreinlega á móti búvöru-samningum og því að mörkuð sé stefna, benda ekki á aðrar lausnir en breytingar sem leiða til þess að innflutt matvara verður helst í boði, kjöt framleitt með ómældu magni sýklalyfja eða enn vafasamari hætti.

Fjárfestum í betri landbúnaði

En saman eigum við öll – í það minnsta ennþá – hreina búvöru, sérstæðan norðurslóðabúskap. Tölum meira um gæði, um landbætur, um hreinleika og ábyrga búskaparhætti. Um fjölskyldubú og vel byggðar sveitir sem við getum verið stolt af. Stefnum að því að auka vöruval, fjölbreytni, betri tengsl bænda og neytenda. Þróun samstarf við verslun og vinnslu sem leggur stolt sitt undir við að bjóða heilnæma búvöru með aðlaðandi framsetningu. Framsetning á búvöru í matvöru- verslun hefur varla tekið nokkrum framförum í 20 ár. Eflum vöruúrval og vinnum með vinnslu, verslun og neytendum að ábyrgari nýtingu – stoppum sóun. Sókn á grunnni gæða – ræktun búfjár og velferð þess. Við eigum að fjárfesta í slíkum landbúnaði.

Við byggjum á traustum grunni

Heimurinn er að breytast – eyðum ekki meiri tíma í minnimáttar-kennd um að landbúnaður sé annar og meiri í öðrum löndum. Ekki meiri einhliða samanburð við danskan landbúnað. Við höfum mikil gæði sem aðrir hafa glatað.

2011 og 2012 vigtaði ég aðeins heildarmagn fiðu af hverri geit. Árið 2013 kembdi ég ekki því ég var erlendis. Árin 2014 og 2015 vigtaði ég eftir breyttum aðferðum við kembanguna þ.e. háls sérstaklega og síða, huppur og læri saman. Í töflunni kemur fram fjöldi kembdra geita, magn af hálsi annars vegar og síðu, huppi og læri hins vegar. Meðaltal af geitunum og magn sem var sent til spunaverksmiðju í Noregi og magn bands sem að fékkst úr spananum. Góð geit á að geta gefið af sér 150–250 g af fiðu og þar af gengur sú fiða, sem ekki hentar til spuna af hálsi, aftan af lærum, kleprar og annað, um 30%.

Að nýta fiðu af íslenskum geitum er möguleiki fyrir þá sem vilja búa með geitur. Það þarf að vera með námskeið fyrir geitabændur hvernig á að kempa geitur og hvernig á að meðhöndla og hreinsa rusl úr fiðunni áður en hún er sett í poka og send til vinnslu. Einnig þarf að hvetja menn til að vigta afurðina til að safna í gagnabanka um geitastofninn okkar. Þegar lítið er á tölur virðist þetta ekki vera mikið magn sem að verður eftir til spuna. En það verður að muna að band úr íslenskri geitafiðu er verðmeira en ullband af kind. Ég get því miður ekki nefnt aðrar tölur en þær að það kostaði mig kr. 7100 kr / 100 g að láta framleiða bandið og er allur kostnaður innifalinn í þeirri summu s.s. spuni, póstur, aðflutningsgjöld o.s.frv. Á meðan ekki eru til vélar á Íslandi til að vinna fiðuna þarf að senda hana til útlanda.



Haraldur Benediktsson.

Tökum djarfa sókn með nýjum samningum. Gleysnum ekki að það voru bændur og stjórnmöld sem mörkuðu stefnu 1985 um að leyfa ekki sýklalyfjablöndun í fóður. Sem hefur skilað okkur eftirsóknarverðum árangri. Fyrir um 50 árum var tekin meðvituð ákvörðun um að leyfa ekki hormóna eða önnur vaxtahvetjandi inn grip til að auka „hagkvæmni“ búvöruframleiðslunnar á Íslandi – húrra fyrir því. Stefna sem ekki þótti sjálfsgöð né skynsamleg. Nú er tímabært að marka stefnu um hvort íslenskur landbúnaður á að notast við erfðabreytt hráefni.

Framlag landbúnaðar til annarra verkefna

Nú eigum við að taka enn djarfari ákvarðanir. Hvert getur framlag landbúnaðar verið til betri ferða-þjónustu?

Hvert getur framlag landbúnaðar verið til loftslagsmála? Til bættrar lýðheilsu?

Árið 2016 gerum við ekki bara búvörusamning – við gerum fjárfestingarsamning í framtíðarlandbúnaði – íslenskum landbúnaði. Ekki samning um kollstepu og framleiðsluspennu – heldur um hvað hægt er að gera betur og nýta betur það sem við eigum og kunnum best. Okkur eru allir vegir færir.

Haraldur Benediktsson alþingismaður

Æskilegur finleiki háranna hjá íslensku geitinni er til staðar en þegar að því kemur, þá verður farið að velja einstaklinga til ræktunar með fiðu ekki styttri en 40 mm og mikla fiðu. Bændur munu geta sent fiðusýni til hárarannsóknastofa til greiningar til að fylgjast með finleika fiðunnar. Leiðbeina þarf hvernig á að mæla lengd háranna, sem hver getur gert sjálfur, og síðast en ekki sist hvaðan sýnin eru tekin af geitinni.

Strýið þarf ekki að flokkast sem rusl heldur er hægt að vinna úr því líka. Sjálf hef ég spunnið gróft band á halasnældu úr því og notað í myndlistarverk. Fluguhnýtingarmenn nota strý af geitum en það er ekki í miklu magni. Hálsfiðan er líka nothæf þó hún sé styttri en hin, hana er hægt að láta hæra sér og nota í handspuna eða þæfingu. Flóki úr geitafiðu er undurmjúkur.

Þessi rannsókn á nýtingu geitafiðu á Íslandi er frumrannsókn en vafalaust verður unnið meira í þessum málaflokki.

Anna María Geirsdóttir.

Heimildir Carol Spencer of „Foxmore Farm“. Hand combing and hand de-hairing your own cashmere fibre. <http://www.foxmoorfarm.com/Dehairing%20article.pdf> (skoðað 2015-12-01)

Prior, Lesley. Bowmont cashmere goats. http://www.bowmontuk.com/?page_id=279 (skoðað 2015-12-01)



Hið feiknavæna beykitré

Þeir sem hafa komið í danskan eða skánskan beykiskóg í fullum skróða skilja vel hugtakið „skógarsalur“ sem einhvers staðar komst inn í íslenskar bókmenntir – og gott ef ekki er í frægri Kjarvalsmynd líka.

Fáar ef nokkur af norðlægum trjátegundum myndar jafn hályftan skóg með súlulaga trjábolum með sléttum og gljáfægðum berki. Birtan fær dularfulla grágræna slíku og á skógarbotninum skjáfár fallið lauf frá fyrri sumri. Á stöku stað eru breiður af blómstrandi snotrum, hvítum og gulum, innan um laufruskið meðan laufþekjan er enn ekki fullútsprungin. Og jafnvel hinn stæki hrammlaukur (Allium ursinum L.) þar sem raki og birta leyfir.

Evrópskt eðaltré í útrás

Beyki, *Fagus sylvatica* L., er eitt af megintrjám laufskóganna í Vestur-Evrópu. Útbreiðsla þess nær frá Kákasusfjöllum í austri og vestur um hálendið allt til Atlantshafs. Þegar norðar dregur er það frekar á láglendinu beggja vegna Ermarsunds og og teygir sig þaðan yfir Eyrarsundsbyggðir Danmerkur og Svíþjóðar. Á stöku stað má rekast á sjálfsána beykilundi upp eftir Oslófirði og í suðursveitum Smálandanna sænsku.

Alls staðar þar fyrir norðan er beyki komið fyrir tilverknað manna og þrífst sæmilega sem garðtré í Upplöndum Svía, norðan Stokkhólms. Á Íslandi og í Færeyjum hefur beyki verið gróðursett á nokkrum stöðum og virðist standa sig furðuvel. Þótt vöxtur sé hægur hafa trén tostast upp. Helstu og elstu eintökin af beyki hér á landi er að finna í Hellisgerði í Hafnarfirði sem hafa staðið þar síðan garðurinn var gerður. Og afar fallett beykitré var, og er vonandi enn, við Laufásveg 67. Það óx upp af fræi sem fengið var í Osló í kringum 1950. Austan undir vegg gamla Miðbæjarskólans við Reykjavíkurtjörn kúrir sig myndarlegur beykibrúskur sem Morthen A. Hansen gróðursetti þar á skólastjóra-árum sínum við þann skóla. Vonandi fær hann að vera þar um allan aldur, þótt hann sé orðinn ansi nærgöngull við hús og grunn. Á síðari árum hefur innflutt beyki verið staðalvara hjá flestum garðplöntusölum á höfuðborgarsvæðinu. Nú má því víða sjá all-vöxtuleg beykitré í gördum.

Berjablámi, tímgun og ástarlíf

Fullvaxið beykitré tekur mikið pláss. Þótt trén séu smá og nett til að byrja með, má alveg reikna með því að þau taki nokkra tugi fermetra undir sig þegar þeim vex fiskur um hrygg. Einkum eru það klónar og tilbrigði með purpurarauðum laufum sem virðast standa sig ágætlega hér. Purpurarauði liturinn stafar af litarefninu antósýani, sem við getum líka kallað berjabláma, og er eiginlega vörn trjána gegn næturfrostum um laufgunartímann og hverfur eftir að sumarið er sest að fyrir alvöru. En hjá sumum einstaklingum gerist það ekki og um það bil helmingur afkomenda þeirra fær þennan lit í arf. Tilbrigðum með súluvöxt eða hangandi greinar verður að fjölga með ágræðslu á venjulega beykirót.

Enn sem komið er hafa beykitré á Íslandi ekki borið frjó fræ þótt þau hafi borið það við að blómgast. En hvort það er veðurfarinu, þ.e. skorti á sumaryli, að kenna eða því að hörgull er á kynþroska mökum í nágrenninu svo að aðfrjógungun er engin. Líklega eru beykitré af því tagi að annan



Í háum skógarsal – Gribskógur á Sjálandi.

einstakling þarf til að úr blómguninni verði barn. Þótt trén beri bæði karlblóm og kvenblóm er hætt við að þau séu ekki sjálffrjó. Visir að aldinmyndun, beykihnotum, hefur komið á trén en reynst geld þegar þeim hefur verið sáð. Beyki hefur sambýli líkt og birki. Blómin eru á greinaendum ofarlega á trjánum, kynin aðskilin í karlblóm sér og kvenblóm sér.

Frjógungun á sér stað með vindfrævun. Beyki verður sjaldan kynþroska fyrir en það hefur náð þriggja metra hæð þar sem það stendur stakt. En í skógum eru trén oftast orðin 60–80 ára gömul áður en þau þroska aldin í fyrsta sinn.

Uppeldi og aðbúnaður

Aldin beykitrjána kallast beykihnot. Þau falla til jarðar á haustin og þola ekki að þorna upp áður en þau komast í jörð og búa sig undir spirun með vorinu. Við eðlilegar aðstæður sjá villisvín og skógarmýs af ýmsu tagi um að koma beykihnotunum á heppilegt dýpi þar sem þau geta eftirþroskast, álað og skotið upp kímblöðunum um leið og vorið heldur innreið sína. En þrátt fyrir að framboðið af beykihnotum sé ríkulegt á hverju hausti er nýliðun fremur lítil. Hnot sem ekki

kemst um 8–10 cm ofan í jörðina stuttu eftir að það fellur af trénu á enga von og verður afætum eða veðrum að bráð.

Ef menn ætla að sá beyki og ala það upp, þarf að safna hnotunum strax og koma þeim í deigan mosa eða sand og láta þau eftirþroskast við 3–6°C hita þar til fer að örla á kímrot. Þá þarf að sá þeim í djúpa potta með grófvikurblandaðri sáðmold, hverju fyrir sig, og hafa í frostlausu gróðurhúsi. Venjulega er þetta tímabært í mars. Fylgjast þarf með að plönturnar myndi ekki hringrót í sáðpottinum.

Hringrótarmyndun í beyki er afar erfitt að leiðrétta og beyki sem hefur fengið hringrót, þ.e. rötin hefur vafist í hringi í uppeldispottunum, þolir ekkert vindálag og kolfellur ef eitthvað hversir vind eftir að trén hafa náð að auka umfang sitt. Ef hægt er, er betra að sá í vel unninn og varinn reit utanhúss eftir eftirþroskann (kaldörvunina) og hylja fræin með blöndu af mold og vikri til helminga. Lagið þarf að vera 6–9 cm þykkt ofan á fræjunum. Uppeldi fyrstu 2–3 árin þarf að vera í vörðum reit, plönturnar hafðar með 15–20 cm millibili í moldinni en skorið á milli þeirra árlega upp úr miðju sumri. Eftir það má setja

plönturnar út á á beð eða gróðursetja þær á framtíðarstað. Beyki þolir ekki að vaxa á bersvæði eða í samkeppni við grastegundir. En það má reyna að planta því í gisinn aspar- eða sitkagrenisskóg. Það þarf góðan jarðveg sem í er komið gott örverulíf. Í eðli sínu er beyki kalkelsk tegund svo að ein lúka eða svo af skeljakalki í plöntunargröpinu er gott veganesti fyrir plönturnar meðan þær eru að koma sér fyrir og finna heppilegar sveppaslæður og örverur til að mynda rötarsambýli með og auðvelda sér þannig lífsbaráttuna um alla framtíð sína.

Að bauka við beykið

Beykitimbur er þungt, hart og seigt. Vegna seigluunnar er auðvelt að sveigja það og forma í ýmsa nytjamuni. Beyki er þeim kostum búið að gefa ekki frá sér bragð og auðvelt er að halda því hreinu. Það hefur því mikið verið notað í skrinur og áhöld sem brúkuð eru við matartilbúning. Beykiviður var áður fyrir mikið notaður í ýmiss konar búshöld og kynnur, axarsköft og pála. Hann er eftirsóttur í dyraumbúnað, þiljur, parketgölf og húsgögn. Sömuleiðis er beyki mikið notað í ýmsa smámuni, listiðnað, minjagripi og leikföng.



Logagyllt purpurabeyki í haustskróða.

Um aldir hefur beyki verið notað í tunnugerð. Af því er dregið starfsheitið „beykir“ og notað um þá menn sem höfðu þann starfa að setja saman tunnurnar og berja í þær hlemmana. Og hver man ekki eftir tunguspöðunum sem læknar ráku upp í okkur hér á árum áður. Öllu viðkunnaðlegri notagildi hefur beykið þó í öllum þeim aragrúa íspinna sem kæta börn víða um heim.

Beykitimbur er fremur breytilegt og svarar öllum rakabreytingum með þenslu eða samdrætti. Þessi eiginleiki og sú staðreynd að beykiviðurinn er oft mjög maðksmöginn af bjöllumurum gerir hann að óreiðanlegra burðarvirki en krafist er af stoðviðum til húsbýgginga og þykir beykiviðurinn því ónothæfur til þess brúks. Reyndar heitir beykitimbur einfaldlega beyki. En samt er ekki langt síðan að smiðir töluðu um „brenni“ og áttu þá við beykivið. Ástæðan mun vera sú að á tímum danskra kaupmanna hér var iðulega fluttur inn eldiviður, sem auðvitað heitir „brænde“ upp á dönsku. Íslenskir hagleiksmenn, sem ávallt bjuggu við langvarandi spýtnaskort, uppgötvuðu þarna úrvals smiðavið en kunnu ekki að nefna öðru nafni en danska heitinu á eldiviðnum. Beyki er orkumikið eldsneyti og eftirsóttur arinviður. En það þykir ótækt til pappírsgerðar vegna þess að trénið er dökkt og trefjarnar eru það stuttar að pappírinn verður fremur stökkur og endingarlítill. Aftur á móti hefur beyki þótt gott efni í sterklegar umbúðir.

Í Frakklandi er nokkur eftirspurn á koluðum beykikvistum sem listmálarar nota við myndgerð sína. Einnig er sagt að Gallar hafi unnið pottösku úr beykiðskunni og notað til að lýsa á sér hárið. Frökkum hefur sem sé ávallt verið annst um listina og útlit sitt!

Nafnið – og afleiður þess

Ættkvíslarheiti beykisins, Fagus, er ævagamalt og má rekja það aftur í frumtungu vestrænna tungumála, sanskrít, líkt og svo mörg önnur trjáheiti. Það er nokkuð á reiki hvað nafnið merkir, en líklegasta skýringin mun eitthvað hafa með æt fræ að gera. Í germönskum málum hefur F breyst í B. Stofninn fagerður að bag- sem síðan þróast á ýmsa vegu. Þýska heitið er Buche, danska bøg, sænska bok o.s.frv. Í íslensku er heitið „bók“ (kvk) notað um eitt einstakt tré, fleirtölumyndin og safnheitið „beyki“ er notað um hóp af beykitrjám og timbrið sem fellur til af þeim. Orðmyndin „bæki“ er líka til í sömu merkingu og beyki. Í öðru samhengi könnunumst við svo við orðið bók og í fleirtölu bækur, en þá erum við kominn inn á bókmenntasviðið. Vegna þess hve beyki var auðfánlegt á meginlandi NV-Evrópu, fintrefjótt og auðvelt að fleyga úr því þunnar og jafnar flögur sem klofnuðu ekki á árhringjunum, hentaði það ágætlega í spjöld sem hægt var að rista í eða skrifa á. Og jafnvel betri kostur var að blekið sem notað var blæddi ekki inn í viðinn, heldur hélst vel á yfirborðinu. Ef reynt var að nota timbur annarra trjátegunda til þess arna varð skriftin subbulegri og oftast ólæsileg. Spjöldin var síðan hægt að binda saman með uppröðuðum texta í góðu samhengi og samfelli. Bókin var orðin til. Þetta var áður en á allra færi var að útvega sér pergament eða bókfell til að skrifa á. Því talar fólk á germönsku málsvæðunum um bækur en ekki „libres“ eins og tíðkaðist þar sem rómversk menning hafði sest að.

Lesendabás

Uppgræðsla og beit

Þessi grein er innlegg í umræðu um uppgræðslu- og beitarmál sem fram hefur farið í Bændablaðinu og víðar.

Uppgræðsla

Viða um land eru lítt grónir sandar eða melar. Í sumum tilvikum stafar gróðurleysið af því að aðstæður eru óhagstæðar gróðri, t.d. vegna mikillar hæðar yfir sjó eða mikils sandburðar. Í öðrum tilvikum hefur áður gróið land blásið upp. Við getum flýtt endurkomu gróðurs á þessi svæði með ýmsu móti.

Ógróna sanda og mela vantar lífrænt efni en lífrænt efni eykur vatnseldni jarðvegsins og möguleika hans til að geyma næringarefni. Aukið lífrænt efni gerir jarðvegin þannig að betra búsvæði fyrir plöntur og fræ. Það er hægt að koma lífrænu efni í jarðvegin með ýmsu móti, t.d. með því að dreifa búfjárburði, heyi eða öðru lífrænu efni á hann. Önnur leið er að hefja ræktun plantna á þessum svæðum. Því meiri uppskeru sem nýsáningarnar gefa því meira lífrænt efni myndast. Til að plöntur geti gefið mikla uppskeru þurfa nauðsynleg næringarefni að vera til staðar. Mest vantar af nitri í sandana en önnur efni getur einnig skort eins og fosfór, kalí og brennistein. Næringarefnunum er hægt að koma í jarðvegin með tilbúnum eða lífrænum áburði og svo geta belgjurtir lagt til nitur. Plöntur umbreyta ólífrænu efni í lífrænt með aðstoð sólarljóss. Hluti lífræna efnisins fer í ofanjarðarhluta plöntunnar og hluti í rætur. Með sáningu og áburðargjöf á sanda og mela er verið að byggja upp lífrænt efni í jarðveginum, auka magn takmarkandi næringarefna eins og niturs og fosförs og skapa skjól fyrir aðrar tegundir til landnáms. Þegar hætt er að bera á slíkar sáningar hörfar gjarnan sáðgresið smám saman og aðrar tegundir taka við. Sáning og áburðargjöf getur flýtt gróðurframvindu þessara svæða um tugi ára eða jafnvel aldir.

Einungis lítill hluti þess lífræna efnis sem plöntur framleiða verður til frambúðar í jarðveginum, stór hluti þess brotnar niður tiltölulega fljótt. Í Svíþjóð hafa menn metið seiglustuðla (humification coefficients) fyrir mismunandi form lífræns efnis út frá niðurstöðum langtímatilraunar sem staðið hefur í 50 ár (Kätterer et al. 2011). Niðurstöðurnar gefa til kynna að rætur séu mun stöðugri að þessu leyti en ofanjarðarhluti plantanna. Tæp 40% róta urðu að stöðugu lífrænu efni en innan við 20% ofanjarðarhlutans. Samsvarandi tala fyrir búfjáraburð var um 30%.

Árið 1974 var lögd út tilraun á Geitasandi á Rangárvöllum þar sem misstórir skammtar af kúamykju voru plægðir niður í sandinn (25, 50, 100 og 150 tonn/ha) og til samanburðar voru tveir skammtar af tilbúnum áburði (60 og 120 kg N/ha í áburðartegundinni 17-17-17). Engmo vallarfoxgrasi var síðan sáð í tilraunina. Hverjum þessara reita var svo skipt um í þrjá minni reiti sem fengu mismunandi skammta af tilbúnum áburði næstu 7 árin (100N-20P-50K, 0N-20P-50K og 100N-0P-0K). Tilraunin var tvíslegin árlega og uppskeran fjarlægð. Eftir að tilrauninni lauk lá hún ósnert þar til síðastliðið sumar að reitirnir voru gróðurgeindir og jarðvegssýni tekin úr þeim. Þá voru allir reitirnir enn algrónir, sáðgresið nánast horfið og annar gróður kominn í staðinn. Gróðurframvinda reitanna var ólík eftir því hvaða áburðarmeðferð reitirnir fengu 40 árum áður. Mikið var af grösum í reitum sem fengu stærstu mykjuskammtana en krækilyngi þar sem minna var borið á. Ég þekki ýmis dæmi þess að menn hafi ræktað upp tún á sandi og hætt að bera á þau eftir nokkur ár og þá hafa þau breyst í lyng- eða grasmóa, allt

eftir aðstæðum á hverjum stað og því hve lengi þau höfðu verið í ræktun.

Á Geitasandi voru einnig tilraunir með langtímaáhrif áburðar sem stóðu í 50 ár (Þorsteinn Guðmundsson o.fl. 2016). Á þessum 50 árum skilaði hvert kg af ábornu N meira kolefni til jarðvegsins eftir því sem niturskammtarnir voru lægri. Ef borin voru 100 kg N/ha bundust 5 kg af kolefni á hvert kg N, þrátt fyrir að öll ofanjarðaruppskera væri fjarlægð af reitunum. Fosfór skorti einnig á Geitasandi, reitir sem aldrei fengu fosfór gáfu mjög litla uppskeru og gróðurfur var annað en í öðrum reitum. Fyrir mistök var einu sinni borinn fosfór á einn þessara reita. Áhrifin af því urðu þau að gróðurfur breyttist og uppskeran jókst. Þegar hætt var að uppskera tilraunina 30 árum síðar gætti þessara áhrifa enn.

Ofangreindar niðurstöður undirstrika það að sáning og áburðargjöf á ógróna sanda og mela flýtir mjög landnámi gróðurs og hefur afgerandi áhrif á gróðurframvindu til lengri tíma lítið. Því meir og lengur sem borið er á frumsáninguna því meiri verður uppskeran bæði ofan- og neðanjarðar og þar af leiðir að meira verður til af stöðugu lífrænu efni í jarðveginum. Þó svo að lífræna efnið sé mikilvægur grunnur fyrir framþróunina hafa aðrir þættir mikilvæg áhrif einnig, eins og t.d. berggrunnurinn, veðurþættir, hæð yfir sjó, fjarlægð frá sjó, fokefni o.fl.

Í uppgræðslustarfinu hafa menn lengi horft til plantna sem binda nitur úr andrúmsloftinu og geta því sparad okkur niturábúrð. Alaskalúpinan hefur reynst mjög öflug en aðrar tegundir eins og hvítsmári, rauðsmári, baunagras, giljaflækja, umfeðmingur, gullkollur, refagandur o.fl. geta einnig komið að notum. Lúpinan er umdeild en ef okkur er alvara í því að endurheimta fyrri landgæði er erfitt að sneiða alveg hjá henni. Hana á ekki að nota alls staðar og skýrar reglur þurfa að vera um notkun hennar. Það getur verið skynsamlegt að sá einhverju með henni til að hún hörfi fyrr. Fyrir mörgum árum var lúpinu sáð á Skógasandi ásamt dúnmel. Dúnmelurinn var tiltöluleg fljótur að ná yfirhöndinni þannig að lúpinan var mest í jöðrum breiðunnar. Það er auðvelt að nálgast þess af hvítsmára og rauðsmára og þessar tegundir ætti að nota við landgræðslu þar sem skilyrði henta þeim. Það þarf að vanda yrkjaal og smita fráeyð með rötarhnýðisbakteríum. Sums staðar eru aðstæður svo erfiðar fyrir gróður t.d. vegna þurrka eða sandföks að þær kalla á sérstakar aðferðir og tegundir.

Beit

Um allan heim eru villtir grasbítar, spendýr, fuglar og skordýr sem éta gróður sér til lífsviðurværis. Fram að landnámi Íslands voru þá eingöngu fuglar og skordýr sem nýttu gróðurinn en með landnáminu komu maðurinn og búféð til sögunnar. Ég hef áður skrifað um þann þátt í Bændablaðið (Guðni Þorvaldsson, 2013). Beit er ekki föst stærð, beitarálag getur verið mikið eða lítið og varað mislengi og á það jafnt við búfé sem aðra grasbíta. Beitarþunga og beirtartíma búfjár er hins vegar tiltölulega auðvelt að stýra en það er mikilvægt að halda vöku sinni í því efni svo að land verði ekki ofnýtt. Villtir stofnar sem hafa aðgang að ræktuðu landi geta orðið stærri en náttúruleg búsvæði þeirra þola. Þetta þarf t.d. að hafa í huga t.d. varðandi gæsir og álfir. Þær nýta sér tún og akra bænda, einkum vor og haust. Ef túnanna nyti ekki við myndu stofnarnir grísjast meir, einkum í hörðum árum.

Þó svo að beit sé eðlilegt fyrirbæri í náttúrunni hafa ýmsir haft horn í síðu hennar hér á landi, einkum beit búfjár. Ég hef sjaldan heyrt menn tala gegn beit fugla eða hreindýra á

hálendinu en gæs gengur þar sums staðar mjög nærri gróðri. Beit getur bæði haft neikvæð og jákvæð áhrif á land. Jákvæðu áhrifin vilja gleymast í umræðunni.

Á sama hátt og hófleg áreynsla styrkir mannslíkamann styrkir hóflegt áreiti af völdum sláttar, beitar, klippingar og traðks ýmsar plöntutegundir. Nýlega var kolefnisbinding mæld á opnum svæðum á nokkrum þéttbýlisstöðum í Svíþjóð (Poeplau et al. 2016). Sum þessara svæða voru slegin oft önnur sjaldan. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að svæði sem voru slegin oft bundu marktækt meira kolefni í jarðveginum en svæði sem sjaldan voru slegin. Þeir sem vinna við íþróttavelli og grasflatar vita hvað sláttur og mátulegt traðk hefur jákvæð áhrif á gróðurinn. Þetta vita einnig þeir sem stunda garðrækt, að sláttur, klipping og snyrting plantna er til góðs. Það er einnig hægt að ganga of langt í þessum efnum, ofbeita eða klippa of mikið. Þarna þarf að finna hinn gullna meðalveg. Það eru til sögur af beit á sker og eyjar við sjó þar sem jarðvegurinn skolaðist burt eftir að hætt var að beita. Þarna hefur beitin örvað röturvöxt eða stuðlað að tegundasamsetningu sem batt jarðvegin (Sickel 1997).

Stundum er talað um að ekki megi beita land nema það sé algróið. Vissulega eru til ógróin svæði sem æskilegt væri að friða á meðan þau eru grædd upp. Viða hefur hins vegar gengið vel að græða upp land samfara hóflegri beit og sjálfræðsla hefur verið töluverð á bæði beittum og friðuðum svæðum síðustu áratugi (Borgþór Magnússon o.fl. 2006). Beit skilar búfjárburði og beitarfænaður dreifir honum og fræi frá frjósamari svæðum á minna gróin svæði. Þegar land er alfríðað vill safnast í það mosi og sina en sinan seinkar því að jarðvegurinn hitni á vorin og heldur birtu frá nýgræðingnum og vöxtur hefst því seinna. Mosi hefur ekki eiginlegar rætur og bindur jarðvegin því ekki á sama hátt og plöntur með öflugt rötarkerfi.

Guðni Þorvaldsson

Heimildir

Borgþór Magnússon, Björn H. Barkarson, Bjarni E. Guðleifsson, Bjarni P. Maronsson, Starri Heiðmarsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Sigurður H. Magnússon og Sigbrúður Jónsdóttir, 2006. Fræðaging landbúnaðarins 2006, 221-232.

Guðni Þorvaldsson, 2013. Hugleiðing um sauðfjárbreit. Bændablaðið 19 (14), 33.

Kätterer, T., Bolinder, M.A., André, O., Kirchmann, H., Menichetti, L., 2011. *Roots contribute more to refractory soil organic matter than aboveground crop residues, as revealed by a long-term field experiment. Agriculture Ecosystems and Environment* 141 (1-2), 184-192.

Poeplau C., Marstorp H. Thored K. & Kätterer T., 2016. *Effect of grassland cutting frequency on soil carbon storage – a case study on public lawns in three swedish cities. Soil (i prentun).*

Sickel, H. 1997. *Kystkulturlandskap i forfall - vegetasjonsdynamikk i et nedlagt øyvær på Helgelandskysten. - Universitetet i Oslo, Botanisk Hage og Museum. Cand. scient. thesis. Unpubl.*

Þorsteinn Guðmundsson, Guðni Þorvaldsson og Hólmgeir Björnsson 2016. *Langtímaáhrif nituráburðar á kolefni, nitur og auðleyst næringarefni í snauðri sandjörð. Skrína (Í yfirlestri).*



Þórarinn Ingi Pétursson.

Sjálfbær sauðfjárrækt til framtíðar

Þjóðarrátturinn lambakjöt nýtur stöðugra vinsælda hér á landi í öllum sínum fjölbreytileika og það eru fáir Íslendingar sem ekki brögðuðu á ilmandi hangikjöti um hátíðarnar.

Íslensk sauðfjárrækt stendur á þroskuld mikilla tækifæra í heimi þar sem sérstaða og hreinleiki vega sífellt þyngra á vogarskálum neytenda. Fleiri eru tilbúnir að borga meira fyrir náttúrulegar og sjálfbærar hágæða landbúnaðarvörur sem framleiddar eru á fjölskyldubúum þar sem siðlegir búskaparhættir eru hafðir að leiðarljósi.

Þess vegna standa sauðfjårbændur keikir. Vilji er til að efla sauðfjárrækt á komandi árum með því að draga fram styrkleika hennar og sérstöðu á sjálfbæran og umhverfisvænan hátt. Þessa dagana standa yfir viðræður ríkisins og bænda um nýjan sauðfjársamning. Af hálfu bænda hefur verið unnin mikil og vönduð greiningar- og stefnumótunarvinna sem endurspeglast í þeim grænu samningsmarkmiðum sem við komum með að borðinu.

Vörslumenn landsins

Bændur eru vörslumenn landsins og gera sér skýra grein fyrir því að sjálfbær landnýting felur í sér að hver kynslóð skili landi af sér í jafn góðu eða betra ástandi en hún tók við því. Kortlagning á kolefnisfötspori íslenskrar sauðfjárræktar er líka innan seilingar og bændur vilja ráðast í nýræktun á beitar-skógum. Allt þetta höfum við lagt á samningaborðið og fengið jákvæð viðbrögð.

Nýverið kynntum við nýtt gæða- og upprunamerki fyrir íslenskar sauðfjárafurðir sem ætlað er erlendum ferðamönnum. Það var unnið og hannað í samvinnu við fremstu fagmenn, bæði íslenska og útlenda. Á sumrin reikar féð frjálst á skilgreindum afréttum og til þess er vísað í slagorðinu Roaming Free. Í merkinu er lögd sérstök áhersla á að íslenskt sauðfé hefur lifað með þjóðinni allt frá landnámi og er einstakt. Hið sama á við um þær náttúrulegu búskap-

araðferðir sem hér tíðkast. Þetta viljum við draga fram þegar við kynnum íslenskar sauðfjárafurðir fyrir ferðamönnum.

Á tímabilum var fé á Íslandi of margt, stýringu beitar ábótavant og meðferð á landi ekki nógu góð. Jafnvel slæm. Nú eru hins vegar breyttir tímar, féð miklu færra og allra leiða leitað til að tryggja sjálfbærni. Nú þegar eru 93% allrar dilkakjötsframleiðslu í landinu undir hatti gæðastýringar, þar sem bændur gangast sjálfviljugir undir kvaðir varðandi dýravelferð, sjálfbæra landnýtingu og fleiri þætti. Þetta er tilraunaverkefni sem unnið hefur verið að í rúman áratug í samvinnu við ráðuneytið og Landgræðsluna. Nú viljum við að þetta verði hið algilda viðmið.

Grænar áherslur í samningum

Nauðsynlegt er að kortleggja og meta auðlindir lands og sjávar; fiskinn í sjónum, orkuna í iðrum jarðar og gróður landsins. Þess vegna hafa bændur lagt til við samningaborðið að gerð verði ítarleg heildarúttekt á gróðurauðlindinni á Íslandi í samvinnu við helstu fagaðila. Um leið verði komið á sívirknu rannsóknar-, mats- og vöktunarkerfi á landi og áhrifum beitar svo tryggja megi í sessi sjálfbæra landnýtingu um langa framtíð.

Sauðfjårbændur eru stoltir af því að geta boðið einstaka vöru af hæsta gæðaflokki sem framleidd er í sátt við samfélag og náttúru. Við bændur, eins og aðrir Íslendingar, erum stoltir af lambakjötinu. Fáir geta státað af jafn umhverfisvænum og náttúrulegum framleiðsluaðferðum. Fyrir okkur eru hugtök eins og dýravelferð, siðlegir búskaparhættir og sjálfbærni meira en orðin tóm. Við vitum líka að markaður fyrir vöru eins og okkar fer sífellt stækki. Við samningaborðið höldum við þessum sjónarmiðum á lofti af krafti og heilindum til að tryggja sjálfbæra sauðfjárrækt til framtíðar.

Þórarinn Ingi Pétursson
formaður Landssamtaka sauðfjårbænda

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

Næsta blað kemur út

11. febrúar

Utan úr heimi

Dýravernd:

Teknir með 200 kíló af fílabeini

Veiðipjófar í Mið-Afríkuríkinu Gabon voru gripnir með 200 kíló af fílabeini. Fílabeinið sem gert var upptækt er mesta magn sem veiðipjófar í landinu hafa verið gripnir með.

Tveir hafa verið handteknir vegna málsins og er annar þeirra starfsmaður skógræktarinnar og landvörður á friðlandi fyrir dýr í Gabon.

Undanfarin ár hafa yfirvöld í Gabon eytt talsverðu fé í að vernda þá fimmtíu þúsund fíla sem finnast í landinu en fílarnir þar eru um helmingur allra villtra fíla sem finnast í álfunni.

Áætlað er að það þurfi að drepa að minnsta kosti 20 fíla til að fá 200 kíló af tönnum sem í daglegu tali eru kallaðar fílabein. Talið er að þjófarnir sem gripnir voru með beinin hafi verið að safna þeim í



Þúsundir fíla eru drepnir á hverju ári í Afríku vegna tannanna sem notaðar eru til að skera út skrautmuni eða sem náttúrulegt Viagra.

langan tíma. Þeir hafa viðurkennt að hafa ætlað að selja ránsfenginn til Asíu þar sem beinið er notað til að skera út skrautmuni eða mulið í fílabeinsmjöl og drukkið sem náttúrulegt Viagra. /VH



Götutré í Sydney.

Andfætlingar:

Stjórnvöld ætla að stórauka trjárækt í borgum

Umhverfisráðherra andfætlinga okkar í Ástralíu segir stjórnvöld þar ætla að leggja aukna áherslu á ræktun trjáa í borgum og bæta þannig heilsu íbúanna.

Að sögn ráðherrans hefur undirbúningsvinna þegar verið hafin og mun ætlan um stórauðna trjárækt í borgum álfunnar liggja fyrir eftir nokkra mánuði. Hugmyndin er að stjórnvöld landsins og stjórnir borga muni vinna náið saman að ræktuninni og að á innan við áratug

verði búið að rækta fjölda einstakra trjáa og trjálunda sem veita munu borgarbúum skjól fyrir vindi og sterkri sól og bæta þannig heilsu borgaranna.

Skógræktar- og umhverfis-samtök í Ástralíu hafa lýst mikilli ánægju með verkefnið og að þau muni leggja því lið.

Markmið stjórnvalda er að búið verði að planta út að minnsta kosti 20 milljón trjám í borgum í Ástralíu fyrir árið 2020. /VH



Vegna skógareyðingar í Afríku hefur ávaxtaleðurblakan, sem ber með sér Ebólusmit, verið að leita út fyrir hefðbundið búsvæði sitt.

Skógareyðing í Vestur-Afríku:


Ástæðan fyrir útbreiðslu Ebólu?

Sett hefur verið fram sú tilgáta að eyðing skóga í vestanverðri Afríku hafi verið ástæðan fyrir Ebólufaraldrinum sem geisaði á svæðinu síðari hluta árs 2014.

Samkvæmt tilgátunni leiddi eyðing skóga í Vestur-Afríku til þess að búsvæði ávaxtaleðurblaka hafi verið eyðilögð og vegna þess hafi þær leitað fæðu og skjóls í manna-bústöðum. Vitað er að umræddar leðurblökur bera í sér Ebólavírusinn

og að hann getur borist úr þeim í menn.

Gríðarlegt skóglendi hefur verið fellt í löndum Vestur-Afríku eins og Gíneu, Síerra Leóne, Líberíu, Fílabeinsströndinni og Gíneu Bissá. Allt lönd þar sem Ebólufaraldurinn skall á með miklum þunga. Skógar hafa verið felldir til að ryðja landi fyrir matvælaframleiðslu, námu-vinnslu og til útflutnings á harðvði. /VH



Kínversk mjólkurframleiðsla í vexti

Undanfarin ár hafa borist ótal fréttir hingað til lands um mikla vaxtarmöguleika í Kína í tengslum við sölu mjólkurvara og hinn ört stækkaði markað þar í landi fyrir mjólkurvörur.

Flest stærstu afurðafélög í heimi hafa af þessum sökum sett mikinn kraft í markaðsstarf í Kína og náð sterkri fötfestu þar fyrir margvíslegar mjólkurvörur. Á sama tíma hafa kínversk yfirvöld hlúð að innri uppbyggingu og lagt áherslu á aukna mjólkurframleiðslu í landinu sjálfu, m.a. með styrkjum bæði við frumframleiðendur mjólkur og einnig við uppbyggingu afurðavinnslugeirans. Ástæða stuðnings kínverskra stjórnvalda við uppbyggingu afurðavinnslunnar er bæði sú stefna Kínverja að verða sem mest óháðir innflutningi, og jafnframt að aðstoða kínverskar afurðastöðvar að endurverkja traust neytenda á kínverskum mjólkurvörum en sem kunnugt er hrundi heimamarkaðurinn þegar í ljós kom fyrir nokkrum árum að melanín hafði verið blandað í nokkrar mjólkurvörur. Kínverskir kúabændur og raunar mörg fyrirtæki hafa svarað kalli yfirvalda eftir mjólk sem framleidd er í landinu sjálfu og er nú mikil uppbygging í gangi í landinu.

Enn meiri neysluaukningu spáð

Nýverið var samþykkt í Kína að for-eldrum þar í landi væri heimilt að eignast tvö börn en árið 1979 voru sett sérstök lög í Kína sem kváðu á um að flest þör mættu einungis eignast eitt barn. Nú stefnir í að það vanti ungt fólk til þess að sjá fyrir þeim sem eldri eru í framtíðinni og því hefur fyrrnefndum lögum verið breytt. Þessari breytingu hefur verið vel tekið bæði heima fyrir en ekki síður erlendis enda aukið bjartsýni margra kúabænda víða um heim þar sem stór hluti innflutnings mjólkurvara til Kína er mjólkurduft sem notað er í mjólk fyrir ungbörn. Margir spá því að árið 2017 og næstu árin á eftir muni verða aukin eftirspurn og að það muni toga heimsmarkaðsverð mjólkur upp enn á ný.

Þriðji stærsta framleiðsluland heims

Í dag er Kína eitt af mestu framleiðslulöndum heims á mjólk og það þrátt fyrir að stór hluti íbúa

landsins sé með mjólkursýkuróþol. Eins og sést af meðfylgjandi mynd þá er mjólkurframleiðsla landsins um 37 milljarðar kílóa og meiri framleiðsla er einungis í Indlandi og Bandaríkjunum. Eins og fram kemur hér að ofan er árlegur vöxtur neyslu mjólkurvara mikill og þarf Kína því á innflutningi að halda enn um sinn að minnsta kosti en um 20–25% vöxtun er á markaði umfram innanlandsframleiðsluna. Neysla mjólkurvara í Kína er þó enn langt innan við það sem gengur og gerist í öðrum löndum og er meðal-neysla á mjólkurvörum, umreiknað í lítra mjólkur, rétt í kringum 25 lítrar sem er margfalt minna en t.d. meðal Íslendingur neytir.

Ostar lykillinn að enn aukinni neyslu

Síðustu tvö árin hefur orðið nokkur breyting á markaðsstarfi innflutningsaðilanna í Kína en stórauðin áhersla er nú lögð á neyslu á ostum, en í Kína er hún enn sem komið er frekar óalgeng enda ekki hefð fyrir neyslu osta, auk þess sem ostar hafa verið munaðarvara. Með bættum efnahag og auknum tekjum Kínverja hefur kaupgetan aukist og sala á ostum stigið jafnt og þétt. Þá hafa margir innflutningsaðilar staðið bæði fyrir rekstri kennslueldhúsa og kostað matreiðsluþætti þar sem sýnd og kennd er notkun á ostum við matargerð. Þetta hefur svo sannarlega skilað sér og sem dæmi um það má nefna að árið 2014 nærri tvöfaldaðist innflutningur á ostum til Kína. Þá hefur almennur áhugi Kínverja á ostum almennt aukist, en rannsókn á leitarhegðun fólks á veraldarvefnum sýndi 60% aukningu í leit Kínverja að orðinu „cheese“ (ostur) síðustu 3 ár! Uppskriftir að margs konar réttum með osti eru þar ofarlega á blaði s.s. að flatbökum, grænmetisréttum með rifnum osti og fleira slíku góðgæti. Helstu innflutningslönd osta til Kína hafa til þessa verið Nýja-Sjáland, Ástralía og Bandaríkin. Lönd Evrópu eru hins vegar allnokkuð á eftir enda byggja þar flestir útflytjendur á ostum á framleiðslu hágæðaosta, en stærsti hluti innflutts osts til Kína er vinnsluostur.

Mikill breytileiki í bústærð

Kínverska mjólkinn er framleidd á búum allt frá því að vera einungis

með 1–2 kýr og upp í það að vera með þúsundir kúa en mest fjölgun búa hefur einmitt verið í síðast-nefnda flokknum undanfarin ár. Fleiri og fleiri kaupahéðnar og fyrirtæki hafa horft til þeirra tækifæra sem blasa við í kínverskri mjólkurframleiðslu og töluverð uppbygging því átt sér stað. Sem dæmi um þetta má nefna að fyrirtækin DeLaval og SAC settu upp fleiri mjaltahringekjúr í Kína einu og sér á síðasta ári en samtals í öllum öðrum löndum heimsins. En það eru ekki einungis bændur og fyrirtæki sem byggja upp hina kínversku mjólkurframleiðslu því afurðafélögin eiga einnig ótal kúabú sjálf. Þetta á m.a. við um kínverska afurðafélagið Mengniu, sem er eitt af stærstu afurðafélögum í heimi með um 8–9 milljarða lítra innvigtun mjólkur árlega. Mengniu áætla að innvigtun til fyrirtækisins muni aukast um 50% nú á komandi örfáum árum með tilkomu 25–30 nýrra kúabúa í eigu afurðafélagsins, en á hverju þeirra verða 10 þúsund mjólkurkúr.

Kúabú með 100 þúsund kýr

Stærsta kúabú Kína í dag er með 40 þúsund mjólkurkúr og er það jafnframt stærsta kúabú í heimi en brátt tekur enn stærra bú til starfa er fyrirtækið Modern Dairy Company lýkur framkvæmdum við nýtt kúabú sitt í norðausturhluta Kína. Það er einmitt sama fyrirtæki sem á fyrir áðurnefnt kúabú sem hefur 40 þúsund mjólkurkúr svo forsvarsmenn fyrirtækisins þekkja það vel hvernig á að stjórna stórum kúabúum. Áætlaður kostnaður við þetta risabú hljóðar upp á um 25 milljarða íslenskra króna sem er reyndar ekki há upphæð á hverja mjólkurkú þrátt fyrir allt eða um 250 þúsund krónur sem hlýtur að teljast afar hagstætt, enda oft miðað við að básinn með öllu kosti um 800 þúsund eða jafnvel meira en það. Til þess að afla fæðurs í þessar kýr þarf allnokkurt land eða um 200 þúsund hektara. Slíkt land er ekki tækt í dag í Kína og því hefur verið gerður leigusamningur við Rússland um aðgengi að landi á meðan unnar verða upp 200 þúsund hektarar af nýræktun í Kína. Til fróðleiks má geta þess að stærsta kúabúið í Bandaríkjunum er með 30 þúsund mjólkurkúr, það stærsta í Bretlandi með um 2 þúsund mjólkurkúr og það stærsta í Danmörku um 1.800 mjólkurkúr.

Hár framleiðslukostnaður í Kína

Þrátt fyrir meðal bústærð sína og umfang mjólkurframleiðslunnar, þá er framleiðslukostnaður mjólkur í Kína langtum meiri en mörgum öðrum löndum. Skýringin á þessu felst fyrst og fremst í því að stór hluti bænda þarf að kaupa að stærstan hluta fôðursins fyrir kýrnar sínar þar af einnig mest allt gróffóður, og það hefur auðvitað veruleg áhrif á kostnaðinn. Mest er flutt inn til landsins af refasmára- og maisvothegi en bæði bændur í Kanada og Bandaríkjunum hafa verið stórtækir framleiðendur á þessu fôðri fyrir kínverska kúabændur. Alls nam innflutningur Kína á þessu vothegi um 680 þúsund tonnum árið 2014 en innlend framleiðsla Kína á samskonar fôðri fer fram á einungis 200 þúsund hekturum sem telst lítið ef lítið er til stærðar landsins.

Þá hefur launakostnaður á þarlandum kúabúum hækkað verulega á undanföllum árum, auk þess sem gengið hefur styrkst með tilheyrandi hækkuðum kostnaði á innfluttum vörum. Samkvæmt nýlegu uppgjöri IFCN (International Farm Comparison Network) nam meðal framleiðslukostnaður mjólkurlitrans í Kína 0,6 dollurum árið 2014 eða um 78 krónum miðað við núverandi gengi. Til samanburðar gefur IFCN upp að meðal framleiðslukostnaður mjólkur í heiminum árið 2014 var talinn vera um 60 krónur á lítrann.

Lág meðalný

Það er talið að það séu í Kína u.þ.b. 12 milljónir mjólkurkúa og miðað við árlega innvigtun mjólkur þá er meðalnýtin ekki nema rétt um 3 þúsund lítrar á kúna. Þetta eru auðvitað allt of lágar afurðir miðað við vinnuframlag og annan kostnað við hverja kú og því er unnið að því hörðum höndum að ná meðalnýtinni upp. Eitt er að koma í þær betra fôðri en hitt er



Stærsta kúabú Kína í dag er með 40 þúsund mjólkurkúr og er það jafnframt stærsta kúabú í heimi.

að bæta erfðæfnið. Kínverjar hafa undanfarin ár farið þá leið að flytja inn kynbótagripi til landsins svo hraða megi framförum og þegar Kínverjar taka sig til þá er það gert af miklum krafti. Þannig voru árið 2014 fluttar inn 100 þúsund mjólkurkúr til landsins í þessum tilgangi auk þess sem árlegur innflutningur á óbornum kvígum hefur verið frá 50–100 þúsund gripir. Væntingar standa því til þess að meðalframleiðslan aukist allverulega á komandi árum enda um svartskjöldóttar Holstein-kvígur og kýr að ræða sem hæglega geta mjólkað 11–13 þúsund lítra hver á venjulegu mjaltaskeiði fái þær gott gróffóður og sé vel hlúð að þeim.

Mikil þörf fyrir ráðgjöf og endurmenntun

Eins og hér að framan má lesa um þá er kínverska mjólkurframleiðslan allövenjuleg að uppbyggingu og byggir mikið til á aðkeyptu fôðri með tilheyrandi kostnaði auk þess sem meðalafurðir eru lágar og launakostnaður á hvern lítra hár. Í öllum alþjóðlegum samanburði hefur kínversk mjólkurframleiðsla komið illa út en athygli hefur þó vakið að best reknu bú landsins standa sig einkar vel. Það bendir til þess að bæta þurfi þekkingu bæði bændanna sjálfra en ekki síður þekkingar í stoðkerf-

inu s.s. meðal dýralækna og ráðunauta. Af þeim sökum hafa bæði kínversku afurðafélögin og ýmis fyrirtæki hleypt af stokkunum röð námskeiða til þess að endurmennta fagfólk í stoðkerfinu sem og flutt inn ráðgjafa sem hafa unnið beint með kúabændunum, sér í lagi stærri framleiðendunum. Hefur reynslan af þessu verið góð og nú þegar sjást merki um bætta afurðir og bætta rekstur á kúabúum landsins.

Þó svo að stjórnvöld í Kína vilji gjarnan sjá þarlandan markað sjálfbæran þegar kemur að mjólkurvörum þá er dagljóst að allnokkuð er í land þar eð þrátt fyrir mikinn vöxt í þarlandri mjólkurframleiðslu þá vex neyslumarkaðurinn einfaldlega einnig. Þetta skapar mikil tækifæri fyrir bæði kúabændur, afurðastöðvar og margs konar stoðfyrirtæki víða um heim s.s. á sviði framleiðslu og ráðgjafar og verður því afar áhuga-vert að fylgjast með þróuninni á komandi árum.

Fyrir áhugasama má benda á aðra grein um kínverska mjólkurvörumarkaðinn sem birtist í 4. tölublaði Bændablaðsins árið 2013 á blaðsíðum 34–35.

Snorri Sigurðsson

sns@seges.dk

Ráðgjafi hjá SEGES P/S

Danmörku

Landhremmingar í Kongó:

Bresk stjórnvöld sökuð um að styðja mannréttindabrot

Fyrirtækið Feronia, sem að hluta til er í eigu Þróunaraðstoðarstofnunar Bretlands, hefur verið sakað um landhremmingar (land-grabbing) með ólöglegum hætti í Kongó og brot á mannréttindum.

Kom þetta m.a. fram í breska blaðinu The Guardian þann 12. janúar sl. Fyrirtækið Feronia sem skráð er á markaði í Kanada, var í nær 100 ár alfarið í eigu matvælarisans Unilever, en þar var stofnað árið 1911. Það er líka skráð á markaði TSX Venture Exchanges og framleiðir einkum pálmaolíu og fleiri afurðir olíuríkra jurta, hrísgrjón, korn og baunir. Samkvæmt heimasíðu fyrirtækisins framleiðir það 13.000 tonn af pálmaolíu á ári.

Í byrjun janúar átti CDC Group um 27,4% hlut í fyrirtækinu en það er í eigu Þróunaraðstoðarstofnunar Bretlands, DFI. Þá áttu fleiri evrópsk ríki samtals 32,4% hlut í fyrirtækinu í gegnum Golden Oil Holdings Limited (GOHL). Það er síðan að fullu í eigu Maurítíus special purpose vehicle sem er dótturfélag fjárfestingasjóðsins African Agriculture Fund (AAF). Þessi sjóður fjárfestir einkum í afrískum landbúnaði. Auk þess áttu aðrir stofnanaðstæðingar tæplega 17,9% hlut í félaginu.

Í miklum viðskiptum 15. janúar var gengið frá kaupum á aukinni hlutdeild GOHL í Feronia og er það þá komið með 54,9% hlut í félaginu.



Ein af plantekrum Feronia í Kongó.

Yfir 100 þúsund hektarar

Feronia ræður nú yfir 120 þúsund hektara landi í Kongó, þar af 30.199 hekturum á Yaligiama-plantekrunni, 63.560 hekturum á Lokutu-plantekrunni og 13.542 hekturum á Boteka-plantekrunni samkvæmt gögnum fyrirtækisins. Heimamenn segja þó að fyrirtækið hafi ekki getað sýnt fram á eign á nema 63.000 hekturum og meira að segja sé vafa undirorpið hvort þeir pappírar séu löglegir. Héraðsstjórinn Gaspard Bosenge-Akoko, fulltrúi að papp-

írar hafi verið falsaðir til að sölsa land undir fyrirtækið. Segir hann að yfir 40 þúsund hektarar hafi verið hrífsaðir af samfélaginu. Meðan Kongó var nýlenda Belga á árunum 1908 til 1960 hafi landið verið stolið frá íbúunum meðfram allri Kongóánni undir pálmatrjáarækt. Samfélag heimamanna hafi síðan verið útilokað frá allri ákvarðanatöku um útpenslu starfseminnar á undanföllum árum.

Bretar sakaðir um að styðja mannréttindabrot

Mannréttindasamtök hafa nú sakað

WWW. VINDUR.is

STRÚKTÚR kynnir—25 kW vindmyllur frá HS WIND í Danmörku.

Mjög einfaldar í uppsetningu og rekstri.

Hafðu samband við okkur **struktur@struktur.is** og skoðaðu heimasíðu okkar.

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Hraðastöðum IV | 271 Mosfellsbæ | Sími: 696 0008 & 860 0264 |

Primaloft úlpur **praxis**
... Þegar þú vilt þægindi

Léttar og þægilegar vatteraðar úlpur í mörgum litum fyrir dömur og herra

Stærðir: S-M-L-XL-XXL-3XL

Verð frá 22.900 kr.

Þantið vörulista hjá okkur praxis@praxis.is

Friendtex á Íslandi Praxis á Íslandi

Bonito ehf. • Friendtex • Praxis
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2870 • www.friendtex.is • www.praxis.is
Opið mánudag - föstudag 11:00-17:00 **Opið laugardaginn 30. janúar kl. 12:00-16:00**

talsmaður baráttusamtakanna RIAO-RDC, ritaði evrópsku landréttarsamtökunum Grain bréf þar sem hann lýsir ástandinu. Segir hann íbúa nærri pálmaplantekrunum búa við næringarskort og hungur í húsakynnum sem séu að hruni komin.

Fyrirtæki segist ætla að bæta aðstöðuna

Fyrirtækið segist hafa reynt að bæta stöðu þeirra 3.800 verkamanna sem þar starfa en átt við sjúkdóma og áratugalöng innanlandsátök að glíma. Þá sé svæðið mjög einangrað og mikil þörf sé á auknu fé í uppbyggingu. David Easton, fjárfestingastjóri CDC, segir að þegar það fyrirtæki hafi tekið við stjórn Feronia, hafi allt verið í algjörrni niðurníðslu. Þá sé fyrirtækið eini vinnuveitandinn á mjög stóru svæði.

„Við viðurkennum að margt þarf að gera. Fólkið þarf húsnaði, skóla og sjúkrahús. Við erum að gera úttekt á samfélagsaðstæðum og verður gefin út skýrsla um málið síðar á þessu ári. Við höfum hækkað laun um 50% og reiknum með að hækka launin enn frekar. Við höfum ákveðið að verja sem nemur 3,6 milljónum dollara í húsnaðisuppbyggingu, sjúkrahús, skóla og fleiri samfélagslega nauðsynlega þætti,“ sagði Easton í samtali við Guardian.

/HKr.

Jean-François Mombia Atuku,



Hjálpartæki við beiðslisgreiningu mjólkurkúa

Til eru margvísleg hjálpartæki til að fylgjast með beiðslum kúa.

Blað eða minnisbók og ritfæri eru hjálpartæki af einföldustu gerð og þau ber ekki að vanmeta.

- Gangmáladagatal er ennþá notaðrýgra.
- Áminningar í dagatölum símanna geta einnig nýst.
- Skýrsluhaldskerfið Huppa er handhægt og einnig forrit sem fylgja mörgum mjaltakerfum.
- Hjálpartæki sem tengjast atferli kúnna hafa lengi verið notuð.
- Merkjakerfi sem sýna hvort kýrnar hafa staðið undir öðrum kúm hafa lengi verið notuð erlendis.
- Hreyfiskynjarar sem sýna aukna öró eru orðnir fullkomnari.
- Mælingar á eðlislægum þáttum eru þekktar.
- Viðnám í skeiðaslími.
- Mælingar á hormónum.
- Stjórnun á beiðslum.
- Samstilling og gangsetning með prógesterón hormóni og framköllun á beiðsli með prostaglandin hormónum.

Notkun á hjálpartækjum

Baldur Örn Samúelsson skrifaði BS-ritgerð í Landbúnaðarháskóla Íslands í maí 2015, „Ávinningur af notkun hjálpartækja við beiðslisgreiningu“. Ritgerðin byggist á skoðanakönnun með svörum frá 171 bónda.

Þar kom í ljós að það var marktækur munur á hvað FS talan var hærri þar sem notuð voru hjálpartæki, hvað bil milli burða var styttra og hvað liðu færri dagar frá burði til fyrstu sæðingar.

Það hjálpartæki sem virtist gera mest gagn var gangmáladagatalið eitt og sér. Ekki virtist vera til bóta að nota tölvukerfi með gangmáladagatalinu. Hreyfiskynjarar virtust ekki bæta frjóseminna fram yfir önnur hjálpartæki eins og tölvur.

Skráningar eru grundvallaratriði varðandi beiðlisgreiningu og frjósemi mjólkurkúa. Einföldustu tækin, gangmáladagatal, skriffæri og minnisbók eru greinilega notadryggt fyrir flesta. Hins vegar er líklegt að hægt sé að nota tölvukerfi og hafa mikið gagn af þeim. Skýrsluhaldskerfi Bændasamtakanna, Huppa, getur verið mjög gagnlegt. Þar er hægt að sjá hvernig staðan er í fjósinu á einfaldan hátt með því að fara inn í Skýrslur og Frjósemisskýrsla búins. Með því að fara inn í Skýrslur og Væntanleg beiðsli er hægt að sjá hve langt er síðan kýrnar voru sæddar, þannig sést hvaða kýr voru sæddar fyrir u.þ.b. þremur vikum 17–24 dögum og eru líklegar til að vera að beiða upp, á mörgum búum eru meira en helmingsskýrsla á að kýr beiði upp eftir sæðingu. Þar er líka hægt að sjá hvaða kýr er tímabært að fangskoða, dýralæknir með sónar getur fangskoðað eftir 30–35 daga og þjálfaður dýralæknir eða frjótæknir eftir 36–56 daga.

Listi yfir ósæddar kýr sýnir hve margir dagar eru frá burði og þá er hægt að meta hvaða kýr er tímabært að sæða. Til að halda góðum tíma á hjörðinni er ráðlagt að sæða á fyrsta beiðsli sem sést eftir að liðnir eru 42 dagar frá burði. Listi yfir ósæddar kvígur sýnir aldur á kvígunum sem er tímabært að sæða þegar þær eru 15 mánaða.

Hjálpartæki sem tengjast atferli kúnna

Eitt öruggasta einkenni þess að kýr



Kýrin Snúra í Berjanesi.

Mynd / HKr.



Þorsteinn Ólafsson að störfum.

sé yxna er að hún stendur kyrr þegar aðrar kýr riðla á henni. Til þess að sjá þetta þarf að fylgjast mjög vel og stöðugt með kúnum. Það hefur verið sýnt fram á það í mörgum rannsóknnum að eftir því sem ferðirnar til þess að fylgjast með beiðslum kúnna eru tíðari uppgötvast fleiri beiðsli. Lengi hafa verið til litir til þess að smyrja á halarótina, en þeir hafa lítið verið markaðssettir hér á landi. Liturinn nuddast af ef kýrin stendur undir annarri kú. Til eru aðrar svipaðar útfærslur, sérstakar pjötlur sem límdar eru á halarótina og nuddast eða litahylki sem springa þegar kýrin stendur undir. Athuga þarf tvisvar á dag hvort breyting hefur orðið á halarótinni. Gallinn við þessar aðferðir er helstur að merkin geta breyst við það að aðrar kýr nuddi hausnum upp á halarótina svo skilaboðin verða fölsk. Til eru sendar sem eru límdir upp á halarótina og senda boð í tölvu ef kýrin stendur undir. Galli við þá aðferð er að fylgjast þarf með að kýrnar týni ekki sendunum og gæta þess að þeir séu á kúnum þangað til fang hefur verið staðfest. Þá er nokkur kostnaður í sendum og móttökustöð sem sendir boð áfram í tölvuna.

Hreyfiskynjarar

Á níunda áratugnum var farið að nota skrefatæljar sem festir voru á afturfót kúnna til að greina aukna hreyfingu sem fylgir beiðslum. Lesið er af mælunum þegar kýrnar

eru mjólkkaðar. Í ljós kom að þessi aukna hreyfing var nánast eingöngu tengd því að kýrnar voru yxna.

Á fyrsta áratug þessarar aldar var farið að nota hreyfiskynjara sem festir eru í hálsband kúnna. Nú eru til nokkrar gerðir af slíkum skynjurum sem m.a. fást sem aukahlutir með mjaltatækjum og mjaltakerfum, en eru einnig seldir sem sjálfstæðar einingar. Til að auka ennþá meira notagildi þessara tækja er hægt að fá þau með nema fyrir jörtur, þannig nýtast þau bæði til að skynja gangmál kúnna og hvort þær eru að fá súrdoða, jógurbólgu eða einhvern kvilla sem dregur úr jörttri. Þar sem burðurinn er sémilega dreifður má gera ráð fyrir að nóg sé að eiga skynjara á hálsbönd þriðjungs af kúnum. Þá er skynjarinn settur á hálsband kýrinnar fljótlega eftir burð og tekinn af og fluttur á næstu kú þegar staðfest hefur verið að kýrin sé komin með fang. Norsk athugun sýnir að hreyfiskynjarar geta einnig nýst í fjósum, þar sem kýrnar eru bundnar á bása.

Mælingar á viðnámi í skeiðarslími

Til eru nokkrar gerðir slíkra mæla, en ekki er að sjá að mælt sé með notkun þeirra.

Hormónamælingar í mjólk

Til eru einfaldar aðferðir til þess að mæla prógesterónhormón í mjólk. Kýr sem eru með óvirka eggjastokka og kýr sem eru að beiða eru með

mjög lítið eða ómælanlegt prógesterón í mjólkinni og kýr sem eru með mikið eða mælanlegt prógesterón í mjólkinni eru ekki að beiða og gætu verið með fangi. Þessar mælingar geta komið að gagni við beiðslisgreiningu og fangprófun, en það getur verið erfitt að hitta á réttan sæðingátíma nema með endurteknunum mælingum, hins vegar geta slíkar mælingar komið að gagni ef einnig er fylgst með hegðunarbreytingum hjá kúnum. Hver mæling kostar eitthvað og endingartími efnanna er skammur. Ekki er ólíklegt að framleiðendur mjaltatækja vinni að því að gera prógesterónmælingar aðgengilegri í beinum tengslum við mjaltir á hagkvæman, einfaldan hátt. Það getur verið framtíðarsýn.

Beiðsli framkallað með lyfjum, samstilling

Dýralæknar hafa lyf til þess að framkalla beiðsli. Þar er fyrst og fremst um tvær aðferðir að ræða. Ef vitað er að kýrnar séu farnar að ganga eftir burðinn er hægt að nota svokallað prostaglandin hormón. Þá er gert ráð fyrir því að kýrnar séu sprautaðar tvisvar sinnum með 11 daga millibili og sæddar 72 og 96 klst. (3 og 4 dögum) eftir seinni sprautuna.

Önnur aðferð er að setja gorm sem skilur út prógesterón hormón í skeiðina á kúnni og hafa hann í kúnni í nokkra daga. Gormurinn er fyrst og fremst notaður ef vafi er á um hvort kýrin er farin að beiða eftir burðinn og ætti ekki að nota hann fyrr en liðnir eru tveir mánuðir frá burði og föður og nyt er farið að nálgast jafnvægi. Sætt er 48 og 72 klst. (2 og 3 dögum) eftir að gormurinn er tekinn úr kúnni.

Það borgar sig að gefa sér tíma til að greina beiðslin

Það er athyglisvert að það kom í ljós í rannsókn Baldurs Arnar að gangmáladagatalið reyndist vera notadrygsta hjálpartæki og fleiri ferðir en tvær í fjósið til að líta eftir beiðslum skiptu verulegu máli. Það má því líta svo á að þetta hvorutveggja séu grundvallaratriði sem allir verða að hafa í huga.

Í erlendum rannsóknum kemur í ljós að yfirleitt eru bændur ánægðir með hreyfiskynjarana sem þeir hafa

fjárfest í en stundum gengur illa að sýna fram á gagnsemi þeirra og eru rannsóknir misvísandi þar um. Þegar niðurstöður Baldurs eru skoðaðar kemur í ljós lítill ávinningur af notkun hreyfiskynjara en þó má sjá vísbendingar um að í þeim fjósum þar sem notaðir eru hreyfiskynjarar er ávinningurinn fölginn í því að það liða færri dagar á milli sæðinga, það virðist vera að beiðslin fari síður fram hjá án þess að uppgötvast.

Það er ekki vafamál að hreyfiskynjarar eru það hjálpartæki sem getur gagnast best ef þeir eru notaðir á réttan hátt. Þeir eru á vakt allan sólarhringinn, en þeir nýtast ekki nema allar skráningar séu í lagi. Hreyfing kúnna er mest að meðaltali 20–30 klst. áður en egglosið verður. Það er mikilvægt að næmi hreyfiskynjarans sé rétt stillt, til að nema boð frá þeim kúnum sem eru að beiða. Í kringum kýr sem eru að beiða í lausagöngu er viss ókyrrð. Þess vegna er mikilvægt að fara og athuga hvaða kýr er raunverulega að beiða, að það séu ekki fölsk boð sem berast. Það getur einnig verið að það sé ekki kýrin sem sýnir mesta útslagið sem er að beiða, þar er mikilvægt að athuga kúna sem beiddi fyrir þremur vikum, þó að hún hafi verið sædd þá.

PAG-mæling til að staðfesta fang

Erlendis er farið að bjóða upp á mælingu á svokölluðu PAG (Pregnancy Associated Glycoprotein) í mjólk. Fósturhimnurnar framleiða það svo það nýtist til að staðfesta hvort kýrnar séu með fangi með vissum fyrirvörum. Mælingin er ekki nothæf fyrr en liðnir eru meira en 60 dagar frá burði vegna þess að efnið þarf þann tíma til að hverfa úr blóðrásinni frá síðustu meðgöngu. Efnið er komið í mælanlegt magn 35 dögum eftir að kýrin festi fang. Kýr sem festir fang 42 dögum (6 vikum) eftir burð er komin með mælanlegt magn eftir 35 daga þ.e. 77 dögum eftir burð. Mælt er með að fangið sé staðfest með hefðbundinni fangskoðun seinna vegna þess að fósturlát verður helst snemma á meðgöngunni.

Reikna má með að það styttesti í að boðið verði upp á slíka mælingu hér á landi.

Þorsteinn Ólafsson,
dýralæknir Nautastöðvar B.Í.

Lesendabás

Um drög að búvörusamningi

Trúarhreyfingar um heim allan boða eingyðistrú, þú skalt ekki aðra guði hafa. Forsætisráðherra boðaði einnig eingyðistrú í sínu áramótaávarpi á sinn veraldlega máta. Kæru landsmenn, sýnið samstöðu með mér og ég mun boða yður mikinn fögnuð. Þið skulið ekki aðra guði hafa. Ágreiningur er óþarfur og af hinu illa, hvort sem um er að ræða afturkræfar, eða óafturkræfar ákvarðanir mínar. Mitt er valdið, mátturinn og dýrðin, samstaðan er okkur allt. Samstaðan um mig.

Ég vona að þjóðin láti ekki blekkjast af slíkum málflutningi. Lýðræði byggist einmitt á líflegri umræðu og margháttuðum ágreiningi þar sem hagsmunaaðila greinir á um flest þjóðmál. Allar skoðanir eru þar jafn réttmætar meðan gild rök fylgja. Gott lýðræði verður aldrei að veruleika nema sem flestir þegnar afli sér sem bestar þekkingar á þjóðmálum, komi skoðunum á framfæri og kjósi til valda samkvæmt því.

Það sama á við um væntanlegan búvörusamning og vonandi ætlast samningaforustan ekki til þess að hinn almenni bóndi verði skoðanalaus um ágæti þeirra samningsdraga eða hugmynda sem liggja fyrir í mótun. Eingyðistrú í veraldlegum efnum riður þar vonandi ekki húsum.

Öllum atvinnugreinum er nauðsynlegt að ákveðin festa fylgi í stefnumótun og að rekstrarumhverfið kollvarpist ekki á nokkurra ára fresti. Ákvarðanir um afgerandi breytingar þarf að taka til langs tíma. Allar rekstraráætlanir eru vonlausar ef að stefnubreytingar eru verulegar og snöggar, ekki síst í landbúnaði. Hér verður aðeins rætt um mjólk-urhlutann.

Greinilegt er að í nefndum hugmyndum kemur fram dapurlegt hagsmunastríð milli þeirra sem hafa keypt sér greiðslumark til viðbótar hinu áunna og hinna sem hafa lítið eða minna lagt út fyrir kvótakaupum og með lítið áunnið greiðslumark.

Með nýrri öld, einkum til 2008, varð mikil sókn í byggingum lausgöngufjósa með tilheyrandi tæknibúnaði, mjaltapjónum og mjaltagryfjum. Rekstraráætlanir voru gerðar af lærðum og leikum og lánastofnanir lánuðu til langs tíma og hvöttu til kvótakaupa þrátt fyrir hátt verð. Þessir lánapakkar stækkuðu einkum 2008–10 vegna óðaverðbólgu. Verðlagsbreyting frá janúar 2008 til desember 2010 var um 27% og verðbólguþróun fram á mitt ár 2014 var langt fyrir ofan afurðaverðshækkanir til framleiðenda. Á sama tíma fóru vextir yfir 13%!!!

Slíku hafði enginn spáð og jafnvel þeir sem töldu sig hafa borð fyrir báru sukku margir í illviðráðanlegt skuldafen. Þeir sem réðu ekki við lánin fengu margir að visu niðurfellingu skulda á forsendum viðkom-



Birkir Friðbertsson.

Mynd / HKr.

andi banka. Þeir hins vegar sem náðu að standa í skilum þrátt fyrir allt hafa borið sitt á eigin herðum. Ef að slíkt rekstrartjón hefði orðið af völdum náttúruhamfara hefði tapið verið greitt úr almennasjóðum og áfallahjálp veitt. Miðað við hugmyndavinnu bændaforustunnar er hins vegar fyrirhugað að láta hér „kné fylgja kviði“. Gagnvart skatti hefur verið heimilt að afskrá greiðslumarksskostnað á fimm árum en fáir hafa vænst til þess að lán hans vegna yrðu greidd sem skammtímalán enda raunin önnur. Hátt verð á greiðslumarki er vissulega ekki af hinu góða og hefur verið dýr kostur fyrir atvinnugreinina. Hugsanlegt væri að setja hófstíllt hámarksverð, sá er seldi réði þá kaupanda og aðilar skrifuðu undir samninga með samþykki þriðja aðila. Til þessa hafa bændur getað selt greiðslumarkið við búskaparlok og hætt með nokkurri reisu. Er skynsamlegt að koma nú aftan að mönnum og verðfella algjörlega fyrir þeim þá eign sem aðrir hafa getað selt og stundum fyrir verulegt fé. Eitt er víst, að leggja niður stjórn á mjólkurframleiðslunni verður þjóðinni dýr afleikur og bændum þó dýrastur.

Með niðurfellingu greiðslumarks á fimm árum er í fyrsta lagi engin sanngirni sýnd en bolabroðum beitt ef fram nær að ganga, milljónir króna yrðu færðar á milli einstakra framleiðenda á ári hverju, án þess að fyrir slíku liggi augljós né eðlileg rök. Í öðru lagi verður mjólkurframleiðslan stjórnlaus. Fjölgun mjólkurkúa mun aukast en ekki hratt. Hins vegar er ljóst að okkar íslensku kýr eru hjá meirihluta bænda illa nýttar til afurða og reikna má með því að þar verði breyting á með aukinni kraftföðrun. Það getur ekki staðist til lengdar að helmings afurðamunur (meðaltalsframleiða eftir hverja kú)

Rausnarleg gjöf til Heimilisiðnaðarsafnsins

Afkomendur Guðrúnar Jónsdóttur, Nunu frá Hnjúki komu færandi hendi á Heimilisiðnaðarsafnið fyrr í þessum mánuði, en þann 17. janúar voru liðin 100 ár frá fæðingu hennar.

Afkomendurnir gáfu safninu 100 þúsund krónur til minningar um Guðrúnu og móður hennar, Stefanínu Steinunni Jósefsdóttur. Hún var fædd 1886 og lést árið 1977, en Guðrún fæddist 1916 og lést árið 2014.

Afkomendur komu saman af þessu tilefni og heimsóttu m.a. Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi en þar eru varðveittir margir muni eftir þær mæðgur.

Magnús sonur Guðrúnar afhenti gjöfina fyrir hönd afkomendanna og sagði Heimilisiðnaðarsafnið hafa skipað stóran sess í hjarta hennar, hún hefði haft yndi af því að taka



Guðrún Jónsdóttir frá Hnjúki spinningur á rokk í Heimilisiðnaðarsafninu.

þátt í starfi þess, klæða sig í upp- hlutinn sinn og spinna á rokkinn fyrir

sýningargesti. Það hefði gefið henni margar góðar stundir.

Steinunn á Hnjúki var annáluð hannyrðakona og sitthvað sem varðveist hefur eftir hana er hreinasta list. Guðrún dóttir hennar var einnig mikil hagleikskona í höndum og sérlega flínk spunakona. Var hún ævinlega boðin og búin að koma í safnið með rokkinn sinn og spinna fyrir skólabörn og gesti. Guðrún var gjaldkeri safnsins á fyrstu starfsárum þess eða allt til þess tíma að mynduð var sjálfseignarstofnun um safnið árið 1993. Hún lét sér afar annat safnið og lagði fram mikið og óeingjarnt starf í þágu þess segir í frétt á vefsíðu Heimilisiðnaðarsafnsins.

Elín S. Sigurðardóttir, forstöðumaður Heimilisiðnaðarsafnsins, tók við gjöfinni og þakkaði fyrir hönd safnsins, einstakan rausnarskap fjölskyldunnar frá Hnjúki.



Rauðisandur.

Mynd / HKr.

Til umhugsunar að vestan:

Erlendir gestir ættu að greiða sanngjarnan aðgangseyri að Íslandi

Það er borðleggjandi að Ísland á sér enga hliðstæðu í víðri veröld. Ábyrgð okkar Íslendinga er mikil að varðveita landið sem við höfum að láni.

Það er mikil áhætta að hleypa útlendingum milljónum saman meira og minna eftirlitslaust hér inn í okkar stóra og mikla listasal náttúrunnar. Við verðum að stýra þeim af festu ef ekki á illa að fara.

Hver erlendur ferðamaður greiði 5 þúsund krónur í aðgangseyri

En það þarf mikla uppbyggingu af ýmsu tagi um land allt ef takast á að koma í veg fyrir stórslys. Það vita allir. Til þess þarf fjármuni. Margt mælir með að við innheimtum aðgangseyri að Íslandi til að ráða við nauðsynlegar framkvæmdir, ásamt löggæslu- og eftirlitskostnaði. Í honum ætti að vera innifalinn björgunarskattur sem færi til björgunar- og hjálparsveita, sem alltaf eru á vaktinni. Fimm þúsund krónur á hvern einasta erlenda ferðamann sem kemur gagnert til að njóta og skoða landið okkar er lágmark. Þá upphæð munu allflestir erlendir fedalangar greiða með ánægju við komuna til landsins. Þeir munu skilja að við þurfum uppbyggingu og eftirlit. Jafnvel munu þeir sækjast eftir því að koma til Íslands þegar þeir vita að allur aðbúnaður er undir kontról. Upphæðina má svo hækka ef þörf krefur. Innheimtan þarf að vera eins einföld og hægt er. Til dæmis við afhendingu farseðils. Huga þarf sérstaklega að farþegum skemmtiferðaskipa og þeim sem ekki eru beinlínis komnir til að ferðast um landið. Börn upp að ákveðnum aldri í fylgd foreldra yrðu gjaldfrjáls. Þeir sem ekki una gjalddökunni munu þá fara annað. Við því er ekkert að gera. Þeir koma bara einnig. Enda takmarkað hvað Ísland þolir af erlendum ferðamönnum. Þar hljóta að vera einhver mörk.

Allir ferðamenn fái fræðslu

Við ættum að bjóða öllum ferðamönnum upp á hagnýta fræðslu um landið sem þeir eru að heimsækja. Námskeið upp á 2–3 klukkustundir mætti vel halda til dæmis á Keflavíkurflugvelli. Nóg er þar af húsnæðinu. Þar færi fram fræðsla um sögu landsins og ýmsar hagnýtar leiðbeiningar um það lagðar á borð. Hvað sé leyfilegt og hvað ekki. Gestir okkar yrðu ábyggilega fegnir að fá slíkar leiðbeiningar. Hugsanlegt er að mönnum væri í sjálfsvald sett hvort þeir kærðu sig um slíka fræðslu eða ekki. En hún væri innifalín í aðgangseyrinum. Það þarf að skipuleggja þetta þannig að ferðafólkið sækist eftir fræðslunni. Þá þyrfti að hafa sams konar fyrirkomulag á Seyðisfirði og víðar. Viðurkenndir leiðsögumenn ættu að vera leiðbeinendur ásamt ferðaskrifstofufólki með reynslu. Fólk sem veit hvað klukkann slær. Við getum alveg skipulagt þetta eins og menn ef við viljum. Virkja þá sem kunna til verka.

Nýtt verkefni fyrir hreppstjóra

Skynsamleg löggæsla og leiðbeiningar eru grundvallaratriði. Vel má skoða hvort endurreisa ætti gömlu hreppstjóraembættin á nýjum grunni lögreglunni til aðstoðar. Hreppstjórnarnir verði nokkurs konar svæðisumsjónarmenn. Þeir hefðu lögregluvald samkvæmt erindisbréfi. Gjörkunnugir og hæfir menn yrðu ráðnir í fullt starf eftir auglýsingu þar um. Lögreglustjórar eða sýslumenn yrðu yfirmenn þeirra. Þeir þyrftu að hafa lögreglustjórnu í barmi, fastan samastað og bíl til umræða.

Fimm milljarðar króna til ráðstöfunar á ári

Ein milljón gjaldskyldra ferðamanna yfir árið þýðir 5 milljarða innkomu, svo dæmi sé tekið. Vel má leggja upp með að hreppstjóraembættin yrðu 100 talsins. Ef kostnaður við hvert hreppstjóraembætti væri reiknaður 10 milljónir kr. á ári gerði það 1 milljarð króna. 500 milljónir færu hugsanlega í fræðslukostnað og 500 milljónir til björgunarsveita. Þá eru eftir 3 milljarðar sem færu í uppbyggingu og rekstur innviða, m.a. hreinlætisaðstöðu. Það skal ítrekað að þetta eru vangaveltur um tekjur og gjöld, sem byggja þó á nokkuð föstum grunni.

Sómasamleg hreinlætisaðstaða er algjör nauðsyn

Sómasamleg og myndarleg hreinlætisaðstaða fyrir ferðafólk er algjör nauðsyn. Einn af hornsteinum og innviðum ferðamennskunnar. Hér er verið að tala um salerni og slíkt sem bæði innlendir og erlendir ferðamenn hefðu frjálсан og ókeypis aðgang að í byggðum landsins þar sem ekki eru hótél eða veitingastaðir. Þetta ættu að vera stöðluð og lagleg húsakynni sem féllu vel inn í landslagið. Rekstur þeirra yrði boðinn út. Byrja mætti með 50 slíka staði sem hreppstjórar hefðu yfirumsjón með.

Þurfum hvorki náttúrupassa, gistináttagjald eða annað vesen

Munum að það liggur í mannlegu eðli að bera virðingu fyrir því sem eitthvað kostar. Þá er líka hægt að gera kröfur. En þetta þarf allt að vera einfalt og vel skiljanlegt í framkvæmd. Með þessu móti þurfum við hvorki náttúrupassa, gistináttagjald eða annað vesen. Geri EES og ESB einhverjar athugasemdir við innheimtuna, þá bara setjum við lög á Alþingi um málið. Það gera löggjafarþing samstarfsþjóða okkar í ýmsum málum þegar þeim hentar.

Þessar tillögur eru settar fram til umhugsunar. Þær eru innlegg í þá umræðu sem nú fer fram hjá þjóðinni. Vera má að sumum þyki hér ýmislegt heimskulegt sagt. Það er ekkert óeðlilegt við það í skynsamlegri umræðu.

Hallgrímur Sveinsson
Bjarni G. Einarsson
Guðmundur Ingvasson

Úrvalstilraunir með búfé og tilraunadýr – 3. hluti

Hvatinn að þessum greinaflokki er erindi Hill á heimsráðstefnunni í Leipzig sumarið 2010, en í tveim fyrri greinunum er gerð grein fyrir nokkrum meginatriðum úr erindi hans og fjallað um tilraunir og athuganir hér á landi sem ljóst er að sótt hafa í hugmyndabanka slíkra tilrauna.

Engar þrautskipulagðar slíkar tilraunir finnast hérlendis. Hér á eftir verður byrjað að segja frá örfáum slíkum heimsþekktum tilraunum, aðallega með mjólkurkúr og sauðfé.

Músatilraunir sem líkón fyrir búfjárframleiðslu

Rétt er að geta þess að víða um heim voru mýs ákaflega mikið notaðar í úrvalstilraunir vegna fjölmargra eiginleika. Þær urðu líkón fyrir þessa eiginleika. Margar þessar tilraunir veittu frábæra innsýn inn í samsetningu og eðli margra eiginleika og erfiðáhrif á þá. Hið vandasama dæmi var síðan að álykta hvað af þessari þekkingu mátti nota fyrir búfé og hvað var frábregðið milli tegunda. Af eiginleikum sem þannig hefur fengið mikil þekking á má nefna vöxt, fódurnýtingu, mjólkurframleiðslu og frjósemi svo að það veigamesta sé talið. Löngu er þekkt að mýs eru notaðar á líkan hátt í læknavísindum. Á hliðstæðan hátt hafa geitur eða ær af mjólkurkynjum stundum af kostnaðarástæðum verið notaðar til að varpa skilningi á ýms atriði sem tengjast mjólkurframleiðslu hjá mjólkurkúum.


Áður en ég fer að segja stuttlega frá nokkrum af þekktum úrvalstilraunum með mjólkurkúr og sauðfé víða um heim vil ég víkja örfáum orðum að þrem slíkum tilraunum sem ég hef aðeins fengið nasasjón af sjálfur, tveim í Noregi á námsárum mínum þar og einni í Danmörku í heimsóknum þar síðar.

Langtímatilraun með frjósemi mýsa


Árið 1968 hófst við háskólann á Ási músatilraun þar sem valið var bæði fyrir aukinni og minnkandi gotstærð hjá músunum. Á mínum árum við skólann þá var tilraunin það skammt komin að ekki voru miklar niðurstöður. Á síðari árum þegar úrval er búið að standa nokkuð á annað hundrað kynslóðir hafa hins vegar verið að birtast ákaflega merkilegar niðurstöður frá tilrauninni og tilraunum innan tilraunarinnar. Þetta er ein lengsta dýratilraun í kynslóðum talið sem þekktist í heiminum. Það atriði sem ég ætla að nefna hér er að þessi gögn gefa einstakar upplýsingar til að rannsaka áhrif skyldleikaræktar á eiginleika. Þarna verður möguleiki á að skoða mismun á áhrifum nýlegrar skyldleikaræktunar og gamallar uppsafnaðrar skyldleikaræktar. Og þau eru mismunandi og jafnvel orðin jákvæð fyrir gamla skyldleikarækt. Þetta hefur alltaf verið vissa mín um að kæmi fyrr eða síðar fram og væru rök fyrir því að ekki væri ólíklegt að hér á landi fengjast aðrar niðurstöður í þessum efnum fyrir okkar þúsunda ára kyn en fyrir erlend búfjárkyn, sem mynduð eru fyrir tveim eða þrem öldum. Þetta skýrist af úrvalsþrýstingi sem vinnur á skyldleikaræktinni eftir því sem tíminn líður.

Upphafið að notkun sniðmyndataekni í búfjárrækt

Önnur tilraun sem hafin var nokkrum árum fyrr var í svínahúsum skólans og voru þar línur í úrvalstilraun þar sem valið var fyrir aukinni eða minni bakfitu hjá svínunum. Ekki voru margar kynslóðir liðnar áður en orðinn var meira en helmingur munur á fituþykkt hjá línunum. Jafnhliða var þróun í öðrum eiginleikum mæld og voru breytingar í fódurnýtingu að vonum allra áhugaverðastar. Þessar úrvalslínur urðu síðan góður grunnur lífeðlisfræðilegra rannsókna þegar



Mynd 1. Burðarár.



Mynd 2. Burðarár.

háskólinn fékk fyrstur slíkra stofnana í heiminum sniðmyndataeki til enn nákvæmari rannsókna á samsetningu skrokkssins en áður voru mögulegar á lifandi gripum. Hér er því eitt af mörgum dæmum þess að mjög ólíkar úrvalslínur verða oft grunnur að nákvæmnisrannsóknum á öðrum sviðum en erfðafræði.

Líffræðileg álagspróf hjá mjólkurkúum

Síðasta Norðurlandaverkefnið sem ég vil hér nefna er verkefni um lífeðlisfræðileg álagspróf (Fy-Bi) sem var eitt af metnaðarfullri verkefnum í búfjárrækt í Danmörku á sínum tíma. Í Nautgriparræktinni um 1990 má finna nákvæma lýsingu á þessu verkefni. Það er um leið samnefni fyrir rannsóknaðsvið, sem var verulega áberandi, sérstaklega í sambandi við ræktun mjólkurkúa, en einnig hjá öðru búfé, á síðasta fjórðungi síðustu aldar. Þetta byggði á því að leita uppi efnaskiptaþætti, sem tengdust getu kúnna til mjólkurframleiðslu. Með þessu töldu menn sig opna veginn til mælinga á mjólkurframleiðslugetu hjá nautkálfunum ungum með að finna þær efnaskiptaafurðir í blóði sem mætti tengja þessum eiginleika. Danska verkefnið byrjaði með að safna saman úrvalskálfum undan bestu nautsmæðrum landsins og bestu nautsfeðrunum og voru þeir framleiddir með fjöldaegglosi og flutningi frjóvgaðra eggja (MOET). Síðan átti að stunda gríðarlega sterk úrval innan kjarnans og beita öllum tæknibrellum, sem þá voru þekktar við fjölgun gripa. Síðan var farið að velja álitlegustu nautkálfa sem ungnaut fyrir sæðingastöðvagnar. Allnokkrum fyrr höfðu Norðmenn t.d. farið að velja ungnaut til aukinnar sæðistöku á grunni mælinga á niðurbroti skjaldkirtilshormóna hjá nautkálfunum. Fljótlegt er að þessar aðferðir sem byggðu á að velja út frá afurðum efnaskiptaferla eða hormóna skiluðu hins vegar aldrei ræktunarstarfinu þeim ávinningi sem þeim var ætlað. Eftir að val á grunni erfðamengis (genomic selection) kemur til sögunnar upp úr aldamótunum má segja að efnaskiptafiktið hafi horfið af sjónarsviðinu til þessara nota og er mjög lítið í skoðun í dag.

Þegar úrvalstilraunir með nautgripi eru skoðaðar þá er fjöldi slíkra tilrauna gífurlegur. Vegna þess hve ættlíðabildi í nautgriparrækt, sérstaklega hjá mjólkurkúum er langt er hins vegar af eðlilegum ástæðum ekki mikið til af langtímatilraunum. Auk þess eru tilraunir með mjólkurkúr ákaflega kostnaðarsamar og því lögðust margar tilraunir af vegna þess. Auk þess hefur mjög mikið af

viðamestu tilraunum með nautgripi verið tilraunir með samanburð á ólíkum nautgripakynjum og mismunandi blendingsformum þeirra.

Tvikelfingar sem tilraunaeyningar

Ákveðið tilraunaform var nokkuð mikið að vöxtum á fyrri helmingi síðustu aldar hjá mjólkurkúum, sem voru tilraunir með tvikelfinga, bæði ein-eggja og þá sem fá sitt hvort eggíð í móðurskauti. Tilraunaskipulag minnir að sumu leyti á síðari úrvalstilraunir og þessar tilraunir margar urðu til að leiða fram fyrstu niðurstöður um hlutdeild erfða fyrir fjölmarga eiginleika hjá nautgripum. Í þessum tilraunum stóðu Norðurlandabjóðirnar mjög framarlega, einkum Svíar, og var Ivar Johansson þar helsti sporgöngumaðurinn en hann skrifaði síðar fyrstu þekktu bókina um kynbótafræði nautgripa þar sem er að finna ákaflega heildstætt yfirlit um þessar tilraunir.

Af þeim mörgu tilraunum með mjólkurkúr, sem gerðar hafa verið, eru tvær sem ég ætla aðeins að víkja að. Þetta eru þær tilraunir sem næstar liggja okkur í rúmi og má því fremur öðrum álykta um fyrir íslenskar aðstæður þó að nautgripakyn sé að sjálfsögðu fjarskyld okkar gullaldarstofni. Önnur þeirra er frá Noregi og var gerð á síðasta fjórðungi síðustu aldar. Þá voru mjög mörg af bændaskólabúunum þar í landi lögð undir þessa tilraun sem taldi því hundruð kúa samtals á hverju ári. Í raun var samt fremur um tvær tilraunir en eina að ræða.

Val fyrir minni jógurbólgu hjá NRF kúnum í Noregi

Við byrjun fyrri hluta tilraunarinnar voru valin til sæðinga á helmingi kúnna á búunum bestu 3–7 NRF nautin á hverju ári með tilliti til afkastagetu sem þeir mældu á þeim tíma í byrjun með orkuleiðréttri mjólk en breyttu yfir í aukna áherslu á prótein snemma á tilraunatímanum. Samanburðarhópurinn var aftur á móti fastur hópur nauta frá byrjunarári tilraunarinnar um 20 naut sem höfðu við kynbótamat fengið að jafnaði um 90 í einkunn en það kynbótamat er nokkuð sambærilegt við okkar kynbótamat. Þessi nautahópur var notaður til að mynda viðmiðunarhópin allan tilraunatímann, viss hópur á hverju ári í hringekjuskipulagi til að forða því að skyldleikarækt truflaði niðurstöður.

Þegar unnið hafði verið eftir áður nefndu skipulagi í áratug var skipulagi tilraunarinnar breytt. Myndaðir voru tvær úrvalslínur. Í annarri var valið fyrir auknum afurðum og nú mælt í próteinmagni. Í

hinni línunni voru valin bestu nautin úr afkvæmarannsóknunum á hverju ári með tilliti til jógurhreysti. Vert er að vekja athygli á að vegna hinna gríðarstóru afkvæmahópa þá mæla Norðmenn jógurhreysti á grunni skráðra tilfella af jógurbólgu en ekki á frumtölu líkt og flestir aðrir gera. Fyrir notkun voru valin 2–4 bestu nautin á hverju ári fyrir báða hópana. Mæður kúnna í byrjun komu frá fyrri tilrauninni og skiptust að jöfnu á milli hópana en eins og vænta má kom meginhluti þeirra úr hópi úrvalslínunnar í fyrri tilrauninni.

Á myndum er sýnt á hvern veg afurðir annars vegar og jógurbólga hins vegar þróaðist hjá kúnum í ræktunarlinunum á tilraunaskiðinu.

Úrvalssvörun vegna afurða má segja að sé samkvæmt bókinni. Umtalsverð svörun til aukinna afurða er hjá hópunum, sem valdir eru á þann hátt. Myndin gæti virkað villandi á einhverja á þann veg að meiri svörun sé í átt til minni afurða. Svo er alls ekki því eins og áður segir þá er hér aðeins um að ræða sam-amburðarhóp og muna þarf hvernig hann verður til. Á móti eru kýrnar í úrvalslínunni og norsku kýrnar báðar að ferðast í sömu átt til aukinnar afkastagetu, aðeins á breytilegum hraða.

Niðurstöðurnar í breytingum á jógurhreysti eru hins vegar ákaflega athyglisverðar. Vert er að geta þess að þetta mun vera fyrsta tilraun sem gerð er í heiminum með val fyrir þessum eiginleika en á þeim árum höfðu menn víðast um heim enn heldur takmarkaða trú á að stórvirki yrðu unnin í baráttu við þennan vágast með liðsinni ræktunarstarfs.

Við sjáum að svo er ekki. Þvert á móti skilar valið til aukinnar jógurhreysti umtalsverðum árangri. Hér er um leið veruleg ástæða til að benda á það eins og stundum gerist í tilraunum fyrir aðra eiginleika að svigrúmið á annan veginn er mun takmarkaða en á hinn. Arangurinn í jákvæða átt getur hér aldrei orðið meiri en sá að jógurbólga hvern með öllu en svigrúmið á hinn veginn er feikilega mikið, jógurbólga getur margfaldast nokkrum sinnum að umfangi.

Þegar horft er til myndarinnar um afurðabróðuna sést hins vegar mjög greinilega hið sterka neikvæða erfðasamband á milli afurðagetu og jógurhreysti. Þetta hefur á síðustu árum verið vel staðfest í rannsóknum um allan heim þar sem frumtala er almenn notuð til að meta jógurhreysti vegna vöntunar á beinum mælingum á jógurbólgu. Ræktunarstarf Norðmanna á síðustu áratugum hefur aftur á móti sýnt að þrátt fyrir þetta eru möguleikar fyrir hendi til að ná framföllum í báðum þessum eiginleikum samtímis ef lagt er vægi á þann hátt á báða eiginleikana. Að visu verður þetta verulega erfiðara ef öryggi í mati jógurhreysti er takmarkað eins og í afkvæmarannsókn um eins og við aðstæður hér á landi.

Í nautgriparræktinni eru tvö erfðasambönd, sem gera ræktunarstarfið talsvert flóknara en við kjöraðstæður. Annað er samband jógurhreysti og afkastagetu. Hitt er samband frjósemi og afkastagetu sem er á sama hátt neikvætt. Margir leiða rök að því með réttu að þetta séu bæði atriði sem líklegt er að tengist beint eða óbeint velferð gripanna. Þess vegna er ljóst að á næstu árum fá þessir eiginleikar enn aukið vægi í allri umræðu um ræktunarstarf í nautgriparrækt. Það sem mögulega má eygja sem hjálparhelli í þessu sambandi er ný þekking út frá rannsóknum á genamengi nautgripa. Í þeim efnum er samt mögulegt að hin litla stofnstærð kúastofnsins geti orðið okkur erfiður ljár í þúfu í heyjum nýrrar þekkingar á þessu sviði.

Barátta við óheppileg erfðasambönd hjá mjólkurkúum

Í þessari umræðu vil ég samt vekja

athygli á því að á undanförunum áratugum höfum við hvorki í frumtölu eða frjósemi kúnna greint eins öra þróun í neikvæða átt samhliða aukinni afkastagetu og sjá má í fjölmörgum kúakynjum erlendis. Það sem mér að auki finnst styðja mögulega einhverja sérstöðu íslensku kúnna í þessu samhengi er að þegar kynbótamat nautanna er skoðað um áratuga skeið sjáum við alls ekki þann fjölda úrtökugripa á einn og annan veg í sambandi þessara eiginleika og ætti að vænta væri sambandið hér það sama og hjá mörgum erlendum mjólkurkúakynjum. Þetta kallar að mínu viti á að gerðar verði rannsóknir á þessum þáttum hér á landi. Fengjum við þar þær jákvæðu fréttir, sem ég er að ýja að, hefðum við í höndunum sterkustu rök sem ég get séð fyrir því að áfram eigi að sinna sérstöku ræktunarstarfi hjá íslenskum mjólkurkúum. Um leið verður ég samt að benda á að við þurfum líka að geta metið hver almenn staða íslensku kúnna er í þessum efnum, því að jákvæðara samhengi eiginleika en í öðrum kynjum kemur okkur að litlu haldi, ef staða stofnsins stendur öðrum kynjum langt að baki. Því miður höfum við þar í fá hús að venda til að afla öruggra svara. Minn grunur er samt þar að mögulega mundu íslensku kýrnar þar falla á slíku prófi gagnvart erlendum stallsysturum gagnvart jógurbólgunni. Hvað frjósemiseiginleika varðar virðist mér miklu langsóttara að sækja stuðning við hugmyndir um bága almenna stöðu hjá íslenska kúakyninu.

Langhill-tilraunirnar

Hin tilraunin sem mig langar aðeins að segja frá er hin gríðarlega umfangsmikla tilraun, sem hófst árið 1973 við Langhill-tilraunastöðina í Skotlandi. Kýrnar í tilrauninni voru af kyni svartskjöld-óttara kúa. Í fyrsta hluta greinarinnar er vitnað til þess að þessi tilraun hafi orðið til að ryðja braut nútímalegra nautgripakynbóta í Bretlandi. Þá minni ég einnig á að í öðru hefti Nautgriparræktarinnar árið 1997 segi ég aðeins frá þessari tilraun.

Tilraunin var þannig skipulögð að þar voru tvær ræktunarlínur, önnur þar sem valið var fyrir auknu magni verðefna í mjólk en hin var samanburðarlína. Í úrvalshópnum var líkt og í norsku tilrauninni á hverju ári notuð 2–4 bestu nautin í landinu úr afkvæmarannsókninni en í samanburðarhópnum voru notuð jafnmörg naut úr hverjum árgangi, sem lágu á meðaltali afkvæmarannsóknanna hvert ár.

Síðan var hópunum skipt í tvö fódunarhópa þvert á ræktunarhópnum. Í öðrum hópunum var notuð meira hefðbundin fódun með verulegri notkun á kjarnfóðri. Hinn hópurinn var fóduráður á eins miklu afgróffóðri og mögulegt reyndist. Á þennan hátt eru komnir fjórir stórir tilraunahópar.

Í þessari tilraun kom skýrt fram eins og í mörgum fleiri að úrvalið fyrir auknum afurðum skilaði sér. Úrvalsyfirburðir voru minni hjá fyrsta kálfs kvígumum en var hjá fullorðnu kúnum. Þessi tilraun er þekkt fyrir það að hún sýndi enn betur en áður hafði verið gert að völdu kýrnar náðu sínum miklu afköstum vegna aukinnar hæfni til að mæta fódurþörfum með að brjóta niður eða bæta á sig líkamsfitu eftir tímabilum eins og ýmsir þekktustu fódur- og kynbótafræðingar voru þá farnir að halda fram. Auk þess þá átu hámjólka kýrnar verulega meira gróffóður en kýrnar í samanburðarhópnum og á tilraunatímanum kom fram mælanleg stækkun kúnna.

Hins vegar þá gerðist það í gróffóðurhópnum þegar á tilraunina leið að hámjólka kýrnar lentu

Jón Viðar Jónmundsson
Ráðunautur hjá RML
jvj@bondi.is





Vangaveltur um bætta ásynd býla



Aðeins einu sinni hef ég séð panelklætt fjárhús.

Í ákveðinni kreppu með að geta fullnægt heildar fôðurþörf sinni. Þetta samspil á milli fôðurstyrks og afkastagetu auk þess neikvæða sambands afkastagetu og heilsueiginleika, sem áður er rætt verða greinilega stærstu verkefni nautgriparæktarinnar á næstu áratugum auk mögulegra áhrifa af loftslagsfjandsamlegum efnasamböndum, sem jörturdýr framleiða.

Hér er áhugavert að nefna að þessir gífurlega mismunandi tilraunahópar hafa gefið tilraunastöðinni einstakt tækifæri til að gera ýmsar mjög áhugaverðar tilraunir á síðustu árum. Má þar nefna tilraunir til að gera nákvæmar mælingar á skapi (viðkvæmni) kúnna og margháttaðar atferlisrannsóknir í sambandi við höpföðrun kúnna. Viðamiklar rannsóknir á burðarferðileikum hjá fyrsta kálfs kvígum, sem sýna greinileg áhrif af burðarferðileikum til minni afurða hjá þeim á fyrsta mjólkurskeiði. Að lokum ber að nefna aukið umfang tilrauna í sambandi við áhrif á gaslosun neikvæðra loftslagsgasa hjá kúnum þar sem greinilega hefur verið sýnt fram á gríðarlega mikil áhrif margra þátta á þetta. Þetta hlýtur að beina athygli að umræðum síðustu vikna um nýja búvörusamninga. Greinilega skortir eitthvað verulega á raunverutengingu þeirra aðila, sem vilja gera gripagreiðslur að stórum þætti í stuðningi við landbúnað á sama tíma og við heiminum blasir ný vakning í loftslagsmálum. Þarna vantar eitthvað verulega á að vinstri höndin viti hvað sú hægri gerir eins og sífellt virðist aukast í margs konar faglegri umræðu sem þannig verður um leið sífellt ófaglegri.

Í sambandi við fjölmargar úrvalstilraunir með mjólkurkúr hafa verið gerðar margs konar mælingar til að reyna að meta hvort fyrir hendi sé verulegur erfðabreytileiki á milli gripa í nýtingu einstakra efnasambanda í efnaskiptum. Segja má að sameiginleg niðurstaða slíkra útreikninga sé að slíkur breytileiki sé ákafllega smár í sniðum í samanburði við aðra þætti

Þessir smáplistar hér, sem nefnast Öryggi, heilsa og umhverfi, hefur mest verið skrifað um forvarnir gegn slysum.

Mjög lítið hefur verið skrifað um heilsu og ásynd. Í símaspjalli við Guðmund Hallgrímsson seint á síðasta ári spurði ég hann um hvað helst væri að almennt á býlum. Hann sagði að svarið væri ekki einfalt því að það væri mikill munur á hvort hjóna væri talað við á býlum, sé um hjón að ræða, því að eiginkonan setti ásynd bylísins mun ofar í röðina séu bæði spurð um hvað þeim finnst um sitt eigið býli og úrbætur á því.

Snyrtimennska kostar lítið, en getur gefið mikið stolt

hef séð á minni ævi. Þegar ég fór að sýna mönnum þessa mynd voru allir sammála mér að húsin væru flott. Persónulega hefur mér alltaf fundist vanta á Búnaðarþingi verðlaun fyrir snyrtilegasta býli landsins.

Búnaðarfélög, kvenfélög eða annar félagsskapur taki af skarið

Fyrir nokkrum árum kom ég í fjárhús hjá bónda í Reykhólahreppi sem voru svo snyrtileg að ég átti ekki til orð. Svo hrifinn var ég af fjárhúsum um að ég fékk leyfi til að taka mynd af flottustu fjárhúsum sem ég enn

Nú er víða verið að halda upp á þorra með veglegum þorrablótum, en upplagt er að nota þorrablót til að læða inn ásýndarverðlaunum

hvers sveitarfélags í bland við aðra skemmtun á þorrablótum. Með því að festa í sessi verðlaun sem þessi er ekki ólíklegt að margur keppn-

ismaðurinn eða konan sjái sjálfan sig fagna verðlaunum fyrir snyrtimennsku og fagra ásynd í framtíðinni.

Leiðrétting

„Í síðasta tölublaði Bændablaðsins var í aðsendri grein á bls. 39 vitnað innan gæsalappa í viðtal við Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóra Markaðsráðs kindakjöts, í kvöldfréttum Sjónvarps þann 3. janúar sl. Í greininni segir:

Í viðtali við framkvæmdastjóra markaðsráðs kindakjöts, „Á þröskuldi mikilla tækifæra“, í fréttum RÚV þann 3. janúar 2015 kom fram að þetta sérstaka vörumerki verði notað til að merkja kindakjöt til „að endurspegla sjálfbærni vörunnar allt frá landnámi“.

Þessi tilvísun í orð Svavars, „að endurspegla sjálfbærni vörunnar allt frá landnámi“, er hins vegar ekki rétt. Svavar kemur þrisvar sinnum fram í fréttinni og segir: „Helstu niðurstöðurnar eru þær að við stöndum á þröskuldi mikilla tækifæra og íslensk sauðfjárrækt á mikla möguleika í útflutningi ef rétt er að málum staðið.“ „Við höfum einstaka dæmi þar

sem við höfum verið að fá mjög gott verð og við þurfum að fjölga þessum dæmum.“ „Ef að vel gengur og við náum að hækka verðmætið um þetta 5–6% á ári þá erum við að tala um tvöföldun í tekjum á áratug, og svo áfram meira í framhaldinu.“ Augljóst er að hin tilvitnuðu orð „að endurspegla sjálfbærni vörunnar allt frá landnámi“ eru því ekki orð Svavars eins og ráða má af greininni. Þetta leiðréttest hér með.“

Bændablaðið

Kemur næst út

11. febrúar

KROSSGÁTA Bændablaðsins

30	TRIMMA	KAPÍTULI	ÚT	ÓNEFNDUR	HÖFUÐ		MÓÐURLÍF	ÁLÍTA	RASK	AFTUR-KALLA
HRÆSNIS-FULLUR										
RANNSAKA						Á FLÍK				
						GÓL				
ÖNN				GEIGUR						
				YNDIS						
SMÁGREIN							VEIDAR-FÆRI			
							SMÁU			
		LUMMÓ	TVEIR EINS	VANGI			MISSA			
				MISSIR			ÁTT			
LYFTA					FUGL	TOTA				
						RÍKI Í AFRÍKU			ÖRÐU	AFGANGUR
										GJALDMIDILL
HVOLF					FLAT-ORMUR			STEIN-TEGUND		
					ÖHREINKA			SPENDÝR		
LISTA-MADUR			LEIKUR				GERSAM-LEGUR			
			NÆSTUM				RÓTA			
KK NAFN				MÁLMUR			SNAR-STEFJUN			ANGAN
				SKORA			AUSA VATNI			
		HEIÐUR				TRÉ		ÁI		
		DRYKKUR				MIKILL		MÆLI-EINING		
SKRIFA				SKEMMA				RÚN		BERGMÁLA
				VAFI						
GÓLF-KLÆÐNING						RÍKI Í ARABÍU			HLJÓM	
						TVEIR EINS			ÓLÆTI	
KLAMPI				ALA				EINS		
KYRRÐ			AFHÓLFA				FJANDI			

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

29	KLAUFA-LEGUR	KÁL	HEIMTING	BOGI	GRIND		VAFI	LYKTAR	VERSLA	ÚT
ÓREINI-LEIKI	Ó	S	K	Y	R	L	E	I	K	I
KONUNGUR	H	A	R	R	I	FLÓTRÆBI LÓ	F	L	A	N
FÆÐA	A	L	A	SKÖNNUN BORDA	S	K	I	M	U	N
AFHENTIRU	G	A	F	S	T	U	STÆLA KAPÍTULI	A	P	A
	↓	SNÆÐI	GLUNDUR	ÁN REIÐI-HLJÓÐ	U	T	A	N	RUSL SAMTÖK	S
SYSTUR-MADUR	M	Á	G	U	R	PRÓTTUR	Æ	S	K	A
MARKAR-DYR	O	T	U	R	FLAT-ORMUR ÞAKBRÚN	A	G	Ð	A	ÞRÖTTA-FÉLAG SÆBUR
	S	ÓNÁÐA TUNNUR	T	R	U	F	L	A	BIT GLÆSI-LEIKI	G
MATJURT	K	Á	L	SKORÐYR HRUMUR	F	L	Ó	R	E	I
UM-HVERFIS	U	M	VÖRU-MERKI MÁLMUR	S	S	RISTIR HAGGA	S	K	E	R
ÓREGLA	S	U	K	K	STAMPUR DÁ	B	A	L	I	GJALDMIDILL
FISKUR	U	R	R	A	R	I	STEFNA Á FÆTI	I	S	M
	X	HEILL	Ó	R	O	F	I	N	N	EINING
ANGAN	I	L	M	STEIN-TEGUND	T	A	L	K	SKJÁLFA	T

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

Líf og lyst

BÆRINN OKKAR

Ólöf Ragna er fædd og uppalin hér í Gröf en Jón Geir kemur frá Vík í Mýrdal.

Við tókum við rekstri búsins um áramótin 1995–1996 af foreldrum Ólafar, þeim Ólafi Björnssyni og Steinunni Guðjónsdóttur, en Ólöf Ragna stundar einnig vinnu á Icelandair hótél á Klaustri.

Býli: Gröf.

Staðsett í sveit: Skaftártungu í Skaftárhreppi, Vestur-Skafta-fellssýslu.

Ábúendur: Ólöf Ragna Ólafsdóttir og Jón Geir Ólafsson.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Við eigum þrjá syni. Þeir eru Ægir Óli 29 ára, búsettur á Eskifirði með sinni kærustu, Hönnu Dóru, Jón Atli 26 ára, búfræðinemi á Hvanneyri, og Unnsteinn, 15 ára grunnskólanemi.

Stærð jarðar? 640 ha.

Gerð bús? Sauðfjárbú.

Fjöldi búfjár og tegundir? 450 kindur, 3 hross og 6 smalahundar (en þeir teljast til bústofns hér, ekki til gæludýra).

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Þessa dagana eru það gegningar kvölds og morgna ásamt öðru tilfallandi í kringum féð. Jón Geir er að temja fjárhunda bæði fyrir okkur og aðra. Annars eru það bara hefðbundin störf eftir árstíðum. Á sumrin er Jón Geir með fjárhundasýningar daglega fyrir ferðamenn og Ólöf Ragna þónokkra grænmetisræktun.



Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Flest bústörf finnast okkur skemmtileg, þó reynir kerlingin að koma sér undan girðingavinnu og karlinum leiðist óskaplega að taka upp kartöflur.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Ekki miklar breytingar í pipunum en alltaf stefnt á að gera betur.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Eru bara í ágætis lagi að okkar mati og við erum þakklát því fólki sem hefur áhuga og tekur að sér þá vinnu.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Höldum að honum vegni vel en við þurfum að gera átak í því að koma afurðum okkar í ferðamanninn, sem nóg er af á landinu.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Hreinleiki og gæði ættu að vera góð söluvara.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk, ostur og rabarbarasulta.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Lambahryggur með öllu er sigildur og svo er heimagerð pitsa. Tölum nú ekki um snúðana sem Ólöf Ragna bakar – hvoru tveggja alveg ómóttstæðilegt.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Það er okkur í ferska minni þegar það fuku hjá okkur fjárhús í ofsaverðinu núna í desember. Einnig er oft rifjuð upp janúarferðin 2010 þegar Snæbýlis-Grána var sótt inn í Ófæradal. Alveg ógleymanleg ferð.



MATARKRÓKURINN — BJARNI GUNNAR KRISTINSSON MATREIÐSLUMEISTARI

Nautapynnur í salati og fiskibollur með niðurrifnu grænmeti

Nú er lag að minnka próteinneysluna og taka stærri skammt af vítamínum inn í næringuna. En við skulum ekki hætta að borða kjöt og fisk – bara minnka skammtinn og bæta okkur upp með sætum kartöflum og ljúffengu rótargrænmeti sem er enn þá til í kældum geymslunum bænda.

Hér á eftir eru uppskriftir að ljúffengu salati með nautapynnum.

Fiskibollur er hægt að gera í mörgum mismunandi tegundum af fiski, t.d. þorski, ýsu eða jafnvel laxi. Það er holl og góð tilbreyting að setja mikið af niðurrifnu grænmeti og jafnvel kartöflum í bollurnar

Nautasteik og salat

- › 100 g nautasteik á mann
- › 200 g blandað grænmeti

Aðferð

Steikið nautakjötið á pönnu, bætið miklu af grænmeti og sætum kartöflum á pönnuna, ásamt hvítlauk. Steikið kjötið rólega í um 10–20 mínútur. Mælið kjötið með kjarnhitamæli til að ná rétttri steikingu. Nautakjöt er bleikt í kringum 58°C í miðju. Skerið í þynnur og setjið svo í skál ásamt olíu. Blandið vel saman. Kryddið með salti og pipar. Berið fram með hollri sösu og grænmeti. Hægt er að strá nokkrum kartöflufloögum til að fá bit í salatið. Myndband af steikingunni er að finna á bbl.is og á eftirfarandi slóð: <https://youtu.be/uBARyDOz03M>.

Fiskibollur með fljótlegu remúlaði – fyrir fjóra

- › 600 g þorskur, ýsa eða lax
- › 1 tsk. sjávarsalt
- › 2 egg

- › 2 msk. hveiti
- › 1 ½ bolli rjómi
- › 1 gulrót
- › 1 stk. kartafla
- › ½ búnt af dilli eða annað krydd
- › ögn ferskur malaður hvítur pipar
- › 10 g af smjöri
- › 1 msk. canolaolía til steikingar

Fljótlegt remúlaði

- › 1 fennel
- › 2 gulrætur
- › ½ blómkál
- › 2 msk. venjuleg olía
- › 20 g af sætu, t.d. hrásykur eða maple sýróp
- › 3 msk. eplaedik

Majónes (hægt að nota tilbúið og sleppa hér fyrir neðan)

- › 2 stk. eggjarauður
- › 1 msk. sinnep
- › 1 msk. edik
- › 3 dl. olía
- › ½ búnt af kerfil
- › 50 g súrsaðar gúrkur
- › Sjávarsalt og ferskur malaður pipar

Aðferð

Notið eingöngu ferskan fisk. Setjið fiskinn í hakkavél (líka hægt að kaupa fiskihakk) eða matvinnsluvél. Vinnið saman og bætið með salti. Bætið svo egg, hveiti og rjóma, smá í einu. Hrærið vel þar til allt kemur saman. Flysið gulrót og kartöflu og rífið á finu rifjarni. Pressið safann

úr grænmeti með höndum og hrærið í fiskiblönduna. Að lokum, bætið við hökkuðu dilli og pipar og látið blönduna standa í 30 mínútur í kæli. Þá er steikt á pönnu með helmingi af smjöri og helmingi af olíu. Það er mikilvægt að hafa þolinmæði til að fá góða skorpu en hún getur gert gæfumuninn. Framreiðið með soðnum kartöflum, góðu brauði, fersku grænmeti og heimalöguðu remúlaði.

Fljótlegt heimalagað remúlaði

Undirbúið og þvöið grænmetið. Rífið blómkál á grófu hliðinni á rifjarni og setjið í skál. Sneiðið gulrætur og fennel í litla teninga. Setjið grænmetið í pott ásamt olíu, salti, pipar, hráskyri (maple sýrópi) og eplaedik. Látið malla í um 3–4 mín. Dragið pönnuna af hita og kælið. Meðan grænmetið kólnar er kominn tími til að hræra majónesið (má nota tilbúið).

Sláið saman eggjarauðu, sinnepi, eplaedik, salti og pipar í blandara eða með þeytara. Olía sett rólega í mjórri bunu svo majónesið skiljist ekki. Þegar öll olían er komin út í, bragðbætið með smá salti, pipar og skvettu af ediki. Blandið að lokum grænmeti við ásamt hökkuðum súrum gúrkum í majónesið og kryddið með fint hökuðum kerfil.

Ábending: Það er mikilvægt að öll innihaldsefni fyrir köldu bollurnar geta skilið sig ef ekki er allt vel kælt.

Súkkulaði-risotto með þeyttum rjóma, karamelluðum Rice Krispies og hindberjum

Aðferð

Hrisgrjóngraut (risotto ef við notum ítölsk grjón) er hægt að gera allt að þremur dögum á undan. Líka er hægt að kaupa tilbúinn hrisgrjónagrat og



Fiskbollur.

bæta í þeyttum rjóma. Karamelluð Rice Krispies er hægt að laga löngu áður og halda í allt að einn mánuð í loftþéttum umbúðum. Frábært út á ís eða jafnvel óhrært skyr fyrir sætu og skemmtilega áferð.

Súkkulaði hrisgrjóna risotto (hrisgrjónagrat má kaupa tilbúinn í pakka eða í dollu frá MS)

- › 3 bollar nýmjólk
- › 3 tsk. sykur
- › Örlítið salt
- › 1/3 bolli Arborio hrisgrjón (risotto grjón líka má nota gömlu grautar grjónin)
- › 150 g gott ekta súkkulaði (ef ekki er notað ekta súkkulaði þarf að bæta við tveimur blöðum af matarlími), fint saxað
- › 4 msk. ósaltað smjör, skorið í litla bita
- › 1 peli rjómi (létt þeyttur)

Í pott, sameinið mjólk, sykur, salt og hrisgrjón. Komið til suðu og látið malla yfir miðlungs hita. Hrært í

um 15 mín. þar til grjónin eru lin. Grauturinn verður þykkari en rjómi. Hrærið út í hökkuðu súkkulaði og smjöri þar til allt er blandað vel saman. Blandan mun þykkna. Látið kólna og blandið svo þeyttum rjóma í. Framreiðið með berjum og karamelluðum Rice Krispies.

Karamellað Rice Krispies:

- › 4 msk. sykur
- › 2 msk. vatn
- › 1 bolli Rice Krispies

Komið sykri og vatni til að sjóða yfir miðlungs hita í 1 mínútu. Stráið Rice Krispies yfir sirópið, hrært varlega í (blandan verður klessa). Haldið áfram að hræra varlega yfir miðlungs hita (hrisgrjón munu skilja) þangað til kornin eru gullinbrún (pannan mun vera með smá reyk en það er eðlilegt meðan sykurinn brúnast) í 4 til 5 mínútur. Fjarlægjið af hita og setjið strax á smjörpappír til að kæla niður. Brjótið upp köggla með höndunum. Kælið síðan á eldhúsbordinu.

Lambhúshetta og vettlingar

Stærð:
2-4 (6-8) ára.

Prjónar: Sokkaprjónar og hringprjónar nr. 3 og 3,5

Prjónfesta: 22 lykkjur á prjóna nr. 3,5 í sléttu prjóni með munstri = 10 cm á breiddina.

Garn: Navia Duo. Fæst hjá Handverkskúnn, www.garn.is.

- Blá húfa: blár nr. 212, ljósblár nr. 211, grænn nr. 217. 1 dokka af hverjum lit

- Bleik húfa: Bleikur nr. 215 , appelsínugulur nr. 230 , fjólublár nr. 219. 1 dokka af hverjum lit.


Húfa:
Fitjið upp 90 (102) lykkjur á hringprjón nr. 3 með grænu/fjólubláu, tengið í hring og prjónið 13 umf. slétt, 1 umf. brugðið og síðan 13 umf. slétt. Skiptið yfir á hringprjón nr. 3,5 og prjónið samkvæmt munstri. Þegar komnir eru 4,5 cm í munstri skiptir þú húfunni í miðju að framan og er nú prjónað fram og til baka það sem eftir er. Fellið af í byrjun hverrar umferðar: 5,2,1,1,1,1 (5,2,2,1,1,1,1,1,1) lykkjur = 68 (72) lykkjur á prjóninum. Prjónið áfram munstur þar til húfan mælist 28 (32) cm. Skiptið þá lykkjunum jafnt á 2 prjóna og lykkið saman eða prjónið saman frá röngunni og fellið af um leið.

Prjónið upp með hringprjón nr. 3 og grænu/fjólubláu 80 (88) lykkjur í kringum opið á húfunni. Prjónið í hring stroff, 1 sl og 1 br 26 umf. fellið laust af. Brjótíð



kantinn inn og saumið niður á röngunni. Brjótíð kantinn neðst á húfunni að röngu og saumið.

Vettlingar:
Fitjið upp 30 (36) lykkjur með grænu/fjólubláu á sokkaprjóna nr. 3, tengið í hring og prjónið stroff 1 sl. og 1 br. 20 umf. en aukið út um 6 lykkjur í síðustu umf. = 36(42) l. Skiptið yfir á sokkaprjóna nr. 3,5 og prjónið munstur. Þegar prjónaðir hafa verið 3 (4) cm. af munstri er komið að þumli. Prjónið 7 (9) lykkjur með aukapræði í öðrum lit, flytjið lykkjurnar síðan aftur á vinstri prjón og prjónið áfram munstur þar



til vettlingur (ekki mæla stroff með) mælist ca. 8 (9) cm. (endið helst með heilu munstri). Haldið áfram með bláu/bleiku og prjónið 2 og 2 l. saman út umf. Klippið þráðinn og dragið bandið í gegnum lykkjurnar.

Þumall: takið upp lykkjurnar sem þið prjónuðu á aukapræðinn, á sokkaprjóna nr. 3, samtals 14 (18) lykkjur. Prjónið slétt með grænu/fjólubláu þar til þumallinn mælist 4 (5) cm. Prjónið næstu umf. 2 og 2 l. saman, klippið bandið frá og dragið í gegnum lykkjurnar.

Gangið frá endum, þvoið flikurnar skv. þvottaleið-beiningum og leggið til þerris.

Hönnun: Sára Mrdalo
Þýtt með leyfi frá Navia af Guðrúnu Maríu Guðmundsdóttir.
© Handverkskúnn 2016
www.garn.is – sala@garn.is



ELDVARNIR BORGA SIG

Yfirvöld setja ákveðnar reglur um brunavarnir og slökkvibúnað í byggingum.

Til dæmis eru kröfur um reykskynjara og slökkvibúnað í íbúðarhúsnæði.

Hvað getur þú gert sem bóndi til þess að lágmarka áhættu af sökum elds á þínu býli?

Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á bondi.is

ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTADUR?

Einar Ben.
RESTAURANT & BAR

Glæsilegur og rómantískur veitingastaður í sögufrægu húsi í hjarta borgarinnar við Ingólfstorg

Borðapantanir í síma 511 5090

www.einarben.is

Létt

3		4		8		2	7	
5		6		1			3	8
1	8			7	9			
2			6			5		
	3	5	7		1	6	8	
		9			8			4
			9	2			6	3
9	4			6		1		5
	2	7		3		8		9

Þung

		3				1		
	9		1		3		2	
	5	7		8		9	6	
			6		8			
		1				7		
			2		7			
	7	4		2		8	3	
	8		7		4		9	
		6				4		

Miðlungs

4		5				8	6	
1		2		3			4	
3	9			6	7			
		7			9			5
		4	1	6		3	2	9
8			2			1		
			7	8			2	4
	5			2		3		1
	8	6				9		7

Þyngst

			6	8	5			
					7			
						4		
2	4							1
5				3				8
9							7	6
		8						
					2			
				1	4	9		

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línunum.

FÓLKID SEM ERFIR LANDIÐ

Spilar á gítar með Spilastokkunum

Jón Björn er tólf ára nemandi í Kleppjárnshreykjaskóla. Hann spilar á gítar í hljómsveit ásamt nokkrum vinum sínum sem þeir kalla Spilastokkarnir. Jón á líka nokkrar kindur sem hann sinnir á hverjum degi.

Nafn: Jón Björn Blöndal.

Aldur: 12 ára.

Stjörnumerki: Sporðdreki.

Búseta: Jaðri í Bæjarsveit.

Skóli: Kleppjárnshreykjaskóli.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Íþróttir, smíði og stærðfræði.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Ég á nokkrar kindur sem ég fer til á hverjum degi til að gefa. Kindurnar eru í uppáhaldi hjá mér.

Uppáhaldsmatur: Lambahryggur með brúnuðum kartöflum, rífsberjahlaupi og brúnni sósu.

Uppáhaldshljómsveit: Spilastokkarnir.

Uppáhaldskvikmynd: Mér finnst gaman að horfa á íþróttaleiki t.d. körfubolta-, fótbolta- og handboltaleiki.

Fyrsta minning þín? Þegar ég var á Tenerife.

Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Ég æfi körfubolta, spila á gítar og spila með hljómsveitinni Spilastokkarnir með nokkrum vinum.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Ég ætla að verða bóndi og körfuboltamaður.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Klöngrast í klettunum sem heita Tökin í Aðalvík.

Hvað er það leiðinlegasta sem þú hefur gert? Að vera stressaður.

Gerðir þú eitthvað skemmtilegt í sumar? Ég fór í útilegu í Flókalund í góðu veðri og fór líka til Englands með fjölskyldunni.

Vélabásinn

Hjörtur Leonard Jónsson



liklegur@internet.is

Chevrolet Spark hefur lítið breyst en lækkar í verði

Í júní 2010 prófaði ég og skrifaði um Chevrolet Spark LT og lét vel af honum. Nú sex árum seinna tók ég smáhring á eins bíl (Spark LT).

Við fyrstu sýn virtist allt vera svipað nema eitt hestafl í viðbót og verð hefur lækkað um 500.000.

82 hestafla vélin skilar bílnum vel áfram

Fyrir sex árum var Spark í boði með tveim vélarstærðum (100cc og 1200cc), en nú er það bara stærri vélin sem er 1200 rúmsentímetra vél og á að skila 82 hestum (bæst við eitt hestafl á 6 árum).

Svona stór vél í litlum, léttum bíl skilar honum vel áfram, jafnvel fullhlaðinn keyrandi brattar brekkur í íslensku roki bætir Spark sáralítilli bensíneyðslu við sig, en margir smábílar með minni vélar sem ég hef prófað eru jafnvel að bæta við eyðsluna allt að þrem lítrum á hundraðið í miklum mótivindi þar sem vélarnar eru einfaldlega ekki nógu kraftmiklar fyrir íslenska vegi og veðurfar.

Skráður 5 manna með 5 stjörnu öryggi

Spark er einn af fáum smábílum sem fær fimm stjörnur í árekstursprófunum enda er hönnunin á honum þannig að inni í öllum hurðum, þaki, hvalbak og undir bíl eru styrktarbitar sem eru hannaðir eins og veltibúr í kappakstursbílum (stundum kallaðir krossbitar).

Chevrolet Spark er skráður fimm manna, en fyrir mér er Spark bara bíll fyrir fjóra og sem dæmi þá settust synir mínir báðir aftur í bílinn og þar sem þeir sátu sagði annar: „Myndi ekki einu sinni bjóða hundinum á milli okkar þótt mjór sé.“ Farangursrými er ekki nema 170 lítrar þegar sæti eru uppi.

Engin ástæða til að breyta því sem gott er

Útlitið á Spark hefur verið nánast það sama frá upphafi og það góða við bílinn er að hann bílar lítið í samanburði við jafninga sína. Svo sem engin ástæða að breyta því



Chevrolet Spark LT.

Myndir / HLJ



Fær plús hjá mér fyrir dagljósabúnað sem stenst íslensk lög, en ekki þessi led-týrulljós sem eru á mörgum bílum í dag.

sem virkar vel. Í prufuakstrinum gafst mér tækifæri á að prófa bílinn í vel svellaðri brekkunni upp að skíðasvæðinu í Skálafelli. ABS bremsukerfið virkaði vel ásamt stöðugleikakerfinu, en þess ber að geta að bíllinn var á glænýjum Toyo vetrarhjólborðum sem gáfu mjög gott grip.

Spurning hvað lengi verður hægt að fá Chevrolet Spark

Eins og margir vita þá er Chevrolet

og Opel í raun sama fyrirtækið, Opel er ætlaður til sölu í Evrópu, en Chevrolet í Ameríku. Enn er hægt að fá Chevrolet Spark í Bílabúð Benna á mjög góðu verði (oft hefur Bílabúð Benna verið fyrst til að lækka verð á sínum bílum þegar innkaupsverð og gengi er hagstætt). Spark hefur verið mjög vinsæll smábíll sem margir munu sakna ef hann hverfur af markaði. Chevrolet Spark LT er á verði frá 1.990.000 (500.000 ódýrari en hann var fyrir 6 árum).



Toyo-vetrardekkin gáfu mjög gott grip á svelluðum vegi.



Glettilega hátt undir Spark miðað við marga aðra sambærilega smábíla.

Umhirða á bremsum og nauðsyn að skipta um bremsuvökva

Það eru mjög fáir sem gera vel við bílinn sinn eftir að ábyrgðarskoðunum lýkur. Þegar við eigum nýlega bíla þarf að færa þá í ársskoðun sem innflytjandi bílsins fer fram á til að viðhalda ábyrgð.

Það sem gert er í flestum viðhaldsskoðunum er m.a. þríf á bremsum og bremsuklossasæti eru oft sandblásin og sprautuð með sinkmálningu. Í lýsingu á nótu frá B.L. þar sem árgamall bíll var yfirfarinn segir m.a. orðrétt: „Bremsur verkaðar upp. Halðarar sandblásnir og sinkhúðaðir“.

Bremsuvökvi verður lélegur á um fimm árum eða fyrr

Þegar bílar fara í hefðbundna smurþjónustu er það vinnuregla á mörgum smurstöðvum að stinga þar til gerðu mælitæki sem segir

til um hvort þarf að skipta um bremsuvökva. Ef vökvinn mælist ónýtur í hæðarglasinu er hann fyrir löngu orðinn ónýtur við bremsudæurnar.

Bremsuvökvinn eyðileggst fyrst í lagnakerfinu við bremsudæurnar. Sem dæmi, er ekki óalgengt að viðgerðarmenn á rallýbílum þurfi að tappa af bremsuvökva oft í hverri keppni. Það er vegna þess að bremsuvökvinn hitnar of mikið á sumum sérleiðum þrátt fyrir að flestir rallökumenn noti bremsuvökva sem þolir mun meiri hita en sá sem notaður er í venjulega bíla.

Gott ráð til að nýta betur bremsuvökvann

Á veturna er mjög víða sallað miklu salti á götur til að eyða ís og hálku. Salt er mesti óvinur



Á sumum bílum er gott að komast að lofttappanum og þarf ekki að taka dekk af.

bremsukerfa í bílum og í einstaka bílum eru bremsur sem einfaldlega þola ekki salt. Af þessum sökum er mjög gott að reyna sem oftast að koma því við að skola með volgu vatni í gegnum felgurnar saltið af bremsunum á bílunum. Einnig ættu menn að tappa bremsuvökvann af við hverja bremsudælu einu sinni eða tvisvar á ári. Þetta er tveggja manna verk, annar er inni í bíl og stígur á bremsupedalann og hinn er við bremsudælurnar útbúinn flösku með litla slöngu sem sett er upp á lofttappann á hverri bremsudælu, losa um lofttappann, lætur stíga pedalann niður, lokar fyrir tappann og fer á næstu dælu.

Maður finnur muninn strax eftir svona aðgerð

Hvenær veit maður þegar bremsu-

vökvi er með smá raka í eða er skítugur?

Svar: Það getur til dæmis verið þegar maður verður var við að einn bremsudiskur er heitari en annar. Heyrir ískurshljóð í bremsum smá tíma eftir að bremsur eru notaðar. Eins ef manni finnst að það þurfi að stíga óþægilega fast á bremsupedalann til að bíllinn bremsi.

Raki og óhreinindi geta verið til þess að stimpill í bremsudælu fer of hægt til baka eftir að bremsum er sleppt og liggja þá bremsuklossarnir í smá stund á disknum sem gerir óþarfa slit á bremsum og stuttan endingartíma á bremsudiskum og klossum.

Eftir að tappað er af hverri dælu smá bremsuvökva eða skipt alveg um vökva finnur maður ótrúlegan mun hvað bremsurnar eru miklu betri. /HLJ



HITA KUTAR
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR


DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
Sími 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS



Ný sending af FRD fleygum á leiðinni.



Ný sending af BOMAG pjöppum á leiðinni.



Útvegum undirvagnshluti frá LINSER undir allar vélar bæði á stál og gúmmibeltum


VÉLAFL

Uppl. í síma
893-8424 / set@velafl.is
og á 694-3700 / gk@velafl.is

Smáauglýsinga-
síminn er:

563 0300

VR Sumarhúsaþjónusta



Sumarhúsaþjónusta
Gestahús
Garðhús
Geymslur
Flutningur

Málningarvinna
Steypuvinna
Jarðvinna
Rafagnir
Pípulagnir

898 1598

Sérhæfum okkur í smíði á sumarhúsum/gestahúsum 40m² og minni.
Henta mjög vel í alla ferðaþjónustu.

Facebook: VR Sumarhúsaþjónusta
Netfang: ktsumarhus@gmail.com

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is

Verð: Textaauglýsing kr. 2.100 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.200 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 12:00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Snjóþönn 630 x 3000 mm. Verð kr. 369.000,- með vsk. H. Hauksson ehf., sími 588-1130.



Samasz salt og sandreifarar, vinnslubreidd 1,4 og 2,4 metrar. Búvís ehf 465-1332



Nýtt!! Verdo gæða spónaköggjar, undirburður fyrir hross í 15 kg pokum. Einnig til sölu spónaköggjar í stórsekkjum. Brimco ehf. Sími 894-5111 og á www.brimco.is - Opið frá kl.13.00-16.30.




Strax árið 2009 var Búvís leiðandi í lágu áburðarverði og er það enn. Hefur þú borið saman verð og gæði. Hvar kaupir þú áburð? Búvís ehf sími 465-1332.



Traktors skóflur stærðir 1,8 m, 2,0 m, 2,2 m, 2,4 m. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Pallagafflar. Verð kr. 119.000,- með vsk. H. Hauksson ehf., sími 588-1130.



Hornstrandabækurnar allar 5 í pakka. Tilboð 7.900 kr. Sending með Íslands-pósti innifalin. Vestfirski forlagið jons@snerpa.is sími 456-8181.



Búvís ryður brautina með 15% lækkun á áburði milli ára og styrkir kjör bænda í raun. Hvar kaupir þú áburð? Búvís sími 465-1332.



Taðklær. Breidd 150 cm kr. 239.900.- án vsk. Breidd 180 cm kr. 269.000.- án vsk. Taðklær. Breidd 120 cm væntanlegar fyrir áramót. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Áburðarinnkaup er einn af stærstu útgjaldaliðum bænda ef ekki sá stærsti? Er þinn áburðarreikningur hærri en hann þarf að vera? Skoðum það saman. Búvís sími 465-1332.



Haughrætur galvaníseraðar með eikarlegum. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Til sölu lokuð kerra. Ytri mál kassa (lx-bxh) 262x150x163 cm. Innri mál kassa (lx-bxh) 258x148x157 cm. Afturhurð (bxh) 137x152 cm. Verð: 628.525 kr. + vsk. Búvís ehf, sími 465-1332.



Kranzle þýskar háþrýstidælar í úrvali. Búvís. Uppl. í sími 465-1332.



Framleiðum krókheysisgrindur með eða án gámalása. Grunnaðar og/eða málaðar. Gott verð. Vagnasmidjan. is - Eldshöfða 21 Rvk. Uppl. í sínum 898-4500 og 894-6000.



Lemigo Stígvél. Létt, stöðug og slitsterk. Kr. 8.485.- með vsk. Verslunin Skógar Egilsstöðum og G. Kvaran í Reykjavík, sími 824-7610. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Til sölu sementskúla í ágætu ásigkomulagi, hentar ágætlega sem vatnstankur eða fyrir kornflutninga. Verð 150 þús.+ vsk. Staðsetn. Borgarnes. Uppl. í síma 892-3042.

KRAFTVÉLAR

Þjóðum uppá Junkkari sturtuvagna í miklu úrvali á frábæru verði.

Gæðavara frá Finnlandi.

Junkkari



Fáanlegir í stærðunum 5, 10, 13, 16 og 18 tonna.

16 og 18 tonna vagnarnir eru einnig fáanlegir með pöllum fyrir grófari jarðvegsflutning.

Junkkari J-10
10 tonna sturtuvagn
Verð 1.280.000.- kr. án vsk.

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnigata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is



Vagnasmidjan auglýsir. Getum afgreitt nýja grimsterka Hardox palla. Bæði stakar skúffur og einnig skúffu, sturtugrind og tjakk tilbúið að setja á 3ja og 4ja öxla nýja eða notaða bíla. Lýsing, myndir, myndband og teikningar á vagnasmidjan.is. Uppl. í sínum 898-4500 og 894-6000. Vagnasmidjan ehf. Eldshöfða 21, Rvík.



Vara- og aukahlutir í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntum ýmsa hluti. Sendum um land allt. Brimco ehf. Sími 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13.00-16.30.



Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Framleitt skv. reglum FEIF. Leitun að betri verðum. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl.13.00-16.30. www.brimco.is



Metar-Fact taðdreifari, 6 tonna. Búvís ehf. Sími 465-1332.

Búvís 10 ára 2016

Að því tilefni höfum við náð samningum um sérstök afmælistilboð við nokkra af okkar helstu birgjum:



AFMÆLISTILBOÐ

Kr. 489.000.- án vsk.



Rauch MDS 19,1K áburðardreifari, 900 lítra, vökvaopnun.

AFMÆLISTILBOÐ

Kr. 795.000.- án vsk.



Rauch AXIS 32,2 áburðardreifari, 1400 lítra, vökvaopnun.

AFMÆLISTILBOÐ

Kr. 49.900.- án vsk.



Kranzle háþrýsti-dæla K1050P Vatnsfæði, 7,5 lítrar á mín. Vatnsþrýstingur 160 bar, 8 metra slanga.

AFMÆLISTILBOÐ

Kr. 139.000.- án vsk.



Kranzle háþrýstidæla K2160TST Vatnsfæði, 11 lítrar á mín. Vatnsþrýstingur 160 bar, 15 metra slanga, túrbo og kraftstútur.

AFMÆLISTILBOÐ

Kr. 895.000.- án vsk.



Samasz KDT300 diskaslátuvél, vinnslubreidd 3 metrar.

AFMÆLISTILBOÐ

Kr. 1.395.000.- án vsk.



Palmse PT150 sturtuvagn með lausum skjólbörðum, 13 tonna burðargeta, pall lengd 4,8 metrar, dekk 520/50-17. Takmarkað magn.



Úrval snjóplóga og snjótanna. Búvís ehf. www.buvís.is - Sími 465-1332.



Seljaland ferðapjónusta. Bjóðum upp á gistingu og mat fyrir litla hópa og náttuga fyrir hesta. Þarf að bóka fyrirfram. Nánari uppl. á www.seljaland.is. Seljaland@seljaland.is eða síma 894-2194.



Eins og 2ja öxla kerrur, ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Gæðakerrur – Góð reynsla. Íslensk smíði. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið 13.00-16.30. www.brimco.is



Quittpad undirdýnur undir hnakkinn, tvær gerðir Sport og Comfort. Dýnur sem lofta vel og eru einstaklega hestvænar. Má þvo í þvottavél. Brimco ehf. Sími 894-5111 og á www.brimco.is. Opið frá kl.13.00-16.30.



Frystigámur til sölu 40" mjög góður. Verð kr. 500 þús. Uppl. í síma 896-6099.



Weckman sturtuvagnar. Jan. verð 11 tonna. Verð kr. 1.560.000.- með vsk., 13 tonna. Verð kr. 1.860.000.- með vsk. H. Hauksson ehf., sími 588-1130.



Weckman rúlluvagnar. Ný gerð. Stærð palls 2,55 x 9 m. Verð kr. 2.090.000.- með vsk. H. Hauksson ehf. sími 588-1130.



Dekkaður Viking 700, vel með farinn, endurnýjað rafmagn, nýir 12 og 24w geymar, sjálfstýring og 2 dng(5000). Ganghraði 7 sml, eyðslugrannur og góður bátur, siglingatölva Max-c og sjálfstýring. Lækkað verð 4,8 millj. Skoða ýmis skipti. Uppl. í síma 692-6825/863-1033.



Brynningartæki. Úrval af brynningartækjum frá kr.5.900 m/vsk. Brimco ehf. www.brimco.is Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið frá 13:00-16:30.



LED útljós 8000 og 10000 LM. Búvís ehf sími 465-1332.



Til sölu. Mercedes Sprinter 412 D árg '98. Ekinn um 420.þús., bílaður mótör, ssk, ágætur kassi og lyfta. Verð tilboð. Uppl. í síma 892-3042.



Til sölu snjósleðakerra sem rúmar vel tvo sleða eða tvö fjórhjól, hægt er að velta lengd rúmir 3 m og breidd rúmir 2 m. skoðuð 2015. Uppl gefur Höskuldur í síma: 897-2255.

Deckel GK21 Pantograph



Kopieringar-fræsivél, handstýrð, Deckel GK21. 100 þús. Uppl. í síma 693-1024.



Matarvagn/pylsuvagn. Tilboð óskast í pylsuvagn í rekstri á frábærum stað á höfuðborgarsvæðinu. Staðsettur við íþróttamiðstöð og sundlaug í miðri íbúðabyggð, skammt frá iðnaðarsvæði og býður uppá mikla möguleika. Vagninn er vel tækjum búinn. Einnig er þar sími, þráðlaust net og þjófavörn. Honum fylgja tveir trébekkir með borði. Nánari uppl. í síma 822-8829.



75 l mótuneytisþottur til sölu, 3ja fasa. Verð: tilboð. Uppl. í síma: 865-8153.



Ford Kuga árg. 2010, ssk. dísel 4x4, ekinn 107 þúsund til sölu, er með krók. Ásett verð kr. 2.990.00. Tilboð kr. 2.790.000. Uppl. í síma 833-7002, Víðir.



Ursus c-380 - sértílbóð. Til sölu á sérstöku tilboðsv. 4.9 millj, án vsk m/tækjum og skóflu, loftk. í húsi. Sýningareintak. Uppl. í s. 577-1200 eða Vignir 841-2121, vignir@stjornublikk.is. Stjornublikk ehf.



Vítamín fyrir hesta. Heildsöluverð kr. 775 m/vsk 650 gr, kr. 2880 m/vsk 5 kg. Hamraberg ehf., Klapparhlíð 7, S. 566-8045/698-5799. Hamraberg, is, valditryggva@simnet.is.



Til sölu MMC L-200 árg. 2006. Ssk, dísil ek. 164 þ km. Leðursæti m/hita. Krókur, heithúðaður pallur m/loki. Áhv. 1,3 m. Verð 1.990 þ. Uppl í s: 660-1005.



Toyota LandCruiser 90GX, árg. '99. Ekinn 329 þús, á 35"dekkjum, bsk. dísil, dráttarkúla. Verð 1.050.000 en skoða öll tilboð. Uppl. í síma 783-4166.



Góð kerra til sölu, smíðuð 2013. Innanmál: Lengd 250 cm. Breidd 130cm. Dýpt 33 cm. Dekkjastæð 13" nefhjól að framan stuðningsfætur að aftan og varadekk. Notuð fyrir fjórhjól. Uppl. í síma 788-7922. Verðhugmynd 150.000 eða tilboð.



Frigoscandia Gyro frystir, afköst 500 kg á klst. Útlit og ástand mjög gott. Verð kr 2.8 millj. Frystirinn er á Vesturlandi. Uppl. gefur Fiskhöllin Egilsst. 893-1802.



Nissan Double Cap árg.2006, dísil, bsk, keyrður 155.000 km. Fjór hjóladrífinn. Nýleg heilsársdekk. Verð: 1.700.000 kr. Uppl. í síma 865-5723, Guðm.



Notaður flag - snjóhefill. Breidd 2,5 m. Verð kr. 240.000.- með vsk. H. Hauksson ehf., sími 588 1130.



Istobal 2,5T bílalyfta til sölu. Verðhugmynd 200.000kr. Uppl. Hafþór í síma 892-5097.



Belmac írsk framleiðsla. Keðju-dreifarar, 4,5 m³. Verð 980.000kr. án vsk. 7,5 m³. Verð 1.580.000 kr. án vsk. Vallarnaut.is sími 841-1200. Tækjafjármögnun í boði



Nugent gripakerra. 4-6 hesta. Heildarþyngd 3500 kg. Írsk framleiðsla. Nugent hefur starfað frá 1984. Verð 1.500.000 kr. MED vsk og með skráningu. Vallarnaut.is, sími 841-1200.



Belmac haugsuga. 9564 lítra. 10.000 lítra dæla. 14 tonna öxull. Eins og á mynd. Verð 2.143.791 kr án vsk. Sjálfvirkur áfyllibúnaður með uppfærslu á dælu saman á 281.840 kr án vsk. Vallarnaut.is s. 841-1200



Terex 3512 skotbómulyftari, 2006 árg. Nýyfirfariinn og nýmálaður. Fylgir bæði skófla og gafflar. Uppl. í s. 824-4043 og olafur@stjornublikk.is.



Man 240 hp. með 1,5 t. lyftu. Ek. 238 þ. km. 6 m pallur með niðurfellanlegum skjólbörðum. Verð 2.9 m.+vsk. Uppl. í s. 824-4043.



Toyota hilux, árg. 2006, 2,5 dísil, bsk, ekinn 194 þ. 1 eigandi. Skoðaður 2016. Toppeintak. Ásett verð 2.600.000 kr. Uppl. í síma 897-7600.



Welger RP120. Árgerð: 1995. Einföld og góð vél. Vel með farin og er í lagi. Er með garbindingu. Staðsetning: VB-Landbúnaður, Akureyri. Verð kr. 290.000 án vsk.



Lely Welger DA 235 Profi. Árgerð: 2013. Vél notuð í tvö sumur. Smurkerfi á keðjur og legur. Myndavél. 25 hnifar. Dekk 505/50-17 R. Ávalt geymd inni. Notkun: 5,535 rúllur. Staðsetning: VB-Landbúnaður Akureyri. Verð kr. 8.500.000 án vsk.



Deutz Fahr MP 235. Árgerð: 2007. Nýrri gerðin af Deutz Fahr samstæðunum. Öflug vél sem er í toppstandi. Búið að endurnýja sóp og fl. Yfirstærð af dekkjum. Notkun: 23,000 rúllur. Staðsetning: Reykjavík. Verð kr. 3.650.000 án vsk.



Kuhn GA7822 MasterDrive. Árgerð: 2008. Rakar til hliðar. 7,8m vinnslubreidd. Tandem öxull. Stýranleg. Staðsetning: VB-Landbúnaður, Akureyri. Flott vél og klár í notkun. Verð kr. 1.090.000 án vsk.



Kuhn GF 7601 MH Digidrive Árgerð: 2005 Lyftutengd. Góð vél, lítið slitin og lítur vel út. Staðsetning: Reykjavík. Verð kr. 790.000 án vsk.



Krone KW 5.50. Árgerð: 2001. Vélin er geymd inni og í góðu lagi. Staðsetning: Vesturland. Verð kr. 370.000 án vsk.



Ziegler PowerDisc 305 sláttuvél. Árgerð: 2003. Miðjuhengd vél. Notkun frá 2008. Staðsetning: Norðurland. Sér aðeins á dúk. ATH! mynd er af svipaðri vél. Lítið notuð og í góðu standi. Verð kr. 490.000 án vsk.



Vicon Sprintmaster. Árgerð: 93-95. Staðsetning: Eyjafjörður. Vél orðin upplituð og soðin föst. Ný tinduð. Ný vökvaslaga. Verð kr. 130.000 án vsk.



Avant 635. Árgerð: 2011. 60 cm skotbóma vökvauðttök að aftan hraðtengi rafmagnstengi fjölhæfur stýripinni. Notkun: 710 vinnustundir. Staðsetning: VB-Landbúnaður Reykjavík Vél í topplagi og tilbúin til notkunar. 1264 kg að þyngd og lyftigeta yfir 1000 kg!. Verð kr. 3.800.000 án vsk.



New Holland TL100A. Árgerð: 2005. Vökvavendigir. Led vinnuljós. Quicke ámoksturstæki. Vinnuljós á topp. Topplúga. Notkun: 8,276 vinnustundir. Staðsetning: Norðurland. Flott breið dekk. Vel með farin og í góðu standi. Umboðssala. 8228616 - Jón Stefán. Verð kr. 3.700.000 án vsk.



Valtra A 95. Árgerð: 2004. Valtra 930 ámoksturtæki með euro combi ramma, dempun og þriðjasviði. Rafmagns beisli, með rofum á afturbrettum. Rafmagnskúpling. Notkun: 5710 vinnustundir. Staðsetning: VB-Landbúnaður Akureyri. Skipt var um kúplingu nóvember 2012. Vél þá ekin ca. 4100 vinnustundir. Verð kr. 3.450.000 án vsk.



Valtra A95 Árgerð: 2004 Með ámoksturstækjum. Notkun: 7,400 vinnustundir. Staðsetning: Reykjavík. Vél í góðu standi. Ný kúpling. Verð kr. 3.190.000 án vsk.



Fendt Farmer 308. Árgerð: 1997. Búnaður. Dráttarvél í góðu lagi Lítur vel út. Notkun: 6.400 vinnustundir. Staðsetning: Suðurland. Umboðssala. Verð kr. 3.400.000 án vsk.



McCormick CX105. Árgerð: 2003. Með Stoll ámoksturstæki. Notkun: 5.900 vinnustundir. Staðsetning: Reykjavík. Er á góðum dekkjum. Verð kr. 2.820.000 án vsk.



Valtra T182 Direct. Nýskráð 05. 2013. Stiglaus girskipting (vario), 115 l vökvadæla, frambeisli, aflúrtaki, framfjörðrun, húsfjörðrun, loftkælingu, vökva- og loftbrensum, skotkrók, auka ljósum, infolight o.fl. 200 hð vél, 6 strokka. Notkun: 1400 vinnustundir. Staðsetning: Eyjafjörður. Vél í góðu lagi og vel við haldið. Umboðssala. Verð kr. 13.200.000 án vsk.



Kverneland UN7515 Pökkunarvél. Árgerð: 1994. Notkun: 8-10 þús. Staðsetning: Eyjafjörður. Flott og vel með farin, Tilbúin til notkunar. Nýlega yfirfarið rafkerfi. Umboðssala. Uppl. s. 822 8616. Verð kr. 390.000 án vsk.



John Deere 3320. Árgerð: 2010. 33 hestafla vél. Hydro girkassi. 3 girar, pedalar í gólfi fyrir afturbak og áfram. 4x4 drif, ámokstustæki, dekk finmunstuð. Notkun: 2,900 vinnustundir. Staðsetning: Reykjavík. Gríðalega lipur vél og góð í léttu vinnu. Uppl. s. 822 8636. Verð kr. 1.740.000 án vsk.



Polaris Sportsman 500 Sexhjóli. Árgerð: 2008. Geymsluhólf að framman, handhlífir og rúða. Rafstart. Sjálfskipt. Ekið 3,360 km. Staðsetning: Reykjavík. Alltaf geymt inni. 1 eigandi frá upphafi. Vel þjónustað af umboði. Verð kr. 1.150.000 m vsk. ÞETTA ER EKKI VSK. HJÓL



Lely mjólkurtankar til sölu. Einn notaður LELY Nautilus mjólkurtankur og einn nýr en útlitsgallaður. 12000 lítra með lausri kælivél, árgerð 2007. 5000 lítra með áfastri kælivél, árgerð 2015. Allar nánari upplýsingar hjá Sverri í síma 896 2866 eða í tölvupósti á netfangið sverrir@vbl.is.



Til sölu Delaval brautarkerfi árgerð 2001. Með 6 tækjum fyrir 45 bása. Allar nánari upplýsingar hjá Sverri í síma 896 2866 eða í tölvupósti á netfangið sverrir@vbl.is.



YAMAHA VIKING 700 EPS. Ef þú er að hugsa um að endurnýja fjórhjólið þá er rétt að kynna sér kosti fjórhjólabíls sem er bæði fjölhæfari og mun öruggari en fjórhjól, 3 punkta belti fyrir ökumann og farþega, öflugt veltibúur, rúmgóður sturtupallur fyrir mikinn burð, með húsi er þetta eins og lítill snjóbill, gríðarleg drifgeta á Camoplast beltum sem nota má jafnt í snjó og auðu, þrátt fyrir mikinn burð er tækið aðeins 580 kg, Bigghorn dekk og felgur, rafmagnsstýri, fáanlegur 3 eða 6 manna, reynsluakstur í boði. Yamaha er þekkt fyrir gæði og áreiðanleika. Urval aukahluta t.d. vandað hús, miðstöð, spil, snjó-tönn og fl. Athugið verð með bæði dekkjum og beltum 2.780.000 án vsk. Afhending 3-6 vikur. Uppl. 898-8300 Grettir.



Massey Ferguson 35 til sölu. Lítur vel út og var notaður síðastliðið sumar svo hann er gangfær. Allar frekari uppl. fást í símaspjalli og sjálfsagt að útvega fleiri myndir. Tilboð óskast, Niels sími 866-8686.



2 stk Lynx Yeti Pro 800 vélsleðar frá Veðurstofu Íslands verða boðnir upp hjá Króki bílauppoð.is á næstu dögum. Þetta eru öflugir vinnusleðar með háu og lágu drifi og fjörgengis vél.



Helluskeifur auglýsa. Sendum frítt um allt land með póstinum ef teknir eru 10 gangar. Alltaf bestu verðin, vetrarskeifur 2300 kr. gangurinn og 2500 kr. pottaður skaflar 75 kr. stykkið. Uppl. í síma 847-6616.



Yamaha Wolverine R-Spec (Fox) 2016, ek. 190 þ. km, til afhendingar strax. Þetta er sýningarbíll og selst m/ aukahlutum; spil, hálfurúða, speglar, hólf undir sæti, stuðari að aftan, lím-miðakitt og taska í hólfi, Fox fjörðrun, rafmagnsstýri. Er á Camoplast beltum sem nota má bæði í snjó og auðu, 26" Bigghorn dekk og felgur fylgja. Verð 3.450.000 m/vsk. S. 898-8300, Grettir.



Hitachi ZX 25
Árg 2004, 5,200 vst
hraðtengi og 2 skóflur
Verð 2,400,000 + vsk
Þessi vél er einnig til leigu



Bobcat 430 AG, árg 2007
1,800 tímar, hraðtengi, fleyglagnir
3 skóflur.
Verð 3,900,000 + vsk
Þessi vél er einnig til leigu



Hitachi ZX 50CLR
Árg 2006, 5,140 tímar
Fleyglagnir, hraðtengi
Verð 3,500,000 + vsk
Þessi vél er einnig til leigu



Liebherr 934
Árg 2005, 7,800 tímar
Hraðtengi, fleyglagnir
Undirvagn 80%
Verð 9,500,000 + vsk
Þessi vél er einnig til leigu



Hitachi ZX 350-1
Árg 2005, 12,700 tímar
Hraðtengi, fleyglagnir
Undirvagn 80%
Verð 9,500,000 + vsk
Þessi vél er einnig til leigu



Kramer 380
Árg 2004, 5,200 tímar
Hraðtengi, opnanleg skófla
Gafflar, fin dekk
Tilboðsverð 3,950,000 + vsk



Komatsu PC 180LC-6
Árg 1999, 12,000 vst
Auka lagnir,
Verð 3,300,000 + vsk



Komatsu WA 470-6
Árg 2007, 9,900 tímar
Smurkerfi og vígt
Verð 9,500,000 + vsk





Iveco MT 180 krókeysi
Árg 1997, ekinn 157,000km
Góð dekk
Verð 1,500,000 + vsk



M.Benz 4144
Árg 2007, ekinn 150,000km
m/snjómokstursúnaði
Góð dekk
Verð 7,500,000 + vsk



Scania R124 – 470
Árg 2004, 613,000km, Opticruise
Retarder, vökvakerfi, dekk 60%
Eurotrailer malarvagn
Árg 2005, dekk 60%
Pakkaverð 5,900,000 + vsk



Uppl. í síma
893-8424 / set@velafl.is
og á 694-3700 / gk@velafl.is



Lausn á húsnæðisvanda 2x20 feta gámahús, bjart og hlýtt, rafmagn, hiti, opnanlegir gluggar allan hringinn, verð 2.250 þús. m/vsk. Uppl. í síma 820-5181.



Er rafhlaðan dauð? Endurnýjum alla rafhlöðupakka fyrir borvélar og önnur tæki. Rafhlöður eldvarnir og fl. Sjá www.fyriralla.is Sími 899-1549 eftir kl 17 og um helgar.

Til sölu

Til sölu snjóplógur PSV 300 Samaz. Ónotaður, keyptur af Búvís. Uppl. í síma 845-0568.

Vefstoll og rakgrind. Uppl. í síma 464-1749.

Timbur 32 x 100 mm. Verð kr. 245 lm. - 10%, 38 x 100 mm. Verð kr. 295 lm. - 10%, 25 x 150 mm. Verð kr 210 lm. Öll verð með vsk. H. Hauksson ehf. Uppl. í síma 588-1130.

Fjárhúsmottur verð kr. 9.350 stk. með vsk. H. Hauksson ehf., Uppl. í síma 588-1130.

Nokkrar kelfdar kýr til sölu, af íslenskum og Angus-stofni. Burðartími næsta vor. Uppl. í síma 478-1830.

Case 1394 Dráttarvél með ámoksturækjum og skóflu. Árg. 1984. Fjórhljóladrifin. Notkun 4900 tímar. Verð kr. 1.240.000,- með vsk. H. Hauksson ehf., sími 588-1130.

Girðingaefni-Útsala. 5 strengja túnn- et. Verð kr. 9.800 rí. Iowa gaddavír. Verð kr. 6.000 rí. Motto gaddavír. Verð 3.900 rí. Þanvír. Verð 7.600 rí. Öll verð með vsk. H. Hauksson ehf., Uppl. í síma 588-1130.

Weijer hestakerrur 5 hesta. Verð kr. 2.490.000.- með vsk. H. Hauksson ehf. Uppl. í síma 588-1130.

Snjótönn til sölu 3,30 á breidd, jcb festingatónn í góðu standi. Uppl. í síma 898-1114.

Til sölu Toyota Yaris Active, árg. 6/2014, 1300 cc, ssk., ekinn 31 þús. Ný nagladekk + sumardekk. Uppl. í síma 863-1194.

Allt silfur fyrir þjóðbúning og silki í pils og fóður, einnig skothúfa. Mikill afsláttur. Uppl. í síma 899-6982 eftir kl. 18:00.

Til sölu 300 lítra Fagor hitakúrur, lítið notaður. Tilboð óskast send á vala@lax-a.is

Til sölu heyrúllur í útigang og í undirburð. Stórar rúllur úr fastkjarnavél. Verð 4.000. Uppl. í síma 864-2584.

Til sölu Vicon rúllusamstæða 1901 árg. 2006. Uppl. í sími 862-1529.

Til sölu Lely Hibiscus 485 p árg. 2014, ónotuð einnra stjörnu rakstravél. Uppl. í síma 862-1529.

Óska eftir

Óska eftir að kaupa þeytivindu sem ég get notað fyrir garn og efni. Er rétt hjá Selfossi og get sótt á Suðurland og upp í Borgarnes. Vinsamlegast hafið samband við Hildi í síma 695-4202 eða hildurusa@gmail.com

Óska eftir eldri gerð af traktor með moksturækjum. Uppl. í síma 846-1293.

Óska eftir iðnaðarsaumavél með göngufæti/labbfæti. Þarf að ganga fyrir venjulegu rafmagni, ekki lofti. Uppl. í síma 849-8022.

Lumarðu á Mullersæfingum? Mig vantar bókina Muller æfingar hinar nýju fyrir skóla og heimili, útg. 1925. Uppl. í síma 695-3112.

Sokkaprjónavél óskast til kaups. Uppl. í síma 896-4143.

Kaupi allar tegundir af vínýlplötum. Borga toppverð. Sérstaklega íslenskar. Vantar 45 snúninga íslenskar. Staðgreiði líka vínýlplötusöfn. Uppl. gefur Öli í síma 822-3710 eða á netfangið.olisigur@gmail.com.

Útunguravél Óskum eftir útungunarvél, helst 24 eggja eða stærri. Sími 862-6102 og 861-9952.

Atvinna

Búmaður óskast. Góðan mann sem getur unnið sjálfstætt vantar á blandað bú á Norðausturlandi. Fjölbreytt starf. Uppl. á netfangið.dollidropi23@gmail.com

Vantar starfsfólk? Nínukot aðstoðar við að útvega starfsfólk af EES svæðinu í landbúnað og ferðaþjónustu. Áratuga reynsla. Uppl. í síma 561-2700 eða sendu fyrirspurn á netfangið.ninukot@nínukot.is.

Adrian Pop 29 ára karlmaður frá Rúmeníu óskar eftir atvinnu, hefur margskonar reynslu, var sjálfur með kanínubú, hefur einnig unnið við svínabú, garðyrkju, heimilisþrif, umönnun aldraða, einnig sem þjónn og uppvasari. Nánari uppl.veitir á adipop35@yahoo.com.

Tvær þýskar stúlkur, Rosi 21 árs og Alex 24 ára óska eftir húsaskjöli í skiptum fyrir vinnu í 4-6 nætur um miðjan mars. Þær eru vanar hestum. Nánari uppl. eru veittar í netfang: rosi.no@gmxd.de.

Simon Cailleau 27 ára karlmaður óskar eftir landbúnaðarstarfi frá 15. febrúar í 4 mánuði. Hefur reynslu í garðyrkju og búfjárrækt. Er í góðu líkamlegu formi. Talar frönsku og ensku. Nánari uppl. á netf.;simcidc@gmail.com.

26 ára karlm. frá Tékklandi óskar eftir vinnu. Er við störf núna á mjólkurbú á Norðurlandi til 31. maí en hefur unnið hér í 16 mán. við ýmis konar bústörf. Getur útvegað meðmæli. Sími +420734867636 eða marek-sys@hotmail.com.

Raymond Rajewski 28 ára karlm. frá Póllandi óskar eftir vinnu, hefur unnið sem bifvélavirki, keyrt vörubíl og lyftara o.fl. Helst mundi hann vilja vinna á bóndabýli eða verksmiðju en er opinn fyrir öllu. Nánari uppl. er á netf.:raymon87@gmail.com

Fjölhæfur maður á járn og tré óskar eftir vinnu sem "allt mulig" maður í sveit. Fæði og húsnæði þarf að vera til staðar. Er með eina hundtík með mér. Uppl. í síma 696-2731 eða svanur16@gmail.com

Brúnegg ehf. óskar eftir að ráða röskan mann til útkeyrslustarfa ásamt öðrum tilfallandi störfum. Meirapróf skilyrði. Leitum að duglegum, stundvísu, og reglusömum aðila. Uppl. sendist á brunegg@brunegg.is eða í síma 892-3042 Björn.

Veiði

Hörðudalsá er tveggja stanga lax- og silungsvæðidá. Veiðisvæðið er 14 km. Veiðileyfi í Hörðudalsá eru seld í Seljalandi. Nánari upplýsingar á www.seljaland.is seljaland@seljaland.is eða síma 894-2194.

Þjónusta

Hársnyrtistofan Toppfár, Dvergshöfða 27 Rvk. býður landsbyggðarfólk sérstaklega velkomid. Opnum kl 8. Kíktu í klippingu og kaffi. Uppl. í síma 587-2030.

Tek að mér hönnun og teiknivinnu. Frístundahús, íbúðarhús, atvinnuhús, gistihús og hótél, landbúnaðarbyggingar, fjós og fjárhús. Vönduð vinna, góð þjónusta og gott verð. Birkir Kúld byggingafræðingur MSc - BK Hönnun - birkir@bkhonnun.is - s.865-9277.

Ferð til fyrirheitna landsins (Noregs)

Norges Bygdeungdomslag (NBU), systursamtök Samtaka ungra bænda (SUB), buðu öllum systursamtökum sínum á Norðurlöndunum að mæta á sum-arhátíð og aðalfund þeirra í júlí á síðastliðnu sumri. Tveir fulltrúar frá Íslandi þekktust boðið, þeir Einar Freyr Elínarson, formaður SUB, og Ástvaldur Lárusson, varaformaður SUB.

Finnar sendu sex fulltrúa, en hinar Norðurlandþjóðirnar mættu ekki.

Helsti tilgangur ferðarinnar hjá Einari og Ástvaldi var að læra hvernig erlend hagsmunasamtök með svipuð markmið starfa á annan hátt. Einnig fóru þeir með það að markmiði að kynna fólki og hafa gaman.

Fyrstu kynni

Við áttum afar góð kynni af norsku kollegum okkar. Hvert sem við fórum mættum við mikilli vinsemi og hjálpsmi. Norðmenn virðast almennt vera mjög áhugasamir um Ísland og Íslendinga. Þegar við komum með lestinni til Drammen tók á móti okkur bílstjóri sem hafði verið skipaður í það starf af stjórn NBU. Hann keyrði með okkur klukkustundar leið til Vikersundbakken þar sem hátíðin fór fram. Þegar við mættum var búið að tjalda handa okkur tjöldum og elda handa okkur mat. Við þurftum ekkert að gera sjálfir. Við vorum síðan teknir í kynnisferð um hátíðarsvæðið.

Fundurinn

Daginn eftir að við komum til Noregs var byrjað að halda aðalfund NBU. Þetta var tveggja daga fundur og gestir á fundinum voru margir tugir og komu frá öllum aðildarfélögum þeirra. Mikið var um umræður og



Íslensku fulltrúarnir, Ástvaldur Lárusson og Einar Freyr Elínarson.

voru margar ályktanir lagðar fram. Eitthvað var vart við tungumála-örðugleika og gátum við íslensku gestirmir ekki fylgst með umræðum. Þó var okkur boðið að koma í pontu til að kynna okkur og hélt Einar stutta ræðu sem var að hluta til á íslensku, eða eins og þeir kalla það „Gammel Norsk“.

Hátíðarkvöldverður

Að loknum fyrri fundardegi skiptu allir fundargestir um föt og fóru í sitt finasta þúss. Það sem vakti athygli okkar var að nánast allar stúlkurnar á fundinum klæddust þjóðbúningum og var hver landshluti með sína útfærslu.



Íslensku og finnsku fulltrúarnir snæða nesti.



Skoðunarferðin og landbúnaðurinn

Við ákváðum að taka ekki þátt í seinni fundardeginum og ákváðum þess í staðinn að fara í skoðunarferð með finnska hópnum. En þau höfðu keyrt á smárútu frá Finnlandi, og því var nóg pláss fyrir okkur líka. Það var enginn búinn að skipuleggja neitt hvert við færum, þannig að við ákváðum bara að beygja til norðurs og athuga hvað yrði á vegi okkar. Við enduðum í litlum bæ sem heitir Honefoss sem er staddur í klukkustund norðan við Vikersund

Í þessari skoðunarferð veittum við Íslendingarnir því athygli hvað

byggðin var þétt á öllu svæðinu. Alls staðar mátti sjá hús við veginn, sem voru ýmist sveitabær eða bara íbúðarhús. Hver einasti bær var jafn snyrtilegur og snyrtilegustu bær á Íslandi, sem kann að vera útaf lofninu þarna. Hvert sem lítið var mátti sjá skóg, sem var svo þéttur að maður sá ekki skógin fyrir trjánum. Einnig þótti okkur afar merkilegt að sjá að hver einasti auði blettur var nýttur undir kornrækt, jafnvel í þéttri byggð.

Okkur sveitafólkinu langaði að vita eitthvað meira um búskap á þessu svæði, þannig að á leiðinni til baka ákváðum við að renna upp að einum sveitabæ og spyrja hvort við mættum ekki skoða okkur um.

Bóndinn á bænum tók afar vel í þessa óvæntu heimsókn og sýndi okkur hvern krók og kima ásamt því að fræða okkur um allt sem viðkom hans búskap.

Sumarhátíðin

Skipulagningin og metnaðurinn við hátíðarhöldin þótti okkur aðdáunarverður. Á hátíðina mættu 1.700 ungumenni hvaðanæva af landinu, og urðum við ekki varir við að mótshaldarar ættu í vandræðum. Öll gæsla og vinna í kringum hátíðina var unnin í sjálfböðavinnu og virtust allir vera tilbúnir til að leggja hönd á plóg. Samtals voru unnar tugir þúsunda vinnustundir í sjálfböðavinnu af nokkur hundruð sjálfböðaliðum sem voru bæði úr samtökunum og fólk úr byggðinni í kring. Aðbúnaðurinn á hátíðarsvæðinu var einnig til fyrirmyndar. Tjaldsvæðið sjálft var á stórum akri sem var skipt niður milli landshlutafélaga. Til merkis um velmegunina í Noregi, þá var undan-tekning ef hátíðargestir voru ekki í hjólhýsum.

Að lokum

Þessi ferð var ekki bara skemmtileg, heldur afar gagnleg. Því við teljum það afar mikilvægt að læra sem mest af reynslu annarra, þar sem okkar samtök eru afar ung. Einnig hefur SUB byggt upp tengslanet og eftir norræna samvinnu með þessu. Þetta samstarf mun halda áfram, því að í lok október koma 50 meðlimir í NBU í skoðunarferð til Íslands, sem verður í samvinnu við SUB. Svo var Ástvaldur varaformaður svo heillaður af landi og þjóð að hann hefur sótt um að taka eina önn af sínu háskólanámi í Háskólanum í Ósló, sem mun vonandi efla tengslin enn frekar.

Ágúst Torfi Hauksson nýr framkvæmdastjóri Norðlenska: Hræðumst ekki samkeppnina, hún herðir okkur

„Liðið ár, 2015, var mjög erfitt í okkar rekstri og leggst þar ýmislegt til. Ekki sist langt verkfall dýralækna á vormánuðum sem setti verulegt strík í reikning allra sem starfa við framleiðslu og vinnslu kjötafúrða. Við metum tjón okkar af þeim aðgerðum í mörgum tugum milljóna af tapaðri sölu og áföllnum kostnaði. Það liggur fyrir að rekstramiðurstaða ársins verður því talsvert undir þeim áætlunum sem gerðar höfðu verið og verk að vinna að ná því til baka,“ segir Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska. Hann tók við starfinu síðastliðið haust. Hann segir að nú í upphafi nýs árs horfi menn með nokkurri bjartsýni fram á veginn. „Það eru batnandi horfur í efnahagsmálum og þá fer fólk væntanlega að gera betur við sig í mat. Við erum stolt af okkar vörum, framleiðum íslenskar landbúnaðarvörur í hæstu gæðum í hverjum vöruflokk og leggjum okkur fram við að þjónusta viðskiptavininn eins og frekast er kostur.“

Jólin og þorinn

Sala á jólavörum Norðlenska var með miklum ágætum fyrir jólin og raunar umfram væntingar. „Vandaðar vörur eiga vel heima á hátíðarborðum og neytendur hafa getað treyst á okkar vörur við þau tilefni. Nú er þorinn á næsta leiti og þá selst umtalsvert magn af þorramat að venju. Verkun hans tekur margar vikur og mikið lagt í framleiðsluna, hlutar fyrirtækisins eru undirlagðir í verkun þessara þjóðlegra kræsinga,“ segir Ágúst Torfi. Hann segir alltaf eitthvað um að vera hjá fyrirtæki sem sinni kjötframleiðslu, þorinn sem áður segir handan við hornið með öllum sínum þorrablotum og tilheyrandi veisluhöldum. Fljótlega þurfi að huga að páskasteikunum og landsmenn hafa rétt svo sporðrennt þeim þegar sumar gengur í garð og grilltiminn hefst. Þá tekur sláturtíð við og á haustin, sem er annasamur tími hjá starfsfólki Norðlenska, hefst undirbúningur og framleiðsla á hátíðarmat jölanna. „Það er alltaf nóg að gera hjá okkur,“ segir Ágúst Torfi. Höfuðstöðvar Norðlenska eru á



Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska. Mynd / MPP

Akureyri, starfsstöðvar fyrirtækisins eru víða um land, á Akureyri, Húsavík, Höfn í Hornafirði auk sölu-skrifstofu á höfuðborgarsvæðinu. Ágúst Torfi er 41 árs gamall fjölskyldumaður, uppallinn á Austfjörðum, í Þingeyjarsýslu og á Akureyri. Hann er vélstjóri og verkfræðingur að mennt. Hann starfaði um árabíl sem framkvæmdastjóri Brims hf. á Akureyri, hafði viðkomu í orku- og verktakageiranum og sinnti einnig ráðgjafarstörfum af ýmsu tagi áður en hann réði sig til Norðlenska nú á haustmánuðum. **Spennandi að kynna kjötgeiranum** „Ég starfaði í mínu fagi, tengdum vélstjórn og verkfræði, fyrstu árin á mínum starfsferli, en frá árinu 2005 hef ég fengist við stjórnun fyrirtækja, bæði sem framkvæmda- og forstjóri, sem og einnig með stjórnarsetum og ráðgjöf. Bakgrunnur minn er einkum í sjávarútvegi þó svo ég hafi haft viðkomu í öðrum greinum. Ég kem því nýr inn í kjötbransann nú þegar ég tek sæti framkvæmdastjóra

Norðlenska. Mér finnst afskaplega spennandi að kynna þessum geira, enda verið ákafur neytandi allra helstu landbúnaðarafúrða frá unga aldri,“ segir Ágúst Torfi. **Forréttindi að hafa úrvals hráefni úr að spila** Hann segir kjötmarkaðinn langt í frá auðveldan viðfangs og á þeim vettvangi ríki mikil samkeppni um hylli neytenda. Íslenskir neytendur séu góðu vanir þegar kemur að landbúnaðarvörum, „og við störfum við þau forréttindi að hafa úr úrvals hráefni að spila við framleiðslu á okkar vörum. Okkar verkefni er að koma vörunni til neytenda á þann hátt að gæðin varðveitist sem allra best og neytandinn njóti þannig þess besta sem völ er á. Það er sannfæring mín að fáir hafi aðgang að jafn heilnæmum og góðum landbúnaðarvörum og Íslendingar. Við hjá Norðlenska tökum hlutverk okkar í keðjunni frá haga að borði neytenda mjög alvarlega og leggjum alúð og metnað í að skila góðu verki svo varan sem neytt er sé bæði góð og holl.“

Ágúst Torfi segir að Norðlenska sé drifið áfram af þörfum viðskiptavina og framleiðslu þeirra bænda sem leggja inn til fyrirtækisins. Fyrirtækið er í eigu rúmlega 500 bænda á Norður-, Austur- og Suðausturlandi. „Við leggjum okkur fram um að veita viðskiptavinum afþragðs þjónustu þannig að þær góðu vörur sem eiga uppruna sinn í framleiðslu þessara bænda nái til sem flestra,“ segir hann. Markaðsstarf sé því mikilvægur hluti af starfi fyrirtækisins, „og það er verðugt verkefni að ná eyrum neytenda í þeirri samkeppni sem ríkir á þessum markaði.“ Ágúst Torfi bendir á að á sama tíma og keppt er við söluaðila innanlands, þá sem eru í framleiðslu kjötafúrða, skapi síauknar heimildir til innflutnings bæði á önnu sem og unnu kjöti enn frekari samkeppni á markaði. Það sé því augljóslega á brattann að sækja. „Við hjá Norðlenska hræðumst þetta ekki, samkeppnin herðir okkur og hvetur til frekari sóknar á markaði – sóknar sem ekki sist felst í því að upplýsa viðskiptavinum um hvað við gerum, hvernig vöru viðskiptavinarinn fær og að draga fram þann metnað sem starfsfólk Norðlenska hefur til sinna starfa. Sóknin felst einnig í virkri og stöðugri vöruþróun, bæði þegar kemur að þjónustu, umbúðum og vöruframboði, en þar leggjast allir starfsmenn á eitt um að ná þeim árangri sem stefnt er að hverju sinni,“ segir hann.

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki

11 kg purrkari

- Öflugur > 4500w element
- Tekur 11 Kg - Tengist barka
- Stórt op > auðvelt að hlada

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c - 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 - WWW.RAFVORUR.IS

Styrkleikinn felst í góðu starfsfólki

Ágúst Torfi segir einn af helstu styrkleikum Norðlenska einmitt vera það góða starfsfólk sem hjá fyrirtækinu vinni. „Við erum svo lánsöm að hafa innan okkar raða vandað fagfólk á öllum sviðum rekstrarins, okkar starfsfólk vinnur sitt verk af metnaði hvern dag. Þannig og aðeins þannig getum við staðið við fyrirheit okkar til neytenda og verið áfram í fararbroddi hvað varðar gæði framleiðsluvara.“ /MPÐ

Viðgerðarþjónusta á Nilfisk Alto háprýstidælum

Gerum við allar gerðir af Nilfisk Alto háprýstidælum. Vara- og fylgihlutir á lager. Hröð og vönduð þjónusta.

SG ÞJÓNUSTAN
viðgerðir - varahlutir

Krókhálsi 5c - Járnhálmegin - 110 Reykjavík
Sími: 588 3500 - sgt@simnet.is

SPARAÐU MEÐ VARMADÆLU

Allt að 80% sparnaður á hitunarkostnaði

BOSCH
COP 5,1 A++

Verðlaun fyrir hæsta sparnaðarhlutfall í flokki loft í vatn**

LG
Life's Good
COP 5,6 A++

Verðlaun fyrir hæsta sparnaðarhlutfall í flokki loft í loft*

- LG og Bosch eru leiðandi framleiðendur á varmadælum með áratuga reynslu.
- Búnaður framleiddur og prófaður fyrir norðlægar slóðir.
- Hátt sparnaðarhlutfall, allt að 80% sparnaður.
- LG loft í loft, Bosch loft í vatn og jarðvarmadælu.
- Mjög hljóðlátar.

LOFTTÆKNI
STOFNAÐ 1994
S: 546 9500 • www.lofttaekni.is

Sölu uppsetninga og þjónustuaðilar

Kópavogur - Hólmavíkur: Rafhöld ehf.
Ölver Ragnarsson rafvirkir • S: 893 3543

Stykkishólmur: Raflagnþjónusta Hilmar • S: 894 1988

Patreksfjörður: Vélsmiðjan Logi • S: 456 1245

Þingeyri: Viktor Pálsson pípuلاغningam. • S: 456 2378

Hvammstangi: Tengill ehf. • S: 451 2818

Blönduós: Tengill ehf. • S: 452 4720

Sauðárkrúkur: Tengill ehf. • S: 455 9200

Akureyri: Ljósgrjafinn ehf. • S: 460 7799

Vopnafjörður: Rafþjónn ehf. • S: 824 4081 / 848 9770

Eskifjörður: Rafkul ehf. • S: 822 8567

Djúpivogur: Rafstöð Djúpavogs ehf. • S: 478 2325

Höfn: Rafhorn • S: 478 1859

Vík: Rafsuð ehf. • S: 894 3979

Hvolsvöllur: Rafverkstæði Ragnars ehf. • S: 487 8022

Vestmannaeyjar: Geisli Raftækjavinnustofa • S: 481 3333

Vélavít útvogar varahluti í flestar gerðir traktora, sérhæfum okkur í **JCB, Hydrema, Iveco, New Holland og Case**

Erum einnig með alla varahluti í **JCB** vinnuvélar

Eigum allar síur í **New Holland** og **JCB** á lager

Útvegum olíuverk í flestar gerðir bíla og tækja

Hafið samband og látið okkur aðstoða við að útvega réttu varahlutina

Oftast ódýrastir!

Vélavít

Varahlutir - Viðgerðir

Skeiðarás 3 • Garðabær • Sími 5272600 • velavit@velavit.is

Áburður fyrir íslenskar aðstæður



Áburðarverksmiðjan

